

Annalísa og Alda  
í Pressunni  
sjónvarp 74



Furðar sig á  
floknum sínum  
stjórnsmál 22



spottið 12



# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

13. október 2012  
241. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt reitmiðlökunum Capacent Gallup janúar - mars 2012



Í lífskrísu eftir Steinda  
Maggi Leifs leikstýrði  
Glow með Retro Stefson og  
nýjustu seríu Steinda jr.  
tónlist 62



Hlutur kvenna réttur  
Sagan á bak við ný götu-  
heiti í Reykjavík skoðuð.  
reykjavík 36

Nei eða já?

Kosið um nýja stjórnarskrá  
næsta laugardag.  
stjórnsmál 28

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Heilsa | Fólk | Atvinna



OPNAR MYNDLISTARSÝNINGU Gígja Thoroddsen byrjaði að mála og teikna eftir að lækna sendu hana í þrettán raflostsmeðferðir vegna veikinda sinna fyrir rúmlega tuttugu árum. Gígja er greind með geðklofa og hefur verið á sömu deild á Kleppi síðan árið 2005. „Ég hef það auðvitað erfitt en ég mundi samt ekki vilja flytja. Mér líður vel hérna,“ segir hún. Gígja opnar myndlistarsýningu í Hugarafli í Borgartúni 1. desember, en hún hefur áður meðal annars sýnt myndir í Norræna húsinu og Ráðhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fjórir af fimm fastir á Kleppi

Um áttatíu prósent endurhæfðra sjúklinga á Kleppi sitja þar föst. Alvarlegur skortur á úrræðum fyrir hópinn hjá sveitarfélögunum. Skuldir vegna smálána sliga marga sjúklinga þegar þeir leggjast þar inn.

**HEILBRIGÐISMÁL** Tuttugu einstaklingar sitja nú fastir á Kleppi eftir að hafa lokið endurhæfingu. Ástæðan er að framhaldsúrræði skortir hjá sveitarfélögunum. Forsvarsmenn spítalans segja ástandið sérstaklega slæmt í Kópavogi, Hafnarfirði og Árborg, en mikið sé nú um að sjúklingar flytji lögheimili sitt til Reykjavíkur eða Reykjanesbæjar til að komast á biðlista eftir úrræðum. Dæmi séu um að sjúklingar festist á Kleppi í meira en ár eftir að meðferð þeirra ljúki.

Halldór Kolbeinsson, yfirlæknir á Kleppi, segir ástandið alvarlegt og gagnrýnir framgöngu sveitarfélaganna harðlega. „Niðurstaðan er einfaldlega sú að sveitarfélögin standa mjög illa að málefnum geðfatlaðra og félagsleg úrræði eru af afskaplega skornum skammti,“ segir hann. Hægt hafi mikið á ferlinu eftir að málaflökkurinn færðist frá ríki yfir á sveitarfélög fyrir tveimur árum. Fjárhagsstaða margra sjúklinga er þannig að þeir hafa ekki

“Sveitarfélögin standa mjög illa að málefnum geðfatlaðra og félagsleg úrræði eru af afskaplega skornum skammti.

HALLDÓR KOLBEINSSON  
YFIRLÆKNIR

nokkurt efni á útborgun í sína eigin íbúð eða getu til að borga leigu. Þá er mikið um að sjúklingar taki smálán og er það orðið alvarlegt

vandamál innan spítalans, þar sem töluvert er um að sjúklingar sem leggjast inn séu með miklar smálánaskuldir á bakinu. Þá missa menn örorkubætur eftir að hafa legið ákveðinn tíma inni á spítala og fara þá yfir á dagpeninga, sem eru um fjórutíu þúsund krónur á mánuði. Algengt er að sjúklingar reyki sígarettur en það gerir að verkum að þeir hafa oft ekki meira en tíu þúsund krónur til ráðstöfunar eftir að hafa keypt tóbak fyrir mánuðinn.

- sv /sjá síðu 30

**DVÍTAMÍN**  
HÁMARKS UPPTAKA

**now**  
High Potency  
Vitamin D-3  
STRUCTURAL SUPPORT  
2,000 IU

**now**  
GMP vottað  
www.nowfoods.is

**FOSSBERG**  
IDNADARVÖRUR OG VERKFÆRI

**MICROTHAN**  
VETRARHANSKAR  
3.595 KR.

facebook.com/FossbergEhf

Við verðum í  
**bleikum bjarma**  
11.-17. október

Opið til  
**18**  
í dag

Smáralind





Elliði, er þetta ekki óttalegt jarm í þeim?

„Nei, við hljótum að vísa þessu kindarlega máli til fjármálaráðherra.“

Um fjörtíu lambshæ fundust í Elliðaey við Vestmannaeyjar í sumar. Veidimenn vilja þau burt og bæjaryfirvöld vilja skýringar frá fjäreigandanum. Elliði Vignisson er bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.



ÚLFUR, ÚLFUR í Norska úlfastofninum eru nú um þrjátíu dýr.

Skoðanakönnun í Noregi:

## Fjórðungur vill óhefta úlfaveiði

**NOREGUR** Sjö af hverjum tíu Norðmönnum eru mótfallnir því að veiðar á úlfum verði gefnar frjálsar, tæpur fjórðungur er fylgjandi.

Villti úlfastofninn í Noregi er aðeins um þrjátíu dýr, og þegar eru sjö dýr felld árlega samkvæmt sérstöku leyfi. Eftir að nokkur svæðisráð gáfu út leyfi til að veiða tólf dýr í viðbót tóku yfirvöld í taumana og bönnuðu veiðarnar. Náttúruverndarsamtök telja óverjandi að auka veiðar úr ekki stærri stofni.

Lögregla leitar árásmanna:

## Stunginn með skærum í ennið

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla leitaði enn í gærkvöldi tveggja manna vegna bláðsins var sá stungi á gangi niður Bankastrætið þegar tveir menn stukku út úr bíl og töldu sig eiga óuppperðar sakir við félag hans. Annar þeirra dró upp skæri og rykkti þeim aftur fyrir sig með þeim afleiðingum að þau höfnuðu í enni mannsins.

Hinn fékk kjaftshögg. Árásmennirnir forðuðu sér í burtu. Sá sem fékk skærin í ennið slasaðist ekki lífshættulega en var á spítala þar til síðdegis í gær.

Útlendur ferðamaður fann látinn karlmann í stórgrýttri klettafjöru norðan við höfnina í Keflavík:

## Vilja ræða við næturökumenn vegna líkfundar

**LÖGREGLUMÁL** Erlendur ferðamaður fann lík í fjörunni í Keflavík laust fyrir hádegi í gær. Í gærkvöld hafði ekki tekist að skera úr um hvern var að ræða.

Útlendi maðurinn var á göngu í fjörunni norðan við höfnina þegar hann kom auga á líkið, sem þá var í sjónum við klettötta og stórgrýtta fjöru neðan við gömlu sundhöllina í Keflavík.

Í tilkynningu sem lögreglustjórinn á Suðurnesjum sendi frá sér í gær segir að líkið sé af „fullorðnum, óþekktum karlmanni“. Allir sem einhverjar upplýsingar

geta gefið um mannaferðir á þessu svæði frá því í fyrrakvöld eru beðnir að hafa samband við lögregluna á Suðurnesjum. Sérstaklega óskar lögreglan eftir því að hafa tal af öikumanni skellinöðru og öikumanni bíls, en þessum ökutækjum mun hafa verið ekið meðfram sjónum eftir Ægisgötu milli klukkan fimm og hálfsex í fyrrinótt.

Hópur rannsóknarlögreglumannna var að störfum langt fram eftir kvöldi í gær. Til stóð að halda stöðufund í dag og senda í kjölfarið út fréttatilkynningu um málið.

- gar, sh



Á VETTVANGI Lögregla og björgunarlið kom til aðstoðar á líkfundarstaðinn.

MYND/HILMAR BRAGI

## Þverbraut siðareglur en lék þó við Albani

Fyrirliði íslenska landsliðsins braut siðareglur Knattspyrnusambands Íslands gróflega með ummælum um Albani en lék þó í leik liðanna í gær eftir að hafa beðist „auðmjúklegra afsökunar“. Málinu er samt ekki lokið segir formaður KSÍ.

**ÍPRÓTTIR** Þrátt fyrir grófar alhæfingar um Albani sem glæpabjód hélt Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði íslenska knattspyrnulandsliðsins, sæti sínu í byrjunarliðinu þegar Íslendingar léku við Albani ytra í gær.

Ummælin umdeildu lét landsliðsfyrirliðinn falla í aðdraganda leiksins. „Það er mikil fátækt í þessu landi og þetta eru mestmegnis glæpamenn,“ sagði Aron meðal annars um gestgjafabjóðina í viðtali við knattspyrnuvefinn Fotbolti.net. Bætti hann við að albanska þjóðin væri „ekki upp á marga fiska“.

Ummæli Arons stangast augljóslega á við siðareglur Knattspyrnusambands Íslands sem tóku gildi í ársbyrjun 2010: „Fulltrúar mega ekki misbjóða virðingu einstaklinga, eða hópi einstaklinga með orðum eða athæfi sem bera í sér fyrirlitningu, manngreinarálit eða mannorðsspjöll hvað varðar kynferði, þjóðerni, kynþátt, litarhaft, menningu, tungumál, trúarbrögð eða kynhneigð,“ segir í 5. grein siðareglu KSÍ.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, sagði fyrir leikinn að ekki kæmi til greina að draga Aron út úr liðinu þar sem búið væri að stilla því upp fyrir leikinn. Hann var þó alls ekki ánægður. „Það er enginn ánægður með þessa stöðu sem upp er komin. Það er nánast eins og liðið hafi gert sjálfsmark áður en leikurinn byrjaði,“ sagði

**ARON EINAR GUNNARSSON** Fyrirliðinn missteig sig hrapallega í viðtali fyrir landsleikinn við Albani í gær en segist munu læra af reynslunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



### Eintómur kjanaskapur

„Ég, Aron Einar Gunnarsson, vil koma eftirfarandi á framfæri.“

Mér urðu á mikil mistök í viðtali við Fotbolta.net þar sem ég lét hafa eftir mér afar óviðeigandi og ósönn ummæli í eintómum kjanaskap. Ég hef enga afsökun og sé mjög eftir þessu.

Albanía og albanska þjóðin eru rík af sögu og menningu og fyrir því að bera virðingu. Vil ég hér með biðjast auðmjúklegra afsökunar á þessum ummælum, sem eru ekki fyrirliða íslenska landsliðsins sæmandi.

Ég mun læra af þessari reynslu og gera betur í framtíðinni, fyrir Ísland og íslenska knattspyrnu.

Með vinsemi og virðingu,  
Aron Einar Gunnarsson

Geir, sem kvaðst hafa beðið forseta albanska knattspyrnusambandsins og einn albanskan þingmann að auki afsökunar.

Sjálfur baðst Aron afsökunar í yfirlýsingu fyrir leikinn. „Vil ég hér með biðjast auðmjúklegra afsökunar á þessum ummælum, sem eru ekki fyrirliða íslenska landsliðsins sæmandi,“ sagði hann. „Aron hefur beðist afsökunar en þessu máli er ekki lokið,“ voru viðbrögð formanns KSÍ.

„Við höfum ekki rætt um hvort að hann eigi að stíga til hlíðar sem fyrirliði,“ sagði Lars Lagerbäck landsliðsþjálfari. „En vonandi verður þetta til þess að Aron hafi lært af sínum mistökum og muni haga sér óaðfínanlega í framtíðinni.“

- gar, esá / sjá síðu 68

Berst við krabbamein:

## Pétur Blöndal býður sig fram

**STJÓRNMÁL** Pétur Blöndal þingmaður hyggst bjóða sig fram í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir komandi kosningar.

Pétur greindi frá ákvörðun sinni

í tilkynningu í gær. Þar greindi hann einnig frá því að hann hefði greinst með blöðruhálskrabbamein fyrir þremur árum síðan sem hann berðist enn við. Erfitt væri að segja til um batahorfur.

Pétur hefur setið á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn síðan árið 1995.

Þjóðskrá Íslands:

## Fjölgun á kjörskrá frá 2009

**KOSNINGAR** 236.944 kjósendur eru á kjörskrá fyrir þjóðar- atkvæðagreiðslu vegna til- lagna stjórnlagaráðs hinn 20. október. Þetta kemur fram á vef Þjóðskrár Íslands.

Við alþingiskosningarnar 25. apríl 2009 voru 227.843 kjósendur á kjörskrá og nemur fjölgunin 9.048, eða fjórum prósentum. 16.433 nýir kjósendur hafa náð kosningaaldri frá 2009 og eru það um sjö prósent af kjósendum.

Kjósendur með lögheimili erlendis eru 12.964 eða 5,5 prósent af kjósendum. Þeim hefur

fjölgað rúm þrjú þúsund frá síðustu alþingiskosningum eða um rúm þrjátíu prósent.

**KJÖRKASSI** 236.433 eru á kjörskrá fyrir þjóðar- atkvæðagreiðslu 20. október.



Tyrkir og Sýrlendingar hafa deilt um farm vélar sem var stöðvuð á miðvikudag:

## Rússar neita vopnaflutningum

**SÝRLAND** Rússar segja að flugvél sem Tyrkir stöðvuðu á leið sinni frá Rússlandi til Sýrlands hafi ekki verið að flytja vopn. Löglegur ratsjárnáður hafi verið í vélinni. Tyrkir og Sýrlendingar hafa deilt um það hvað nákvæmlega var í vélinni, en Tyrkir segja að um einhvers konar varnarbúnað hafi verið að ræða.

Flugvélin var frá flugfélaginu Syrian Air, en tyrkneskar herþotur neyddu hana til að landa í Ankara á miðvikudag. „Við erum ekki að leyndu neinu,“ sagði Sergei Lavrov, utanríkisráðgjafi Rússlands, í gær. „Það voru auðvitað engin vopn í vélinni og hefðu ekki getað verið,“ sagði Lavrov.

Stjórnvöld í Sýrlandi þvertóku einnig fyrir að vopn hefðu verið um borð og skoruðu á tyrknesk stjórnvöld að sýna búnaðinn.

Þá tóku uppreisnarmenn í Sýrlandi yfir loftvarnarstöð í nágrenni borgarinnar Aleppo í gær. Harðir bardagar hafa geisad í Aleppo undanfarið. Myndbönd sem sett voru á netið í gær sýndu uppreisnarmenn inni í stöðinni að skoða eldflaugar. Talsmaður uppreisnarráðsins í Aleppo sagði að skömmu eftir að uppreisnarmennirnir hefðu náð stöðinni á sitt vald hefði stjórnarherinn



**MÓTMÆLT** Stjórnvöldum í Sýrlandi var mótmælt í þorpinu Sarmada í Idlib-héraði í norðurhluta Sýrlands í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hafið loftárásir á hana. Flestar eldflaugarnar og annar búnaður í stöðinni hefði verið eyðilagður.

- þeb

# AÐEINS Í DAG!



SPARAÐU 45%

NUDDSESSA

VERÐ ÁÐUR 17.900,- NÚ 9.900,-

Opið í dag, laugardag kl. 11-16.

kíktu inn á [www.pfaff.is](http://www.pfaff.is)

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

**PFAFF**



# ALLT FÍNT FYRIR JÓLIN



VIÐARPARKET  
VERÐ FRÁ:

**3.890**

kr. fermetrinn

PLANKA  
HARÐPARKET  
VERÐ FRÁ:

**1.345**

kr. fermetrinn

FLÍSAM  
VERÐ FRÁ:

**695**

kr. fermetrinn

Komdu í Skútuvog

## Í DAG

Innanhússarkitekt  
veitir ráðgjöf og kynnir það  
nýjasta í parketi og flísum  
kl. 13-16.

Kaupauki  
Hreinsir kynnir alhliða hreinsiefni  
fyrir heimilö, Microfiber klútur  
fylgir með hverjum  
keyptum brúsa kl. 13-15.

# PARKET OG FLÍSAM FRÁBÆRT VERÐ UM HELGINA

Jotun  
innimáling  
**20% afsláttur**

Mikið úrval af  
hillurekkum  
Hillurekki  
150x75x30, 4 hillur.  
Hver hilla ber 50 kg.  
5803671

**2.495 kr.**

LÆGSTA  
LÁGA  
VERÐ  
HÚSASMIÐJUNNAR

ERIKUR  
OG CALLUNA  
3 stykki  
að eigin vali  
**999**

BLACK & DECKER  
**Ódýrt!**  
FULLT VERÐ 12.995  
**9.995 kr**

Hleðsluborvél B&D  
12V, 2 rafhlöður.  
5245999

DEWALT  
Kynningarverð  
**13.995 kr**

**NÝTT!**

Slípirokkur  
D28139, 850W, 125 mm.  
5159020

BOMANN  
**54.900 kr.**

5 ÁRA  
ÁBYRGÐ  
30 DAGA  
SKILARETTUR

Pvottavél  
Bomann 5 kg.  
1000 snúninga  
1805438

LÆGSTA  
LÁGA  
VERÐ  
HÚSASMIÐJUNNAR

LUKTIR  
NÝ SENDING  
VERÐ FRÁ  
3.990 kr

KERTI  
**30% AFSLÁTTUR UM HELGINA**

HAUSTLAUKA  
UTSALA  
20-50%  
afsláttur

NÓVEMBER  
KAKTUS  
**1.990 kr**  
14 cm pottur



## Ávísun til þín!

Þú átt 3.000 kr. ávísun sem þú getur notað í Húsasmiðjunni og Blómavali, sé keypt fyrir 10.000 kr. eða meira.  
Komdu með ávísunina þína og gerðu allt fínt fyrir jólin.



ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956



## GENGIÐ 12.10.2012

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	122,49	123,07
Sterlingspund	196,73	197,69
Evra	158,80	159,68
Dönsk króna	21,287	21,411
Norsk króna	21,496	21,622
Sænsk króna	18,331	18,439
Japanskt jen	1,5603	1,5695

SDR 188,66 189,78

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
219,5088

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Elín Björg Jónsdóttir:  
Endurkjörin  
formaður BSRB

FÉLAGSMÁL Elín Björg Jónsdóttir var í gær endurkjörin formaður BSRB til næstu þriggja ára.

Elín Björg hefur verið formaður frá árinu 2009 og hún fékk 212 atkvæði í kjörinu sem fór fram á þingi BSRB. Jónas Engilbertsson hlaut tólf atkvæði en auðir seðlar voru þrjú.

Elín Björg Jónsdóttir

Þá var einnig kosið til framkvæmdanefndar BSRB. Árni Stefán Jónsson var endurkjörin fyrsti varaformaður og Garðar Hilmarsson annar varaformaður. Kristín Á. Guðmundsdóttir verður áfram ritari.

Þá var Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, kjörin gjaldkeri en hann kemur einn nýr inn í framkvæmdanefndina.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

## Rottueitur í lifrarpylsuni

Rottu- eða músaeitur var í lifrarpylsbitum sem var dreift í og við reiðhöll Gusts þegar hundasýning var haldin þar í síðasta mánuði. Forsvarsmaður Hundaræktunarfélagsins Rex ætlar að funda með tæknideild lögreglunnar á mánudag.

## LEIÐRÉTT

Ekki er rétt sem fram kom í Fréttablaðinu á mánudag að fyrrverandi stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Lifeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar hefðu verið sakfelldir fyrir ólögleg lán úr sjóðnum til Kópavogsbæjar. Hið rétta er að þeir voru dæmdir fyrir að gefa fjármálaáðuneytinu rangar upplýsingar um lánveitinguna.

Talið er að árlega farist 26 þúsund sjómenn í heiminum en aðbúnaður skipa er víða bágborinn:

## Stórt skref stigið í öryggismálum sjómanna

ÖRYGGISMÁL Náðst hefur samkomulag á vettvangi Alþjóðasiglingamála-stofnunarinnar (IMO) um staðfestingu á samþykkt um öryggi fiskiskipa, smíði þeirra og búnað. Torremolinos-bókunin svokallaða er frá árinu 1977, en þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir á undanförunum árum og áratugum hefur ekki tekist að hrinda henni í framkvæmd þar sem formsatriðum hefur ekki verið fullnægt.

Til að samþykktin taki gildi þarf tiltekinn fjöldi aðildarríkja IMO að fullgilda hana, en fram til þessa hefur ekki náðst samkomulag um hver þessi fjöldi aðildarríkja skuli

vera. Eins þarf tiltekinn fjöldi skipa að falla undir samþykktina og nú liggur fyrir að hún öðlist gildi alþjóðlega þegar 22 ríki með fiskiskipastól upp á 3.600 skip 24 metra eða lengri hafa fullgilt hana. Íslendingar staðfestu samþykktina árið 1986.

„Þetta er tvímælalaust stærsta skrefið sem stigið hefur verið í átt að bættu öryggi sjómanna á fiskiskipum á heimsvísu,“ segir Guðfinnur G. Johnsen, sem hefur fylgt málinu eftir fyrir hönd LÍÚ. Talið er að árlega farist 26 þúsund sjómenn í heiminum en aðbúnaður skipa er víða bágborinn.



Á ÍSLANDESMÍÐUM Íslendingar hafa náð gríðarlega góðum árangri í öryggismálum sjómanna á undanförunum árum.

## Orkuveitan veitti yfir milljarð í styrki frá 2002 til 2010

Á árunum 2002 til 2010 námu styrkir frá Orkuveitunni til einstaklinga, stofnana og félaga rúmlega 1,1 milljarði. Hæstu styrkir voru veittir árið 2009. Frá 2007 voru 500 milljónir veittar án aðkomu stjórnar.

STJÓRNSÝSLA Félög og einstaklingar hlutu styrki upp á rúmlega 1,1 milljarð króna frá Orkuveitu Reykjavíkur á árunum 2002 til 2010. Þetta kemur fram í skýrslu úttektarnefndar um Orkuveitu Reykjavíkur, sem var kynnt á miðvikudaginn.

Árið 2002 voru veittar tæplega 55,2 milljónir króna í styrki, en hæstu styrkina hlutu Aflvaki hf. og starfsmannafélag Orkuveitunnar, 15,5 milljónir og 7,7 milljónir. Þá fékk Orkustofnun fjórar milljónir og Reykjavíkurborg fékk einnig fjórar milljónir vegna ljósahtíðar í borginni.

Árið 2003 var 57,1 milljón veitt í styrki en Aflvaki og starfsmannafélag OR voru áfram stærstu styrkþegarnir. Þá fékk Háskóli Íslands 7,3 milljónir í styrk vegna meistaranáms.

Árið 2004 jukust styrkir í tæpar 77 milljónir en þá fékk starfsmannafélagið riflegri styrk en árin á undan, eða 14,5 milljónir. Háskólinn fékk styrk upp á 11,5 milljónir vegna meistara-kerfna og Aflvaki fékk 8,5 milljónir. Þá fékk Háskólinn í Reykjavík þrjár milljónir.

Árið 2005 lækkuðu styrkir aftur í tæpar 63 milljónir, en þá var hætt að styrkja Aflvaka. Utan starfsmannafélagsins hlaut Landgræðslan hæsta styrkinn það árið, fimm milljónir vegna uppgræðslu við Hengil.

2006 voru framlög til starfsmannafélagsins tekin út úr styrkjum, en samt hækkuðu styrkir upp í rúmar 82 milljónir. Íþrótt- og tómtunda-

ráð fékk hæsta styrkinn, 9,5 milljónir.

Árið 2007 var styrkjum skipt í tvennt, annars vegar styrki sem stjórn OR samþykkti og hins vegar aðra styrki, sem ekki fóru í gegnum stjórnina. Frá 2007 til 2010 voru 516 milljónir veittar án aðkomu stjórnarinnar.

Stjórnin samþykkti styrki upp á 47,5 milljónir en aðrir styrkir námu 146,3 milljónum króna. Þeir hækkuðu því úr 82 milljónum í tæplega 194 milljónir milli ára. Raunvísindastofnun Háskóla Íslands fékk hæsta styrkinn, rúmar 26 milljónir króna. Næst mest fékk starfsmannafélagið, sem á ný kom inn.

Heildarstyrkir hækkuðu í 214,2 milljónir árið 2008. Stjórnin veitti rúmlega 63 milljónir og almennir styrkir námu 150 milljónum. Raunvísindastofnun HÍ fékk 36 milljónir króna og Landbúnaðarháskólinn 21.

Árið 2009 héldu styrkir áfram að hækka og fóru í 242 milljónir króna. Þar af fékk sveitarfélagið Ölfus 50 milljónir króna vegna uppgræðslusjóðs. Þá fékk Háskóli Íslands tæpar 29 milljónir og Raunvísindastofnun Háskóla Íslands rúmar 28 milljónir. Stjórnin veitti 53 milljónir og almennir styrkir námu 189 milljónum.

Árið 2010 lækkuðu styrkir í 169,6 milljónir. Þá fékk Háskóli Íslands 24,5 milljónir og orkuskóli Reykst fékk 21,7 milljónir. Stjórnin veitti 16 milljónir en almennir styrkir voru 153 milljónir.

thorunn@frettabladid.is

## Heildarstyrkir Orkuveitunnar og einstaka styrkir

Dæmi um styrki og heildarstyrkir hvers árs

2002 55,2 milljónir króna

500 þúsund fékk Hrafn Gunnlaugsson til að gera kvikmyndina „Ísland í öðru ljósi“  
302 þúsund fékk Ólafur Egilsson til að láta Kristján Jóhannsson halda tónleika í Peking  
550 þúsund fékk Garðyrkjufélag Íslands vegna fræðslumála

2003 57,1 milljónir króna

1,2 milljónir fékk Nýlistasafnið vegna sýningar Matthews Barney  
500 þúsund fékk Hrafn Gunnlaugsson vegna kvikmyndarinnar „Ísland í öðru ljósi“  
2,2 milljónir fékk Latibær vegna útvarps Latabæjar

2004 77 milljónir króna

1,5 milljónir fékk Útvarp Saga vegna kostunar  
1,1 milljónir fékk Jakob F. Ásgeirsson til að skrifa ævisögu  
300 þúsund fékk Íþróttafélagið ÍA

2005 62,9 milljónir króna

350 þúsund fékk Eggert Skúlason til að gera DVD-disk um stangveiði  
1,3 milljónir fékk Veiðifélag Elliðaavatns sem arðgreiðslu vegna afnota af uppeldisstöðvum

2006 82,2 milljónir króna

3,4 milljónir til Latabæjar vegna Orkuáttaksins 2006  
350 þúsund fékk ÍA  
5 milljónir fékk Reykjavíkurborg vegna ýmissa verkefna

2007 193,8 milljónir króna

1 milljón króna fékk knattspyrnudeild Skallagríms  
1,8 milljónir fékk Latibær fyrir Útvarp Latabæjar  
1 milljón fékk knattspyrnudeild Fylkis  
2 milljónir fékk Plús film vegna heimildarmyndar  
900 þúsund fékk sendiráð Íslands í London

2008 214,2 milljónir króna

2,2 milljónir króna fékk Borgarbyggð vegna Bjössarólós  
1 milljón króna fékk Valur vegna Evrópukeppni kvenna í knattspyrnu

2009 242 milljónir króna

50 milljónir króna fékk sveitarfélagið Ölfus  
2 milljónir fékk Íslenska óperan  
1 milljón fékk Golfklúbbur Þorlákshafnar  
500 þúsund fékk Listafélag Langholtskirkju

2010 169,6 milljónir króna

1 milljón króna fékk Grafarholtssókn  
500 þúsund fékk Haukur Arnþórsson vegna hönnunar um örugg netföng  
20 milljónir fékk utanríkisráðuneytið vegna heimssýningar Expo  
250 þúsund fékk Golfklúbbur Bakkakots vegna árgjalds

**50%**  
AFSLÁTTUR AF  
TRISTAR PÖNNUM  
AÐEINS Í DAG & Á MORGUN

Vandaðar viðloðunarfrjár pönnur í öllum stærðum og gerðum á allar hellur, líka span.

**byggto og búid**  
668 9400 byggto og búid Kringlunni  
facebook.com / byggto og búid

**VEÐURSPÁ**

Elisabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**VÍÐA DÁLÍTL VÆTA** Hvasst og frekar leiðinlegt veður um sunnan og vestanvert landið í dag en úrkomulítið og hægari norðaustantil. Lægir og dregur úr vætu til morguns og þrýðis gott veður um mesta allt land.

Á MORGUN 5-10 m/s.  
MÁNUDAGUR Stíf A-átt syðra annars víða 5-13 m/s.

**HEIMURINN**

Alicante	25°
Basel	18°
Berlín	13°
Billund	9°
Frankfurt	13°
Friedrichshafen	15°
Gautaborg	8°
Kaupmannahöfn	8°
Las Palmas	26°
London	12°
Mallorca	26°
New York	12°
Orlando	27°
Ósló	7°
París	13°
San Francisco	20°
Stokkhólmur	8°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.



# SMÁTT! ER STÓRT! STÓRT! STÓRT!



Frumnýning í dag  
milli kl. 12-16

## Nýr Volkswagen up! er lítill að utan og stór að innan

Einungis 3,54 metrar á lengd og 1,64 metrar á breidd setur Volkswagen up! ný viðmið í hönnun smábíla með því að sameina nett ytra rými og rúmgott innra rými. Sportlegt útlit sem vekur athygli hvert sem farið er og stílhrein innrétting skilar sér í nútímalegum og ótvíræðum Volkswagen. Hvergi er gefið eftir í kröfum um aksturseygileika, gæðum né öryggi og því til sönnunar eru einróma hrós bílablaðamanna um allan heim og 5 stjörnu einkunn í árekstrarprófunum EuroNcap. Niðurstaðan er einföld: **Volkswagen up! er alvöru smábíll.**

**WHATCAR?**  
CAR OF THE YEAR 2012

Breska bílatímaritið WHAT CAR? valdi Volkswagen up! sem bíl ársins 2012. Í umfjöllun segir meðal annars: Volkswagen up! er frábær í akstri, rúmgóður og ímynd framleiðandans er sterk. Flest sem auganu mætir og fingurnir snerta í bílnum er af meiri gæðum en hjá keppinautum í sama stærðarflokki.



Volkswagen up! hlaut 5 stjörnu einkunn í árekstrarprófunum EURONCAP og er því í flokki með öruggustu bílum heims.

Volkswagen up! kostar aðeins

**1.990.000 kr.**



Das Auto.



Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt





1. Um hvað sömdu norðurskautsrík-in á fundi í Reykjavík á fimmtudag?
2. Hvað vilja veiðimenn láta hreinsa úr Elliðaey við Vestmannaeyjar?
3. Hvaða sveitarfélögum vill Kópavogur sameinast?

SVÖRIN

1. Öllaninn. 2. Fjórútu lambshre. 3. Garðabæ, Háfnaftré og Álftanes.

Ný skýrsla um nauðganir og nauðgunartilraunir í Ósló leiðir í ljós talsverða fjölgun milli ára:

# Aldrei fleiri nauðganir tilkynntar í Ósló

**NOREGUR** Tilkynningum um nauðganir og nauðgunartilraunir hefur fjölgað stöðugt hjá lögreglunni í Ósló síðasta áratug og þær hafa aldrei verið fleiri en einmitt í fyrra. Dagblaðet segir frá þessu á vef sínum.

213 nauðganir voru tilkynntar í Ósló í fyrra, sem er veruleg aukning frá árinu 2010 þegar 162 nauðganir voru tilkynntar. Séu nauðgunartilraunir taldar með, eru tölurnar 256 fyrir 2011 og 189 fyrir 2010.

Í skýrslunni kemur fram að 58 prósent nauðgara hafi verið ókunnug þolendum, en það er hærra hlutfall en nokkru sinni fyrr.

Þá er tilfellunum skipt upp eftir kringumstæðum og kemur þar í ljós að rúmur þriðjungur nauðgana og tilrauna til nauðgana

er framinn í tengslum við samkomur fólks, samkvæmi eða skemmtanalíf. Tæpur fimmtungur nauðgana er framinn af ættingja eða fjölskyldumeðlim og fimmtán prósent nauðgana eru svokallaðar árásarnauðganir þar sem ráðist er á þolanda á almannafæri, yfirleitt í skjóli nætur, en í fyrra átti tæpur fjórðungur nauðgana og tilrauna til nauðgana, sér stað utandyra.

Athygli vekur einnig að þó að flestir sem kærðir eru fyrir nauðgun séu norskir ríkisborgarar, eru nær tveir þriðju af öðrum uppruna er norskum. Rúm tuttugu prósent eru frá Afríku, þrjátíu prósent frá Asíu eða Mið-Austurlöndum og tólf prósent af evrópskum uppruna.



Í SKJÓLI NÆTUR Aldrei hafa fleiri nauðganir verið tilkynntar í Ósló en í fyrra. Ný skýrsla sýnir að meira er um að nauðganir eigi sér stað utan dyra í skjóli nætur.

NORDICPHOTOS/GETTY

- þj



## FRÆÐSLUNÁMSKEIÐ

fyrir fólk með geðklofa og aðstandendur

Námskeiðið verður haldið á vegum geðsviðs LSH og verður alla föstudaga frá 19. október - 23. nóvember kl. 13-16, í samkomusal LSH að Kleppi.

**Einkenni geðklofa**

Ólafur Bjarnason sérfræðingur í geðlækningum

**Meðferðarúrræði og eftirfylgd**

Kristófer Þorleifsson sérfræðingur í geðlækningum

**Meðferð við geðklofa**

Halldóra Jónsdóttir sérfræðingur í geðlækningum

**Um nauðungarvistanir og sjálfræðissviptingar**

Kristófer Þorleifsson sérfræðingur í geðlækningum

**Iðjuþjálfun og hlutverk í endurhæfingu**

Svanborg Guðmundsdóttir iðjuþjálfari

**Að vinna með erfiðar tilfinningar**

Elías Jón Sveinsson hjúkrunarfræðingur

**Fjölskyldan og félagsleg réttindi**

Anna Guðrún Halldórsdóttir félagsráðgjafi

**Sálfræðileg meðferð við geðklofa**

Guðrún Íris Þórsdóttir sálfræðingur

**Bataferlið**

Margrét Eiríksdóttir geðhjúkrunarfræðingur

**Einstaklings- og fjölskylduhjúkrun**

Hallfríður Eysteinsdóttir hjúkrunarfræðingur

**Notendur og endurhæfing**

Bergþór Grétar Böðvarsson fulltrúi notenda og gestir

**Mikilvægi hreyfingar fyrir fólk með geðklofa**

Svandís Sigurðardóttir sjúkrapjálfari, Rafn Haraldur Rafnsson og Kristjana Ósk Sturludóttir íþróttfræðingar

Þátttaka tilkynnist fyrir 17. október í síma 543 4200 virka daga kl. 8-16 eða á netfangið; helgao@landspitali.is

Námskeiðið er ókeypis

**95,0%**  
Þjóðarinnar nota internetið samkvæmt tölum Alþjóðafjarskiptasambandsins fyrir árið 2011. Hlutfallið er óbreytt á milli ára.

**49,3%**  
Fjölgun varð á háhraðanet-tengingum um ljósleiðara milli árána 2010 og 2011. Heildarfjölgun breiðbandstenginga milli árána nam þó ekki nema 2,17 prósentum.

**94,5%**  
Heimila átta tölva í fyrra. Tölvueign heimilanna hafði því aukist lítillega milli ára, því árið áður var hlutfallið 93 prósent. Tölvurnar eru þó ekki alveg allar nettengdar því 92,6 prósent heimila voru nettengd í fyrra og 92,0 prósent árið áður.

**Staða Íslands í upplýsingatæknimálum**

**106,1%**  
Íslendinga borgaði fyrir farsímaáskrift í fyrra. Talan ber með sér að hér á landi er nokkur hópur með fleiri en eitt farsímanúmer í notkun. Áskriftum fækkar þó aðeins á milli ára, en 2010 voru 106,5 prósent áskrifendur að farsímapjónustu.

**58,4%**  
Þjóðarinnar voru með fastlínutengingu árið 2011, öllu færri en árið áður þegar 60,5 af hundraði voru með „heimasímatengingu“. Í fyrra voru notendalínurnar alls 135.581 og árið áður 141.474. Samdrátturinn milli ára nemur 4,17 prósentum.

HEIMILD: GAGNAVEITA PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUNAR (PFS) OG DATAMARKET, AUK TALNA FRÁ ALÞJÓÐAFJARSKIPTASAMBANDINU (ITU).

# Ísland heldur stöðu í tæknisamanburði

Ísland er í fjórða sæti á heimsvísu í samanburði Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU) á tæknivæðingu þjóða. Sé bara horft til Evrópu er landið í þriðja sæti. Staða fimm efstu þjóða er óbreytt milli ára. Flest lönd auka tæknivæðingu sína.

**UPPLÝSINGATÆKNI** Staða fimm efstu landa er óbreytt milli ára í mælingu Alþjóðafjarskiptasambandsins á vexti upplýsingatækni í heiminum. Ísland er í fjórða sæti listans, á eftir Danmörku, Svíþjóð og Suður-Kóreu. Finnar eru svo í fimmta sætinu.

„Undanfarið ár hefur mátt sjá stöðugan vöxt upplýsingatækni sem náð hefur nær til heimsins alls,“ segir Brahima Sanou, forstjóri skrifstofu fjarskiptaþróunar Alþjóðafjarskiptasambandsins, í inngangsorðum að nýrri samanburðarskýrslu sambandsins. Skýrslan nefnist „Mæling upplýsingasamfélagsins 2012“ (e. Measuring the Information Society 2012) og kom út í vikulokin.

Mældir eru margvíslegir þættir á sviði upplýsingatækni og fundin út vísitala fyrir hvert land.

Meðal þess sem sjá má milli árána 2010 og 2011 er að farsíma-

**Staðan samkvæmt vísitölu Alþjóðafjarskiptasambandsins**

Land	Vísitala 2011	Vísitala 2010
1. S-Kórea (1)	8,56	8,45
2. Svíþjóð (2)	8,34	8,21
3. Danmörk (3)	8,29	8,01
4. Ísland (4)	8,17	7,96
5. Finnland (5)	8,04	7,89
6. Holland (7)	7,82	7,60
7. Lúxemborg (6)	7,76	7,64
8. Japan (8)	7,76	7,57
9. Bretland (14)	7,75	7,35
10. Sviss (9)	7,68	7,48
...		
152. Eritrea (151)	1,09	1,08
153. Mið-Afríkulyðveldið (153)	0,97	0,96
154. Tsjad (155)	0,94	0,85
155. Nígería (154)	0,88	0,88

HEIMILD: SKÝRSLA ALÞJÓÐAFJARSKIPTASAMBANDSINS (ITU) „MEASURING THE INFORMATION SOCIETY 2012“

væðing eykst enn hröðum skrefum í þriðjaheimslöndum með „tveggja stafa“ prósentuvesti í mörgum löndum, þótt hægi á þróuninni sé horft til alls heimsins. Í árslok 2011 voru

farsímaáskriftir í heiminum orðnar um sex milljarðar talsins. Hér á landi voru þær 386.053, um fimmtungi fleiri en landsmenn allir.

olkr@frettabladid.is

Tillögur að tveimur nýjum friðlýsingum í Garðabæ hafa verið auglýstar:

# Vilja friðlýsa 479 hektara lands


**UMHVERFISMÁL** Umhverfisstofnun og bæjarstjórn Garðabæjar hafa auglýst tvær tillögur að friðlýsingu svæða innan marka Garðabæjar. Svæðin eru í eigu Garðabæjar, utan Vífilsstaðahrauns sem er í eigu ríkisins, og er samanlögð stærð þeirra 479,3 hektarar.

Lagt er til að eldstöðin Búrfell, hrauntröð hennar Búrfellsgjá og eystri hluti Selgjár ásamt nánasta umhverfi verði friðuð sem náttúruvætti. Svæðið er alls 323 hektarar. Verndargildi svæðisins byggir fyrst og fremst á jarðmyndunum frá nútíma sem hafa hátt vísinda-

fræðslu- og útivistargildi, auk gróðurfars. Innan svæðisins eru einnig fornminjar, svo sem Gjárétt sem er í vesturenda Búrfellsgjár.

Þá er lagt til að fjögur svæði; Garðahraun neðra og efra, Vífilsstaðahraun og Maríuhellar verði friðlýst sem fólkvangur, alls 156,3 hektarar.

Markmið friðlýsingarinnar er að stofna fólkvang; útivistarsvæði í þéttbýli, þar sem jarðmyndanir, gróðurfar, fuglalíf og menningarminjar, m.a. fornar rústir eru verndaðar. Með friðlýsingu á að efla lífsgæði í sveitarfélaginu með



**NÁTTÚRA** Sérstakar jarðmyndanir eru á þeim svæðum þar sem til stendur að friðlýsa.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓK

því að tryggja möguleika til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu í náttúrulegu umhverfi.

- shá

**FJÖLVARP**

**FORBRYDELSEN**

Þriðja og síðasta þáttaröðin hefst á DR 1 á sunnudaginn kl. 18.00

50 ERLENDAR STÖÐVAR Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100





**FRÁBÆRT  
VERÐ!**

**Price  
Star**



**BERGEN SÆNG OG KODDI**  
Góð sæng fyllt með 1.000 gr. af  
polyestertrefjum. Sængin er  
síkksakksaumuð. Áklæði úr  
míkrófiber. Polir þvott við 60°C.  
Stærð: 140 x 200 sm.  
Koddi: 50 x 70 sm.



**SÆNG OG KODDI**

**SÆNG OG KODDI**

**5.995**

**33%  
AFSLÁTTUR**



**fossflakes™**  
- the future in luxury fill

**FULLT VERÐ: 2.995**

**1.995**

**JOHAN BORD  
OG JOHAN  
STÓLAR**

Fallegt borðstofu-  
sett úr gegnheilu  
beyki. Stólarnir  
eru með brúnni  
míkrófibersessu  
sem auðvelt er  
að þrifa. Stærð  
á borði: B75 x  
L120 x H74 sm.  
Borð: 19.950  
Stóll: 6.995



**33%  
AFSLÁTTUR**

**BORD + 4 STÓLAR FULLT VERÐ: 44.950**

**29.950**

**FOSSFLAKES KODDI**

Lúxus koddi fylltur með 475 gr. af 70% af FOSSFLAKES og 30% af sílikonhúðuðum  
polyester holtrefjum. Hið nýja FOSSFLAKES efni er létt og mjúkt og minnir í flesta staði  
á dún. Koddinn viðheldur réttu hitastigi við notkun og kemur í veg fyrir svitamyndun.  
Polir þvott og þurrkun við 60°C. Heldur lögun sinni þvott eftir þvott! Vandað, þéttofið  
áklæði úr 100% bómull. Tilvalinn koddi fyrir astma- og ofnæmissjúklinga.



**HOLM  
HANDKLÆÐI**

Glæsileg  
handklæði  
á frábæru verði!  
Efni: 100%  
bómull. Stærðir:  
50 x 70 sm.  
~~1.295~~ nú: 795  
70 x 140 sm.  
~~2.995~~ nú: 1.695

**VERÐ FRÁ:**

**795**

**ALLT AÐ  
43%  
AFSLÁTTUR**

**SAMSON-  
BARNA-  
FERÐARÚM**  
Létt og hand-  
hægt barna-  
ferðarúm sem  
fellur vel saman.  
Stærð: 60 x  
120 sm. Litur:  
Svartur.

**20%  
AFSLÁTTUR**



**VERÐ ÁÐUR FRÁ: 9.995**

**7.995**



**20%  
AFSLÁTTUR**

**STRIMLAGARDÍNUR**

**VERÐ FRÁ:**

**3.195**

**FULLT VERÐ: 24.950**

**14.950**

**40%  
AFSLÁTTUR**



**SAVANNAH KOMMÓÐA**  
Stærð: B84 x H72 x D40 sm.

**JO STRIMLAGARDÍNUR**

Mjög flottar strimlagardínur með samlitu  
JAQUARD munstri. Fáanlegar í beige og svörtu. Stærðir:  
100 x 250 sm. ~~3.995~~ nú: 3.195 150 x 250 sm. ~~5.995~~ nú: 4.795  
200 x 250 sm. ~~7.995~~ nú: 6.395 250 x 250 sm. ~~9.995~~ nú: 7.995  
300 x 250 sm. ~~11.950~~ nú: 9.560



**RÚMFATA  
LAGERINN**  
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

[www.rumfatalagerinn.is](http://www.rumfatalagerinn.is)



**JÓLIN  
ERU  
KOMIN  
HJÁ  
OKKUR!**





**GRETTIR SIG Á BÓKAMESSU** Wetini Mitai frá Nýja-Sjálandi á Bókamessunni í Frankfurt í Þýskalandi, sem þetta árið er helguð Nýja-Sjálandi.

NORDICPHOTOS/AFP

Utánríkisráðherra fagnar framvinduskýrslu framkvæmdastjórnar ESB um aðildarviðræðurnar við Ísland:

## Vonar að 28 kaflar verði hafnir fyrir lok ársins

**EVROPUMÁL** Framvinduskýrsla um aðildarviðræður Íslands við ESB, sem kynnt var á dögnum staðfestir að viðræður ganga vel, að mati Össurar Skarphéðinssonar utánríkisráðherra. Hann vonast til þess að viðræður verði hafnar um 28 kafla af 33 fyrir árslok.

„Það sem mér finnst mikilvægast í skýrslunni er að framkvæmdastjórnin lýsir því yfir í skýrslunni að hún sé fullviss um að ESB muni í fyllingu tímans takast að kynna heildarlausn fyrir viðræðurnar þar sem tekið er tillit til bæði sérstöðu Íslands og væntinga hér á landi og að það muni um leið ríma við regluverk ESB,“ segir Össur og bætir því við að þetta megi túlka sem svo að samningsaðilar nálgast nú viðræðurnar á grundvelli sérþarfa Íslands.

Á kynningarfundum vegna framvinduskýrslunnar sagði Timo Summa, sendiherra ESB á Íslandi, að líkur væru á því að samningaviðræður hæfust í fjórum málaflökkum til viðbótar á svokallaðri ríkjaráðstefnu í lok mánaðarins. Nefndi hann þar kaflana um fjármálaþjónustu, hagtolur, dóms og innanríkis-mál og tollabandalagið.

Taldi Summa ekki ólíklegt að enn fleiri samningakaflar yrðu teknir upp fyrir árslok, en sem stendur hafa samningaviðræður þegar hafist um átján kafla og viðræðum er lokið um tíu þeirra.

Össur segist vongóður um að fyrir áramót verði viðræður hafnar í þeim 28 köflum sem Ísland hefur kynnt samningsafstöðu sína. - þj



**ÖSSUR OG SUMMA** Össur Skarphéðinsson utánríkisráðherra fagnar niðurstöðum framvinduskýrslu ESB og vonast til að viðræður hefjist í flestum málaflökkum fyrir árslok.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



### Tilkynning um framlagningu kjörskrár

Kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu, um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnarskipunarlagi og tiltekin álitafni þeim tengd, sem fram fer þann 20. október 2012, liggur frammi almenningi til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar að Þverholti 2, á skrifstofutíma frá kl. 8:00 – 16:00, frá og með 10. október 2012 og til kjördags.

Mosfellsbæ 8. október 2012.  
Bæjarritarinn í Mosfellsbæ

## Evrópusambandið fær friðarverðlaun

Norska Nóbelsnefndin verðlaunar ESB fyrir að hafa tryggt frið í Evrópu undanfarna sex áratugi. Ólgan vegna efnahagserfiðleika í sumum aðildarríkjunum á sinn þátt í því að nefndin tók þessa ákvörðun. Van Rompuy segist vera stoltur.

**NOREGUR, AP** Norska Nóbelsnefndin ætlar að veita Evrópusambandinu (ESB) friðarverðlaun Nóbels í ár fyrir að hafa tryggt frið í Evrópu í sex áratugi.

„Evrópusambandið á nú um stundir í alvarlegum efnahagslegum erfiðleikum með umtalsverðri félagslegri ólgu,“ segir í tilkynningu Nóbelsnefndarinnar: „Norska Nóbelsnefndin vill beina athyglinni að því sem hún telur mikilvægasta árangur Evrópusambandsins: Hinni árangursríku baráttu fyrir friði og sáttum og fyrir lýðræði og mannréttindum.“

ESB varð til úr umræti eftirstríðsáranna og hefur, að sögn nefndarinnar, sýnt fram á að gamlir óvinir geta orðið nánir samstarfsaðilar með því að byggja smám saman upp gagnkvæmt traust. „Við erum öll mjög stolt af því að hafa fengið þessi Nóbelsverðlaun,“ sagði Herman van Rompuy, forseti leiðtogaáðs ESB, og tók fram að með því að segja „við“ ætti hann „ekki aðeins við Evrópuleiðtoga heldur alla evrópska ríkisborgara, bæði af þessari kynslóð og fyrri kynslóðum.“

Andstæðingar ESB furðuðu sig á þessari ákvörðun nefndarinnar. „Nóbelsverðlaun fyrir ESB. Þegar stjórnin í Brussel og öll Evrópa er að hrynja í eynd sinni. Hvað næst? Óskarsverðlaun handa Van Rompuy?“ spurði til dæmis hollenski þingmaðurinn Geert Wilders, sem barist hefur ákaft gegn ESB.

Efnahagserfiðleikar ESB síðustu misserin og órói almennings vegna þeirra virðist reyndar hafa átt sinn þátt í því að norska Nóbelsnefndin tók þessa ákvörðun. „Ef evran liðast í sundur trúir ég að innri



**JOSE MANUEL BARROSO OG ATLE LEIKVOLL** Forseti framkvæmdastjórnar ESB tekur við blómverði frá sendiherra Noregs í Belgíu.

NORDICPHOTOS/AFP

### Friðarverðlaunahafar Nóbels síðan 2001

- 2011 Ellen Johnson Sirleaf, Leymah Gbowee og Tawakkol Karman
- 2010 Liu Xiaobo, andófsmaður í Kína
- 2009 Barack H. Obama, Bandaríkjaforseti
- 2008 Martti Ahtisaari, fyrrverandi forseti Finnlands
- 2007 Milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar (IPCC) og Al Gore
- 2006 Muhammad Yunus og Grameen-bankinn í Banglades
- 2005 Alþjóðakjarnorkustofnunin (IAEA) og Mohamed ElBaradei
- 2004 Wangari Maathai, aðgerðasinni í Kenía
- 2003 Shirin Ebadi, aðgerðasinni í Íran
- 2002 Jimmy Carter, fyrrverandi Bandaríkjaforseti
- 2001 Sameinuðu þjóðirnar og Kofi Annan

markaðurinn fari einnig að liðast í sundur. Og þá fáum við augljóslega nýja þjóðernisstefnu í Evrópu,“ segir Thorbjörn Jagland, formaður norsku Nóbelsnefndarinnar.

„Við erum ekki með skoðun á því

hvernig eigi að leysa þessa vandamál, en við sendum mjög sterk skilaboð um að við eigum að vera okkur þess meðvitað hvernig við fengum þessa Evrópu eftir seinni heimsstyrjöldina.“

gudsteinn@frettabladid.is

**nettó**  
Kræsingar & kostakjör

Hin  
stóra  
sammi!

**KitchenAid**  
**59.998**



netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

**BÍLA-  
LEIGUBÍLL  
Í ABYRGÐ**

Chevrolet Lacetti Station  
árgerð 2011 - söliverð: 1.800 þús.  
**Tilboð: 1.590 þús.**



Afborgun á mánuði aðeins:

**25.790 kr.**



Miðað við bílasamning til 72 mánaða á hagstæðum kjörum hjá bílafjármögnun Landsbankans.

### Chevrolet Lacetti Station

Söliverð:	1.800.000 kr.
Bílafjármögnun:	1.350.000 kr.
Okkar hlutur:	210.000 kr.
<b>Þín útborgun:</b>	<b>240.000 kr.</b>
<b>Heildarverð til þín:</b>	<b>1.590.000 kr.</b>

Bílabúð Benna - Notaðir bílar  
Bíldshöfða 10 • Sími: 590 2000  
www.benni.is • notadir@benni.is

Opíð alla virka daga frá kl. 10-18  
og laugardaga frá kl. 12-16

**Bílabúð  
Benna**  
Sérfræðingar í bílum





# Vertu með ALT undir CTRL

## Umsjá - Við sjáum um þitt tölvukerfi

Umsjá Nýherja sér að fullu um rekstur og hýsingu á tölvukerfi þíns fyrirtækis. Umsjá Nýherja veitir viðskiptavinum aðgang að afburða þjónustu allan sólarhringinn, allt árið um kring og kostnaður er ávallt fastur og fyrirsjáanlegur. Láttu sérfræðinga okkar kynna þér kosti Umsjár og vertu með ALT undir CTRL.



## LAGERSALA

Seldur verður **lítill gjafavörulager** í heild sinni, sem verður til sýnis þriðjudaginn 16. október milli kl. 13-15 að Skemmuvegi 34a, Kópavogi.

Einnig **ljósmyndavörulager** sem verður seldur í heild sinni. Verður til sýnis þriðjudaginn 16. október milli kl. 15-17 að Gjáhellu 5, Hafnafirði.

Tilboð skilast inn rafrænt á pósthfangið: [olafur.jonsson@landsbankinn.is](mailto:olafur.jonsson@landsbankinn.is) fyrir mánudaginn 22/10/2012 kl. 12.00.



BBC ENTERTAINMENT ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

# Færeyingar færast nær réttarbreytingu

Almenningur er ekkert hrópanði úti á götum, segir formaður Samtakanna '78 um viðhorf gagnvart samkynhneigðum í Færeyjum. Líkur á að færeyska lögþingið taki fyrir nýtt frumvarp um hjónavígslu samkynhneigðra í haust.

**FÆREYJAR** Lát færeyska tónlistarmannsins Rasmusar Rasmussen hefur vakið athygli á erfiðri stöðu samkynhneigðra í Færeyjum. Rasmussen, sem var samkynhneigður, varð fyrir alvarlegri líkamsárás árið 2006 og náði sér aldrei eftir það.

Nokkur hreyfing virðist samt hafa verið á réttindamálum samkynhneigðra í Færeyjum síðustu misseri, og að hluta virðist mega rekja það til ársárinna á Rasmussen.

Þannig samþykkti færeyska Lögþingið árið 2007 eða árið eftir ársána á Rasmussen, með sautján atkvæðum gegn fjórtán breytingu á færeysku refsilöggjöfni þess efnis að bannað væri að hóta, hæðast að eða niðurlægja fólk vegna kynhneigðar.

Í sumar mættu síðan fimm þúsund manns til gleðigöngu samkynhneigðra í Þórshöfn, sem er tíundi hver íbúi eyjanna. Mikil breyting hafði greinilega orðið síðan samkynhneigðir héldu síðast slíka hátíð, sem var árið 2007, en þá hættu einungis nokkur hundruð sér út á götu til að taka þátt í göngu samkynhneigðra.

Nú í haust er jafnvel reiknað með að frumvarp um hjónavígslu samkynhneigðra verði lagt fram á lögþingi Færeyja, og eru líkur tá að helmingur þingmanna muni



RASMUS RASMUSSEN Færeyski tónlistarmaðurinn sem náði sér aldrei andlega eftir alvarlega líkamsárás fyrir sex árum. MYND/NUD

stýðja það, sem hefði verið óhugsandi fyrir aðeins örfáum árum.

„Við urðum svo sem ekki vör við neitt persónulega þegar við vorum þarna. Almenningur er ekkert hrópanði úti á götum eða neitt svoleiðis,“ segir Guðmundur Helgason, formaður Samtakanna '78, sem kom til Færeyja í sumar með Hinsegin kórnum í tilefni af gleðihátíð samkynhneigðra þar.

„Hins vegar er ákveðinn kjarni strangtrúaðra sem skrifar greinar

í blöðin og á vefsíður þar sem talað er mjög sterkt gegn samkynhneigðum. Við megum hins vegar passa okkur svoltið á því að detta ekki alveg í fordæmingargírinn um að Færeyingar séu svona hræðilegir. Það var nú bara síðasta vetur sem maður var laminn á bar hér í Reykjavík fyrir að vera transmaður. Fordómarnir þrífast hér engu síður en þar, þótt lagalega staðan hér sé betri.“

gudsteinn@frettabladid.is



## Seðlabanki Íslands gjaldeyrisútböð

Seðlabanki Íslands mun halda þrjú gjaldeyrisútböð 7. nóvember 2012. Útböðin þrjú eru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum, samanber áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011 (<http://sedlabanki.is/afnam>) og skilmála Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisviðskipti samkvæmt fjárfestingarleið að losun gjaldeyrishafta frá 18. nóvember 2011 með síðari breytingum. (<http://sedlabanki.is/fjarfesting>)

### Útböð í fjárfestingarleið

Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi. Fjármálafyrirtæki sem gert hafa samstarfssamning við Seðlabanka Íslands um milligöngu munu annast framlagningu umsókna um fyrirhugaða þátttöku fjárfesta í útböðinu samkvæmt fjárfestingarleiðinni. Það útböð er opið fjárfestum sem hafa fengið samþykka umsókn um þátttöku í fjárfestingarleið. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út í dagslok 19. október n.k.

### Útböð í ríkisverðbréfaléið

Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í flokknum RIKS 33 0321. Tilteknir aðalmiðlarar á skuldabréfamarkaði hafa milligöngu um viðskipti í útböðinu gegn greiðslu í ríkisverðbréfum.

### Útböð um kaup á krónum gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri

Seðlabanki Íslands kallar eftir tilboðum frá aðilum sem vilja selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Viðskiptabönkum er boðið að hafa milligöngu um viðskiptin um kaup á íslenskum krónum í skiptum fyrir erlendum gjaldeyri.

Seðlabankinn áskilur sér rétt til að takmarka heildar viðskiptamagn með hliðsjón af áhrifum útböðanna á lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja. Endanleg útböðsfjárhæð ræðst af þátttöku. Útböðsfyrirkomulag er með þeim hætti að öll samþykkt tilboð bjóðast fjárfestum á sama verði (e. single price). Uppgjör viðskipta í útböðunum þremur verður 3 dögum eftir að útböði lýkur. Tilboðum skal skilað eigi síðar en 7. nóvember 2012. Nánari lýsingu á framkvæmd útböðanna þriggja er að finna í útböðsskilmálum.

Útböðsskilmála og yfirlit um milligönguáðila, aðalmiðlara og viðskiptabanka má finna á heimasíðu Seðlabankans <http://sedlabanki.is/utboð>.

Samkvæmt útböðsáætlun Seðlabankans er stefnt að næsta útböði 19. desember 2012.

Nánari upplýsingar veita milligönguáðilar, aðalmiðlarar og viðskiptabankar.



HAFNARFJÖRÐUR Fjölga á bekkjum í bænum.

Öldungaráð Hafnarfjarðar:

## Fleiri bekkji svo fólk hreyfi sig

**HAFNARFJÖRÐUR** Öldungaráð Hafnarfjarðar leitar nú til bæjarstjórnar, fyrirtækja og félagasamtaka í bænum um að koma að verkefninu „Brúkum bekkinn“.

Uppsetning bekkja með 250 til 300 metra millibili á að stuðla að aukinni hreyfingu meðal eldri borgara. Samstarf er hafið við bæjaryfirvöld um kortlagningu gönguleiða og mat á þörf fyrir bekkji og staðsetningu þeirra.

„Hver bekkur verður merktur verkefninu og gefanda og mun félag sjúkrapjálfa sjá um merkingu og greiða kostnað við merkingu,“ segir í erindi öldungaráðsins. Umhverfis- og framkvæmdaráð bæjarins samþykkti að fjármagna tíu bekkji á 109 þúsund krónum stykkið. -gar

### SKÓLAMÁL

#### Dóra nýr skólameistari

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur skipað Dóru Ármannsdóttur í embætti skólameistara Framhaldsskólans á Húsavík til fimm ára. Dóra hefur starfað við skólann frá árinu 1992. Hún hefur auk BA-gráðu í íslensku frá HÍ, gráðu í menntunarfræði með áherslu á stjórnun frá HA.

### FERÐAÞJÓNUSTA

#### Pingvellir fá gæðastimpil

Notendur heimasíðunnar [www.tripadvisor.com](http://www.tripadvisor.com) hafa gefið Pingvöllum fjóra og hálfu stjörnu af fimm mögulegum í einkunn sem áfangastað. Þetta kemur fram á vef þjóðgarðsins.



# Erum flutt að Ármúla 8! Verið velkomin



Full búð af nýjum og glæsilegum vörum.

## HEIMA HÚSIÐ



Enn er vöngum velt um Náttúruminjasafn Íslands:

## Höfuðsafn á hrakhólum

Eitt þriggja höfuðsafna þjóðarinnar er húsnæðislaust. Bæði Listasafn Íslands og Þjóðminjasafnið búa við glæsilegan húsakost sem mikill sómi er að meðan náttúrugripasafnið er húsnæðislaust, svo illa húsnæðislaust að hér hefur ekki staðið uppi sýning á safnkostinum síðan árið 2008, ári eftir að lög um Náttúruminjasafn Íslands, sem safnkosturinn heyrir undir, voru samþykkt.

Í fjögur ár hefur engin sýning á safnkosti Náttúruminjasafnsins staðið uppi og engin lausn er í hendi, hvorki til styttri né lengri tíma.

### SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Starfshópur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar hefur komist að þeirri niðurstöðu að sýningu á náttúrugripum megi koma fyrir í Perlunni með því að gerð verði

ein hver aðlögun á húsnæðinu. Þrátt fyrir þetta sé ekki hægt að líta á Perluna sem varanlegan stað fyrir náttúrugripasýningu að óbreyttu.

Vissulega eru Íslendingar fámenn þjóð, sem ekki hefur á valdi sínu að halda úti alls kyns skemmtilegri starfsemi eins og stórbjóðir geta, en náttúruminjasafn í landi þar sem náttúran er jafnstærkt afl og hér ætti að vera forgangsmál.

Eitt er að erlendum ferðamönnum, sem hingað streyma og fjölgar ár frá ári, stendur ekki til boða að skoða náttúrugripasafn þegar hingað er komið. Margir þeirra eru undrandi á þessu enda er íslensk náttúra í langflestum tilvikum ástæða þess að útlendingar sækjast eftir að koma til Íslands. Þessa ferðamenn þyrstir upp til hópa í fróðleik um náttúru landsins.

Annað er að náttúra landsins er meðal þess sem Íslendingar sjálfir eru hvað stoltastir af. Auk þess á þjóðin að talsverðu leyti afkomu sína undir náttúrunni, ekki bara vegna ferðamannanna fyrrnefndu sem hingað koma til að skoða hana og eru tekjulind. Nefna má fiskinn í sjónum, vatnsaflíð og jarðhitann, sem allt eru áþreifanlegar náttúruauðlindir í daglegu lífi fólks.

Þá eru ótalin náttúröflin, eldgos, jarðskjálftar og veðrið, sem reglulega og talsvert meira en í nágrennalöndum okkar minna á hversu maðurinn má sín lítils gagnvart náttúrunni.

Þessum veruleika er hvergi komið til skila eða settur í samhengi í sýningu sem frætt gæti og skemmt bæði Íslendingum, ekki síst íslenskum nemendum á öllum skólastigum, og ferðamönnum.

Álfheiður Ingadóttir ætlar í næstu viku að leggja fram þingsályktunartillögu þess efnis að þráðurinn verði tekinn upp við að undirbúa byggingu náttúruhúss í Vatnsmyri. Auðvitað er það farsælasta og metnaðarfullsta framtíðarsýnin varðandi sýningu á íslenskum náttúruminum.

Þangað til mætti koma fyrir sýningu í Perlunni. Það þyrfti að gerast sem allra fyrst en með lágmarkstilkostnaði. Það fé sem ætlað er til uppbyggingar sýningar á náttúruminum þarf að renna til varanlegrar og sómasamlegrar lausnar.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald  
RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is  
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Munur á valdi og viðhorfi

Alþingi hefur ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um nýja stjórnarskrá eftir viku. Sumir segja að það verði dagur mesta lýðræðissigurs þjóðarinnar frá upphafi vega. Aðrir halda því fram að Alþingi hafi ákveðið að efna til dýrustu skoðanakönnunar sem sögur fara af. Hvor fullyrðingin er rétt? Eða skiptir það engu máli?

Hvað sem öðru líður er á þessu tvennu skýr munur sem hefur verulega þýðingu. Með atkvæðagreiðslu er átt við að tilteknu máli sé ráðið til lykta. Hún felur í sér úrslit máls. Þjóðaratkvæðagreiðsla



ÞORSTEINN PÁLSSON

merkir að allir atkvæðisbærir menn hafa rétt til að beita því valdi sem atkvæðið er og ráða með því hvort mál er samþykkt eða því sýnjað.

Alþingi hefur ekki kallað kjósendur til kjörfunda víðs vegar um landið nú til að taka ákvörðun í stjórnarskrá málinu. Þeim er hins vegar ætlað að svara spurningum sem geta lýst viðhorfi þeirra til ákveðinna atriða sem stjórnar-

skrá málinu tengjast. Allar spurningarnar eru þannig orðaðar að bæði já og nei má túlka á ýmsan veg eins og umræðan ber með sér.

Kjósendur hafa með öðrum orðum ekki fengið neitt vald. Þeim er ætlað að láta viðhorf í ljós sem þeir sem fara með valdið geta túlkað nokkuð eftir sínu pólitíska nefi. Sumum kann að virðast það mikill lýðræðissigur. Það ræðst svolítið af því hvaða merking er lögð í hugtakið lýðræði. Hitt er vel skiljanlegt að aðrir líti á þessa athöfn sem viðhorfskönnun. Frá þeirri bæjarhellu horft er ljóst að hana hefði mátt gera með minni kostnaði og markvissari hætti.

## Þjóðarsamstaða

Áformin í stjórnarskrá málinu snúast um að leysa lýðveldisstjórnarskrána af hólmi með nýrri. Lýðveldisstjórnarskráin var sett með þeim hætti að Alþingi samþykkti hana í upphafi en gildistakan var háð samþykki meirihluta allra kosningabærra manna í landinu.

Kjósendur fengu með öðrum orðum raunverulegt vald til að ráða lyktum málsins. Að auki var gerð afar rík krafa um kosningabátttöku. Til þess að einfaldur meirihluti gæti ráðið niðurstöðu málsins þurftu allir kosningabærir menn að taka þátt. Eftir því sem kosningabátttökan yrði minni þurfti aukinn meirihluta.

Nærri lét að niútu og níu prósent atkvæðisbærra manna mættu á kjörstað. Lýðveldisstjórnarskráin fékk síðan niútu og fimm prósentastuðning. Ólíklegt er að þjóðin verði nokkru sinni svo samhent á ný. En þessar tölur sýna að æði vandasamt er að breyta ákvörðun sem þannig var tekin. Það er ekki unnt að gera í kæruleysi.

Sex sinnum hafa verið gerðar veigamiklar breytingar á stjórnarskránni. Nærri lætur að það sé einu sinni á áratug. Fimm sinnum var algjör samstaða á Alþingi. Einu sinni var samstaða þriggja flokka af fjórum. Ríkisstjórnarmeirihluta hefur aldrei verið beitt

til að knýja fram breytingar. Því hefur ráðið virðing fyrir þeirri sterku lýðræðislegu ákvörðun sem í upphafi var tekin.

Núna er kjósendum stefnt til kjörfundar án þess að fá úrslitavald um það sem ákveða skal. Menn eru ekki á einu máli um hvort það er atkvæðagreiðsla eða skoðanakönnun. Engar kröfur eru gerðar um lágmarksstuðning atkvæðisbærra manna. Í þessu ljósi er eðlilegt að menn velji alvarlega fyrir sér hvort réttilega er staðið að svo veigamiklu úrlausnar-efni þótt engum detti í hug að gera jafn ríkar kröfur og 1944. Lausung getur stundum átt við en tæpast þegar sjálf stjórnarskráin á í hlut.

## Happdrætti

Ekkert er að efa að þeir eru til sem þaulhugsað hafa hverja grein í þeim hugmyndum sem fyrir liggja. En lítil umræða hefur farið fram á Alþingi um þau fjölmörgu efnislegu atriði sem taka þarf afstöðu til. Í almennri umræðu hefur farið enn minna fyrir slíkri skoðun.

Að baki þeim samhljóða tillögum sem stjórnlagaráð sendi frá sér lágu afar mismunandi viðhorf til einstakra álitafna. Það

kemur fram í atkvæðagreiðslum um þau. Þessar ólíku hugmyndir hefði þurft að kynna á Alþingi og skýra fyrir kjósendum svo að menn ættu auðveldara með að glöggva sig á þeim breytingum sem um er rætt og mismunandi kostum í hverju tilviki.

Þeir sem eru einhuga um að fjölga beri þjóðaratkvæðagreiðslum geta haft ólíkar skoðanir á því hvort gera á kröfur um lágmarksþátttöku í þeim. Þeir sem vilja ákvæði um þjóðareign

á auðlindum geta haft mismunandi afstöðu til þess hvort auka eigi félagslegan rekstur í sjávarútvegi eða gera kröfur um aukna þjóðhagslega arðsemi. Álitafni af þessu tagi hefði þurft að brjóta til mergjar.

Venjulega vita menn þegar gengið er til atkvæða hvað gerist ef meirihlutinn segir já. Þó að það sé ljóst í augum sumra í þessu tilviki er það happdrætti í augum flestra. Finnst mönnum það ásættanlegt?



GÆÐI

ÞJÓNUSTA

GJAFVERÐ

VÖRUÚRVAL



**9 L SWING COLOR  
VEGGMÁLNING**  
Góð innimálning sem er auðvelt að þrifa. Fæst í stöðluðum litum en er einnig hægt að litablanda. Gljástig 10.

**5.995,-**



**JOTUN**  
**10 L JOTAPLAST  
LOFTMÁLNING**  
Hvít, mött loftmálning sem er auðvelt að mála með og þornar fljótt. Næstum lyktarlaus

**8.985,-**



**CLASSIC 50**  
50 x 39 x 41 cm.  
Gagnsær eða dökkgrár með loki.  
Verð pr. stk. 3.290,-

**3 STK.**

**6.580,-**



**CLASSIC 70**  
72 x 40 x 39 cm. Gagnsær, svartur eða dökkgrár, með loki og hjólum.  
Verð pr. stk 3.995,-

**3 STK.**

**7.990,-**



Bara í **BAUHAUS**

180 CM

40 CM

90 CM

**REGALUX®**

**HILLUEINING 175 KG**

Stæðileg hillueining með 5 spónahillum. Hámarks burðarþol í hillu er 175 kg. með jöfnu álagi.



**175 kg**

**3.990,-**

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 11. október til og með sunnudagsins 14. október 2012. Gildir á meðan birgðir endast.



**BAUHAUS®**





NEW THINKING.  
NEW POSSIBILITIES.

HYUNDAI



## FRUMSÝNUM NÝJAN HYUNDAI SANTA FE

Verð frá 7.290.000 kr. / Eldsneytisnotkun 6,7 l / 100 km dísil.\*

Opið laugardag 10–16 og sunnudag 13–16

\*Miðað við blandaðan akstur



Hyundai / BL ehf.

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070



5 ÁRA  
ÁBYRGÐ  
VEGAÐSTÖÐ  
GJEDASKOÐUN  
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

# NÝR LEIÐTOGI



ENNEEM / SIA / NM54618

Verið velkomin í kaffi og meðlæti



Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200

[www.hyundai.is](http://www.hyundai.is) / [facebook.com/hyundai.is](https://facebook.com/hyundai.is)



## Hluthafafundur Bakkavör Group ehf.

Hluthafafundur Bakkavör Group ehf. verður haldinn mánudaginn 22. október nk. kl. 10:00 á Hótel Sögu, Hagatorgi, 107 Reykjavík.

Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:

1. Framlagning efnahags- og rekstrarreiknings félagsins skv. 85. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög
2. Kjör skilanevndar
3. Önnur mál.

Dagskrá og endanlegar tillögur munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir hluthafafundinn.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á hluthafafundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir hluthafafund.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundardegi frá kl. 9:30 á fundarstað. Athygli er vakin á að atkvæðisréttur miðast við hlutaskrá að morgni 19. október 2012.

Reykjavík 12. október 2012  
Stjórn Bakkavör Group ehf.

**BAKKAVÖR**

# Staðlausar staðhæfingar um staðreyndavillur

## Gjaldmiðlar

Gunnar Gunnarsson



Þorvarður Tjörvi Ólafsson



Þórarinn G. Pétursson



hagfræði- og peningastefnusviði Seðlabanka Íslands

stuðnings. Í skýrslunni er einungis fullyrt að þetta eigi við um flest ríki. El Salvador hefur vissulega nokkra sérstöðu hvað varðar lágt hlutfall bankainnstæðna í Bandaríkjadal í aðdraganda upptökunnar en það segir hins vegar afar lítið þar sem minnihluti íbúa þar í landi hefur aðgengi að bankaþjónustu. Meiru máli skiptir að verulegar fjárhæðir í Bandaríkjadal streyma til landsins ár hvert frá brottfluttum þegnum. Þetta innstreymi nam að meðaltali um 16% af landsframleiðslu á hverju ári tímabilið 2000-2010 og er að langmestu leyti greitt út í dollarseðlum sem að litlu leyti leitar í bankainnstæður.

4. Greinarhöfundar segja að í skýrslunni sé því ranglega haldið fram að meirihluti fjármálakerfis El Salvador sé í innlendri eigu. Hér verður að hafa í huga að það er ekki fyrir en fimm árum eftir upptökuna sem erlendir bankar hefja kaup á innlendum bönkum. Fullyrðingunni í skýrslunni var því einkum ætlað að gefa til kynna að hægt sé að starfrækja bankakerfi í innlendri eigu þrátt fyrir einhliða upptöku gagnstætt því sem oft er sagt.

kerfis. Þetta er ekki rétt þar sem í skýrslunni er fjallað um lánveitanda til þrautavara sem forsendu fjármálastöðugleika. Færð eru rök fyrir því, studd af rannsóknum, að geta seðlabanka til að prenta eigin gjaldmiðil setji þá í einstaka aðstöðu til að aðstoða innlent fjármálakerfi í tímabundnum lausafjávanda og að án trausts lánveitanda til þrautavara sé meiri hætta á bankaáhlaupum og erfiðara að eiga við þau skelli þau á. Af þessum orsökum eru stjórnvöld í El Salvador, í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, t.d. að vinna í því að styrkja stöðu lánveitanda til þrautavara þar í landi.

Að lokum: Einhliða upptaka annars gjaldmiðils er valkostur sem vissulega á að skoða. Hér verður hins vegar ekki tekið undir þá skoðun að hún sé besti kosturinn. Umfjöllun um þetta í skýrslu SÍ er tilraun til að taka saman helstu sjónarmið en var aldrei hugsuð sem lokaorðið um þennan valkost.

Ef þessi leið verður farin krefst það töluverðs undirbúnings og ýtarlegri greiningar en unnt var að birta í skýrslunni eða ætla má út frá málflutningi greinarhöfunda. Það á ekki síst við vegna þess að



Mikilvægt er að skoða þá kosti sem í boði eru af yfirvegun með langtímahagsmunum þjóðarinnar í huga.

5. Svo virðist sem greinarhöfundar telji SÍ halda því fram að notkun almennings á gjaldmiðlum annars ríkis sé háð lagatáknunum. Í skýrslunni segir einungis að einhliða upptaka geti talist inngríp í fullveldisrétt ríkis en það breytir engu um samningafrelsi einstaklinga og lögaðila um val á mynt í samningum sínum.

6. Gagnrýnt er að einkum sé lögð áhersla á galla einhliða upptöku. Nefna þeir umfjöllun um Svartfjallaland sem dæmi þar sem ekki sé minnst á mikinn hagvöxt um leið og einblínt er á verðbólgu þar. Þessi málflutningur stent engu skoðun. Nokkru áður er fjallað um að hagvöxtur hafi verið ágætur í landinu. Þessu til viðbótar er ýtarleg umfjöllun í skýrslunni um fjölmarga mögulega kosti mismunandi gengistenginga sem einnig eiga við um upptöku annars gjaldmiðils.

7. Greinarhöfundar gagnrýna að skýrslan fjalli um lánveitanda til þrautavara sem forsendu fjármála-

einhliða upptaka hefur til þessa ekki verið reynd í þróðuð iðnríki með tiltölulega stórt innlent bankakerfi í viðkvæmri stöðu og takmarkaða notkun annars gjaldmiðils. Hún hefur heldur ekki verið reynd í landi sem stendur frammi fyrir áþekkingu vanda hvað varðar hvernig og á hvaða gengi eigi að skipta út aflandskrónum við einhliða upptöku né í landi sem stendur frammi fyrir svo miklum erlendum skuldum. Ríkin sem farið hafa þessa leið búa þvert á móti við stöðugt innflæði gjaldeyris frá brottfluttum þegnum sínum sem nemur vænum hluta landsframleiðslu á hverju einasta ári.

Mikilvægt er að skoða þá kosti sem í boði eru af yfirvegun með langtímahagsmunum þjóðarinnar í huga. Eins og greinarhöfundar benda á er engin töfralausn til og allar leiðir hafa kosti og galla, þ.m.t. einhliða upptaka. Í skýrslu SÍ er einmitt fjallað um bæði kosti og galla allra þeirra leiða sem til umfjöllunar hafa verið.

Manuel Hinds og Heiðar Már Guðjónsson gagnrýndu nýverið skýrslu Seðlabankans (SÍ) um valkosti í gjaldmiðils- og gengismálum og telja umfjöllunina um einhliða upptöku annars gjaldmiðils uppfylla af staðreyndavillum.

Hér á eftir er stutt samantekt á svörum við sjö gagnrýnisatriðum þeirra, en mun ýtarlegra svar má finna á heimasíðu SÍ (www.sedlabanki.is).

1. Greinarhöfundar telja SÍ rangtúlka niðurstöður rannsókna Edwards og Magendzo á áhrifum einhliða upptöku á hagvöxt og hagsveiflur. Því fer fjarri. Það sést best af túlkun Edwards sjálfs í yfirlitgrein frá 2011 þar sem hann gengur lengra en SÍ og fullyrðir að lönd sem hafa reynt einhliða upptöku búi bæði við nokkru minni hagvöxt og meiri hagsveiflur en lönd með eigin gjaldmiðil. Í skýrslu SÍ er ekki notað jafn afdráttarlaust orðalag, m.a. í ljósi annarra rannsókna sem gefa ekki eins einhlítar niðurstöður.

2. Greinarhöfundar gagnrýna mat SÍ á einkskiptiskostnaði við einhliða upptöku. Í skýrslunni segir að hann geti legið á bilinu 70-87 ma.kr., þar af eru 42 ma.kr. vegna útskiptingar á seðlum og mynt í umferð. Afgangurinn stafar af líklegri aukningu í eftirspurn eftir seðlum og mynt í takt við niðurstöður rannsókna. Greinarhöfundar eru því að miskilja textann.

3. Greinarhöfundar staðhæfa að SÍ hafi fullyrt að ekkert land hafi tekið upp einhliða aðra mynt án þess að viðkomandi mynt hafi þegar verið notuð í miklum mæli og nefna El Salvador máli sínu til

## Sevilla

26. október

Frá aðeins kr. 59.900

### Frábær sértíloð á flugi og gistingu!

Heimsferðir bjóða frábært sértíloð á morgunflugi 26. október og gistingu í 3 nætur á mjög góðum hótélum í borginni. Griptu þetta frábæra tækifæri og njóttu þín í borginni sem býður frábært mannlíf og fjölbreytni í menningu, afþreyingu að úgleymsdu fjöruðu næturlífi og endalaus úrvali veitingastaða og verslana.

#### Verð kr. 59.900

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Sértíloð 26. október. Ath. aðeins örfá sæti á þessu sértíloði.

#### Verð kr. 79.900

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíþýli á Hotel Tryp Macarena \*\*\*\* í 3 nætur með morgunmat. Aukagjald fyrir einþýli kr. 29.800.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000  
Akureyri • sími 461 1099  
www.heimsferdir.is



FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

## UMDEILDIR PISTLAR

vísir  
-oft á dag

# SÝNING Í DAG KL. 11:00-15:00



## NÝJUNG á íslenskum innréttingamarkaði



Við höfum gert samning við einn stæsta innréttingaframleiðanda Þýskalands um framleiðslu á eldhúsinnréttingum sem verða seldar undir vörumerki Eirvíkur.

Þér er boðið í glæsilegan sýningasal okkar þar sem við kynnum nýjustu strauma í hönnun eldhúsa.

Farðu alla leið með Eirvík

**EIRVÍK innréttingar**

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is





7 ára ábyrgð á öllum  
nýjum Kia bílum.

www.kia.is

## Þér er boðið að reynsluaka nýjum Kia cee'd Sportswagon



# cee'd



The Power to Surprise

Við kynnum nýjan Kia cee'd Sportswagon - stærri og rúmbetri útgáfu af hinum vinsæla Kia cee'd. Hann er vel búinn og kraftmikill en samt sparneytinn, **eyðir frá aðeins 4,4 l/100 km** í blönduðum akstri.

Komdu við í sýningarsal Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar og kynntu þér þennan stórglæsilega bíl. Við tökum vel á móti þér.

**Verð frá 3.655.777 kr.** Kia cee'd Sportswagon

Aðeins **30.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði\*

\*M.v. 50% útborgun eða uppþökubíl að sambærilegu verðmæti. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,06 %.



## AF NETINU

## Leyndarmál

Spillingin hefur mörg andlit. Í kolsvartri skýrslu um starfshætti OR kemur fram að stjórnendur fyrirtækisins hafi greitt eigendum arð með lántöku-fé. Stjórnmalameinn sem tóku þátt í þessu hvetja til nýrra vinnubragða og halda svo einfaldlega sínu striki. Kjósendur standa berskjaldaðir. Annað nýlegt dæmi eru leyndarmál ríkisendurskoðunar. Ný stjórnarskrá bregst við hvorutveggja, annarsvegar með persónukjöri þar sem kjósendur geta hafnað spilltum eða ónýtum frambjóðendum, hinsvegar með sérstöku upplýsingaákvæði sem kveður á um dagsljós opinberra gagna. Sagan sýnir að ekki veitir af.

<http://www.dv.is/blog/lydur-arnason/>

Lýður Árnason



ANTON & BERGUR

Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum á fund í hádeginu 17. október.

- Hver hefur ávöxtun sjóðsins verið á árinu?
- Hvar eiga sjóðfélagar að ávaxta séreignarsparnaðinn sinn?

Fundurinn verður haldinn í húsnæði sjóðsins í Borgartúni 25, 5. hæð. Skráðu þig á [www.almenni.is](http://www.almenni.is)

## Konur til áhrifa

Landssamband sjálfstæðiskvenna efnir til opins fundar í Norðvesturkjördæmi

Laugardagur 13. október kl. 11:30

### Framsögur:



Jarþrúður Ásmundsdóttir  
formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna



Birna Lárúsdóttir  
varaþingkona



Eyrún Sigþórsdóttir  
sveitarstjóri á Tálknafirði



Pallborðsumræður  
Fundarstjóri er Erla Friðriksdóttir  
formaður kjördæmisráðs Norðvesturkjördæmis

**Fundarstaður:** Menntaskóli Borgarfjarðar, Borgarbraut 54

Fundurinn er liður í fundaröð Landssambands sjálfstæðiskvenna í aðdraganda kosningaveturs.

Allar konur sem áhuga hafa á að bjóða sig fram eru sérstaklega hvattar til að mæta.

### Allir velkomnir!

Landssamband sjálfstæðiskvenna

Nánari upplýsingar á [www.xd.is](http://www.xd.is)

Sjálfstæðisflokkurinn

# Hvað er klám og hvar drögum við mörkin?

## Samfélagsmál

Guðbjartur Hannesson  
velferðarráðherra



Klám er bannað á Íslandi samkvæmt lögum. Þrátt fyrir það blasir klámfengið efni víða við í blöðum og tímaritum, auglýsingum og kvikmyndum, tónlistarmyndböndum og á vefsíðum sem beinlínis dreifa klámi. Hvernig stendur á því að klám er jafn útbreitt og raun ber vitni? Hafa yfirvöld gefist upp í baráttunni gegn því og er það orðið viðtekið? Á að láta klámvæðinguna, sem verður sífellt áleitnari í daglegu lífi okkar, afskiptalaus eða á að skera upp herör gegn henni ekki síst til að verja börn fyrir óæskilegum ranghugmyndum um samskipti kynjanna og kynlíf? Þurfum við að verja okkur, eldri sem yngri, fyrir efni sem særir siðferðiskennd okkar og veldur hugarangri? Gott samstarf hefur náðst milli þjóða í baráttu við klám þar sem börn eru viðfangsefnið. Hvað eftir annað hefur tekist að uppræta klámhringi sem bæði framleiða klámefni með börnum og dreifa því. Slík starfsemi á auðvitað ekki að líðast en þarf ekki líka samkomulag um að sporna við klámvæðingu í almennarýminu og setja skýr og ákveðin mörk?

Stórt er spurt en minna er um svör. Klámiðnaðurinn í heiminum veltir gríðarlegum fjármunum og eftirspurnin er greinilega fyrir hendi. Fyrir nokkrum árum hugðust klámframleiðendur halda kaupstefnu á Íslandi. Þar átti að kynna framleiðsluna, kaupa og selja, auk þess sem léttklæddar stúlkur áttu að vera með í för. Mikil mótmælaalda reis í landinu því mjög margir Íslendingar vildu ekki slíka landkynningu og fannst heimsóknin óviðeigandi.

## Heilbrigðismál

Páll Tryggvason  
sérfræðingur í almennum barnalækningum og barna- og unglinga-geðlækningum



Ífrumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2013 segir á bls. 358 undir lið 206 sem fjallar um sjúkratryggingar:

„Greiðsluþátttöku verður hætt í metýlfenidatlyfjum fyrir fullorðna enda eru lyfin einungis ætluð börnum og unglimum samkvæmt klínískum leiðbeiningum.“<sup>1</sup>

Þessi fullyrðing kallar á athugasemd því hún er röng.

Árið 2006 stofnaði þáverandi landlæknir til vinnuhóps til að semja klínískar leiðbeiningar um greiningu og meðferð ADHD. Leiðbeiningarnar, Vinnulag við greiningu og meðferð athyglisbrests með ofvirkni (ADHD), voru birtar í desember 2007 á heimasíðu embættisins sem opinberar, faglegar leiðbeiningar embættisins til heilbrigðisstarfsmanna en jafnframt til upplýsinga fyrir stjórnsýsluna og almenning.

Þáverandi aðstoðarlandlæknir, sem svo síðar um tíma gegndi embætti landlæknis, leiddi starfshópinn. Víða var leitað fanga: Erlendar klínískar leiðbeiningar beggja vegna Atlantshafsála voru skoðaðar og hafðar til hliðsjónar og leitað til innlendra sérfræðinga um afmörkuð efni.

Í kjölfar umræðu í samfélaginu um misnotkun örvarandi lyfja 2011 var vinnuhópurinn kallaður saman til að fara yfir leiðbeiningarnar.

Þær raddir heyrðust einnig sem vildu leyfa kaupstefnuna og varð hörd umræða í netheiminum þar sem þeim sem mótmæltu henni var jafnvel hótað ofbeldi og einhverju þaðan af verra. Þetta voru athyglisverð viðbrögð sem sýndu að umræðan er eldfim. Því miður skorti á eftirfylgni við að fræða og ræða hvar við viljum draga mörkin. Hugsanlega gerir stór hluti landsmanna sér ekki grein fyrir því hve aðgengi að klámi er auðvelt bæði fyrir börn og fullorðna, hvað þá að fólk almennt átti sig á því hve gróft og ofbeldisfullt það getur verið. Norræn könnun sem gerð

Stór hluti þess klámefnis sem er á boðstólum einkennist af því að konur eru eins og hvert annað verkfæri fyrir karla, þeir eru virkir og hafa valdið, þær láta gera við sig nánast hvað sem er, hvenær sem er. Klám er því eitt af því sem ýtir undir vald karla yfir konum um leið og það sýnir karla oft eins og dýr og niðurlægir þar með bæði kynin.

Þrjú ráðuneyti í samvinnu við Háskóla Íslands boða nú til ráðstefnu 16. október um klám, áhrif þess og útbreiðslu sem og mismunandi birtingarmyndir kynjanna í þeim tilgangi að opna og efla umræðuna og skoða málið frá

Ég hvet til hreinskiptinnar umræðu um aðgengi að klámi í íslensku samfélagi, áhrif þess á viðhorf drengja og stúlkna og kynhegðun almennt, hugsanleg bein áhrif á ofbeldi, mansal og annars konar misbeitingu.

var fyrir nokkrum árum sýndi að klámmótun drengja hér á landi er mjög mikil meðan stúlkur virðast hafa lítinn áhuga á því. Hvaða áhrif hefur þetta á hugarfar drengja og hvaða misræmi skapast í hugmyndum kynjanna hvoru um annað?

Hvað telst vera klám í dag? Fer þröskuldur þess sem við teljum klám sífellt lækandi vegna þess að við verðum æ ónæmari fyrir því? Listmálarinn Erró gerði eitt sinn myndaröð þar sem hann notaði gamlar ljósmyndir af nöktum eða hálfnöktum stúlkum sem teknar voru í Marokkó í kringum aldamótin 1900. Þær myndir töldust klám á sínum tíma og voru seldar með leynd. Við kippum okkur varla upp við slíkar myndir í dag enda er gengið sífellt lengra við að nota og misnota manslíkamann í þeim tilgangi að selja og veita kynferðislega örvun.

Ýmsum hliðum. Við viljum átta okkur betur á því hvernig eigi að bregðast við. Viljum við sporna við þeirri þróun að fólk og líkamar séu eins og hver önnur söluvara sem svívirða má hvernig sem er eða viljum við treysta mannhelgi og mannöryggi? Ætlum við að gefast upp fyrir þeim gróðaöflum og hluta netheimsins sem nærist á ofbeldi eða efla kynjajafnrétti og gagnkvæma virðingu milli kynjanna eða annarra hópa sem í hlut eiga?

Ég hvet til hreinskiptinnar umræðu um aðgengi að klámi í íslensku samfélagi, áhrif þess á viðhorf drengja og stúlkna og kynhegðun almennt, hugsanleg bein áhrif á ofbeldi, mansal og annars konar misbeitingu. Hvernig getum við brugðist við og a.m.k. varið börnin okkar fyrir klámvæðingunni?

## Hver er róninn?

Yfirfarnar og endurbættar leiðbeiningar landlæknis voru birtar á vef embættisins 7. mars 2012.

Á bls. 21-30 er fjallað um meðferð fullorðinna. Í kaflanum „Verklag við greiningu fullorðinna“ er m.a. fjallað um hvernig rétt sé að standa að greiningu, hvaða tæki skal nota og hvaða upplýsinga skal afla og með hvaða hætti. Þar er kafli um mismunagreiningar og fylgisjúkdóma, taugasálfræðilegar og líffræðilegar rannsóknir, samband vímuefnavandamála og ADHD og þeirrar varúðar sem þarf þess vegna að gæta við greiningu og meðferð. Fjallað er um fræðslu til sjúklunga og aðstandenda, einstaklingsmeðferð og hópmeðferð, svo dæmi séu nefnd. Minnstu máli er varið til að fjalla um lyfjameðferð en þó segir þar: „Ef fræðsla og ráðgjöf bera ekki árangur er rétt að hugleidda lyfjameðferð við ADHD svo framræða sem ekki er frábending fyrir notkun þeirra svo sem fíknisjúkdómur geðrofssjúkdómur. Í flestum tilfellum er methylphenidat fyrsta val en ef það virkar ekki, þolist ekki eða er ekki talið viðeigandi má reyna meðferð með atomoxetin (NICE 2008).“ (bls. 27)<sup>2</sup>. Síðan eru gefnar ýmsar leiðbeiningar sem lúta að lyfjameðferðinni, fjallað um gildi hennar og rannsóknir sem styðja hana og hvernig skuli standa að eftirliti með meðferð.

Að öllu ofansögðu er ljóst að tilvitnunin í frumvarpinu er röng, þ.e.a.s. ef þar er átt við klínískar leiðbeiningar landlæknis. Öllum verða einhvern tíma á mistök og sérhver sem viðurkennir mistök sín vex við það. Þessi ranga tilvitnun hefur því miður ekki verið dregin til baka eða leiddrétt og svo virðist

sem tillagan eigi að standa óbreytt. Það vekur athygli að núverandi landlæknir virðist áhyggjulítill um að hallað sé réttu máli þegar vitnað er til skýrslu sem hann er ábyrgur fyrir.

Það er full ástæða til að fara vel með opinbert fé og videigandi stofnanir sinni því eftirliti sem þeim ber og nauðsyn að sjá til þess að þessi lyf, sem önnur, rati eingöngu til þeirra sem þau eru ætluð. En það ber að fara rétt með staðreyndir.

Metýlfenidat er öruggt og öflugt lyf. Vandamál sem tengjast misnotkun þess verður að takast á við með öflugum hætti. Tilkynning velferðarráðuneytisins í dag (10. okt.) felur ekki í sér nýjungar. Allt hefur það komið fram áður án þess að bera árangur. Af hverju skyldi það duga nú?

Árni Pálsson prófessor mun einhvern tíma hafa sagt að það væru rónarnir sem kæmu óorði á brennivínið. Það er engum til góðs að kasta barninu út með baðvatninu og með því bera fyrir borð hag þeirra sem þjást. Öflugt eftirlit eykur á gæði greiningar og meðferðar og fer vel með opinbert fé. Þetta eftirlit hefur verið máttlítið þrátt fyrir augljósan vanda. Veldur hver á heldur.

Þá virðist það gleymast í þessum „nýju“ aðgerðum að hluti þjóðarinnar býr fyrir aftan Esjuna.

Hugsam málið upp á nýtt og hlúum að þeim sem eiga erfitt.

<sup>1</sup> <http://www.althingi.is/altext/141-/pdf/0001.pdf>

<sup>2</sup> <http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item14259/version5/ADHD-7.%20mars%202012.pdf>  
Skrifað í Svíþjóð á alþjóða geðheilbrigðisdeginum 10. okt. 2012.





# TAKK ÍSLENDINGAR


Kæru Íslendingar,

Rauði krossinn þakkar landsmönnum öllum fyrir mikinn hlýhug og ómetanlegan stuðning í landssöfnuninni Göngum til góðs, laugardaginn 6. október.

Sérstakar þakkir fá þeir 2.500 sjálfboðaliðar sem gengu til góðs um allt land, heimsóttu meirihluta heimila á landinu og söfnuðu 25 milljónum króna. Rauði krossinn mun verja söfnunarfénu til að hjálpa börnum í neyð í nokkrum af fátækustu löndum heims.

Meirihluti af öllu starfi Rauða krossins á Íslandi fer fram hér innanlands. Mörg mikilvægustu verkefni eru borin uppi af sjálfboðaliðum og má þar nefna neyðarvarnir, Hjálparsíma Rauða krossins 1717 og heimsóknavini.

Því hvetjum við alla sem vilja byggja betra og öruggara samfélag á Íslandi til að hafa samband við Rauða krossinn í sinni heimabyggð og bjóða fram krafta sína.

 Rauði krossinn

Rauði krossinn þakkar þeim fyrirtækjum sem studdu söfnunina



advania



Arion banki



Vífell

 EIMSKIP



Íslandsspil



KENNARASAMBAND ÍSLANDS

## KÆRAR ÞAKKIR TIL KENNARA

Á alþjóðadegi kennara, þann 5. október, söfnuðu félagar í Kennarasambandi Íslands myndarlegrí fjárhæð til styrktar Moyamba menntaathvarfi Rauða krossins í Sierra Leone.

Við þökkum stuðninginn!

Peir sem ekki fengu heimsókn um helgina geta enn stutt börn í neyð á vefsíðunni [gongumtilgods.is](http://gongumtilgods.is) eða með því að hringja í söfnunarnúmer Rauða krossins.

**904 1500**

1.500 kr. framlag.  
Lífshættulega van-  
nærðu barni hjúkrað  
til heilbrigðis

**904 3000**

3.000 kr. framlag.  
Fjölskylda á ham-  
farasvæði fær efni  
til skýlisgerðar

**904 5000**


5.000 kr. framlag.  
Tvö hundruð máltíðir  
á hungursvæði  
í Afríku



# AFÞREYING OG ÆVINTÝRI UM HELGINA



Kynningarverð  
Kr. **3.299,-**  
Verð kr. 3.999,-



**TILBOÐ kr. 3.999,-**


Matur og drykkur  
Verð kr. 5.499,-



Útgáfuteiti  
í Eymundsson  
Austurstræti,  
í dag kl. 13.00.  
Léttar veitingar og  
skemmtiatriði.

**TILBOÐ kr. 3.999,-**

Ljúfmeti úr lækningajurtum  
Verð kr. 4.999,-



**KYNNINGARVERÐ kr. 2.399,-**

Súpur allt árið  
Verð kr. 2.999,-



**1.**

Metsölulista  
Eymundsson

**TILBOÐ kr. 3.199,-**

Létta leiðin  
Verð kr. 3.999,-



**TILBOÐ kr. 3.999,-**

Lego Star Wars  
Verð kr. 4.999,-



Þriðja  
safnabókin eftir  
Sigrúnu Eldjárn.  
Missið ekki af  
Listasafninu.

**TILBOÐ kr. 3.199,-**

Listasafnið  
Verð kr. 3.999,-



**TILBOÐ kr. 1.999,-**

Prikið hans Steina  
Verð kr. 2.499,-



**TILBOÐ kr. 1.999,- stk.**

Nanna norn og Nanna og miðnæturdrekinn  
Verð kr. 2.499,- stk.

“Þið hafið áreiðanlega heyrt um seinni heimsstyrjöldina. Hún er í öllum mannkynssögubókum. Til og með framan á þeim flestum. Myndir af skriðdrekkum, Adolf Hitler í móðursýkiskasti og horaðir Gyðingar í fjöldagröfum. Sveppalaga kjarnorkuský. Mannkynssagan. Þetta hefur áreiðanlega ekki farið framhjá neinum. Ómar tók ekki þátt í seinni heimsstyrjöldinni. Hann fæddist ekk einu sinni fyrren henni var löngu lokið. En hún var viðvarandi þáttur í lífi hans um nærri fjögurra ára skeið – nokkru skemur en hún varði.”

Illska - Eiríkur Örn Norðdahl





**TILBOÐ kr. 2.299,-**

Hin ótrúlega píligrímsganga Harolds Fry  
Verð kr. 2.699,-

**KYNNINGARVERÐ kr. 2.799,-**

Ég fremur en þú  
Verð kr. 3.499,-

**TILBOÐ kr. 2.299,-**

Stasiland  
Verð áður kr. 2.799,-

**KYNNINGARVERÐ kr. 5.199,-**

Ár kattarins  
Verð kr. 6.499,-



**TILBOÐ kr. 2.799,- stk.**

Rökkurhæfir I, II, III

**KYNNINGARVERÐ kr. 2.799,-**

Kattasamsærið  
Verð kr. 3.499,-

**KYNNINGARVERÐ kr. 6.399,-**

Stafræn ljósmyndun  
Verð kr. 7.999,-

**KYNNINGARVERÐ kr. 3.899,-**

Skórnir sem breyttu heiminum  
Verð kr. 4.799,-

**Eymundsson**

Bóksali frá 1872





**ÞARF AÐ LÆRA Á KERFIÐ** Dóttir Þorgerðar glímir við einhverfu og ýmsar hamlanir. Þorgerður segist hafa þurft að yfirvinna það sálrænt að eignast barn sem glími við mikla erfiðleika.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Líftími kvenna í pólitík er styttri

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir** hefur ákveðið að veita fjölskyldu sinni andrými og hætta í stjórnárum – að minnsta kosti að sinni. Í samtali við **Stíg Helgason** útskýrir hún ummæli sín um íslensku teboðshreyfinguna og gagnrýnir tuðandi alþingismenn.

**Þ**orgerður Katrín Gunnarsdóttir lýsti því nýverið yfir að hún hygðist hætta á þingi í vor eftir fjórtán ára stjórnáraférl. Hún segir ákvörðunina hafa verið mjög erfiða.

„Já, af því að stjórnárum eru það skemmtilegasta sem ég hef gert, bæði sem ráðherra og ekki síður sem þingmaður. Miðað við allt sem á undan er gengið væri ég löngu hætt ef mér liði ekki vel hér. Ég var til í að taka slaginn en á móti kemur að álagið á fjölskylduna hefur verið mikið og þess vegna þótti mér kominn tími til að stíga til hliðar.“

Hún nefnir sérstaklega varaformannstíð sína í flokknum, sem hafi verið einkar gefandi. „Ég vona að hlusta á þessa frasa um að kynið skipti ekki máli af því að við eigum bara að líta á hæfi einstaklinganna. Við erum bara komin með svo margar konur að það er ekki lengur hægt að tala svona. Mér finnst sárt að sjá á eftir Ólöfu [Nordal] en ég skil hennar sjónarmið mjög vel. Og við höfum sem betur fer mikið af frambærilegum konum til að taka við af henni, til dæmis Hönnu Birnu [Kristjánsdóttur], Ragnheiði Elínu [Árnadóttur] og fleiri.“

Hefurðu skoðun á því hver það á að vera?

„Ég hef þá skoðun að það eigi að vera kona í forystu flokksins. Ég nenni ekki að hlusta á þessa frasa um að kynið skipti ekki máli af því að við eigum bara að líta á hæfi einstaklinganna.“

Áttum okkur í guðanna bænum á því að konur í forystu flokksins eru gríðarlega mikilvægar. Ég hef bent á að þegar við fórum í kosningarnar 2007 og unnum stórkostlegan sigur – það var að mínu mati vegna nýrrar forystu annars vegar og hins vegar þess að konur voru framarlega á öllum listum. Við fengum yfir fjórtíu prósent í Suðvestur-



Ég hef þá skoðun að það eigi að vera kona í forystu flokksins. Ég nenni ekki að hlusta á þessa frasa um að kynið skipti ekki máli af því að við eigum bara að líta á hæfi einstaklinganna.

kjördæmi og vorum þar langstærst. Ég held að það sé samhengi þarna á milli.“

*Flestar reyndustu þingkonurnar eru að hætta í vor. Ásta Ragnheiður Jóhannsdóttir hefur ekki gefið upp hvað hún ætlar að gera en allar aðrar sem komu inn fyrir aldamót eru á útleið. Á meðan er fjöldi karla sem hefur setið miklu lengur og vill sitja áfram. Finnst þér þetta segja eitthvað um pólitíska umhverfið?*

„Já, og mér finnst ágætt að þetta sé dregið fram. Talandi um Ástu Ragnheiði; hún hefur staðið sig gríðarlega vel, hún hefur tekið erfiðar ákvarðanir – ákvarðanir sem ég hef ekki alltaf verið sátt við – en hún hefur staðið sig vel sem þingforseti. Af hverju ætti hún að hætta frekar en Össur, Ógmundur eða Steingrímur J.? Það er einhver veginn saga og líftími kvenna í pólitík sé styttri, fyrir utan undantekninguna sem er Jóhanna Sigurðardóttir.“

Margt má um Jóhönnu segja og ég er algjörlega ósammála henni pólitískt, en hún hefur gert margt ágætlega fyrir hönd kvenna þótt mér finnst hún hafa klikkað sem forystumaður í ríkisstjórn varðandi jafnréttismálin. Hún er samt búin að sýna fram á að konur geti líka verið lengi í pólitík, sem er gott, en hún er undantekning.

Það er eins og það sé minni þolinmæði gagnvart því að konur séu til lengri tíma í pólitík en gagnvart körlum.“

Þorgerður segir að svo virðist sem flokkurinn sé loksins að komast yfir það tímabil að vera „einnar konu flokkur“. Nú séu konur mjög afgerandi á flestum sviðum hans. „Það er gömul saga og ný að það er önnur umræða um konur í pólitík en karla. Allt frá því að það sé enn talað um útlit og fatasmekk kvenna en eitthvað allt annað sem tengist körlunum. Þetta er enn rosalega hallærislegt en ég bind miklar vonir við að þetta sé að breytast.“

**Umræðan hefur verið erfið**

Nú er hálf þriðja ár frá því að umræðan um fjármál þín stóð sem hæst.

*Finnt þér þetta eftir á að hyggja hafa verið skiljanleg viðbrögð eða var þetta ómakleg umræða?*

„Mér er minnststætt það sem Guðni Th. Jóhannesson sagði strax eftir hrúnið: að nú rynni upp tími sem við myndum í framtíðinni ekki vera neitt sérstaklega stolt af sem þjóð. Ég held að margt hafi verið skiljanlegt og eðlilegt – reiði, uppbrot, ýmislegt – en að margt hafi líka verið óskiljanlegt. Ég held að það sé ekki tímabært að vera með sleggjudóma eða mat á sögunni núna en eitt af því sem mér hefur verið hugleikið gegnum þennan ólgusjó og má ekki bregðast í íslensku samfélagi er réttarríkið og grundvallarreglur þess. Ég vona að sagan muni sýna að þó að við höfum stundum verið á ystu mörkum þá höfum við ekki farið yfir þessa línu sem er gullvegur í borgaralegu samfélagi sem kennir sig við mannréttindi.“

Þorgerður er meðal annars að hætta á þingi vegna fjölskyldu sinnar.

„Eitt af því sem ekki bara konur í pólitík heldur karlar líka upplifa er endalaust samviskubit yfir því að vera ekki heima – að ná stundum ekki í afmæli og á aðra viðburði á vegum fjölskyldunnar. Eitt það erfiðasta sem maður upplifði þegar maður var kominn á fullt í pólitíkina var þegar eitt barnanna vaknaði á nóttunni og kallaði ekki lengur „mamma“ heldur „pabbi“. Það eru þessi litlu atriði sem á endanum vega þungt.“

Að sjálfsögðu hefur umræðan í tengslum við Sjálfstæðisflokkinn, mig og mína fjölskyldu verið erfið – það er ekki spurning. Á sama tíma á árinu 2008 komu upp erfiðleikar með eitt barnanna minna og það er eitthvað sem ég þurfti að yfirvinna sálrænt – að læra að lifa með því að eiga fatlað barn. Það gerir enginn ráð fyrir öðru en að eignast heilbriggt barn og nú þarf ég að læra á kerfið, fyrst og fremst barnsins vegna. Ég veit eitt og annað um kerfið, en ég þarf að læra á það eins og aðrir.“

Þegar maður hugsar um mengi allra þessara hluta, þessa mósaíkmynd, og

þarf að glíma bæði við ákveðið mótlæti í vinnunni og að sumu leyti í fjölskyldunni, þá held ég að maður verði þegar upp er staðið að hugsa aðeins meira um fjölskylduna. Manni finnst maður ekki hafa gert nóg. Ég held að á meðan ég er í stjórnárum fái fjölskyldan mín ekki það andrými sem hún þarf á að halda og þess vegna stíg ég til hliðar – að minnsta kosti um tíma.“

*Að minnsta kosti um tíma segirðu. Þú heldur því opnu að þú munir hugsanlega snúa aftur í stjórnárum?*

„Eitt af því sem ég er búin að læra í stjórnárum er að vera ekki með nein digrar yfirlýsingar. Ég get ekki útilokað það og sagt: „Nei, ég ætla aldrei að koma aftur.“ Ég hef óbilandi áhuga á pólitíkinni en það er síðan annað mál hvernig ég mun beita mér. Það getur vel verið að ég muni gera það með einhverjum hætti á öðrum vígstöðvum.“

**Kjánaskapur SUS**

*Þú líktir hluta Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins við bandarísku Teboðshreyfinguna í þættinum Klinkinu á Vísi á dögunum. Til hvaða fólks ertu að vísa og í hvaða málum finnst þér þetta birtast?*

„Í kjölfarið komu svo nokkrir frá VG og sögðu að það væri líka teboðshreyfing innan þeirra raða. Það er ekkert hægt að tiltaka einhverjar sérstakar persónur. Það sem ég er að tala um eru þessar öfgar, hvar sem er. Það er eins og ysti kanturinn alls staðar sé ráðandi. En ég trúir því að innan allra þessara flokka sé miklu stærri kjarni, upp til hópa frjálslynt fólks sem vill umræðu og þorir að segja hug sinn.“

Þorgerður nefnir fund áhrifafólks úr stjórnárum og viðskiptalífi um Evrópumál sem haldinn var í síðustu viku. Hann sé skýrt merki um að fólk geti sameinast um tiltekni málefni þvert á flokka.

„Og öðruvísi mér áður brá þegar kemur að flokknum mínum. Hann hefur

**FRAMHALD Á SÍÐU 24**



# HÚSGAGNAHÖLLIN – fyrir lifandi heimili



**169.990** **189.990**  
2,5 SÆTA 3JA SÆTA

**IDdesign**

UMBRIA 2,5 sæta sófi. B:220 D:87 H:80 cm. 3 sæta sófi. B:210 D:87 H:80 cm. Fæst í 3 litum, Natura áklæði. Einnig fánlegur sem tungusófi.



**20% AFSLÁTTUR**

**EKKI MISSA AF ÞESSU!**

**OREGON** hornsófi með tungu  
B 310 D 240 H 88 cm.  
(hægt að fá með tungu hægra og vinstra megin)  
Litur: svart slitsterkt áklæði. Krómlappir.  
**FLOTTUR SÓFI Í BAK OG FYRIR**

**239.900**  
FULLT VERÐ: 299.990

**NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI  
OPIÐ ALLA HELGINA**



**LENE**  
eldhúsbord  
L 120 B 76 H 73 cm.

**25.425**  
FULLT VERÐ: 33.900

**25% AFSLÁTTUR**

**BELINA** borðstofuborð  
stækanlegt með 2 stækkunum  
L 120/270 B 100 H 74 cm.

**82.425**  
FULLT VERÐ: 109.900



**SLINKY**  
legubekkur  
krómlappir,  
litur svartur.

**20% AFSLÁTTUR**

**55.990**  
FULLT VERÐ: 69.990

## 20% AFSLÁTTUR ALLA HELGINA

AF BAR- OG ELDHÚSSTÓLUM



**15.990**  
FULLT VERÐ: 19.990

**HOT** barstóll,  
krómlappir.  
Litir: svart og hvítt.



**15.190**  
FULLT VERÐ: 18.990

**KENTUCKY**  
barstóll, króm-  
lappir. Litir: svart  
og hvítt.



**19.190**  
FULLT VERÐ: 23.990

**DALLAS** barstóll,  
krómlappir. Litir:  
svart og hvítt.



**15.990**  
FULLT VERÐ: 19.990

**PLUMP** barstóll,  
krómlappir.  
Litur: svart.

**EKKI MISSA AF ÞESSU!**



**15.990**  
FULLT VERÐ: 19.990

**ANDREW**  
Borðstofustóll. Svart, brúnt og hvítt leður.

**HÚSGAGNAHÖLLIN**



## FRAMHALD AF SÍÐU 22

talað fyrir því að það sé valfrelsi á sem flestum sviðum, til dæmis í skólumálum og heilbrigðismálum. Ætlum við síðan að útiloka einn valkostinn strax í gjaldeyrismálum? Ég er ekki hagfræðingur en ég veit það eitt að við getum ekki útilokað annan af þeim tveimur helstu valkostum sem meðal annars Seðlabankinn og alþjóðastofnanir hafa bent okkur á að séu í boði. Við megum það ekki og við höfum ekki efni á því.“

Og hún segir að þótt sumir vilji gera Evrópusambandsmálið að stærsta máli íslenskrar stjórn-málasögu þá séu önnur mál sem skipti ekki síður máli. Hún bendir á að mörg stærstu skrefin í utan-ríkismálum Íslendinga hafi verið stigin þegar Sjálfstæðisflokkurinn var í ríkisstjórn – aðildin að NATO og EFTA, og frágangur EES-samningsins. „Þá voru frjálshynd umbóta-öfl sem sáu fram á mikilvægi þess að Ísland væri ekki bara á hliðar-línunni heldur þátttakandi í þessu alþjóðasamfélagi. Ég hefði kosið að við höldum áfram að tala um val-kosti og tækifæri en ýttum þeim ekki út af borðinu.“

Síðan er hægt að tala um kjanaskap eins og þegar ungir sjálfstæðismenn kölluðu Obama sósíalista og settu hann í flokk með Jóhönnu og Ögmundi. Fyrir það fyrsta er verið að gera þeim mjög hátt undir höfði með því að setja Obama í þeirra hóp – hann á ekki heima þar. En aðallega er þetta dæmi um upphrópanir og æsingar sem við eigum að láta eiga sig.“

Þorgerður segist raunar sjaldan hafa fundið eins mikinn stuðning innan flokksins undanfarin miss-eri og nú eftir viðtalið í Klinkinu. Þótt hún finni fyrir því að uppi sé krafa um að flokksmenn séu sam-hentir þá skipti ekki síður máli að þora að tala um hlutina. Það hafi



ENN GAMAN Þorgerði finnst enn „dúndurfjör“ á Alþingi. Hún segist ekki hafa hugmynd um hvað hún taki sér fyrir hendur á næsta ári.

flokkurinn gert, og ekki bara um Evrópusambandið. Flokkurinn hafi líka tekist á um landbúnaðar- og sjávarútvegsmál, svo dæmi megi nefna.

## Þótti Jóhanna skásti kosturinn

Sumir gagnrýnendur ríkisstjórnarinnar hafa kallað hana þá verstu í Íslandssögunni. Þorgerður segir hana vonda en ekki alsæma. Það sé ekki allt hræðilegt og offorsíð í slíkum málflutningi gelda skila-boðin.

„Ég lít aðallega á þessa stjórn sem ríkisstjórn vannýtttra tækifæra. Hún hafði allt með sér þegar hún tók við eftir hrun en hún fór ekki í að stokka upp kerfið,“ segir Þorgerður og nefnir heilbrigðis- og



Ef mönnum finnst þetta ekki gaman og finnst þetta starf ekki gefandi er bara eitthvað að og þá eiga menn að leita á önnur mið.

menntakerfið sem dæmi. Það hefði sparað ríkinu stórfé að halda áfram á þeirri leið að stytta framhalds-skólanám í þrjú ár.

Hún segir ríkisstjórnarsamstarfið hafa snúist um það að hvor stjórnarflokkur reyni að fá sínum málum framgengt í stað þess að mótuð sé heildarsýn fram á við. „Mér finnst hana hafa vantað í þessa ríkisstjórn. Hún hefur haft stór orð um ýmsar leiðir – eins og skjaldborg heimilanna, sem ég segi að hafi aldrei verið reist – skjaldborgina um jafnréttismálin, sem var heldur aldrei reist, og það er að koma svoleiðis í bakið á okkur núna eftir þessa fjögurra ára stjórnar-tíð.“

Þorgerður viðurkennir að henni hafi þótt Jóhanna skásti kosturinn af þeim sem komu til greina af hálfu Samfylkingarinnar til að leiða ríkisstjórn. „En það þýðir ekki að ég sé gagnrýnlaus á hana – og ég er mun gagnrýnni á hana í dag en ég var þá vegna þess að mér finnst hún hafa brugðist í grundvallar-málunum sem leiðtogi ríkis-stjórnarinnar, þá fyrst og fremst í atvinnumálum.“

Einnig nefnir Þorgerður fæðingarorlofið sem dæmi um vandræðagang stjórnarinnar. Það hafi verið skert í þriggja títí stjórnarinnar. „Fæðingarorlofið er hreint og klárt jafnréttistæki. Ég held að skerðing þess sé ein af ástæðum þess að við erum að sjá aukinn kynbundinn launamun í dag. Þetta er bein afleiðing gerða ríkis-stjórnarinnar.“

Þorgerður gefur stjórninni fall-einkunn bæði í atvinnumálum og málefnum vísinda og rannsókna. „Ríkisstjórnin er ekki að skapa fleiri störf. Hún getur sett fólk í einhverja skúffu og inn í skólana, sem mér finnst fínt, en það er bara tíma-bundið úrræði. Það er ekki verið að auka verðmætastöpun til lengri tíma hérna í samfélaginu.“

Hún segir frá nýlegri heimsókn sinni í Háskóla Íslands, sem hefur hækkað um nokkur sæti á lista yfir bestu háskóla heims. Það sé af-leiðing þess að fjármagni hafi verið dælt í rannsóknastarf á árunum 2006 til 2010. „Það sem fólk þar segir núna er að þess sjáist merki að birtingum á vísindagreinum sé að hraka. Það þýðir bara minni sókn í rannsóknum og vísindum.“

## Þorgerður að breyta stjórnarskránni

Talið berst að stjórnarskrármálum. „Stjórnarskráin hefur verið tekin og notuð sem pólitískt plagg,“ segir Þorgerður. Staðreyndin sé sú að allir flokkar hafi verið tilbúnir í stjórnarskrárbreytingar. „Það þýðir ekkert að koma með frasa um að Sjálfstæðisflokkurinn hafi komið í veg fyrir það. Það var Sam-fylkingin sjálf sem kom í veg fyrir breytingar á stjórnarskránni 2003 til 2007 þegar átti að passa upp á að það mætti ekki breyta neinu varðandi forsetann. Svo breytti Samfylkingin um kúrs þegar for-setinn var ekki nægilega þægur fyrir hana.“

Hún er með öðrum orðum ekki ýkja hrifin af því hvert það mál

er komið. „En ég mun kjósa. Eitt sem menn verða að átta sig á er að þegar þingið er búið að ákveða eitthvað – hvort sem maður er sáttur við aðferðafræðina eða ekki – þá virðir maður engu að síður niður-stöðuna og nýtir sinn rétt. Það er ekki spurning.“

Ég leyndi því hins vegar ekki að ég hefði viljað sjá breytingar á stjórnarskránni, ég hef margoft sagt það. Við þurfum til dæmis að fara yfir framsalsákvæðið, ekki með aðildina að ESB í huga, heldur ekki síður hvernig EES-samningurinn er að þróast. Árið 1994 sögðu sérfræðingar: „Við erum á nippinu með að þetta stand-ist stjórnarskrána,“ en þá slapp þetta til. Eftir það hefur orðið svo miklu meira framsal, þannig að það liggur ljóst fyrir að við hefð-um þurft að gera breytingar á því ákvæði. Mér finnst ekki spurning um að það þurfi auðlindaákvæði í stjórnarskrána, og að breyta breyt-ingaákvæðinu sem slíku. Af hverju forgangsraðaði ríkisstjórnin ekki einfaldlega þessum málum í stað þess að setja þetta allt í þennan glundroðafarveg?“

Hún bendir líka á það sem Þroskahjálpi Íslands hefur sagt um kosningarnar. „Það er gott að hreyfihamlað fólk fái aðstoð í kjör-klefanum en af því að kjörseðillinn er svo flókin þá munu þroska-hamlaðir eiga í erfiðleikum með að skilja hann vegna flækjustigis kjörseðilsins. Þeir þurfa aðstoð við það. Svona þjóðaratkvæðagreiðslur verða að vera skýrar fyrir alla.“

Ríkisstjórnin hafi glutrað niður tækifæri til að breyta því sem skiptir máli. „Við höfum breytt mannréttindakaflanum svo til söma er, sem og öðrum köflum, til dæmis kjördæmaskipaninni. Það hefði átt að taka fyrir þá þætti sem núna skipta mestu máli og Jóhanna Sigurðardóttir, í broddi fylkingar sem forsætisráðherra, klikkar þar.“

## Hér er enn dúndurfjör

Fjórtaán ára kafla í lífi Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur mun ljúka í vor. Veit hún hvað hún ætlar að taka sér fyrir hendur?

„Nei, ég hef ekki hugmynd um það. Ég veit bara að mér finnst gott að starfa með fólki og vona að ég fái tækifæri til að starfa við eitthvað þar sem ég get lagt mitt af mörkum. Aðalmálið núna er að veita ríkis-stjórninni aðhald í göðum málum sem slæmum og ég ætla að reyna að sinna mínu verki hér eins og best má vera. Hér er enn þá dúndurfjör og fullt af göðu fólki.“

Mér finnst hins vegar miður að sjá og heyra ekki sist suma af þessum nýju þingmönnum reyta hár sitt yfir því hvað allt getur verið ómögulegt. Ef mönnum finnst þetta ekki gaman og finnst þetta starf ekki gefandi er bara eitthvað að og þá eiga menn að leita á önnur mið.

Hér er fullt hægt að gera ef menn beita sér rétt og tala saman, og þess vegna er mikilvægt að það sé gott fólk í framboði fyrir alla flokka, ekki bara Sjálfstæðisflokkinn.“



## STAFAKARLARNIR



## MIKLU MEIRA EN BREKKA FRAM UNÐAN FYRIR HÖRPU

Þorgerður Katrín sótti um forstjóra-stöðuna í Hörpu fyrr í ár. Hvers vegna?

„Af því að mér finnst það gríðarlega spennandi verkefni og þekki það út og inn. Ég held að til lengri tíma muni það skipta okkur Íslendinga miklu máli, ekki sist núna, að breikka ferðapjónustuna og ég held að Harpa muni leika þar lykilhlutverk.“

Ég veit hvaða erfiðleikar blasa við Hörpu og með þá þekkingu sem ég hef úr stjórnsýslunni held ég að ég hefði verið ágæt í starfið.“

Þorgerður hlaut ekki stöðuna, heldur Halldór Guðmundsson. Þorgerður er ánægð með ráðninguna. „Það er góður maður sem ég hef átt mjög gott samstarf við í gegnum tíðina – fékk hann meðal annars til að vera með bókamessuna í Frankfurt og treysti engum betur til þess en honum – og ég mun gera mitt til að styðja hann til að efla og styrkja Hörpu. Það er miklu meira en brekka fram undan fyrir Hörpu. Það eru svakalega miklir erfiðleikar, en ég hef trú á að ef menn



haldi rétt á spilunum takist að koma þessu á réttan kjöl.“

Meirihluti stjórnarinnar vildi ráða Þorgerði en fékk ekki sínu framgengt. Hefur hún kynnt sér hvað gekk þar á? „Já, ég veit alveg hvað gekk á. Eftir þetta hringdu í mig menn sem höfðu heyrt þetta nákvæmlega og svo frétti ég ýmslegt, en ég nenni ekki að tala um þetta. Þetta er búið og gert. Það er nú eitt af því sem maður er búinn

að læra: að það sem er búið er búið. Ekki sýta það sem hefði mátt betur fara, heldur þarf að læra af mistök-um og ég vona að ég taki það með mér þegar ég hætti. Ég lærði það í íþróttunum – og það hefur nú hjálpað mér einna mest í öllum þessum ólgusjú – að það voru ekki bara allir sigirnir sem skipta máli, heldur líka allir ósigarnir – eða þessir fáu ósigrar skulum við segja.“





AÐEINS ÞESSA HELGI  
12. - 14. október

20-40% AF ÖLLUM  
LÖMPUM OG LJÓSUM



OG VIÐ MEINUM ÖLLUM  
LÖMPUM OG LJÓSUM!



© ILVA Ísland 2012

*kaffi*  
**ILVA**

Árhus loka

Kjúklingur, beikon, rauðlaukur,  
ostur og bernaise sósa  
Verð 895,- **NÚ 695,-**  
m/salati til hliðar  
Verð 1.290,- **NÚ 995,-**



**SAMLOKA MÁNAÐARINS**

**VISA Lán**  
- VAXTALAUST  
Bjódum uppá  
vaxtalaust  
lán til 6 mánaða

  
sendum um allt land

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500  
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30  
[www.ILVA.is](http://www.ILVA.is)



# KRÓNAN



- fyrst og fremst  
ódyr!

## KALKÚNN fyrir jólin!

### FRÁBÆRT VERÐ!

23%  
afsláttur

# 1299

kr.  
kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg  
Holda frosinn kalkúnn



# 1889

kr.  
kg

Ísl. matvæli kjúklingabringur



# 775

kr.  
kg

Ísl. matvæli, heill kjúklingur



ÁN ALLRA  
AUKAEFNA

# 1998

kr.  
kg

Úrbeinuð kjúklingalæri,  
án viðbættis vatns og sykurs



# 298

kr.  
kg

Ísl. matvæli, kjúklingavængir



# 657

kr.  
kg

Krónu kjúklingaleggir



# 598

kr.  
kg

Krónu blandaðir kjúklingabitir



Sjá opnunartíma verslana Krónunnar  
á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)



Lambakjöt  
LAMBAKJOT.IS

GÓÐI

SVEITTA-  
MARKAÐUR  
Í DAG LAUGARDAG  
KL. 1100



Kynning á úrvals íslensku lambakjöti  
í Krónunni Bildshöfða / Granda / Lindum /  
Mosfellsbæ / Akranesi / Selfossi

SMAKK - KYNNING - RÁÐGGJÖF - UPPSKRIFTIR

LAMBALÆRI  
á tilboði!  
- aðeins þessa helgi

FRÁBÆRT  
VERÐ!

1298 kr.  
kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg  
Lambalæri New York marinerað

LAMBALÆRI  
- fyrir þig og þína!

Þú getur valið úr 5 kryddtegundum:  
New York, hvítlauk og rósmarín,  
með kryddjurtum, piparmarinað  
eða trönuberja og eplamarinerað!



KR  NAN

- fyrst og fremst  
ódyr!





## Þjóðaratkvæðagreiðsla um drög að stjórnarskrá

1. spurning

## Þjóðin segir nei eða já, af eða á

Þjóðaratkvæðagreiðsla um drög að nýrri stjórnarskrá fer fram eftir viku. *Kolbeinn Óttarsson Proppé* fékk fólk til að greina frá afstöðu sinni til tillagna stjórnlagaráðs. Lagaprófessor segir nokkra óvissu ríkja um hvað taki við verði tillögurnar samþykktar.

**K**jósendur fá færi á að segja hug sinn gagnvart drögum stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá eftir viku. Þá fer fram þjóðaratkvæðagreiðsla um drögin. Auk þess verða fimm spurningar bornar undir þjóðina um ákveðna málaflokka. Bæklingur um spurningarnar hefur nú verið borinn í hvert hús og geta kjósendur kynnt sér þær þar, sem og á vefnum. Fréttablaðið ákvað að draga fram ólík sjónarmið varðandi þær spurningar sem lagðar verða fyrir þjóðina. Í fyrstu greininni verður sjónum beint að fyrstu spurningunni. Auk ólíkra sjónarmiða reifar Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, hvað gerist næst ef drögin verða samþykkt.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra svaraði fyrir-spurn Vigdísar Hauksdóttur, þingmanns Framsóknarflokksins, um það mál á þingi á fimmtudag. „Þetta mál hefur verið í búsna langan tíma á vettvangi Alþingis að svo miklu leyti sem það hefur ekki verið hjá stjórnlagaráði og þjóðinni til skoðunar. Ég geri því ráð fyrir að það sé fyrst og fremst Alþingi og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd sem eiga að skoða það og meta þá niðurstöðu sem verður af þjóðaratkvæðagreiðslunni.“



UPPHAFIÐ Boðað var til þjóðfundar 6. nóvember 2010 og 950 manns á öllum aldri sátu í Laugardalshöll og ræddu innihald stjórnarskrár. Tillögur hans fóru fyrir stjórnlagaráð, en þjóðin tekur afstöðu til draga þess að stjórnarskrá eftir viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Vilt þú að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá?



**Já** Já, ég vil að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá.



## Freyja Haraldsdóttir

sat í stjórnlagaráði

Hinn 26. júlí 2011 samþykkti ég frumvarp Stjórnlagaráðs til stjórnskipunarlaganna ásamt öðrum stjórnlagaráðsfulltrúum. Ég mun því segja já við því að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá í kosningunum 20. október 2012. Ekki af því ég er sammála hverju einasta smáatriði heldur vegna þess að ég trúir því að við sem komum að gerð frumvarpsins, í samtali við þjóðina eins og okkur frekast var unnt, höfum náð fram þeim grundvallarþáttum sem að mínu mati þarf til að stjórnarskráin stuðli að samfélagsmótun sem hefur m.a. að leiðarljósi að tryggja mannréttindi, vernda náttúruna og efla sjálfbærni, setja valdamörk, auka lýðræði og frelsi og stuðla að samvinnu við aðrar þjóðir.

Ástæða þess að ég bauð mig upphaflega fram til Stjórnlagabings var fyrst og fremst vegna þess að ég vildi beita mér fyrir því að stjórnarskráin hefði afdráttarlausan og skýran mannréttindakafli. Þó svo ég hefði verið tilbúin að ganga lengra á ýmsum sviðum er varðar mannréttindaákvæðin tel ég að í tillögum Stjórnlagaráðs sé búið að fylla inn í margar eyður núverandi mannréttindakafli. Með skýrari ákvæðum um félagsleg mannréttindi, t.d. um réttindi barna, réttinn til friðhelgi, menntunar, heilbrigðisþjónustu og trúfrelsis og með því að tilgreina fleiri algengar mismunarbreytur í jafnræðisreglunni tel ég okkur vera að gera kröfu um að hér á landi séu skapaðar aðstæður fyrir allt fólk til að taka þátt, hafa áhrif, búa við öryggi, vera frjálst og geta þannig uppfyllt sínar skyldur og mótað samfélag – saman.

Ekki síst þess vegna segi ég óhikað; já!



**Nei** Nei, ég vil ekki að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá.



## Ágúst Þór Árnason

deildarformaður lagadeildar Háskólans á Akureyri

Árið 1944 greiddu 95% kosningabærra Íslendinga stjórnarskrá lýðveldisins atkvæði sitt. Á lýðveldistímanum hafa ákveðnir þættir stjórnarskrárinnar verið endurskoðaðir og í dag er breið samstaða um frekari endurskoðun, til dæmis að ákvæði um auðlindir og þjóðareign og auknar heimildir til þjóðaratkvæðagreiðslna verði bætt við gildandi texta. Hins vegar er ljóst að hryggstykki stjórnarskrárinnar sjálfar á sér djúpar rætur í íslensku samfélagi. Með frumvarpi stjórnlagaráðs er gerð tillaga um að þessar rætur verði rífnar upp. Ég leyfi mér að draga í efa umboð stjórnlagaráðs til þessarar nálgunar og tel hana raunar ósamrýmanlega því verkefni að endurskoða stjórnarskrána, eins og stefnt hefur verið að frá stofnun lýðveldis. Ég hafna því einnig alfaríð að úr niðurstöðum þjóðfundar 2010 verði þessari hugmyndafræði stjórnlagaráðs fundin stoð. Ég mun því segja NEI við fyrstu spurningunni á kjörseðli í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október næst komandi.

Í þessu samhengi er rétt að minna á að þau verðmæti sem felast í skýrum og ágreiningslausum stjórnskipunarreglum og þeim (stjórnskipulega) kostnaði sem getur hlotist af réttaróvissu á þessu sviði. Slíkan kostnað hafa Íslendingar að einhverju marki sannreynt í tengslum við ágreining um stöðu og synjunarvald forseta og einnig í kjölfar nýs mannréttindakafli árið 1995. Það má einnig rífa upp illviga deilur samfara breytingum á ákvæðum um kosningar og kjördæmaskipan og þann óstöðugleika sem ríkt hefur á því sviði. Stjórnarskrárársaga Íslendinga ætti að færa heim sanninn um hversu vandasamar breytingar á stjórnlögum eru og hversu afdrifaríkar afleiðingar vanhugsáðar breytingar á stjórnarskrá geta haft. Sjá frekari athugasemdir mínar á vef Alþingis en einnig á www.stjornskipun.is.



## Valgerður Bjarnadóttir

formaður stjórnsýslu- og eftirlitsnefndar Alþingis

Stjórnlagaráðið hafði niðurstöður þjóðfundarins að leiðarljósi í vinnu sinni. Þjóðfundinn sátu 950 manns. Valið var til þjóðfundarins með slembiúr-taki. Fólk sem sat þjóðfundinn endurspeglar því þverskurð þjóðarinnar.

Í stjórnlagaráðinu sat fólk sem kom úr öllum áttum. Þetta fólk kom sér saman um tillögur að nýrri stjórnarskrá. Til að ná svo breiðu samkomulagi verða allir að láta af ýrtrustu kröfum sínum.

Ég er allsendis ósammála þeim sem segjast ekki geta svarað spurningunni játtandi vegna þess að þeir séu sammála sumum ákvæðum tillagna stjórnlagaráðsins en ósammála öðrum. Eina leiðin til að vera sammála öllu sem í tillögum af þessu tagi stendur er að skrifa tillögurnar við sitt eigið eld-húsbörð. Það er ekki í boði.

Ég hvet fólk til að bera tillögur stjórnlagaráðsins saman við núverandi stjórnarskrá. Spyrja sig síðan: „Hvor stjórnarskráin vil ég að sé grundvöllur löggjafar sem sett verður í landinu?“

Ég vel tillögur stjórnlagaráðsins m.a. vegna þess að í þeim er skýr aðgreining á milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds. Vegna þess að skýrt er kveðið á um að náttúruauðlindirnar séu í eigu þjóðarinnar. Vegna þess að ákvæði um mannréttindi eru efl. Vegna þess að þar segir að nýtingu náttúrugaða eigi að haga þannig að þau skerðist sem minnst til langframa. Vegna þess að þar eru ákvæði um upplýsingarétt og frelsi fjölmiðla. Vegna þess að kveðið er á um að atkvæði allra landsmanna skuli vega jafnt.

Það sem hér hefur verið talið upp nægir mér, þó fleira mætti nefna. Ákvæði af þessu tagi eru ekki í núgildandi stjórnarskrá, þess vegna mun ég segja já við spurningunni.



## Birgir Ármannsson

fulltrúi Sjálfstæðisflokks í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis

Ég styð endurskoðun núgildandi stjórnarskrár en er andvígur því að henni verði umbylt.

Ég hef itrekað lýst þeirri skoðun minni að tilefni sé til að endurskoða nokkra, afmarkaða þætti stjórnarskrárinnar. Þannig mætti t.d. endurbæta kaflann um forsetaembættið, skerpa á valdmörkum helstu handhafa ríkisvaldsins, auka vægi þjóðaratkvæðagreiðslna og koma inn ákvæði um takmarkað framsal ríkisvalds á afmörkuðum sviðum. Um allt þetta mætti ná ágætri sátt. Eins tel ég forsendur til að ná viðtæku samkomulagi um einhvers konar ákvæði um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda. Það krefst vinnu og ákveðinna málamiðlana, en er örugglega hægt. Það að endurskrifa hvert einasta ákvæði núgildandi stjórnarskrár og bæta 35 nýjum greinum við er hins vegar ekki bara óþarfi heldur getur líka reynst varasamt.

Fólk verður að hafa í huga að stjórnarskrá er ekki bara eins og einhver fallega orðuð stefnuýfirlýsing stjórnmálaflokks eða félagsamtaka. Stjórnarskrá hefur lagagildi. Hún er grundvöllur allrar annarrar lagasetningar í landinu og felur í sér réttindi og skyldur, sem íðulega reynir á fyrir dómi. Þetta þurfa menn að hafa í huga við hverja einustu stjórnarskrárbreytingu. Markmið breytinganna þurfa að vera skýr, textinn þannig að hann gefi ekki tilefni til túlkana út og suður og loks verða þeir sem að stjórnarskrárbreytingum standa að gera sér glögga grein fyrir því hver áhrif breytinganna geta orðið í raun og veru. Það vantar verulega mikið upp á að þessum skilyrðum sé fullnægt þegar litið er til tillagna stjórnlagaráðs. Hinar umfangsmiklu breytingar, sem í þeim felast, skapa verulega óvissu á mörgum sviðum, bæði varðandi stjórnskipun landsins og réttarstöðu einstaklinga. Þess vegna væri mikið óráð að leggja þær til grundvallar frumvarpi um stjórnarskrárbreytingar, eins og spurt er um á kjörseðlinum. Það væri óvissuferð að tilefnislausu.

## ■ BJÖRG THORARENSEN – LAGAPRÓFESSOR VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

## Hvað þýðir já?

Vandinn við fyrstu spurninguna er að kjósendinn veit ekki hvernig svar hans verður túlkað svari hann játandi. Umræðan um þetta er vægast sagt misvísandi. Helstu talsmenn tillagna stjórnlagaráðs staðhæfa að verði svarið „já“, án tillits til kosningabátt-töku, verði hendur Alþingis bundnar og tillögurnar verði efnislega óbreyttar að nýrri stjórnarskrá Íslands. Þingmenn og forystumenn stjórnarflokkanna þegja þunna hljóði um afstöðu sína til tillagnanna. Þær hafa legið óhreyfðar í þingnefnd á annað ár en fjölmargar efnislegar athugasemdir hafa komið

fram. Tillögur stjórnlagaráðs eru að mínu mati ágætur grundvöllur til að byggja á. Á þeim eru þó margir ágallar og yrði afturför í sumum atriðum yrðu þær samþykktar óbreyttar. Það á sér-staklega við um ýmis ný, breytt eða brottfellið ákvæði mannréttindakafllans þar sem markmið breytinga er oft óljóst og afleiðingar þeirra lítt ígrund-aðar. Núgildandi mannréttindaákvæði voru endurskoðuð frá grunni árið 1995, einkum með tilliti til alþjóðaskuld-bindinga um mannréttindi og festa er komin á túlkun þeirra og framkvæmd. Alþingi er bæði rétt og skylt að ræða



efnislega tillögur stjórnlagaráðs í með-ferð frumvarps um efnid og er ekki bundið af þeim. Það stóð alltaf til að tillögur ráðsins yrðu lagðar til grundvallar við endurskoðun stjórnarskrár á þeirri forsendu. Þjóðaratkvæðagreiðsla með niðurstöðunni „já“ við spurningunni breytir í engu tilliti þeirri stað-reynd. Verði svarið „nei“ má ætla að verkefnið komist í algert uppnám, þótt það sé aðeins hálfnað.

Þetta sýnir í hnotskurn að það er bæði ótímabært og ómarkvisst að leita álits þjóðarinnar á drögum að nýrri stjórnarskrá sem ekki eru fullnægjandi.

Við blasir að kjósendur svara þessari spurninguna á ólíkum forsendum eða veigra sér við að taka afstöðu. Ég óttast að á komandi vetri verði miklum tíma varið til þess að deila um hvernig eigi að túlka niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Enn einu sinni verður karpað á Alþingi um málsmeðferðina í þessu ferli sem er komið út í ógöngur að mínu mati. Þar fer í súginn dýr-mætur tími til að koma í höfn mörgum þörfum breytingum á stjórnarskránni, einnig þeim sem allir stjórnmála-flokkar og þjóðin geta auðveldlega náð sátt um.





NÝ OG GLÆSILEG  
HEILSUVERLSUN

OPNUM Í SMÁRALIND Í DAG

FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ!

KOMDU Í HEIMSÓKN

**HOLLAND & BARRETT**

*we're good for you*

[hollandandbarrett.is](http://hollandandbarrett.is)



# Enginn á að eiga heima á Kleppi

**Stærsti hluti sjúklinga á endurhæfingardeildum Klepps situr þar fastur vegna skorts á framhaldsúr-ræðum. Forsvarsmenn spítalans segja sveitarfélögin standa sig illa í málaflökkn-um. Ástandið sé dapurt. Ungir karlar standa hvað verst.**

Mikill meirihluti sjúklinga á endurhæfingardeildum Klepps er fastur á spítalanum vegna skorts á framhaldsúr-ræðum. Þetta eru einstaklingar sem hafa formlega lokið sinni meðferð og ættu að vera búnir undir að takast á við lífið utan veggja spítalans, en komast hvorki lönd né strönd.

## Sjúklingum hrakar

Úrræðaleysið veldur því oftar en ekki að fólkinu hrakar, það fyllist vonleysi og treystir sér ekki til að verða hluti af samfélaginu. Sumir útskrifast í algjörlega óviðunandi úrræði, sem gerir það að verkum að endurkomur á spítalanum eru tíðari en eðlilegt þykir. Um tuttugu einstaklingar eru á Kleppi sem hafa lokið sinni meðferð og ættu því ekki að vera vistaðir þar sem sjúklingar.

Halldór Kolbeinsson, yfirlæknir á Kleppi, segir mál-efnum geðfatlaðra illa sinnt af sveitarfélögum. Aðstæður hafi versnað síðan málaflökkin færdist frá ríkinu fyrir tveimur árum, en mikill munur sé á milli sveitarfélaga á því hvernig tekið er á málum.

## Purfa að skipta um lögheimili

„Núna gengur þetta afskaplega illa,“ segir hann. „Það þarf mun meiri skilning hjá sveitarfélögum á að þessum hópi verður að sinna.“ Halldór nefnir Kópavog, Hafnarfjörð og Árborg sem sérstaklega slæm dæmi, en mikið

er um að sjúklingar endi á að flytja lögheimili sín annað hvort til Reykjavíkur eða Reykjanesbæjar til að komast á biðlista eftir úrræðum. Það þýði að fólkið þurfi oft að flytjast burt frá sinni heimabyggð, vinum og fjölskyldu til að fá aðstoð. Ástandið sé hvað verst í Árborg.

„Það er bara mjög vont að eiga lögheimili á Selfossi og vera andlega veikur,“ segir hann. Biðlistarnir í Reykjavík hafa lengst mikið á síðustu árum og algengt að geðfatlaðir þurfi að bíða í nokkur ár.

Sylvía Ingibergsdóttir, deildarstjóri sérhæfðu endurhæfingardeildarinnar, segir ástandið orðið mjög alvarlegt. Afar illa sé staðið að málum hjá hópnemum sem sé hvað veikastur.

„Við vorum með sjúkling sem beiddi eftir úrræði í heilt ár án þess að nokkuð væri í sjónmáli. Hann endaði á að fara í algjörlega óviðunandi aðstæður og það var ekkert sem við gátum gert,“ segir hún. „Með því eru meiri líkur á að fólk veikist aftur því þetta eru oft einstaklingar með tvöfaldan vanda; fíknivanda og geðsjúkdóm. Og þetta eykur líkurnar á falli eftir langa endurhæfingu.“

## Eiga hvergi heima

Framhaldsúr-ræði vantar á öllum stigum, að sögn Halldórs og Sylvíu. „Okkur vantar bæði almennt húsnæði og búsetukjarna fyrir fólk sem þarf meiri þjónustu,“ segir hún. „Svo eru margir sem eiga ekkert heimili og geta því ekkert farið.“

Halldór bendir á að víðast hvar á Norðurlöndunum virki kerfið þannig að þegar einstaklingur ljúki meðferð taki sveitarfélagið við og eftir ákveðinn tíma fari gjaldtaka af stað, þar sem sveitarfélagið greiði fyrir dvöl einstaklingsins á stofnunum.

## Leigusalar skella á

Sjúklingar hafa sumir hverjir fengið heldur óblijðar viðtökur í húsnæðisleit sinni. Halldór nefnir að



DEILD 12 Mikill meirihluti sjúklinga á endurhæfingardeildinni hefur staðið í árangurslausri leit að framhaldsúr-ræðum eftir að meðferð þeirra lauk. Biðlistar eftir búsetuúr-ræðum fyrir geðfatlaða í Reykjavík eru orðnir margra ára langir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# 10 innliggjandi á sérhæfðu endurhæfingardeildinni á Kleppi.

Flestir sjúklingar sérhæfðu endurhæfingardeildinni á Kleppi eru á aldursbilinu

# 20 til 40

# 11 einstaklingsherbergi eru á sérhæfðu endurhæfingardeildinni. Allir sjúklingar eru í slíkum herbergjum.

Pað er bara mjög vont að eiga lögheimili á Selfossi og vera andlega veikur.

HALLDÓR KOLBEINSSON  
YFIRLÆKNIR Á KLEPPI

stundum sé jafnvel skellt á þegar viðkomandi segist búa á endurhæfingardeildinni á Kleppi, forðomarnir gagnvart geðsjúkum séu svo miklir. Hann bendir einnig á að sjúklingar missi örorkubætur sínar eftir ákveðinn legutíma og oftar en ekki fari nær allir dagpeningarnir í sigarettur, en reykingar meðal sjúklinga á Kleppi eru mjög algengar, svo ekkert sé eftir til að borga fyrir herbergi eða íbúð. Þá sé einfaldlega of mikil eftirspurn á almenna leigumarkaðnum. Stjórnvöld verði að bregðast við og forgangsraða betur, þar sem um sé að ræða hóp sem hefur ekki háværa rödd og ekki mikið af sterkum einstaklingum sem tala sínu máli.

„Þetta er mjög dapurt því allar dyr eru lokaðar,“ segir Sylvía. „Og við erum gegnumgangandi með um áttatíu prósent sjúklinga í þessari stöðu. Þetta hefur einnig áhrif á vinnuna hér, því ég hef séð fólk ná sér vel á strik en svo gerist ekkert mánuðum saman svo meðferðin snýst upp í andhverfu sína og fólk missir vonina. Það á enginn að eiga heima á Kleppi.“

## Gífurlega þungur rekstur

Halldór og Sylvía benda bæði á að fyrir utan þau lífsgæði sem sjúklingarnir missi af með því að vera strandglópar á Kleppi, sé umframdvöl afar kostnaðarsöm fyrir Landspítalan. Oft sé um að ræða fólk sem hafi verið í endurhæfingu í meira en ár, en rekstur sérhæfðu endurhæfingardeildarinnar kostar um 170 milljónir króna á ári.

„Þetta er margfalt það sem kostar að hafa viðkomandi úti í samfélaginu, sérstaklega ef hann gæti farið að vinna,“ segir Halldór. „Þetta er gífurlega þungur, dýr og óarðbær rekstur hérna á spítalanum.“

Biðlisti á Klepp er sem stendur ekki mjög langur, en endurnýjun og nýliðun gengur þó afar hægt. Sem stendur eru á bilinu tveir til fimm á biðlista eftir endurhæfingu.

## Ungir karlar standa verst

Geðklofi og alvarleg geðhvörf eru algengustu sjúkdómarnir á Kleppi. Þetta eru alvarlegustu geðrofssjúkdómarnir sem valda mikilli færnisskerðingu og byrja snemma, einkum hjá ungum karlmonnum, sem hafa oftast hvorki skóla- né atvinnu-sögu þegar þeir veikjast.

„Þetta er hópurinn sem verst er settur. Það gengur aðeins betur með konurnar því þær veikjast seinna og eru sumar búnar að klára nám, eru jafnvel í vinnu og hafa því meiri færni. Því eru það ungir karlar sem lenda verst í hremmingum sjúkdómanna,“ segir Halldór. „Niðurstæðan er einfaldlega sú að sveitarfélögin standa mjög illa að málum geðfatlaðra og félagsleg úrræði eru af afskaplega skornum skammti.“

Sunna  
Valgerðardóttir  
sunna@frettabladid.is



## Kleppur í 100 ár

### Helgi Tómasson lét brenna allar spennitreyjur – 1934

Frá árinu 1932 voru tveir spítalar á Kleppi og þeim haldið algjörlega aðskildum. Gjörólíkar lækningaaðferðir voru notaðar á spítölunum tveimur, en Helgi Tómasson geðlæknir tók að lokum við rekstri þeirra beggia. Á Gamla-Kleppi voru meðal annars stundaðar vatnslækningar lengi vel, þar sem sjúklingar voru baðaðir til skiptis í heitu og köldu vatni. Helgi Tómasson tók að lokum alfarið fyrir slíkar aðferðir og einbeitti sér að lyfjagjöf, en hann er sagður upphafsmaður nútímageðlækninga á Íslandi.

„Helgi Tómasson lét brenna allar spennitreyjur, ólar og belti sem notuð höfðu verið á sjúklingana. Þetta heyrði til algjörra undantekninga í geðlækningum samtímans enda voru sjúklingar víðast hvar bundnir niður í öllum nágrannalöndunum. Þetta vakti mikla athygli á þeirri meðferð sem rekin var á Kleppi.“

Úr bók Óttars Guðmundssonar, *Kleppur í 100 ár*

### Meðferð í dag

Sjúklingar koma á Klepp annaðhvort frá Hringbraut eða frá kjörnum og sambýlum til meðferðar og lyfjagjafar. Stíf endurhæfingaráætlun er fyllt út dag hvern og farið er yfir atburði dagsins með sjúklingunum á kvöldin. Fastir liðir eins og gönguferðir, líkamsrækt, jóga og iðjuþjálfun er sett í stundatöflu sjúklinga, en þeir fá einnig töluvert að segja um meðferð sína sjálfir. Mikil áhersla er lögð á félagslega endurhæfingu til að hjálpa fólki að ná tökum á sínum sjúkdómi til að komast aftur út í samfélagið.

## Á MÁNUDAGINN:

Ósakhæfir afbrotamenn

## Smálán sliga sjúklinga við innkomu

Smálán eru nýtt og aðkallandi vandamál meðal sjúklinga á Kleppi. Halldór og Sylvía sammælast um að það færast í vöxt að fólk komi inn með miklar skuldir og hafi fest í vitahring smálánanna. „Þeir kunna á tölvu, slá inn kennitölu og svo byrjar vitahringurinn,“ segir Halldór. „Þeir skulda margir háar fjárhæðir þegar þeir koma hingað inn.“

Sjúklingar missa örorkubæturnar sínar eftir að hafa legið inni á geðdeild í sex mánuði á ári. Þá fara þeir á dagpeningum sem eru um 40 þúsund krónur á mánuði. Margir hverjir reykja pakka af sigarettum á dag, sem skilur þá eftir um tíu þúsund krónur til að lifa, svo engir möguleikar eru á að safna sér peningum fyrir útborgun í íbúð eða borga leigu.



SEGJA ÁSTANDIÐ ALVARLEGT Sylvía Ingibergsdóttir og Halldór Kolbeinsson segja andlega veika einstaklinga verða útundan í kerfinu hjá mörgum sveitarfélögum.



# Nýir Dodge Durango og Jeep Grand Cherokee

Glæsilegir, gjörbreyttir og á frábæru verði



## Nýr Grand Cherokee 4x4

Nýr sparneytin og aflmikil V6, 290 hö vél með eldsneytisnotkun aðeins 10,2 L/100km  
Fjarstart, lykllaust aðgengi og ræsing.  
Premium leðuráklæði.  
Panorama glerþak með lúgu.  
Rafdrifin sæti með hita og hiti í útispeglum.  
Digital miðstöð með loftkælingu.  
Alpine hljómkerfi, 506w, 9 hátalarar + bassabox. Útvarp með DVD, CD og hörðum diskum til að vista tónlistina á beint af CD disk eða USB minnislykli, bluetooth fyrir símann en einnig hægt að spila tónlist þráðlaust beint úr símanum, leðurklætt aðgerðastýri, Bakkmyndavél og fjarlægðaskynjarar að aftan.  
Quadra Trac II, mjög fullkomið fjórhjóladrif með stillingum fyrir ýmsar aðstæður, t.d. snjó, sand ofl og einnig lágt drif.  
Hleðslujafnari.  
18" álfelgur og heilsársdekk.  
Hraðastillir.  
Fullkomin aksturstölva.  
Loftþrýstiskynjarar í dekkjum.  
Innbyggt hleðsluvasaljós.  
Dráttarbeisli

**Verð aðeins 9.990 þús.kr**

## Nýr Dodge Durango 4x4

Nýr sparneytin og aflmikil V6, 290 hö vél með eldsneytisnotkun aðeins 10,2 L/100km  
Fjarstart, lykllaust aðgengi og ræsing.  
Fjórhjóladrif með millikassa.  
Leðuráklæði.  
Glersóllúga.  
Rafdrifinn afturhlari.  
Rafdrifin sæti með minni sem er einnig í útispeglum. Hiti í sætum, frammí og í aftursætum og hiti í útispeglum.  
Digital miðstöð með loftkælingu og auka miðstöð afturí.  
Alpine hljómkerfi, 506w, 9 hátalarar. Útvarp með DVD, CD og hörðum diskum til að vista tónlistina á beint af CD disk eða USB minnislykli, bluetooth fyrir símann en einnig hægt að spila tónlist þráðlaust beint úr símanum, leðurklætt aðgerðastýri og flottur DVD skjár afturí með fjarstýringu og þráðlausum heyrnatólum, Bakkmyndavél og fjarlægðaskynjarar að aftan.  
Hleðslujafnari.  
18" álfelgur og heilsársdekk.  
Hraðastillir.  
Fullkomin aksturstölva.  
Loftþrýstiskynjarar í dekkjum.  
Innbyggt hleðsluvasaljós.  
Rafmagns niðurfelling á hauspúðum í 3 sætaröð.  
Dráttarbeisli

**Verð aðeins 8.290 þús.kr**

Eigum Dodge Durango og Grand Cherokee á leiðinni í fleiri útfærslum komdu og kynntu þér málið.

Viðmiðun tegund / Stærðir	Lengd	Breidd	Hæð	Hjólhaf	Hæð frá jörðu
Dodge Durango	5.075	1.925	1.801	3.043	2.057
Jeep Grand Cherokee	4.820	1.943	1.730	2.916	2.184
Toyota Landcruiser 150	4.760	1.885	1.845	2.790	2.050
Toyota Landcruiser 200	4.950	1.970	1.865	2.850	2.260

**ÍS BAND.IS**  
ÍSLENSK BANDARÍSKA EHF. **BÍLAINNFLUTNINGUR**

pverholti 6 • 270 Mosfellsbæ • Sími 534 4433 • isband@isband.is



# Sóley Katla er alltaf með okkur

Pau **Dóra Hrund Bragadóttir** og **Kristinn Ingvar Pálsson** eiga þrjú börn, Svanhildi Lóu, Sóleyju Kötlu og Steinar Braga. Sóley Katla lést í móðurkviði, var andvana fædd eftir 40 vikna meðgöngu. **Sigríður Björg Tómasdóttir** hitti Dóru og Kristin og ræddi við þau um hvernig þau tókust á við áfallið og hvernig þau fundu styrk og gleði til að horfa fram veginn.

**H**inn 3. mars árið 2009 var settur fæðingardagur stúlku-barns Dóru Hrundar Bragadóttur og Kristins Ingvars Pálssonar. Dóra fann fyrir verkjum að morgni þess þriðja, sem kom henni nokkuð á óvart. Tveimur árum fyrr hafði þeim fæðst dóttir, Svanhildur Lóa, og gekk Halldóra fram yfir settan fæðingardag með hana. „Ég fékk verki strax um morguninn sem ég bjóst ekki við. Ég hringdi ekki strax upp á spítala, var að stússast með móður minni og færði vinnufélögunum köku. Svo fer ég að finna rosalega verki um hádegis. Þá hringi ég upp á fæðingardeild og ljósmóðirin spyr hvort ég finni ekki hreyfingar. Þá kveiki ég á þeirri peru að ég fann þær ekki, en ég hafði ekki hugsað sérlega mikið út í það, enda veit maður hvað börnin hafa lítið pláss á síðustu vikum meðgöngunnar.“

## Enginn hjartsláttur

Ljósmóðirin sem Halldóra ræddi við ráðlagði henni að borða og drekka kalt vatn til að finna hreyfingar. Þegar það gerðist ekki hringdi hún í Kristin og ákváðu þau að drífa sig upp á fæðingardeild Landspítalans. „Þegar þangað var komið var ég sett í múnitor eins og venja er til að kanna hjartslátt barnsins. Ljósmóðirin sem það gerði heyrði ekki hjartslátt og kallaði til sérfræðing. Ebba Margrét Magnúsdóttir fæðingarlæknir var á vaktinni og hún kom og hitti okkur. Og það var hún sem staðfesti að það væri enginn hjartsláttur, barnið væri dáíð í móðurkviði.“

Fyrstu viðbrögð Dóru voru ákall um hjálp til að bjarga barninu. „Ég spurði oft af hverju ég væri ekki bara drifin í keisara, það þyrfti að bjarga barninu. En það er aldrei gert, hún var dáið og ekkert hægt að gera til að bjarga henni. Og ekki vitað hvenær nákvæmlega hún lést.“

Vegna þess að fæðingin var í raun komin af stað hjá Dóru þyrfti ekki að setja hana af stað eins og getur verið raunin. Nokkrum klukkustundum eftir að hún kom upp á spítala kom Sóley Katla í heiminn. „Ég var þá auðvitað búin að hringja í mömmu. Hún setti allt netið í gang og nánasta fjölskylda var mætt upp á spítala þegar Sóley Katla kom í heiminn. Sem var mjög mikilvægt. Það voru ekki bara við sem fengum að halda á henni og kveðja hana heldur fjölskyldan líka.“

## Ómetanlegar myndir

Kristinn segir ómetanlegt að hafa hitt Braga Skúlason sjúkrahúsprest sem var á vaktinni þennan dag. „Hann hvatti mig til að halda á Sóleyju Kötlu, ég ætlaði ekki að hafa mig í það fyrst. En það er alveg ómetanlegt að hafa gert það, ég hefði séð eftir því alla ævi hefði ég sleppt því.“ Dóra bætir við að allir á spítalanum hafi reynt þeim einstaklega vel. „Það var frábært fólk á vakt. Við vorum til dæmis spurð hvort við vildum að ljósmyndari myndaði Sóleyju Kötlu sem við þáðum og því eigum við fallegar svarthvítar myndir af henni. Og í allri sorginni áttum við samt yndislega stund með fjölskyldunni.“

Dóra og Kristinn gistu á spítalanum um nóttina að lokinni fæðingunni. Þau voru í herbergi sem er á sömu hæð og fæðingargangurinn, þó ekki inni á honum. „Starfsfólkið sinnti okkur mjög vel en auðvitað var aðstaðan ekki eins og best var á kosið. Maður er svo nálægt allri hamingjunni, við heyrðum barnsgrát á sama tíma og við vorum að syrgja.“

Daginn eftir fengu þau Sóleyju Kötlu aftur og klæddu hana í ný fót. Barnalæknir kom og skoðaði hana og Dóra rifjar upp hvernig örökréttar hugsanir tóku að sækja á hana.



**FIJLSKYLDAN** Svanhildur Lóa situr í fangi móður sinnar, Dóru Hrundar Bragadóttur og Steinar Bragi í fangi pabba síns, Kristins Ingvars Pálssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég man ég vonaði að hann fyndi hjartslátt, sem er auðvitað út í hött.“

## Erfiðast að ganga frá bílstólnum

Síðar þennan dag fóru þau heim, þar sem barnafötin sem áttu að vera á Sóleyju Kötlu og vaggan biðu þeirra. „Það var eitt það erfiðasta í þessu að ganga frá bílstólnum þegar við komum heim. Hann átti að koma heim með barni í, en var tómur og fór aftur inn í geymslu,“ segir Kristinn. Vaggan og litlu fötin fengu hins vegar að standa frammi um

minningarathöfninni. „Í fyrstu fannst mér út í hött að það yrðu teknar myndir þar, ég hugsaði með mér að ég myndi aldrei vilja skoða myndir frá þessum hræðilega degi. En ég er ótrúlega þakklátur fyrir það í dag,“ segir Kristinn.

## Gott að eiga Svanhildi Lóu

Þegar Sóley Katla kom í heiminn var Svanhildur Lóa, elsta barn Dóru og Kristins, rétt rúmlega tveggja ára gömul. Þau segja hana hafa bjargað þeim frá svartnætti þunglynd-

Lóu. Og að ég hefði átt að bregðast við því þegar ég fór í skoðun 2. mars og ljósmóðirin átti í erfiðleikum með að finna hjartslátt barnsins.“

Dóra og Kristinn nutu bæði skilnings hjá vinnuveitendum og fengu svigrúm til að syrgja. Bæði leituðu sér líka aðstoðar og stuðnings í sorgarferlinu. Og þeim til mikillar gleði varð Dóra aftur ólétt sex mánuðum síðar. „Það var skilgreind áhættumeðganga frá upphafi og fylgst afar vel með. Og svo var ég gangst eftir 37 vikur og þá kom Steinar Bragi í heiminn, tveimur árum eftir að Sóley Katla lést. Það var mikil gleði þó að hún væri blandin samviskubiti til að byrja með, okkur fannst við ekki eiga að gleðjast.“

## Ekkert feimnismál

Aldrei fengust neinar haldbærar skýringar á því hvers vegna Sóley Katla lést í móðurkviði en krufning leiddi í ljós að hún hætti af einhverri ástæðu að vaxa eftir 32 vikur. Nú þegar þrjú og hálf ár er liðið frá því að þau misstu Sóleyju Kötlu hafa Kristinn og Dóra lært að lifa með sorginni og gleðinni. „Við hugsum oft til hennar, hvað hún væri að gera og upplifa væri hún á lífi. En við gleðjumst líka með börnunum okkar sem eru á lífi. Og svo erum við farin að geta gleymt okkur, fórum á ball um daginn og það var brjáláð stuð. En hún er alltaf með okkur. Það eru myndir af henni inni í stofu og svo erum við bæði með minjagrip um hana hjá okkur öllum stundum,“ segir Dóra og sýnir mér hálsmen með nafni Sóleyjar og Kristinn sýnir mér kross á handleggnum sem hann lét tattúvera á sig í minningu Sóleyjar. „Hún er ekki feimnismál hjá okkur heldur hluti af fjölskyldunni, við eigum ekki tvö börn heldur þrjú.“



Ég spurði oft af hverju ég væri ekki bara drifin í keisara, það þyrfti að bjarga barninu.

sinn. „Við fengum þau ráð að vera ekki að flýta okkur að ganga frá hlutunum sem biðu hennar. Og það var skynsamlegt. Það varð líka raunin að myndaalþing og minningarbox sem við eigum með munum Sóleyjar stóðu lengi frammi í stofu hjá okkur.“

Fyrstu vikurnar eftir fæðinguna fóru í að undirbúa minningarathöfn Sóleyjar Kötlu. „Fyrst ætluðum við að hafa fámenna minningarathöfn en hún vatt upp á sig. Það voru svo margir sem vildu koma og úr varð stærri athöfn í Fossvogskirkju. Við erum mjög fegin því að hafa haldið á hana og hún segir að hún hafi oft ásað sjálfa sig fyrir að hafa ekki getað komið í veg fyrir andlát Sóleyjar Kötlu. „Ég hugsaði til dæmis oft um að ég hefði átt að vera stressaðri út af því að meðgangan var allt öðruvísi en þegar ég gekk með Svanhildi

is. „Börn eru svo frábær og þegar þau eru að leika sér og fíflast þá er ekki annað hægt en að brosa. Við vitum ekki hvernig við hefðum farið að ef hennar hefði ekki notið við.“ Fyrstu mánuðirnir eftir andlát Sóleyjar Kötlu voru samt afar erfiðir. „Ég sat í sófanum og horfði á sjónvarpið,“ segir Dóra, sem gefur aðstandendum þeirra sem sitja heima í sorg það eina ráð að hætta ekki að hringja. „Ég nennti oft ekki að svara í símann en sem betur fer stóðu vinir og ættingjar þétt að baki okkar og gáfust ekki upp á okkur,“ segir Dóra. Ýmsar hugsanir leituðu á hana og hún segir að hún hafi oft ásað sjálfa sig fyrir að hafa ekki getað komið í veg fyrir andlát Sóleyjar Kötlu. „Ég hugsaði til dæmis oft um að ég hefði átt að vera stressaðri út af því að meðgangan var allt öðruvísi en þegar ég gekk með Svanhildi

## MIKILVÆGAR MINNINGAR INNAN SEILINGAR

### Skoða oft myndir og muni

Dóra og Kristinn hafa safnað í fallett box ýmsum munum sem tengjast Sóleyju Kötlu, samfellum, litlum skóm, bol sem Dóra var mikið í á meðgöngunni og myndum sem teknar voru af Sóleyju nýfæddri.

Þau eiga líka fjölmargar myndir af henni og þær segja þau vera alveg ómetanlegar. Einnig eiga þau myndir úr minningarathöfninni um Sóleyju Kötlu sem þau kunna mjög vel að meta en í fyrstu fannst þeim fráleit hugmynd að mynda þar.



### Minningarathöfn í Hallgrímskirkju

„Á meðan sumir hafa mikla þörf fyrir að tala um missi sinn, líðan og tilfinningar, jafnvel aftur og aftur, bera aðrir harm sinn að mestu leyti í hljóði. Sumir hafa þörf fyrir að taka upp þráðinn í daglegu lífi, vinnu, námi eða öðru, eins fljótt og hægt er, á meðan aðrir þurfa lengri tíma,“ segir í nýjum bæklingi fyrir aðstandendur þeirra sem misst hafa á meðgöngu en auk hans er væntanlegur bæklingur með ráðum til foreldra sem missa á meðgöngu.

Þar segir meðal annars: „Ekki vera með samviskubiti ef þú upplifir gleðistundir mitt í sorginni. Það er ekki visbending um að þú hafir gleymt eða að þú syrgir ekki á viðeigandi hátt. Þú getur fundið fyrir miklum dag-sveiflum. Því lengra sem líður frá missinum mun þeim dögum fækka sem einkennast af sorg og depurð. Mundu að það er í lagi að gleðjast og njóta aftur.“

Á mánudag verður minningarathöfn um missi á meðgöngu og barnsmissi í Hallgrímskirkju. Minningarathöfnin hefst klukkan átta.



# Kanilsnúðadagar

## Kanilsnúðar sem bráðna í munni og gera líka samviskunni gott!

Það eru kanilsnúðadagar í IKEA um helgina. Í dag og á morgun frá 13 til 17 keppa fjögur lið bakara í kanilsnúðabakstri. Þér er boðið upp á ylvolga kanilsnúða, og ef þú vilt styrkja gott málefni getur þú gefið frjálst framlag í bauk bakaranna sem að þínu mati gera besta snúðinn. Það lið sem safnar hæstu upphæðinni vinnur kanilsnúðakeppnina. Heildarsöfnunarupphæðin rennur svo óskipt til Árvekni – verkefnis um slysavarnir barna, og IKEA gefur á mótí annað eins.

**Hver króna sem þú gefur tvöfaldast því á leiðinni til Árvekni!**



Þessi lið keppa í kanilsnúðabakstrinum

- Mosfellsbakarí
- Hótel & matvælasúkkólinn í Menntaskólanum í Kópavogi (Hérastubbur bakarí og Björnsbakarí)
- Hótel & matvælasúkkólinn í Menntaskólanum í Kópavogi (Kökuhornið og Fjarðarbakarí)
- Veitingastaður IKEA

Lestu meira um Kanilsnúðadagana og öryggi barna á [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is)

Verzlun opin **11-20** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-19:30 - [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is)






# KR NAN

## Tilboð gilda aðeins í Lindum

# LINDAR DAGAR



Föstudag - sunnudags

**DÚNDUR-VERÐ**

**45% afsláttur**

**799** kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg

Grísagúllas og snitsel

**30% afsláttur**

**499** kr. pk.

Verð áður ~~698~~ kr. stk.

Grillborgarar með brauði, 4 stk. í pk.

**45% afsláttur**

**149** kr. kg

Verð áður ~~265~~ kr. kg

Appelsínur

**40% afsláttur**

**137** kr. kg

Verð áður ~~228~~ kr. kg

Íslenskt hvítkál

T O K Y O sushi



## Í fyrsta sinn á Íslandi: Ferskt sushi búið til á staðnum í matvöruverslun!

# KR NAN LINDUM

OPIÐ 10-20 ALLA DAGA!



# 99 kr.



# MARKAÐUR

## - úrval af mat, heimilis- og smávörum!



99 kr.

Verð áður 119 kr. stk.  
Campagna heilir tómatar, 400 g



99 kr.

Verð áður 177 kr. stk.  
Hleðsla m/súkkulaði



99 kr.

Verð áður 265 kr. pk.  
Göteborg's Ballerina m/vanilla



99 kr.

Verð áður 129 kr. pk.  
First price súðupokar, 4x125 g



99 kr.

Verð áður 379 kr. pk.  
Allra kaffi, baunir eða malað



99 kr.

Verð áður 199 kr. stk.  
Colgate tannbursti



99 kr.

Verð áður 799 kr. stk.  
Dentyl munnskol, 500 ml



99 kr.

Verð áður 399 kr. stk.  
Palmolive sturtusápa, 200 ml



2 fyrir 99 kr.

Hárskraut

## - og margt fleira á 99 kr. markaðnum!

## AÐEINS Í LINDUM

- meðan birgðir endast!

# KRÖNAN LINDUM

OPIÐ 10-20 ALLA DAGA!





MYND/REYKJAVÍKURBORG

# Bríet og Skúli fógeti deila götu

Fjórar götur í Túnahverfi í Reykjavík munu í framtíðinni bera nöfn þeirra kvenna sem fyrstar voru kosnar í borgarstjórn Reykjavíkur. Tilefnið er að borgaryfirvöld vilja gera konunum hærra undir höfði en hingað til, auk þess að rétta hlut kvenna almennt í íslenskri sögu. Svavar Hávarðsson kynnti sér merkilegan kafla í sögu Reykjavíkur og sögu mannréttindabaráttu á Íslandi.

**N**ú hafa fjórar götur í hinu gróna Túnahverfi í Reykjavík verið nefndar upp á nýtt. Ekki fallast allir á rökin að baki þessari ákvörðun borgaryfirvalda; margir segja að margt annað ætti að vera framfarir í forgangs röðinni og að skattfénu væri betur varið í önnur verkefni.

Hvað sem því líður standa að baki nafnabreytingunni fjórar konur sem án nokkurs vafa brutu blað í íslenskri sögu og full ástæða er til að minnast með veglegum hætti.

## 1908

Kosningar til bæjarstjórnar í Reykjavík árið 1908 voru um margt sérstakar. Þá buðu konur sig fram til embættis í sveitarstjórnarkosningum í fyrsta skipti, sem er merkilegt eitt og sér. En í kosningunum til bæjarstjórnar Reykjavíkur buðu líka fram átján listar, sem á sér vart hlíðstæðu. Þetta stóra skref var auðvitað möguleiki vegna þróunar árána á undan en það var ekki fyrr en árið 1907 sem kosningaréttur kvenna var ekki háður miklum takmörkunum, og kjörgengi þeirra varð staðreynd.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir átti hugmyndina að því að kvenfélögin í Reykjavík bæru fram sérstakan kvennalista árið 1908. Bríet hafði kosningarétt vegna stöðu sinnar og var á meðal þeirra þrettán kvenna, já, þrettán, sem kusu í kosningunum í Reykjavík árið 1903. Kvenfélögin sem stóðu að baki listanum voru fimm að tölu. Efst á listanum var Katrín Magnússon, formaður Hins íslenska kvenfélags, í öðru sæti var Þórunn Jónassen, formaður Thorvaldsensfélagsins, í því þriðja Bríet Bjarnhéðinsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands, og í því fjórða Guðrún Björnsdóttir, sem var félagi í Kvenréttindafélagi Íslands.

## Kosningaráróður

Á vef Kvinnasögusafnsins greinir að konurnar unnu geysivel fyrir kosningarnar. Þær efndu til fyrirlestara um lagalega stöðu kvenna, um nýju kosningalögin og um bæjar- og sveitarstjórnarmál. Þær skiptu bænum í níu hverfi og kusu nefndir sem höfðu það hlutverk að heimsækja hverja einustu konu með kosningarétt og hvetja hana til að kjósa. Þær opnuðu kosningaskrifstofu og gáfu út kosningastefnuskrá. „Í stuttu máli má segja að þær hafi verið upphafsmenn að skipulögðum kosningaráróðri í Reykjavík,“ segir í texta sögusafnsins.

Á kjörskrá árið 1908 voru 2.838 en bæjarbúar voru alls 11.016. Konur á kjörskrá voru 1.209 og karlar 1.629. Atvæðisréttar síns neyttu 593 konur (49%) og 1.027 karlar (63%) eða 57% kjósenda sem var meira en nokkru sinni. Til að gera langa sögu stutta fékk listi kvenfélaganna yfirburðakosningu eða langflest atkvæðin, 345 að tölu og voru það 21,8% greiddra atkvæða og komu öllum sínum fulltrúum að borði bæjarstjórnar.

## Hvað breyttist?

Auðvitað breyttust stjórnarhættir í Reykjavík með setu fjögurra kvenna í fimmtán manna stjórn. Þegar nefndir voru skipaðar sást



**Bríet Bjarnhéðinsdóttir**  
(1856-1940)

**Foreldrar:** Bjarnhéðinn Sæmundsson, bóndi - Kolfinna Snæbjarnardóttir.

Bríet fæddist að Haukagili í Vatnsdal árið 1856. Þegar hún var rúmlega tvítug lést faðir hennar og gerðist Bríet þá vinnukona í Eyjafirði. Hún gekk í Kvinnaskólann að Laugalandi í Eyjafirði veturinn 1880-81 en hann var stofnaður árið 1877. Þá var stúlkum meinað að ganga í framhaldsskólana, Latínuskólann í Reykjavík, læknauskólann og prestaskólann og gagnfræðaskólann á Möðruvöllum.

Bríet stundaði kennslu barna í Reykjavík og í Þingeyjarsýslu. Hún giftist Valdimar Ásmundssyni, ritstjóra Fjallkonunnar, árið 1888 og bjó eftir það í Reykjavík. Þau eignuðust tvö börn, Laufeyju árið 1890 og Héðin árið 1892.

- Bríet var stofnandi og ritstjóri Kvinnablaðsins 1895-1919 og Barnablaðsins 1898-1903.
- Félagi í Hinu íslenska kvenfélagi.
- Gekkt fyrir stofnun Kvenréttindafélags Íslands árið 1907 og var formaður þess árum saman.
- Í bæjarstjórn Reykjavíkur 1908-1910 og 1914-1920.



**Þórunn Jónassen**  
(1850-1922)

**Foreldrar:** Pétur Hafstein, sýslumaður og amtmaður - Guðrún Hannesdóttir Stephensen

Þórunn missti móður sína er hún var aðeins tíu mánaða gömul og ólst upp til fermingar ymist hjá nákomnum ættingjum eða föður sínum. Skömmu eftir fermingu fór Þórunn til námsdvalar í Kaupmannahöfn og gekk m.a. á skóla fröken Nathalie Zahle, en hann var í miklu áliti í Danmörku og fröken Zahle mikil kvenréttindakona sem vann að því að tengja saman menntun kvenna og réttindabaráttu þeirra.

Frá Kaupmannahöfn kom Þórunn til Reykjavíkur og þar giftist hún Jónasi Jónassen landlækni árið 1871. Þau eignuðust eina dóttur árið 1873, Soffiu.

Þórunn var kjörin fyrsti formaður Thorvaldsensfélagsins sem stofnað var árið 1875. Hún var formaður félagsins til æviloka, eða í 47 ár.

- Ritari í Landspítalaskrifstofunefnd, en með byggingu spítalans vildu íslenskar konur minnast þeirra tímamóta er þær öðluðust kosningarétt og kjörgengi til Alþingis 19. júní 1915.
- Í bæjarstjórn 1908-1910.



**Katrín Magnússon**  
(1858-1932)

**Foreldrar:** Skúli Þorvaldsson Sívertsson, bóndi í Hraппsey - Hlíf Jónsdóttir

Katrín ólst upp í Hraппsey og kom fyrst til Reykjavíkur 14 ára gömul og þá í kynnisför til Katrínar Sívertsen föðursystur sinnar. Þar kynntist hún eiginmanni sínum Guðmundi Magnússyni, lækni og próffessor. Þau eignuðust eina dóttur 1892 en hún lifði aðeins fáeinna daga. Eina föstur dóttur ólu þau upp.

Guðmundur var fyrsti læknir hér á landi sem gerði holskurði og aðstoðaði Katrín hann frá fyrstu tíð við skurðaðgerðir. Hugur Katrínar hneigðist alla tíð til lækninga, en foreldrar hennar lögðust gegn því að hún yrði ljósmóðir.

- Katrín starfaði innan Hins íslenska kvenfélags og gegndi þar formennsku frá 1903 til 1924.
- Átti þátt í stofnun Bandalags kvenna árið 1917 og var í fyrstu stjórn félagsins.
- Sat lengi í stjórn Thorvaldsensfélagsins og var kjörin heiðursfélagi 1929.
- Áberandi í söfnun íslenskra kvenna til byggingar Landspítalans.
- Átti sæti um árabil í skólanefnd Kvinnaskólans í Reykjavík.
- Í bæjarstjórn Reykjavíkur 1908-1916.



**Guðrún Björnsdóttir**  
(1853-1936)

**Foreldrar:** Björn Skúlaon, umboðsmaður og bóndi - Bergljót Sigurðardóttir.

Guðrún fæddist að Eyjólfsstöðum á Völlum árið 1853 og ólst þar upp til tíu ára aldurs er faðir hennar féll frá. Fór hún þá til Eskifjarðar í fóstur og nokkrum árum síðar til móðurbróður síns á Langanesi.

Þaðan sigldi hún til Kaupmannahafnar og var þar um skeið en kom síðan til baka til frændfólks síns á Langanesi. Hún gekk að eiga séra Lárus Jóhannesson árið 1884 og bjuggu þau að Sauðanesi á Langanesi. Þau eignuðust fjórar dætur, Margréti Ragnheiði Friðriku 1885, Bergljótu 1886, Guðrúnu Ingibjörgu 1887, og Láru Ingibjörgu 1888.

Guðrún varð ekkja eftir aðeins fjögurra ára hjónaband og flutti með dætrum sínum til Reykjavíkur árið 1900. Hóf hún þar mjólkursölu og skrifaði um nauðsyn þess að koma betra skipulagi á hana til tryggingar hreinlæti og heilbrigði bæjarbúa.

- Guðrún var einn stofnenda Kvenréttindafélags Íslands.
- Í bæjarstjórn Reykjavíkur 1908-1914.

HEIMILD: KVENNASOGUSAFNSI

hins vegar vel hverjar áherslurnar voru. Karlar einokuðu þær nefndir sem komu að framkvæmdum og slíku, en Bríet sat þar ein kvenna og studdi Knud Ziemsen, síðar borgarstjóra, í því umbótaverkefni að keyptur yrði veltari, en það var verkefni veganeftar. Valtarinn kom til landsins árið 1912 og var

brátt nefndur Bríet Knútsdóttir í höfuðið á þeim sem unnu mest að málinu.

Það voru hins vegar „mjúku málin“ sem áttu hug þeirra alla í fyrstu. Meðal baráttumála voru sundkennsla fyrir bæði kynin og leikvellir fyrir börn. Bríet beitti sér fyrir því að börn fengju mat í skól-

anum, en vegna mikillar fátæktar á þessum árum voru mörg börn illa vannærd. Matargjafir komust á og var þeim haldið áfram af og til fram á fjórða áratuginn.

Kannski eru þessi orð Bríetar frá því um sumarið 1908 leiðarvisir að því fyrir hvað var verið að berjast en hún segir í pistli í Kvinnablaðinu 31. ágúst: „...hefir flestum konum verið kent það all tilfinnanlega, að við erum settar á bekk með ómyndugum, glæpamönnum og vitfirringum þegar um dýrustu réttindi þjóðarinnar er að tefla. Vér viljum starfa að því, að slíkt ástand haldist ekki lengi, og að vér fáum fullan rétt til að vera með, þegar um velferð lands og lýðs er að ræða. Það eru einnig börn vor og föðurland vort, sem verið er að vinna fyrir.“

## Réttar götur

Tillaga að breytingunum var samþykkt á fundi borgarráðs í október 2010. En af hverju Túnahverfið?

Í bréfi byggingarfulltrúa til skipulagsráðs árið 2009 segir að nafnanefnd telji það ekki við hæfi að velja nöfnunum stað á götur í nýbyggingahverfum borgarinnar heldur verði valið að finna nöfnunum stað innan eldri hluta Reykjavíkur; sú aðferð sé gamalreind bæði erlendis og hér heima. Taldi nefndin að heppilegt svæði fyrir

slíka breytingu sé vesturhluti Túnahverfis, „...en á þessu svæði eru staðsettar skrifstofur flestra sviða Reykjavíkurborgar, þar er og mótökuhúsið Höfði, stolt Reykjavíkur, jafnaldra setu kvenna í borgarstjórn,“ eins og segir í bréfinu. Til þess var tekið að þar var í rúm 40 ár fundarsalur borgarstjórnar ásamt tækniskrifstofum borgarinnar í Skúlatúni. „Þá liggur svæðið í útjaðri byggðar í Reykjavík árið 1908. Starfsemi Reykjavíkurborgar á svæðinu í a.m.k. 60 ár, ásamt Höfða, skapa vali þessu sögulegan bakgrunn til þess að götur á svæðinu geti borið nöfn fyrstu kvenna í borgarstjórn.“

Nafnanefnd gerði það einnig að tillögu sinni að samhliða hefðbundnum götunafnaskiltum yrði samþykkt að koma fyrir upplýsingaskiltum með fullu nafni hvorrar konu, fæðingar- og dánarári og áletrun sem minnti á tilefnið.

## Bríet og Skúli deila götu

Á miðvikudag gekk breytingin í gegn með uppsetningu merkinga; Bríet fær austurhluta Skúlagötu frá Snorrabraut að Höfðatúni og deilir því götu með Skúla fógeta. Höfðatúni kemur í hlut Katrínar og heitir Katrínartún. Þórunn tekur við Skúlatúni og Sætún vikur fyrir Guðrúnartúni.





# ÍÞRÓTTASKÓRNIÐ FÁST HJÁ OKKUR Á BETRA VERÐI



**40%  
AFSLÁTTUR**  
af upphaflegu verði

Asics - Gel Cumulus 13 (Fást líka í svörtu)  
Dömu hlaupaskór - Stærðir: 35,5-37  
Upphaflegt verð: kr. 32.990  
Outlet verð: kr. 19.995



**40%  
AFSLÁTTUR**  
af upphaflegu verði

Asics - Gel Nimbus 13  
Herra hlaupaskór - Stærðir: 42-47  
Upphaflegt verð: kr. 32.990  
Outlet verð: kr. 19.995



**40%  
AFSLÁTTUR**  
af upphaflegu verði

Asics - GT-2160  
Herra hlaupaskór - Stærðir: 44  
Upphaflegt verð: kr. 25.990  
Outlet verð: kr. 15.995



**40%  
AFSLÁTTUR**  
af upphaflegu verði

Adidas - Response Cushion 20 m  
Herra hlaupaskór - Stærðir: 41-47  
Upphaflegt verð: kr. 24.990  
Outlet verð: kr. 14.995



**40%  
AFSLÁTTUR**  
af upphaflegu verði

Adidas - Response Cushion 20 w  
Herra hlaupaskór - Stærðir: 36-41  
Upphaflegt verð: kr. 24.990  
Outlet verð: kr. 14.995



**40%  
AFSLÁTTUR**  
af upphaflegu verði

Adidas - Superstar Lite JBling  
Dömu götuskór - Stærðir: 36-38  
Upphaflegt verð: kr. 14.990  
Outlet verð: kr. 8.995



**40%  
AFSLÁTTUR**  
af upphaflegu verði

Adidas - F10 TRX TF J  
Gervigrasskór - Stærðir: 36-38  
Upphaflegt verð: kr. 12.990  
Outlet verð: kr. 7.995



**40%  
AFSLÁTTUR**  
af upphaflegu verði

Nike - JR Mercurial Victory IIFG  
Takkaskór - Stærðir: 32-40,5  
Upphaflegt verð: kr. 13.990  
Outlet verð: kr. 8.595



**40%  
AFSLÁTTUR**  
af upphaflegu verði

Adidas - Superstar K  
Götuskór - Stærðir: 28-38  
Upphaflegt verð: kr. 14.990  
Outlet verð: kr. 8.995



**40%  
AFSLÁTTUR**  
af upphaflegu verði

Nike - Nike Go BTU  
Barnaskór - Stærðir: 20-35  
Upphaflegt verð: kr. 5.990  
Outlet verð: kr. 3.595



**40%  
AFSLÁTTUR**  
af upphaflegu verði

Nike - Sunray 9  
Barnasandalar - Stærðir: 21-26  
Upphaflegt verð: kr. 4.990  
Outlet verð: kr. 2.995

... ÞÚ FÆRÐ LÍKA ÍÞRÓTTAFATNAÐINN Í KORPUOUTLET!

Reebok



NORTH ROCK



Champion

asics

STÆRSTA OUTLET LANDSINS  
MEÐ ÍÞRÓTTAVÖRUR!

KORPU  
OUTLET



KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Ópið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400





## FJÖGUR ÁR FRÁ EFNAHAGSHRUNI – FJÓRÐA GREIN



# Haftabúskapur í kjölfar hruns

Pó mikið vatn hafi runnið til sjávar í efnahagsmálum Íslands á síðustu fjórum árum, þá er þjóðin enn í höftum. Gengi krónunnar hrundi með falli íslenska fjármálakerfisins, og eftir máttlausar tilraunir við að ná stjórn á málinum voru gjaldeyrishöft sett á.

**S**tundum er rætt um hrun fjármálakerfisins, dagana 7. til 9. október 2008, og hrun krónunnar sem tvo aðskilda atburði. Það er umdeilanlegt að svo hafi verið, ekki síst í ljósi þess með hvaða augum alþjóðamarkaðir voru farnir að horfa til Íslands um ári áður en allt hrundi. „Íslendingar gerðu sér ekki grein fyrir því að landið var í reynd orðið að vogunarsjóði,“ segir í grein hins virta blaðamanns Michaels Lewis, með fyrir-sögninni Wall Street on The Tundra (Wall Street í freðmýrinni), sem birtist í Vanity Fair og fjallaði um hrun íslenska fjármálakerfisins.

## Rautt ljós

Í augum fjárfesta á alþjóðamörkuðum var Ísland orðið að einni samfelldri áhættu. Skipti þá engu hvort rætt var um Glitni, Kaupþing eða Landsbankann í því samhengi. Oftast var horft til landsins í heild og ójafnvægisins sem blasti við, fremur en einstakra þátta. Þar sem bankakerfið var orðið tæplega tífalt stærra en árleg landsframleiðsla og tæplega áttatíu prósent skuldbindinga bankanna voru í annarri mynt en krónunni, þá var heildarmyndin fremur þættumerki en sértæk atriði. Þetta birtist sem rautt ljós á alþjóðamörkuðum, einkum síðustu mánuðina fyrir hrun fjármálakerfisins. Öll sund voru lokuð. Neyðarástand skapaðist í kjölfarið.

## „Enn eitt ruglið“

Krónan var í frjálsum falli þegar mest gekk á og ekkert gat stöðvað fallið, að því er virtist. Seðlabankinn sendi frá sér tilkynningu 7. október, þegar neyðarlögin höfðu verið samþykkt á Alþingi, þar sem sagði að gengi krónunnar hefði verið fest miðað við vísitöluna 175. „Seðlabanki Íslands hefur að fengnu samþykki forsætisráðherra ákveðið að eiga viðskipti á millibankamarkaði í dag á gengi sem tekur mið af gengisvísitölu 175, sem samsvarar um 131 krónu gagnvart evru,“ sagði í tilkynningu vegna þessa. Þetta gekk ekki. Innan sólarhrings varð það ljóst. Krónan hélt áfram að falla, enda allsherjarvantraust á mörkuðum gagnvart Íslandi.

Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis er haft eftir Þórarni G. Pétursyni, núverandi aðalhafnara Seðlabankans, að yfirlýsingin um fastgengið hefði verið „enn eitt ruglið“. Eftir á að hyggja tóku þessar tilraunir Seðlabankans mið af efnahagslegu neyðarástandi sem hafði skapast, raunar ekki aðeins á Íslandi heldur alþjóðlega sömuleiðis. Í bók Hanks Paulson, On The Brink (Á brúninni), fyrrverandi fjármálaráðherra Bandaríkjanna, lýsir hann atburðum sem áttu sér stað í Bandaríkjunum á sama tíma, í byrjun október 2008, þannig að einhverjum klukkustundum hafi munað að atvinnuleysi í Bandaríkjunum hefði orðið um 30 prósent á innan við viklu, allt fjármálakerfi landsins stöðvast og almenn óreiða skapast á götum borga. Inngrip seðlabanka á síðustu stundu bjargaði því að hjólin héldu áfram að snúast, þrátt fyrir erfiðleika.



SEÐLABANKASTJÓRI Spurningar um framtíðarskipan í gjaldmiðlamálum þjóðarinnar hafa verið í brennidepli undanfarin misseri. Seðlabanki Íslands kynnti ríflega 600 síðna skýrslu um valkosti í þessum efnunum til framtíðar lítið, 17. september sl. Þar voru kostir og gallar ýmissa leiða, sem mögulegar eru, metnir. Már Guðmundsson seðlabankastjóri sést hér skömmu áður en kynning á skýrslunni fór fram, í húsaakynnum Seðlabankans.

## Í höft

Hrun krónunnar var að þessu leyti ekki aðskilið frá hruni fjármálakerfisins, heldur frekar samofið einstæðum atburðum á fjármálamörkuðum hér á landi og erlendis, enda réðst gengi hennar af frjálsum fjármagnsflutningum. Í nóvember var gripið til þess að setja á gjaldeyrishöft og voru þau hluti af efnahagsáætlun Alþjóðagjaldveyrissjóðsins og íslenskra stjórnvalda. Höftin áttu að koma í veg fyrir verulega erfiðleika í tengslum við greiðslu-jöfnuð Íslendinga og höfðu það að markmiði að stuðla að stöðugu gengi án þess að treyst væri um of á vaxtatekið. Haftabúskapur hefur frá þessum tíma verið hluti af daglegu lífi Íslendinga. Tíu mánuðum eftir að höftin voru sett á, í ágúst 2009, kynnti Seðlabankinn áform um afnám hafta. Í áætluninni eru talin upp nokkur meginatriði sem þurfa vera fyrir hendi svo afnám hafta sé mögulegt.

Hin mikilvægustu eru, samkvæmt gögnum Seðlabanka Íslands, þjóðhagslegur stöðugleiki og þar með talið trúverðugar aðgerðir til að tryggja sjálfbær ríkisfjármál, minnkandi verðbólga, traust fjármálakerfi og nægilegur gjaldeyrisforði. Annað vandamál er að meta hversu mikill fjármagnsflótti er líklegur til þess að fara úr íslenska fjármálakerfinu við afnám hafta, með tilheyrandi veikingaráhrifum á gengi krónunnar. Samkvæmt síðustu opinberum gögnum Seðlabanka Íslands, sem birt voru í fjármálastöðugleikariti bankans 5. október sl., er kvítt fjármagn aflandskróna í eigu útlendinga, sem er ekki síst tilkomið vegna

vaxtamunaviðskipta fyrir hrun fjármálakerfisins, talið nema um 420 milljörðum íslenskra króna. Þetta fé hefur oft verið nefnt hengja aflandskróna (overhang) sem geti farið snögglega úr kerfinu, með alvarlegum áhrifum fyrir hagkerfið. Alþjóðagjaldveyrissjóðurinn telur þetta fé nema um 23 prósentum af árlegri landsframleiðslu Íslands, eða sem nemur 372 milljörðum króna, sé mið tekið af árlegri landsframleiðslu í fyrra.

Áætlun Seðlabankans hefur ekki síst miðað að því að minnka þessa fjárhæð, og telur bankinn að sú vinna hafi þegar skilað árangri, þó erfitt sé að meta með nákvæmum hætti hversu mikill árangur hafi náðst.

## Höftin ekki að fara

Nú fjórum árum eftir að gjaldeyrishöftum var komið á er alls óvíst hvenær mögulegt verði að afnema höftin, og er áfram einblínt á að áherslan verði á að meta aðstæður sem fyrir hendi eru á hverjum tíma, með tilliti til þess hvort afnám hafta sé mögulegt. Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri lagði áherslu á það atriði á fundi um fjármálastöðugleika 5. október, ríkisfjármálin yrðu að vera komin á réttan kjöl fyrir afnám hafta. Það væri einna mikilvægasta forsendan, þar sem höftin hefðu í reynd þau áhrif nú að fjármagnskostnaður ríkisins væri minni en hann væri annars, og það væri viðbúð að lántökukostnaður ríkisins og íslenskra fyrirtækja myndi hækka við afnám hafta, í það minnsta tímabundið. Þess vegna skipti miklu máli að vera með sjálfbærar ríkisrekstur.

## Þrýstingurinn eykst

Innan haftanna, í fábreyttu fjárfestingaumhverfi, er hætta á því að eignaverð verði bjagað. Á þetta hefur Seðlabankinn bent í ritum sínum, m.a. Peningamálum. Sérstaklega eru það lífeyrissjóðirnir sem geta lent í vandræðum með að ávaxta fé sjóðsfélaga, þar sem fáir kostir koma til greina, þar sem nýfjárfesting erlendis er ekki möguleg. Sem dæmi um erfiðleikana, þá hafa sjóðirnir verið með á bilinu 150 til 180 milljarða á innlánsreikningum undanfarin tvö ár, sem ávaxtast lítið sem ekkert. Eftir því sem lengri tími líður innan hafta þá eykst þrýstingurinn á afnám þeirra frá innlendnum fjárfestum. Í þessu umhverfi getur eignaverð bjagast og þannig getur teiknast upp fölsk mynd af stöðu efnahagsmála.

## Pólitískar deilur

Eftir hrun hafa pólitísk átök um gjaldmiðlamálin og peningastefnu harðnað nokkuð. Undirliggjandi eru þar ekki síst átök um hvort Íslandi eigi að verða hluti af Evrópusambandinu og taka upp evru. Hvað sem líður stefnumörkun í peningamálum til framtíðar og hugmyndum um upptöku alþjóðlegrar myntar, þá er krónan gjaldmiðill Íslendinga og verður áfram. Í það minnsta næstu árin, sem einkennast munu af áframhaldandi tiltekt eftir hrunið sem leiddi til haftabúskapar.

Magnús Halldórsson  
magnush@365.is



**1.478**

MILLJARÐAR

voru inni á innlánsreikningum í íslenska fjármálakerfinu í lok ágúst á þessu ári, samkvæmt tölum Seðlabankans.

**147**

MILLJARÐAR

voru inni á innlánsreikningum lífeyrissjóðanna í ágúst, en sambærileg tala var sjö milljarðar árið 2007, þegar penslan var sem mest.

**STÝRI-  
VEXTIR**

voru hækkaðir í **17,5 prósent** á svipuðum tíma og gjaldeyris-höftin voru sett.

**STÝRI-  
VEXTIRNIR**

standa nú í **5,75 prósentum** og líkur standa til þess, samkvæmt yfirlýsingu Peningastefnu-nefndar Seðlabanka Íslands, að þeir hækki á næstunni.



Haftabúskapur hefur frá þessum tíma verið hluti af daglegu lífi Íslendinga.

## Krónískt vandamál



Íslenska krónan hefur óneitanlega leikið stórt hlutverk í sviptingum undanfarinna ára. Fall krónunnar gerði fjárhagslegt tjón við hrun fjármálakerfisins árið 2008 mun meira en ella og var helsta skýringin á því að kaupmáttur sveiflaðist meira hérlendis en annars staðar. Hin mikla kaupmáttarrýrnun átti svo sinn þátt í því að magna upp skuldavanda heimila. Krónan leiddi okkur jafnframt í gjaldeyrishöft, eitt landa í okkar heimshluta. Þannig hefur krónan sýnt skuggahliðar sínar skýrt og greinilega undanfarin ár.

Því verður hins vegar ekki heldur á móti mælt að gengisfall krónunnar hafði einnig þau jákvæðu áhrif að beina kaupum landsmanna á vörum og þjónustu í auknum mæli í áttina að innlendri framleiðslu í stað innfluttrar. Það hefur skipt miklu og skýrir að einhverju leyti hvers vegna samdráttur landsframleiðslu varð þó ekki meiri

en raun ber vitni. Það á líka sinn þátt í því að atvinnuleysi minnkar nú tiltölulega hratt og hagvöxtur er meiri en bjartstýnustu menn þorðu að vona fyrir fjórum árum.

Þessi saga dregur ágætlega fram suma af kostunum og göllumum við að hafa sjálfstæðan gjaldmiðil í örhagkerfi eins og því íslenska.

Sögulega hefur lífið með krónunni almennt verið þyrnum stráð. Krónan hefur verið óstöðugasti gjaldmiðill í okkar heimshluta, hvort heldur horft er til gengis eða verðlags. Gagnslaus utalands og þær atvinnugreinar innanlands sem hafa getað komist hjá því að nota hana hafa almennt gert það. Þannig nota helstu útflutningsatvinnuvegir Íslendinga krónu mjög lítið.

Framtíð þessa gjaldmiðils er mjög óljós. Seðlabankinn dró ágætlega fram þá kosti sem við eigum í gjaldmiðlamálum í nýútkominni skýrslu,

sem ekki verður reynt að rekja hér í smáatriðum. Valkostirnir eru þó tiltölulega einfaldir. Annað hvort höldum við krónunni – vonandi með betri árangri en undanfarna áratugi – eða við tökum upp evru.

Kostir og gallar við evrupptöku eru að hluta þekktir en óvissan á evrusvæðinu flækir óneitanlega málið. Að því leyti erum við þó í ákjósanlegri stöðu. Við þurfum ekki að ákveða hvort við tökum upp evru fyrr en eftir nokkur ár, eigum þess raunar ekki kost fyrr. Þá mun væntanlega hafa skýrst hvernig evrusamstarfinu verður háttað í framtíðinni og hve vel tekst að vinna úr núverandi vanda. Þá verður hægt að taka ákvörðun um það hvort við viljum taka upp annan gjaldmiðil á réttum og þekktum forsendum. Þangað til stíjum við uppi með krónuna hvort sem okkur líkar betur eða verr.

Gylfi Magnússon, dósent og fyrrum efnahags- og viðskiptaráðherra skrifar



# HEILSA

## MEISTARAMÁNUÐUR



**Kynningarblað** Mataræði, hreyfing, áskoranir, bindindi, streita, dekur og spa.



Upphafsmenn og stjórnendur Meistaramánaðarins. Frá vinstri, Jökull Sólberg Auðunsson, Þorsteinn Kári Jónsson og Magnús Berg Magnússon.

## Skora sjálfan sig á hólmi

**Meistaramánuður** hefur fest sig í sessi hérlendis en þúsundir taka þátt í honum. Þátttakendur setja sér sjálfir eigin markmið og reglur. Margir fara vel út fyrir þægindarammann.

**O**któber er Meistaramánuður. Þá skorar fólk sjálft sig á hólmi og setur sér ákveðin markmið og reglur sem það fylgir eftir í heilan mánuð. Upphafsmenn Meistaramánaðar eru Þorsteinn Kári Jónsson og Magnús Berg Magnússon sem voru báðir í háskólanámi í Kaupmanna-höfn þegar þeir skipulögðu fyrsta Meistaramánuðinn árið 2008. Þá voru þátttakendur einungis tveir, þeir sjálfir. Þorsteinn segir kveikjuna hafa verið þá að þeir voru ungir menn sem skemmtu sér vel um helgar en vildu gjarnan ná fastari tökum á náminu. „Við byrjuðum tveir og síðan ákváðum við að skora á félagi okkar þannig að hópurinn taldi um 20 manns ári síðar. Eftir það byrjuðum við með litla bloggsíðu og þá jókst fjöldinn mikið og ári síðar var hópurinn um 200 manns. Í fyrra var svo öllum gefinn kostur á þátttöku og mörg þúsund manns tóku þátt en þá vorum við fluttir til Íslands.“

Meginmarkmið áttaksins er að sögn Þorsteins að fá fólk til að líta í eigin barm og átta sig á því hvernig það getur sjálft orðið besta útgáfan af sjálfum sér. „Við hvetjum þátttakendur til að taka á ákveðnum þáttum, til dæmis heilsu, hreyfingu og andans málum

en aðallega snýst þetta um hvernig fólk getur orðið sín eigin fyrirmynd.“

Að sögn Þorsteins er algengt að þátttakendur hætti að drekka og reykja tóbak þennan mánuðinn, geri róttækar breytingar á matarræði sínu og hreyfi sig meira. „Þannig byrjuðum við líka á sínum tíma. Mánuðurinn snýst líka um að vakna fyrir á morgnana og koma einhverju í verk áður en rútína dagsins hefst. En fyrst og fremst hvetjum við fólk til að skoða hvað það vill sjálft koma í verk. Það getur verið mjög fjölbreytt, til dæmis að lesa meira, margir listamenn birta verk sín daglega í október, sumir nota tannþráð á hverjum degi og aðrir heimsækja eða hringja í foreldra eða afa og ömmu oftar. Það eru þessir litlu hlutir sem gleymast oft í amstri hversdagsins.“

Þorsteinn segir vinsældir síðustu ára að vissu leyti hafa komið þeim á óvart, en þó ekki alveg. „Okkur finnst alltaf jafn áhugavert hvað mikið af fólki vil taka þátt. En þegar við hugsum út í þetta kemur þetta okkur í raun ekki svo mikið á óvart því okkur fannst við þurfa þetta sjálfir á sínum tíma. Að því leyti komu vinsældirnar okkur ekki á óvart og það er gaman að sjá hversu margir taka þátt.“

## Tekist á við nýjar áskoranir

**Meistaramánuðurinn** er góður tími til að hugsa um heilsuna. Margir þátttakendur prófa nýja hluti á þessu tímabili sem seinna verða hlutar af daglegri rútínu þeirra. Flestir hætta að drekka, taka mataræðið í gegn og hreyfa sig meira.

**E**inn fjölmargra þátttakenda í ár er graffíski hönnuðurinn Hjalti Axel Yngvason sem tekur nú þátt þriðja árið í röð. Hann segir erfitt að skorast undan áskoraninni enda taki margir vinir hans og fjölskyldumeðlimir þátt. „Í ár er áfengið hvílt í október eins og venjulega en nú hef ég einnig hætt að drekka kaffi, te og aðra koffíndrykki. Svo reyni ég að borða hollan mat, svo kallað steinaldarfæði, þar sem sneitt er til dæmis fram hjá unnum



kjöttvörum og ekki neytt hveitis og sykurs svo dæmi séu tekin. Ég set mér einnig alltaf það markmið að ganga á fjögur fjöll í þessum mánuði og er nú þegar búinn að ganga á eitt fjall og tek annað um helgina.“ Hjalti segist taka á sömu þáttunum ár eftir ár en hann prófi þó alltaf eitthvað nýtt í hverjum Meistaramánuði. „Kaffibindindið er nýtt í ár og síðan prófaði ég crossfit núna í október.“

Mánuðurinn hefur farið vel af stað í ár hjá Hjalta en hann segir átakið ganga betur með hverju árinu sem líður. „Maður er farinn að hugsa um þetta einum til tveimur mánuðum fyrir. Síðan hafa málin þróast þannig að ég er farinn að tileinka mér margt sem ég tek mér fyrir hendur í Meistaramánuðinum í daglegu lífi. Áður en ég tók þátt í fyrsta sinn stundaði ég til dæmis enga skipulagða líkamsrækt en nú er hún hluti af daglegri rútínu minni. Þannig er Meistaramánuðurinn ágætis tími fyrir fólk til að hugsa almennt um heilsuna og taka skref í átt að betra líferni.“



„Kaffibindindið er nýtt í ár og síðan prófaði ég crossfit“, segir Hjalti Axel Yngvason, graffískur hönnuður.

# DVÍTAMÍN

HÁMARKS UPPTAKA



GMP VOTTAD

www.nowfoods.is



Gæði • Hreinleiki • Virkni





### 10 HOLLRÁÐ FYRIR MEISTARAMÁNUÐ

**1. Skrifaðu** markmiðin þín niður og hengdu á ísskápinn eða einhvers staðar þar sem þú sérð þau á hverjum degi.

**2. Ekki** setja þér of mörg markmið. Hafðu markmiðin skýr og raunhæf. Ákveddu til dæmis hvenær þú ætlar að klára hvert markmið svo þú frestir því ekki út allan mánuðinn.

**3. Fáðu** vini og fjölskyldu með frá upphafi. Það er miklu auðveldara og skemmtilegra að vera með marga með sér í liði í Meistaramánuðinum.

**4. Ef** þú ætlar að breyta mataræðinu, skipuleggðu þá vikuna vel og kauptu í matinn fyrir vikuna. Það getur verið erfitt að standast freistingarnar svangur í búðinni.

**5. Hættu** að „snooza“! Stilltu vekjaralukkuna fyrir alla vikuna og stattu við það frá fyrsta degi. Ef fyrsti dagurinn er erfiður þá er bara auðveldara að sofna fyrr um kvöldið.

**6. Ef** þú gleymir þér einu sinni, ekki láta það eyðileggja allan mánuðinn. Byrjaðu strax aftur.

**7. Brostu** til fólksins í kringum þig, ágætis vani.

**8. Ekki** setja þér bara markmið tengd heilsurækt. Notaðu tækifærið og tæklaðu það sem þú hefur alltaf ætlað að gera en hefur af einhverjum ástæðum frestað.

**9. Komdu** þér út úr þægindahringnum (e. comfort zone) og lærðu eitthvað nýtt. Skræðu þig á námskeið eða gerðu eitthvað sem þú hélt alltaf að þú gætir ekki.

**10. Lifðu** áfram eins og meistari. Taktu það besta úr Meistaramánuði með þér inn í hina mánuðina. 31 dagur er nógu langur tími til að búa til hefð.



## Slæmar fréttir stressa konur meira en karla

Magn stresshormóna eykst í líkama kvenna þegar þær lesa neikvæðar fréttir í fjölmiðlum, til dæmis fréttir af morðum, en lestur slíkra fréttu virðist ekki hafa sömu áhrif á karla. Þetta eru niðurstöður kanadískrar rannsóknar sem náði til sextíu þátttakenda á aldrinum 18 til 35 ára. Niðurstöðurnar voru birtar á vefnum [www.plosone.org](http://www.plosone.org) þann 10. október.

Við aukið stress virtust konurnar einnig sýna meiri viðbrögð í öðrum streituvaldandi aðstæðum en karlarnir. Vísindamennirnir segja niðurstöðurnar sýna „heilandi“ mun á kynjunum og veltu fyrir sér hvort konur geti verið hæfari frá náttúrunnar hendi í að skilgreina ógn gagnvart afkvæmum sínum, sem hafi áhrif á það hvernig þær bregðist við stressi. Þá sé einnig áhugavert að konur skuli vera móttækilegri en karlar fyrir streituvöldum en lifi þó að meðaltali lengur en karlar. Í því hvernig stress virðist ekki hafa slæm áhrif á hjarta og æðakerfi kvenna gæti því falist lausn á miklum heilsufarsvanda í heiminum.

Aðrir sérfræðingar benda á að rannsóknin hafi ekki náð til nógu margra einstaklinga til að hægt sé að draga af henni ályktanir.

Fréttina má lesa á [www.bbc.co.uk](http://www.bbc.co.uk).



## 100% HEILSA

### Margnota læsing:

Vandaður postulínstappi með spennu úr ryðfríu stáli

### Umbúðir:

Glerflaska, endurnýtanleg og umhverfisvæn

### Innihald:

Lífrænt villiblóma hunang, „Mother“ eplaedik, lífræn krydd

### Merkingar:

Miði prentaður á enduruninn pappír

### AlphaDaily:

100% heilsuvara sem bragð er að

Framleiðandi: hpHeilsa ehf.  
s: 555 2122 [www.hpHeilsa.is](http://www.hpHeilsa.is)

**Útsöluastaðir:** Hagkaup, Iceland, Víðir, Fjarðarkaup, Kostur, Melabúðin, Heilsuhúsið, Lifandi markaður, Garðheimar, Blómaval. Hægt er að skila tónum flöskum og fá áfyllingu hjá HpHeilsu ehf, Smiðjuveg 38 (rauð gata) Kópavogi.

## Njóttu AlphaDaily á hverjum degi!

Síðan ég fór að drekka AlphaDaily daglega finn ég ekki fyrir þjúg. Ég er líka laus við slen sem háði mér stundum seinnipart dags.

Mary Lind Jóhannsdóttir  
grunnskólakennari

Eftir að hafa neytt AlphaDaily í nokkra mánuði er ég laus við magaþægindi sem ég þjáðist af og meltingin er mun betri. Svo hef ég alltaf haft viðkvæma húð en hún er ekki eins þurr þegar ég drekk AlphaDaily daglega.

Björn Ingi Stefánsson  
Kríunesbóndi

Hún móðir mín ráðlagði mér að drekka mikið magn af AlphaDaily á stuttu tímabili. Ég drakk heil ósköp og viti menn, ég losnaði endanlega við þursabitið því AlphaDaily mykti alla vöðva. Einnig sló drykkurinn á svengdar-tilfinningu og hef ég því grennst.


Jón Ármann Steinsson  
hönnuður og rithöfundur

Ég tek AlphaDaily með mér í golf því drykkurinn er orkugefandi. AlphaDaily hefur mjög jákvæða virkni og góð áhrif á meltinguna.

Örn Jónsson  
sjúkrannsóknari

Mæli eindregið með neyslu þessarar heilsuvöru.

Hallgrímur P. Magnússon  
læknir





# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## SÖGULEG SAFNAHELGI

Söguleg safnahelgi verður um allt Norðurland vestra um helgina, frá Borðeyri í vestri til Hofsóss í austri. Opið verður frá 12 til 18 og boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Enn er tími til að laga stöðuna ef þú átt erfitt með að fylgjast með í skólanum. Við bjóðum þér

## NÁMSAÐSTOÐ

til að ná tökum á námsefninu.

Nemendabjónustan sf [www.namsadstod.is](http://www.namsadstod.is) s. 557 9233

Vertu vinur á Facebook

GREENSTONE | ©  
KÁPURNAR KOMNAR

Skoðið yfirhafnir á laxdal.is

**BERNHARD LAXDAL**  
Laugavegi 63 • S: 551 4422



## DÁSAMLEG TILVERA

**KJÁNALEG UPPGÖTVUN** Það er kominn nýr strákur í heiminn. Hann heitir Óliver og líður dálítið öðruvísi en öðrum. Rétt eins og skapara hans, okkur til góða.

Ef ég væri á Íslandi mundi ég fara út í sjoppu og kaupa mér appelsín, eins og afi gerir alltaf. Síðan mundi ég fara í sumarbústaðinn til ömmu og hitta alla fjölskylduna yfir grillmat og spilum. Ég sakna allra svo ósköp mikið," segir Birgitta Sif, teiknari og barnabókahöfundur, búsett í Lundúnum.

Birgitta hefur mestan part ævinnar búið í útlöndum, lengst af í Bandaríkjunum, en eyddi öllum sumrum á Íslandi. Hún flutti nýlega til Englands frá Íslandi með manni sínum Borgþóri Ásgeirssyni og blóminu þeirra Sóleyju Sif. „Ísland hefur alltaf átt sérstakan stað í hjarta mér enda erum við dugleg að heimsækja klakann," segir Birgitta.

Í vikunni kom út á Íslandi, í Bandaríkjunum, Englandi, Tyrklandi og Þýskalandi barnabókin Óliver sem er fyrsta bók Birgittu. Það er rétt byrjunin á heimsreiðu Ólivers sem líður dálítið öðruvísi en öðrum.

„Hugmyndin kviknaði þegar ég var í meistaranámi við Cambridge School of Art á Englandi. Það var dásamlegur tími því í skólanum fann ég sjálfa mig í fyrsta sinn og fannst ég uppgötva tilveruna upp á nýtt," útskýrir Birgitta.

„Mér hafði ætíð fundist ég öðruvísi en aðrir en í skólanum fann ég fólk sem var öðruvísi á sama hátt og ég sjálf. Ég eignaðist vini sem hugsuðu eins og höfðu áhuga á því sama," segir Birgitta og rifjar um minnisstætt augnablik með samnemendum sínum í Cambridge.

„Einn daginn leit ég í kringum mig og uppgötvaði að við höfðum setið tímum saman og rætt um gæði mismunandi strokleðra. Kjánalegt kannski, en á þeirri stundu gerði ég mér grein fyrir að ég hafði fundið vini fyrir lífstíð," segir Birgitta hlæjandi. Hún segist hafa hitt manninn sinn um svipað leyti.

„Þegar ég hitti Borgþór var eins og við höfðum alltaf þekkt og á margan

### HUGMYNDARÍK OG LUKKULEG

Birgitta er með mörg járn í eldinum. Hún skrifar og teiknar eigin barnabækur, kaflabækur fyrir aðra, gerir teikningar fyrir tímarit og heldur fyrirlestra fyrir listnema. „Alla daga er ég með augun opin í leit að nýjum ævintýrum og hugmyndum að sögum."

FRAMHALD Á SÍDU 2

## Leyfishafanámskeið leigubílstjóra

Með vísun til laga nr. 134/2001 um leigubifreiðar, gengst Vegagerðin fyrir rekstarleyfisnámskeiði fyrir leigubílstjóra í Ökuskólanum í Mjódd dagana 22. til 30. október n.k.

Þátttaka tilkynnist fyrir 18. október til Ökuskólans í Mjódd í síma 567 – 0300



FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

## UMDEILDIR PISTLAR

**visir**  
- oft á dag

**VIETNAM MARKET**  
ALLT FYRIR  
AUSTURLENSKA MATARGERÐ

699 kr. 550 kr. 320 kr. 387 kr.

Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík Sími: 534 7268

**PHO VIETNAMESE**

## HOLLT OG GOTT

1.250 kr. 1.350 kr. 1.250 kr.

**BJÓÐUM UPP Á HEIMSENDINGU**

PHO víetnamskur veitingastaður // Ármúla 21 - 108 Reykjavík - Sími: 588 6868 - [www.pho.is](http://www.pho.is)

Opið: mán - föst Kl. 11 - 21 lau - sun Kl. 12 - 21



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is**, s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is**, s. 512-5427



## Erfðataekni, umhverfi og samfélag

Stök námskeið á sviði erfðataekni sem henta þeim sem vilja efla og dýpka þekkingu sína á erfðataekni á einn eða annan máta.

Á námskeiðunum verður farið yfir hvað felst í erfðataekni og hvernig megi nýta þessa tækni í grunnrannsóknunum, læknisfræði, landbúnaði og matvælaíðnaði. Lögð verður áhersla á að fjalla um málið frá öllum hliðum og kynntir verða bæði möguleikar og takmarkanir við beitingu tækninnar.

### Hagnýting erfðataekni í landbúnaði

fim. 1. nóv., kl. 12:30-17:00

### Hagnýting erfðataekni í matvælaíðnaði

fim. 8. nóv., kl. 12:30-17:00

### Hagnýting erfðataekni í heilbrigðisvísindum

fim. 15. nóv., kl. 12:30-17:00

Öll námskeiðin eru haldin hjá Lbhí á Keldnaholti í Reykjavík

**Fyrirlesarar:** **Arnar Pálsson** dósent við HÍ, **Áslaug Helgadóttir** prófessor við Lbhí, **Eiríkur Steingrímsson** prófessor við HÍ, **Guðni Elísson** prófessor við HÍ, **Helga Margrét Pálsdóttir** sérfræðingur hjá MAST, **Jón Hallsteinn Hallsson** dósent við Lbhí, **Magnús Karl Magnússon** prófessor við HÍ, **Oddur Vilhelmsson** dósent við HA og **Zophonías Jónsson** dósent við HÍ.

Allar nánari upplýsingar má finna á [www.lbhi.is/namskeid](http://www.lbhi.is/namskeid)

Skráning fer fram á [endurmenntun@lbhi.is](mailto:endurmenntun@lbhi.is) eða í síma 433 5000

Við erum líka á Facebook - [facebook.com/namskeid](https://www.facebook.com/namskeid)

FRAMHALD AF FORSÉÐU



hátt er Borgþór mín Ólívía. Lífið getur verið dásamlegt og allt í einu finnur maður eitthvað sem maður vissi þó ekki að mann vantaði.

### STREMBIÐ AÐ SKRIFA BARNABÓK

Eftir meistaranám í barnabókateikningum landaði Birgitta samningi við Walker Books, einn af stærstu og virtustu barnabókaútgefendum heims.

„Það er mikill heiður og æðislegt að vinna með Walker Books. Ég er byrjuð að vinna að næstu bók sem er alveg ný saga,“ segir Birgitta sem heillaðist af bókum strax í barnæsku.

„Sóley er einnig bókelsk og heppin að fá bækur frá vinum mínum sem líka teikna og skrifa barnabækur. Ég hlakka til að lesa Ólívur fyrir Sóleyju þegar hún verður orðin nógu stór og vonast til að geta umvafið hana með eins mörgum fallegum bókum og ég mögulega get.“

Birgitta segir Sóleyju oft hafa setið í fangi sínu þegar hún teiknaði á loka-sprettinum við Ólívur.

„Það var yndislegt og í mínum huga hjálpaði hún mér mikið þótt hún sé enn of ung til að hafa álit á bókmenntum. Það er nefnilega mun erfiðara en margir halda að skrifa barnabók og langur vegur frá hugmynd að fullgerðri bók.“

### ENSKRI RIGNINGU EKKI BOÐIÐ

Í dag ætlar Birgitta að hitta aðra teiknara á samkomu barnabókateiknara.

„Ég hlakka til að hitta allt fólkið, sjá að hverju það vinnur og ræða hugmyndir og teikningar yfir góðu kaffi,“ segir Birgitta sem nýtur þess einnig að fara á litskrúðugra markaði Lundúna.

„Uppáhald Sóleyjar er að fara á róluvöll í almenningsgarði hverfisins. Þar er lítill dýragarður með hænum, geitum og hreindýrum en dúfurnar eru í uppáhaldi og úti um allt. Sóley ískrar af fjöri þegar hún sé þær,“ segir Birgitta og hlær.

„Annars finnst mér skemmtilegast að vita ekkert hvert við ætlum. Ævintýrin leynast alls staðar í Lundúnum og gaman að kynna nýjum stöðum.“

Á morgun verður merkisdagur í lífi litlu fjölskyldunnar þegar Sóley heldur upp á fyrsta afmælið sitt.

„Þá ætlum við í lautarferð með góðum vinum í almenningsgarðinn. Ég krossleg fingur og vona að enska rigningin elti okkur ekki í afmælið,“ segir Birgitta Sif vongóð og brosir.

En ætla þau sér að flytja aftur heim? „Hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér. Ég er ánægð hvar sem er á meðan ég hef Sóleyju, Borgþór og blýant í hendinni.“

■ [thordis@365.isv](mailto:thordis@365.isv)

### ÓLÍVER

Hér má sjá opnu úr bókinni um Ólívur sem ætluð er öllum börnum til gleði og ánægju.



### LESTRARHESTAR

Mæðgurnar Birgitta og Sóley deila einlægum áhuga á bókmenntum og fögnum teikningum.

**HEIMASÍÐA BIRGITTU**  
**BIRGITTA.COM**

## LÍFRÆNT LOSTÆTI

Norræna húsið verður vettvangur lífrænnar framleiðsu á sunnudaginn. Áhuga-verðir fyrirlestrar verða í boði og gestum boðið að smakka ljúffengar afurðir.

Samtök lífrænna neytenda standa fyrir viðburðinum Lífrænt Ísland – framboð, fróðleikur og smakk! í Norræna húsinu á sunnudaginn, 14. október, frá kl. 12–17. Þar munu framleiðendur lífrænna matvæla hérlendis kynna afurðir sínar fyrir gestum og gefa þeim að smakka, auk þess sem fjöldi áhugaverðra fyrirlestra verður í boði um lífræna framleiðslu. Svala Georgsdóttir, kynningarfulltrúi samtaka lífrænna neytenda, segir uppákomuna um helgina fyrst og fremst vera tækifæri fyrir almenning til að koma og sjá hvað er í boði hérlendis þegar kemur að lífrænt ræktuðum matvælum. „Svona viðburður er frábær vettvangur fyrir íslenska framleiðendur enda er tilgangur samtakanna að brúa sambandið milli neytenda og framleiðenda. Við viljum kynna fyrir gestum það framboð sem er í boði í dag og um leið koma á framfæri fræðslu til almennings en henni er svolítið ábótavant þótt hún sé að aukast.“

Lífræn framleiðsla hefur aukist mjög undanfarin ár hérlendis en þrátt fyrir það stöndum við nágrannaþjóðum okkar langt að baki að sögn Svölu. „Í Danmörku er til dæmis búið að setja í lög að 60% matvæla í eldhúsum opinberra stofnana þurfi að vera lífrænt vottuð. Danir eru búnir að sjá hag sinn í því að framleiða og neyta lífrænna vara.“ Hún segir stöðuna í dag hérlendis þó vera jákvæða og allt stefni í rétta átt. „Fleiri og fleiri sýna þessu áhuga og átta sig á því að lífrænn matur er ekki enn ein



ný söluvaran sem er verið að selja fólki heldur hinn raunverulegi landbúnaður sem var til staðar löngu áður en stóriðjuframleiðslan varð til. Lífræn ræktun er því í raun ekkert ný heldur erum við bara komin hringinn og það er það sem við viljum að fólk verði meðvitað um.“

Svala segir íslenska framleiðendur hafa átt í basli með að koma undir sig fótunum undanfarin ár. Þeir hafi mætt mótbyr frá yfirvöldum og meðal annars ekki fengið styrki frá hinu opinbera eins og aðrir framleiðendur sambærilegra matvæla. „Það er þó að breytast núna enda er eftirspurnin að aukast mikið eftir lífrænum vörum. Það sem er mikilvægast framundan er að hefja framleiðslu á lífrænum eggjum, kjúklingi og svínakjöti sem er því miður ekki hægt að kaupa hérlendis. Lífrænt er framtíðin.“

### LÍFRÆNN MATUR

Viðburðurinn er tækifæri fyrir almenning til að kynna sér framboð hérlendis af lífrænt ræktuðum matvælum að sögn Svölu Georgsdóttur, kynningarfulltrúa Samtaka lífrænna neytenda.

MYND/VILHELM



### SMAKKAD

Gestum verður boðið að smakka ljúffengar íslenskar afurðir.

MYND/ÚR EINKASAFNI

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

# HALLDÓR BALDURSSON

HALLDÓR



**visir**  
- oft á dag



# ego dekor


**DAKOTA leðursófasett**  
3+1+1 Litir: Svart og Brúnt  
Verð: 421.000,-



**OSCAR leðurhornsófi**  
Litur: Svart - Stærð: 276X220  
Verð: 389.000,-



**TV skenkur Hvítt háglans**  
Svart gler - Breidd: 180cm  
Verð: 109.000,-



**TV skenkur Hvítt háglans**  
Breidd: 240cm Verð: 129.900,-  
Breidd: 180cm Verð: 109.000,-



## FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



JESSIE  
16.900,-

TORINO  
16.900,-

TESS  
18.900,-

MONET  
19.900,-

**Skenkur Hvítt háglans**  
Breidd: 160cm  
Verð: 138.000,-



**CORAL tungusófi**  
Stærð: 290X156

Tilboðsverð: 194.650,-



**ORION tungusófi**

Stærð: 300X180

Tilboðsverð: 229.500,-



**APOLLO tungusófi**

Stærð: 288X198

Tilboðsverð: 232.200,-



**HAMPTON tungusófi**

Stærð: 318X197

Tilboðsverð: 248.400,-



Opið mán-fös: 10:00 - 18.00

Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12  
S: 5444420 - [www.egodekor.is](http://www.egodekor.is)





## BÍLAR & FARATÆKI



BMW X5 3.0i. Árg 3/2004, ek 127 P.KM, bensín, sjálfsk, Leður, ný heilsársdekk, Krókur, omfl, Gott eintak og flottur umboðsbíll, Ásett verð 2.890.000. Rnr.150449. Er á staðnum,

**100 bílar ehf**  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær  
Sími: 517 9999  
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.  
[www.100bilar.is](http://www.100bilar.is)



Barnaheill  
Save the Children á Íslandi

Vísir á...  
Börn eiga rétt á  
heildræum LÖGUM

### Bílauppboð

[bilauppbod.is](http://bilauppbod.is)

# Bjóddu í bíl

Uppboð á ökutækjum og öðrum munum fyrir tryggingarfélag, fjármögnunarfélag og aðra aðila fara fram alla virka daga. Uppboði á þessum bifreiðum lýkur að kvöldi 17. október. Sjá nánar á uppboðsvef.



MERCEDES BENZ SLK bensín sj-sk ekinn 112.430 km



IVECO DAILY - 35C15D dísel beinsk ekinn 46.634 km



MITSUBISHI PAJERO bensín sj-sk ekinn 107.428 km



DODGE DAKOTA - QUAD CAB SLT bensín sj-sk ekinn 46.450 mílur



VOLKSWAGEN GOLF bensín sj-sk ekinn 78.019 km



MAZDA 2 bensín beinsk ekinn 190.137 km

Hægt er að skoða uppboðsmuni alla virka daga frá 8.30-17.00 í húsnæði Króks að Suðurhrauni 3, Garðabæ.



[bilauppbod.is](http://bilauppbod.is)

## 667 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN



TOYOTA Highlander hybrid. Árgerð 2008, ekinn 73 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.850.000. Rnr.310636.



M.BENZ ML320 blue tec dísel . Árgerð 2009, ekinn 43 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.490.000. Rnr.112000.

Nýja bílahöllin  
Eirhöfða 11, 110 Rvk.  
Sími: 567 2277  
Opíð til kl. 21 á fimmtudögum.  
[www.nyja.is](http://www.nyja.is)

## STÓRA BÍLASALAN



Skoda Octavia 2.0 TDi Combi Árgerð 2007, ekinn aðeins 39þ.km! bsk, álfelgur o.m.fl. Mjög gott eintak sem er á staðnum! Verð 2.400.000kr. Raðnúmer 132910. Sjá á [www.stora.is](http://www.stora.is)



Peugeot 406 Station Diesel Árgerð 1999, ekinn 250þ.km, bsk. Flott eintak sem eyðir ca 6,5L innanbæjar. Er á staðnum. Tilboð 490.000kr. Raðnúmer 132885. Sjá á [www.stora.is](http://www.stora.is)



Toyota Prius. Árg. 2008, ek. 78þ.km, ssk. Glæsilegur bíll sem á staðnum. Verð 2.590.000kr. Raðnúmer 153808. Sjá nánar á [www.stora.is](http://www.stora.is)

Stóra bílasalan  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 5861414  
Myndeftirlit á plani  
<http://www.stora.is>



Parftu að kaupa eða selja bíl?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. [www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is) Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur  
Sími: 522 4610  
[www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is)



FORD Escape XLT choice 4wd V6. Árg 3/2006, ek 149 P.KM, bensín, heilsársdekk, sjálfskiptur. -UMBODSBÍLL- í toppstandi. Verð 1.370þ lán 890þ afb. 22þ Rnr.123136. Skoðar líka skipti á ódyrari!



DODGE Ram 1500 4wd. Árg 2003, 6manna, ek 104 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.450þ Vel með farinn bíll Rnr.154508. Skoðar skipti á ódyrari!!



DODGE Ram 1500 4wd. Árg 2003, 6manna, ek 104 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.450þ Vel með farinn bíll Rnr.154508. Skoðar skipti á ódyrari!!

Höfðabílar  
Fossháls 27, 110 Reykjavík  
Sími: 577 4747  
Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn  
[www.hofdabilar.is](http://www.hofdabilar.is)



TOYOTA Rav4. Árgerð 2005, ekinn 117 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.590.000. Rnr.140145. Flott eintak.



AUDI A6 3.2 new quattro. Árgerð 2005, ekinn 165 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.890.000. Rnr.140156.



PEUGEOT 407 sw 2.0i. Árgerð 2005, ekinn 120 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.290.000. Rnr.160262. TILBOÐ kr: 990.000,-



SUBARU Legacy. Árgerð 2007, ekinn 82 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.100101. TILBOÐ kr: 1.990.000,-



TOYOTA Land cruiser 120 gx. Árgerð 2004, ekinn 182P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.250.000. Rnr.110706. Góður bíll.

ASKJA notaðir bílar  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 590 2160  
[www.notadir.is](http://www.notadir.is)

### Bílar til sölu



Frábær fjölskyldubíll!  
Hyundai Trajet árg. 2007, ekinn 101þ. ssk, krókur, nýleg dekk. Ásett 1990þús. Tilboð 1690þús.(yfirtaka láns+550 þús). S:842-3328



Skoda Octavia 1,9 Diesel TDI. Sjálfsk. Ekinn 75. Árg. 2008. M/krók. Verð 2,380 (lán ákv. 1,100) skoða skipti á bíl á 1,000 +. Uppl. 618 3074.



Opel Corsa 1998. Í góðu standi, nýir bremsuborðar, barkar og nýtt pústkerfi. Búið að skipta um olíu og olíusú, kerti, loftslu o.fl. Er á góðum vetrar dekkjum og ný sumardekk fylgja með.Skoðaður 02-2013. Þarf smá lakkviðgerð. ISK 250.000 Upplýsingar í síma 825 7402.



Til sölu Opel Zafira árg. ,01. Ekinn 171 þús. Verð 500 þús. S. 650 3232.



Til sölu Peugeot 307 árg ,06 dísel. Ek. 91þ. Verðhugmynd 1390 þ S:6626773 Tómas



Toyota corolla ,03, 1,4. Ek. 148þ. Góður bíll. Ásett verð 790þ. Tilboð óskast. S. 695-0431/897-7006.



Santa Fe ,06. Ek. 82 þ. 5 g, ný timareim o.fl. Með krók. Vel með farinn. Ásett verð 1,7 M. S. 825 6669.



Tilboð á Nissan Leaf rafbílum. Voru niðurgreiddir í USA með skattaávilnunum. Frá Kr. 3.500.000 heimkominn með niðurfellingu tolla+VSK sem fæst tímabundið. Orkuveitan byrjuð að setja upp hraðhleðslustaurana í Reykjavík með ókeypis áfyllingu á rafbílum! Rafbílur, Metanbílar, Metanbreytingar. Ódyrari nýjri og notaðir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Islandus.is - S. 5222000

Tilboð á Nissan Leaf rafbílum. Voru niðurgreiddir í USA með skattaávilnunum. Frá Kr. 3.500.000 heimkominn með niðurfellingu tolla+VSK sem fæst tímabundið. Orkuveitan byrjuð að setja upp hraðhleðslustaurana í Reykjavík með ókeypis áfyllingu á rafbílum! Rafbílur, Metanbílar, Metanbreytingar. Ódyrari nýjri og notaðir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Islandus.is - S. 5222000



Suzuki Swift árgerð 2005 rauður. Ekinn 100700 km, 5 girar, lykillaus opnun og start. Loftkæling og þokuljós. Álfelgur og nýleg dekk. Verð 950.000 kr. Áhugasamir hafi samband í síma 6630768.



Golf 1.8 comfort ssk fylgja dekk/felgur. Ásett 550 tilboð 420 þús uppl 772 4094.



VW POLO 04 mikið endurnýjaður í toppstandi sk 13 ásett v.870.000 tilboð 550.000 þús upl. 6639714



Nissan patrol árg. 1998, 35" dekk. Ekinn 270 þ. km. Nýtt hedd, ný timareim. Filmur í gluggum. Verð 800 þúsund. Áhugasamir hafi samband í síma 663 0768.



Subaru Legacy ,99, ekinn 108 þús. til sölu. Sjálfskiptur, skoðaður 2013, góð heilsársdekk. Verð 550þús. Upplýsingar í síma 698 0955.



Bedford Slökkvibíll ,62 Er með tank og dælu sem er gríðarlega afkastamikil, þarf að yfirfara hann. Verð 350 þúsund. S: 844-5222.



Audi A4 sedan ,03. Ek 122 þ. 2L bensín. Ssk. Góð þjónusta og smurbók. Bíll í góðu standi. Vetrardekk. Ásett verð 1.290 þús. 500 þús. áhvil. S. 865-2200.




Mussu ,99 ekinn 220 þúsund, sjálfskiptur, vel umgenginn og með topplúgu á góðum ,32 dekkjum, nýskoðaður. Verð 390 þús. S: 844-5222.



Impreza WRX 2002. Ekinn 130 þús km. Ný skoðaður. Uppl 820 2345.



Volvo B10 ,90 lítur vel út, gæti hentað sem t.d. færanlegur vinnuskúur eða búð á hjólu er sætalaus og 30fm stór. S: 844-5222.



BMW 330i, árg. 2003, ek.130 þ. Vel búinn. Sumar+vetrardekk. Toppbíl. Uppl. í s. 899 8989.





## Núðluskálin Skólavörðustíg 8 leitar að starfsmönnum 2 til 3 kvöld í viku 4-5 klst í senn

Leitum að þjónustulundum sjálfstæðum vinnusömum einstaklingi. Ferilskrá sendist á nudluskalin@gmail.com

STAÐA FÉLAGSRÁÐGJAFI Í BARNVERND  
HJÁ FJÖLSKYLDU- OG FÉLAGSSVIÐI  
REYKJANESBÆJAR

## ATVINNA

Fjölskyldu- og félagssvið Reykjanessbæjar (FFR) auglýsir eftir starfsmanni í 100% stöðu á skrifstofu FFR.

Starfið felst í vinnu að barnavernd, ráðgjöf við foreldra og börn í Reykjanessbæ, samstarfi við leik-, grunnskóla og aðrar stofnanir sem tengjast börnum.

### Menntun og reynsla:

Æskilegt er að viðkomandi hafi lokið félagssráðgjafanami til starfsréttinda og sé með reynslu á sviði barnaverndar.

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf í síðasta lagi um áramót 2012 - 2013.

Laun eru skv. samningi Launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi fagfélags.

Umsóknnum skal skilað rafrænt á vef Reykjanessbæjar

<http://reykjanessbaer.is>

Umsóknarfrestur er til 26. október nk.

Nánari upplýsingar veitir María Gunnarsdóttir, forstöðumaður barnaverndar, í síma 421-6700,

[maria.gunnarsdottir@reykjanessbaer.is](mailto:maria.gunnarsdottir@reykjanessbaer.is)



## ÞAÐ VANTAR FLEIRI Á TOPPINN!

Vegna aukinna umsvifa og áherslubreytinga þurfum við að bæta við okkur framreiðslumönnum og framreiðslunemum á Grillið, Hótel Sögu.

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingum sem eru tilbúnir til að leggja sig alla fram í starfi. Viðkomandi verða að hafa ríka þjónustulund, vera útsjónarsamir, heiðarlegir, hafa gott auga fyrir gæðum og vera tilbúnir til að taka þetta aukaskref sem þarf til að gera gestinn ánægðan.

Á Radisson BLU Hótel Sögu er starfað eftir alþjóðlegum stöðlum virtrar hótélkeðju. Þar er sterk liðsheild sem setur mikinn metnað í fagleg vinnubrögð.

Allar nánari upplýsingar veitir Jakob Már Harðarson, veitingastjóri Grillsins í gegnum netfangið: [Jakob.Hardarson@radissonblu.com](mailto:Jakob.Hardarson@radissonblu.com)

Umsóknarfrestur er til 22. október 2012 og eru umsækjendur beðnir að senda umsóknir og ferilskrá á netfangið: [Anna.Jonsdottir@radissonblu.com](mailto:Anna.Jonsdottir@radissonblu.com)



Radisson BLU Saga Hotel • Hagatorg • 107 Reykjavík • Ísland



## Sérfræðingur í landupplýsingakerfum og kortlagningu vistgerða

Náttúrufræðistofnun Íslands auglýsir eftir sérfræðingi í landupplýsingakerfi til starfa við stofnunina í Garðabæ vegna kortlagningar vistgerða á Íslandi. Sérfræðingurinn verður ráðinn til þriggja ára með möguleika á framlengingu starfs.

### Starfið felur í sér:

- Kortagerð
- Frágang landfræðilegra gagna og vistun þeirra í gagnagrunnum

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í landfræði, líffræði eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af landupplýsingakerfum, greiningu og úrvinnslu tölfraðilegra gagna og framsetningu landupplýsinga
- Reynsla af uppbyggingu og varðveislu landfræðilegra gagnagrunna er nauðsynleg
- Kunnátta í notkun ArcGis hugbúnaðar og þekking á Erdas Imagine eða sambærilegum hugbúnaði
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku er nauðsynleg
- Sérfræðingurinn mun starfa í alþjóðlegu umhverfi


Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veita Borgþór Magnússon, forstöðumaður vistfræðideildar ([borgthor@ni.is](mailto:borgthor@ni.is)) og Sigmar Metúsalemsson, sérfræðingur ([sigmar@ni.is](mailto:sigmar@ni.is)).

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf og óskast send til Náttúrufræðistofnunar Íslands á netfangið [mariafb@ni.is](mailto:mariafb@ni.is) eða á heimilisfang Náttúrufræðistofnunar Íslands, Urriðaholtsstræti 6-8, 210 Garðabær.

Umsóknarfrestur er til 21. október 2012.

75 | ÁR Á FLUGI



## KOMDU TIL LIÐS VIÐ OKKUR

### TÆKNIKENNARI Í FRAMLEIÐSLUDEILD

Framleiðsludeild Icelandair Technical Services óskar eftir að ráða tæknikennara til starfa. Viðkomandi kemur til með að sinna eftirfarandi kennslu í starfi sínu:

### STARFSSVIÐ

- Tæknikennsla ákveðinna ATA kafla fyrir Boeing 757-200/300 og Boeing 737-Classic/NG.
- Human Factors (mannlegi þátturinn).
- Fuel Tank Safety (öryggisþættir vegna vinnu við eldsneytistanka).
- Anti/De-icing (afising flugvéla).
- Safety Management Systems (fyrirbyggjandi öryggisráðstafanir).
- Maintenance Organisation Exposition (Handbók Part 145 viðhaldsstöðvarinnar).
- Reglugerðabjálfun vegna Part-145, Part-M, Part-147.

Tæknikennari mun einnig sinna verkum eins og MEDA (Maintenance Error Decision Aid), rannsóknnum, endurskrifum á verklagsreglum framleiðsludeildar og öðrum tilfallandi verkefnum.

### HÆFNISKRÖFUR

- Flugvirkjamenntun.
- Þekking á og reynsla af viðhaldi flugvéla er kostur.
- Mjög góð tölvukunnátta er skilyrði.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Öguð og vönduð vinnubrögð.
- Frumkvæði og sjálfstæði.

### Nánari upplýsingar veita:

Theodór Brynjólfsson | [tbrynjol@its.is](mailto:tbrynjol@its.is)  
Steinunn Una Sigurðardóttir | [unasig@icelandair.is](mailto:unasig@icelandair.is)

+ Umsóknir óskast fylltar út á [www.icelandair.is/umsokn](http://www.icelandair.is/umsokn) eigi síðar en 25. október 2012.

ICELANDAIR







VAKI er leiðandi fyrirtæki í próun og markaðssetningu tækniúnaðar fyrir fiskeldi. Nánast öll framleiðsla er seld á erlenda markaði í gegnum umboðsaðila eða dótturfyrirtæki erlendis. VAKI hlaut útlutningsverðlaun Forseta Íslands árið 2009. Starfsmenn eru 22 á Íslandi og 12 starfa í dótturfyrirtækjum VAKA í Chile og Noregi. Sjá nánar á [www.vaki.is](http://www.vaki.is).

#### Nánari upplýsingar:

Pórir Þorvarðarson  
thorir@hagvangur.is

Elísabet Sværrisdóttir  
elisabet@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is).

## Rafvirki / Vélstjóri

Við leitum að öflugum liðsmanni til þess að takast á við spennandi verkefni með okkur.

#### Starfs- og ábyrgðarsvið:

Starfsmaðurinn verður í framleiðsluteymi VAKA.

#### Helstu verkefni:

- Innrétting rafmagns- og stýriskápa.
- Lokafrágangur í framleiðslu.
- Tækniaðstoð við undirverktaka.
- Fjarþjónusta við notendur.
- Viðgerðarþjónusta á verkstæði.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Rafvirki / vélstjóri.
- Tungumál: Góð enskukunnátta og helst eitt skandinavískt mál.
- Tölvukunnátta: Góð Microsoft Windows-kunnátta.

Við leitum að jákvæðum, vandvirkum, skipulögðum og áhugasömum liðsmanni sem getur unnið sjálfstætt.



## HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



Fastus þjónar stofnunum og fyrirtækjum á heilbrigðissviði, veitingastöðum, hótelum, stóreldhúsum og mótuneytum, matvælafyrirtækjum og öðrum iðnfyrirtækjum. Fastus býður m.a. vandaðar innfluttar sjúkravörur og aðrar vörur sem tengjast rekstri heilbrigðisstofnana. Meðal ráðgjafa fyrirtækisins eru hjúkrunarfræðingar, iðjuþjálfari, líffræðingur, matreiðslumeistarar og tæknimenntað fólk, sem tryggir viðskiptavinum á mismunandi sviðum örugga og faglega þjónustu. Nánari upplýsingar á [www.fastus.is](http://www.fastus.is).

#### Nánari upplýsingar:

Inga Steinunn Arnardóttir  
inga@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is).

## Ráðgjöf og sala á heilbrigðisvörum

Sölufulltrúi starfar á heilbrigðisæknisviði sem þjónustar m.a. sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir, dvalar- og hjúkrunarheimili, rannsóknarstofur og sjúkráþjálfunar- og endurhæfingarstöðvar.

#### Starfssvið:

- Bein samskipti við viðskiptavini
- Umsjón með þekktum vörumerkjum
- Öflun viðskiptasambanda
- Áætlanagerð
- Samskipti við erlenda birgja

#### Hæfniskröfur:

- Menntun á heilbrigðissviði, s.s. hjúkrunar- eða lyfjafræði
- Reynsla af starfi á heilbrigðisstofnun
- Góð tölvufærni
- Góð færni í íslensku og ensku
- Samskiptahæfileikar
- Áræðni og dugnaður



## HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

**Samkaup**

**nettó**  
*Ódýrt fyrir heimilið!*

Samkaup hf. er framsækið verslunarfyrirtæki sem rekur fimmtíu smásöluverslanir víðsvegar um landið. Helstu verslanir Samkaupa eru Nettó, Kaskó, Samkaup Úrval og Samkaup Strax.

## Innkaupastjóri matvöru

Innkaupasvið Samkaupa óskar eftir að ráða innkaupastjóra matvöru.

Innkaupastjóri ber ábyrgð á innkaupum, vöruvali og verðlagningu og gerir samninga um innkaupsverð og afhendingu vöru. Innkaupastjóri upplýsir stjórnendur verslana um gerða samninga og áherslur í matvörudeildum fyrirtækisins.

Starfið er krefjandi og gerir kröfur um hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð. Höfuðstöðvar fyrirtækisins – þ.m.t. innkaupasvið – eru í Reykjanesbæ.

#### Starfssvið:

- Innkaup matvöru hérlendis og erlendis
- Samningagerð við birgja og eftirfylgni samninga
- Skipulagning markaðssetningar og vöruframsetning í verslunum
- Samskipti við stjórnendur og starfsfólk verslana
- Samkeppnis-, sölu- og framlegðargreining

#### Hæfniskröfur:

- Reynsla af störfum við innkaup og verslun
- Góð vörubekking og þekking á matvörumarkaðnum
- Haldgóð menntun sem nýtist í starfinu



## HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



# DRAUMASTARFIÐ OG GOTT LIF Í SUNNDAL! NOREGI



**HITTIÐ SVEITARFÉLAGIÐ OG FYRIRTÆKIN Í REYKJAVÍK  
ÞRIÐJUDAGINN 16. október kl. 16.30-19.30 í HÖRPU**  
Salur: Silfurberg B  
Sérstök athygli er vakin á kynningu Ståle Refstie,  
bæjarstjóra á sveitarfélaginu Sunndal, kl. 17.00



Innst í fallegum firði í Mið-Noregi er Sunndal, umvafinn ósnortinni og fagurri náttúru. Frábær staður fyrir náttúruunnendur – og öruggt samfélag með allt sem þarf til að gera hvern dag að góðum degi. Góð upp-vaxtarskilyrði og öruggar aðstæður fyrir börn, unglinga, fjölskyldur og eldri borgara eru mikilvægustu þættir samfélagsins. Sunndal býður upp á spennandi atvinnutækifæri og við þurfum á að halda fagfólki eins og þér í krefjandi störf í fjölmörgum atvinnugreinum. Íslenska verkfræði- og ráðgjafar fyrirtækið HRV er nú þegar með starfsemi í Sunndalsøra og hér eru tækifæri fyrir fleiri!

ELLE mELLE Foto Thomas Møgaard

## LAUS STÖRF-

Sendu inn ferilskrá (CV) beint til fyrirtækjanna fyrir kynninguna og opnaðu þar með fyrir mögulegt starfsviðtal í Reykjavík. / Lesið nánar um Sunndal á [www.sunndal.com](http://www.sunndal.com) / Lesið nánar um störf í boði á [www.eures.is](http://www.eures.is)

### BRATSETH & GIKLING ELEKTRO AS

Leiðandi rafverktaki í Sunndalsøra í sjálfvirkni og raflögnum, bæði fyrir einkaaðila og iðnaðinn í Sunndalsøra og nágrenni.  
- Verkefnastjórn raflagnir  
- Rafvirki GR L  
Sími: +47 977 28 000  
e-mail: [rune.midthaug@bgi.no](mailto:rune.midthaug@bgi.no)  
[www.bgi.no](http://www.bgi.no)

### HRV ENGINEERING AS

Eitt af öflugustu verkfræðifyrirtækjum í Skandinavía og leiðandi á sviði EPCM þjónustu á Íslandi með áherslu á áliðnaðinn.  
- Rafmagnsverkfræðingur/tæknifræðingur  
- Vélaverkfræðingur/tæknifræðingur  
Sími: +47 957 90 671  
e-mail: [ellert@hrvengineering.no](mailto:ellert@hrvengineering.no)

### STORVIK AS

Leiðandi véla/verkfræðifyrirtæki í héraðinu, býður upp á þverfaglega þjónustu, framleiðslu og verkefni á alþjóðavísu fyrir áliðnaðinn, olú og gas, ásamt vatnsaflsvirkjunum.  
- Vélaverkfræðing M.Sc  
- Verkefnastjóra í áliðnaði  
Sími: +47 920 27 000  
e-mail: [ola.ulvund@storvik.no](mailto:ola.ulvund@storvik.no)  
[www.storvik.no](http://www.storvik.no)

### SUNNDAL KOMMUNE

Sunndal sveitarfélagið er með 715 ársverk sem skiptast á fjölmörg svið. Vöntun er á hæfileikaríku fólki til kennslu og heilsuönnunar/þjónstu. Lausar stöður eru auglýstar jafnóðum á heimasíðu sveitarfélagsins.  
Sími: +47 71 69 90 00  
[www.sunndal.kommune.no](http://www.sunndal.kommune.no)

### GRYTNES ENTREPRENØR/ GRYTNES BETONG

Einn stærsti aðilinn í heildarlausnum á sviði bygginga og lagna, með 85 starfsmenn og höfuðstöðvar í Sunndalsøra.  
- Verkefnastjóri byggingar/lagnir  
- Deildarstjóri  
- Framkvæmdastjóri  
Sími: +47 9753 9234  
e-mail: [tine.grytnes@grytnes.as](mailto:tine.grytnes@grytnes.as)  
[www.grytnes.as](http://www.grytnes.as)

### SUNNDAL VIKARBYRÅ AS

Ráðningaarskrifstofa með starfssvæði í Møre og Romsdal og í Sør-Trøndelag. Aðalskrifstofan er staðsett í Sunndalsøra.  
- Hjúkrunarfærðingur, tannlæknir  
- Iðnaðarmenn og verk/tækni/iðnfræðingar sérsvið byggingar/lagnir  
- Iðnaðarmenn og verk/tækni/iðnfræðingar sérsvið olía/gas  
- Fleiri áhugaverð störf í boði  
Sími +47 9540 3050  
e-mail: [aksel@sunndalvikar.no](mailto:aksel@sunndalvikar.no)  
[www.sunndalvikar.no](http://www.sunndalvikar.no)

### MAGNE NÆRUM AS

Virtur jarðvegsverktaki með höfuðstöðvar í Sunndalsøra og verkefni bæði á svæðinu sem og erlendis.  
- 2 verkefnastjórar/verkstjórar  
- 2 vinnuvélastjórnendur/verkamenn  
Sími: +47 90 03 04 20  
e-mail: [magne@naerum.no](mailto:magne@naerum.no)  
sími +47 9066 2634  
e-mail: [gunnar.erik@naerum.no](mailto:gunnar.erik@naerum.no)  
[www.naerum.no](http://www.naerum.no)

### HYDRO ALUMINIUM

Hydro Aluminium Sunndal er eitt stærsta og umhverfisvænsta álver í Evrópu, og hefur umtalsverða þýðingu í verðmætasköpun í Mið-Noregi. Lesið nánar um tækifæri á [www.hydro.com](http://www.hydro.com)

### ÁBYRGÐARAÐILI





## Verðbréfamiðlun

Höfum verið beðin um að leita að reynslumiklum og öflugum verðbréfamiðlara til að sinna fagfjárfestum fyrir traust fjármálafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Aðeins ábyrgur einstaklingur með gott tengslanet, sem hefur sannað sig í starfi, kemur til greina.

Nánari upplýsingar á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Síðumúla 5  
108 Reykjavík  
Sími 511 1225  
[www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

## Hjúkrunarfræðingur – Seljahlíð

Seljahlíð, heimili aldraðra óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing í 80 -100% starf frá 1. desember n.k.

### Helstu verkefni eru:

- Almenn hjúkrunarstörf
- Gerð hjúkrunaráætlunar og skráning hennar
- Framkvæmd RAI mats
- Tekur þátt í aðlögun nýrra starfsmanna
- Þátttaka í þróun hjúkrunar í Seljahlíð

### Menntunar og hæfniskröfur:

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Áhugi á starfi með öldruðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Umsækjendur er vinsamlega beðin að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

Umsóknarfrestur er til 28. október 2012.

Nánari upplýsingar veitir Margrét Árdís Ósvaldsdóttir í síma 540 2400, netfang [margret.ardis.osvaldsdottir@reykjavik.is](mailto:margret.ardis.osvaldsdottir@reykjavik.is)

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er.

# Framúrskarandi kennarar

## Óskast í Tækniskólann á vorönn 2013

### Raftækniskólinn

#### Ein staða í faggreinum rafiðna:

Menntun í iðn- eða tæknifræði í rafiðngreinum æskileg ásamt meistara- og kennsluréttindum.

Nánari upplýsingar veitir Valdemar G. Valdemarsson, skólastjóri Raftækniskólans, í síma 514 9251 og í tölvupósti, [vgv@tskoli.is](mailto:vgv@tskoli.is).

### Skipstjórnarskólinn

#### Ein staða í faggreinum skipstjórnar:

Skipstjórnarmenntun og reynsla nauðsynleg. Kennsluréttindi æskileg

Nánari upplýsingar veitir Vilbergur Magni Óskarsson skólastjóri Skipstjórnarskólans, í síma 514 9551 og í tölvupósti, [vmo@tskoli.is](mailto:vmo@tskoli.is).

### Tæknimenntaskólinn

#### Afleysingastaða í efnafræði:

Menntun í efnafræði/eðlisfræði og reynsla af kennslu á framhaldsskólastigi ásamt kennsluréttindum.

Nánari upplýsingar veitir Kolbrún Kolbeinsdóttir skólastjóri Tæknimenntaskólans, í síma 514 9301 og í tölvupósti, [kk@tskoli.is](mailto:kk@tskoli.is).

### Upplýsingatækniskólinn

#### Afleysingastaða í forritun á tölvubraut:

Góð menntun í forritun og kennslureynsla áskilin ásamt kennsluréttindum.


Nánari upplýsingar veitir Bjargey Gígja Gísladóttir skólastjóri Upplýsingatækniskólans, í síma 514 9351 og í tölvupósti, [bjgg@tskoli.is](mailto:bjgg@tskoli.is).

### Véltækniskólinn

#### Stöður í faggreinum vélstjórnar:

Óskað er eftir véltæknifræðingi/vélaverkfræðingi með starfsreynslu sem vélfræðingur. Kennsluréttindi æskileg.

Nánari upplýsingar veitir Egill Guðmundsson skólastjóri Véltækniskólans, í síma 514 9501 og í tölvupósti, [egud@tskoli.is](mailto:egud@tskoli.is).



Tækniskólinn  
skóli atvinnulífsins

Launakjör eru samkvæmt stofnanasamningi Tækniskólans og KÍ. Umsóknarfrestur er til 26. október. Umsóknir sendist á [bg@tskoli.is](mailto:bg@tskoli.is).

[www.tskoli.is](http://www.tskoli.is)



### Starfsmaður í ræstingu


Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir starfsmanni í ræstingu í fullt starf. Sjá nánari upplýsingar á [starfatorg.is](http://starfatorg.is).



### Húsasmiðir

ÍAV óskar eftir að ráða húsasmiði til starfa. Verkefnið sem um ræðir eru á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.

Nánari upplýsingar í síma 530 4200. Umsóknareyðublað má finna á heimasíðu [www.iav.is](http://www.iav.is)



ÍAV hf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík



### Heyrnarhjálp óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra fyrir félagið.

#### Starfslýsing:

Framkvæmdastjóri hefur umsjón með og ber ábyrgð á öllum daglegum rekstri félagsins, fjárreiðum, manna-haldi, útgáfustarfsemi og þjónustu við félagsmenn. Framkvæmdastjóri tekur virkan þátt í norrænu samstarfi systursamtaka og við aðra þá sem eflt geta og stutt félagið. Framkvæmdastjóri mótar markmið og stefnu félagsins í samvinnu við stjórn.

#### Hæfniskröfur:

Framkvæmdastjóri þarf helst hafa þekkingu á heyrnar-skerðingu, afleiðingum hennar og úrræðum. Hann þarf að vera vel rítfær á íslensku, geta tekið að sér ríttjórn og skrif og metið fagleg gæði upplýsinga. Góð samskipta- og rithæfni í norðurlandamáli og ensku.

Áhugasamir senda upplýsingar til formanns félagsins á netfangið [daniel@dgb.is](mailto:daniel@dgb.is) fyrir 15. Nóvember 2012. Öllum umsóknum verður svarað.



**Öflugur sölumaður**

Lítið en framsækið fyrirtæki óskar eftir að ráða sjálfstæðan, duglegan og hressan sölumann í ýmis sölustörf. Þarf að vera árangursdrifinn og drifandi. Reynsla æskileg. Góð, árangurstengd laun í boði fyrir rétta einstaklinginn. Vinsamlegast sendið ferilsskrá á [eternaliceland@simnet.is](mailto:eternaliceland@simnet.is)

**Sölustarf – Hársnyrtir óskast í hlutastarf**

Heildsala óskar eftir að ráða hársnyrtir í hlutastarf sem fyrst. Starfið felst í að kynna og selja vörur á hárgreiðslustofur o.fl. Skilyrði að vera hársnyrtir og að hafa bílpróf.

Þarf að búa yfir góðri íslensku og ensku kunnáttu og hafa grunnþekkingu á tölvur

Við leitum að jákvæðum starfsmanni sem getur starfað sjálfstætt og hefur mikla þjónustulund.

Umsókn ásamt ferilsskrá sendist fyrir **22. október** á [box@frett.is](mailto:box@frett.is)

**Tíminn****BLAÐAMENN OG AUGLÝSINGASÖLUMADUR ÓSKAST**

Leitum að þremur blaðamönnum og auglýsingasala. Tíminn er fréttá-, þjóðlífs, og afþreyingarmiðill á veraldarvefnum.

Vinsamlega sendið umsóknir á Helga Þorsteinsson framkvæmdastjóra Heilsíðu ehf. rekstraraðila Tímans.

**Tekið er við umsóknum á [helgi.thorsteinsson@internet.is](mailto:helgi.thorsteinsson@internet.is) farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**

**velmerkt****Vilt þú föndra í fullri stærð?**

Ört vaxandi fyrirtæki í skiltagerð og risaprentun, óskar eftir kvikum og klárum starfsmanni í fullt starf.

Við leitum einhvers yfir tvítugt sem getur hlaupið í ýmis verkefni, t.d. upplýsingar, bílamerkingar, gluggamerkingar og allrahandar reddingar.

Stundvísi, vandvirkni og reynsla af léttum iðnaðarstörfum æskileg.

Umsóknir ásamt ferilsskrá sendist á [axel@velmerkt.is](mailto:axel@velmerkt.is) fyrir **25. október 2012**.

**LAGER - ÚTKEYRSLA**

Heildverslun óskar eftir að ráða lagermann. Starfið er býsna fjölbreytt og snýr til að mynda að móttöku á vörum, tiltekt á pöntunum ásamt útkeyrslu svo eitthvað sé nefnt.

Við leitum að samvirkusömum einstaklingi með góða og vandaða framkomu, er reglusamur og hefur metnað til að takast á við krefjandi en jafnframt gefandi starf.

Reynsla er æskileg.

Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsækjendur vinsamlega sendið

a) Ferilsskrá

b) Mynd

á pósthfangið [lager082012@yahoo.com](mailto:lager082012@yahoo.com)

Reyklaus vinnustaður.

**Veðurstofa Íslands****Sérfræðingur í verkefnastjórnun**

Veðurstofa Íslands er opinber stofnun og heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 130 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Viðfangsefni Veðurstofu Íslands eru eðlisþættir jarðarinnar: Loft, vatn, snjór, jöklar, jörð og haf. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla, úrvinnsla og miðlun upplýsinga. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum: Eftirlits- og spásviði, Athugana- og tæknisviði, Úrvinnslu- og rannsóknasviði og Fjármála- og rekstrarsviði. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar [www.vedur.is](http://www.vedur.is).

Starfið fellur undir Fjármála- og rekstrarsvið. Hlutverk sviðsins er að gæta þess að fjárhagsáætlun og ársreikningur séu í samræmi við lög. Sviðið annast öflun og varðveislu fjármála- og rekstrarupplýsinga, greiningu þeirra og miðlun. Sviðið sér um rekstur upplýsingakerfa Veðurstofunnar og leggur til sérfræðipækkingu og þjónustu á vettvangi upplýsingatækni og verkefnastjórnunar.

Vegna aukninga á erlendum samstarfsverkefnum óskar Veðurstofa Íslands eftir að ráða sérfræðing í verkefnastjórnun á Fjármála- og rekstrarsvið.

Hlutverk sérfræðings í verkefnastjórnun er m.a. að hafa umsjón með verk- og kostnaðar-áætlunum innlendra- og erlendra verkefna; stýra, skipuleggja og samræma verkefni, auk þess að sinna skýrslugjöf og samningagerð.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- ▶ Háskólapróf á sviði raungreina, viðskipta eða lögfræði
- ▶ Háskólapróf í verkefnastjórnun og/eða farsæl reynsla á því sviði
- ▶ Þekking og reynsla af verkþáttum, verkáætlunum og verkskýrslum
- ▶ Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- ▶ Góð færni í Excel eða sambærilegum töflureiknum
- ▶ Frumkvæði og skipulagshæfni
- ▶ Gott vald á íslensku og ensku
- ▶ Æskileg reynsla af stýringu innlendra og erlendra rannsóknarverkefna

Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita **Hafdis Karlsdóttir** framkvæmdastjóri Fjármála- og rekstrarsviðs ([hafdis@vedur.is](mailto:hafdis@vedur.is), 522 6000) og **Borgar Ævar Axelsson** mannauðsstjóri ([borgar@vedur.is](mailto:borgar@vedur.is), 522 6000).

Umsóknarfrestur er til og með **29. október**.

Umsóknir sem greina frá menntun, reynslu og fyrri störfum skulu berast **Borgari Ævari Axelssyni, Bústaðavegi 7–9, 150 Reykjavík** eða í tölvupósti á netfangið [borgar@vedur.is](mailto:borgar@vedur.is) merkt „Sérfræðingur í verkefnastjórnun“.

Gildi Veðurstofunnar eru **þekking, áreiðanleiki, samvinna og framsækni**. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.

[www.vedur.is](http://www.vedur.is)  
522 6000

**Farðu á flug sem net-sérfræðingur hjá Vodafone**

Við viljum ráða til okkar netsérfræðing sem óttast ekki skemmtilegt umhverfi, með þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi verður líka að hafa mjög góða tölvukunnáttu, jafnvel forritunarkunnáttu og það væri ekki verra ef rafeindarvirkjunarmenntun myndi fylgja. Ef þig langar að sinna hönnun, uppsetningu og rekstri fyrirtækjatenginga Vodafone þá hvetjum við þig eindregið til að sækja um.


Nánari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur er að finna á [vodafone.is/storf](http://vodafone.is/storf).

Umsóknarfrestur er til og með **20. október 2012**

**Þín ánægja er okkar markmið**







# Spennandi tækifæri

## Viljum ráða áhugasaman einstakling til starfa

ÍSKRAFT óskar eftir að ráða karl eða konu til sölustarfa. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi með framtíðarstarf í huga.

- » Starfs- og ábyrgðarsvið:
  - Almenn sölustörf
  - Tilboðsgerð
  - Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum.
- » Menntunar- og hæfniskröfur:
  - Lönmenntun á rafmagnssviði æskileg
  - Reynsla í rafvirkjun eða úr sambærilegu starfi
  - Hæfni í mannlegum samskiptum.
  - Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi sem fellur að góðri liðsheid fyrirtækisins.

Umsóknir óskast sendar til ÍSKRAFT, Smiðjuveg 5, 200 Kópavogur, fyrir 20. október 2012. Upplýsingar veitir Jón Sverrir Sverrisson og Ólafur Jensson, netfang jon@iskraft.is og olij@iskraft.is / Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál.

Ískraft er rafiðnaðarheildsala og leiðandi á því sviði á íslenskum markaði. Fyrirtækið hefur starfað síðan 1975. Ískraft rekur 5 starfstöðvar, í Kópavogi, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi og Reykjanesbæ.

## ÍSKRAFT

# ATMO

Íslenskt tísku og-hönnunarhús  
opnar 15. nóvember við Laugaveg 91

Skapandi vinnustaður sem óskar eftir framúrskarandi starfsfólki sem hefur áhuga á tísku og hönnun í sölu og afgreiðslustörf.

ATMO leitar að metnaðarfullu starfsfólki í fullt starf og hlutastarf.

Áhugasamir sendi inn umsókn á [atmo@atmo.is](mailto:atmo@atmo.is).

[www.atmo.is](http://www.atmo.is)

## VANUR PRENTARI

Óskum eftir að ráða vanan prentara. Um er að ræða starf við prentun límíða og plastfilmu í verksmiðju Pmt. Eingöngu fagmaður sem er vandvirkur, stundvís, hefur góða reynslu við prentun og er þægilegur í umgengni kemur til greina. Starfsreynsla við flexó-prentun eða prentun límíða er æskileg.

Umsóknir og/eða fyrirspurnir sendist á [oddur@pmt.is](mailto:oddur@pmt.is). Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



Krókhálsi 1 • 110 Rvk • [www.pmt.is](http://www.pmt.is)



FERÐA  
MÁLA  
STOFA  
ICELANDIC  
TOURIST  
BOARD

## REKSTRARSTJÓRI FERÐAMÁLASTOFU

Ferðamálastofa leitar eftir rekstrarstjóra í 100% starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfið getur verið staðsett í Reykjavík eða á Akureyri. Laun eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

### Rekstrarstjóri mun heyra beint undir ferðamálastjóra en starfssvið hans er m.a.:

- Dagleg fjárhagsleg umsýsla stofnunarinnar, greiðsla reikninga og færsla bókhalds
- Vinna að gerð ársáætlana stofnunarinnar og eftirfylgni við þær
- Umsjón með samningagerð vegna styrkveitinga stofnunarinnar
- Umsýsla vegna starfsmannahalds, í samvinnu við ferðamálastjóra
- Staðgengill ferðamálastjóra í málefnum er lúta að almennri stjórnun

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða skyldum greinum er skilyrði
- Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af fjármálastjórnun hjá hinu opinbera
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði, kunnátta í fleiri tungumálum er kostur
- Framtakssemi, sjálfstæði í vinnubrögðum og löngun til að takast á við síbreytileg verkefni
- Samskiptahæfni

Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi stofnunarinnar á [www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is).

Umsóknarfrestur er til og með 28. október 2012. Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast skrifstofu Ferðamálastofu í Reykjavík, Geirsgötu 9, 101 Reykjavík eða á netfangið [olof@ferdamalastofa.is](mailto:olof@ferdamalastofa.is) og vera merktar starfinu. Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða en öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Ágúst Þorsteinsson rekstrarstjóri [jonagust@ferdamalastofa.is](mailto:jonagust@ferdamalastofa.is)

Geirsgata 9 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500 | Fax 535 5501  
Strandgata 29 | 600 Akureyri | Sími 535-5510 | Fax 535 5501



Við viljum ráða til okkar vana mótasmiði og verkamenn  
Áhugasamir hafi samband við Jón Ágúst í síma 897 8678 eða á [non@nonbygg.is](mailto:non@nonbygg.is)

**non**  
BYGGINGAFÉLAG

DIPS ASA er stærsta fyrirtæki Norðurlanda innan hugbúnaðar fyrir sjúkrahús. Okkar kerfi eru leiðandi á markaðnum vegna góðs notendaviðmóts og öryggis. DIPS ASA er fjárhagslega sterkt fyrirtæki með spennandi samninga við flest sjúkrahús í Noregi. Við erum 160 starfsmenn í Noregi.

## Hugbúnaðarþróun í Noregi

DIPS ASA hefur nýlega skrifað undir fleiri stóra samninga og er að skipuleggja mikinn vöxt á næstu árum.

Við sækjumst eftir bæði nýmenntuðu og reyndu starfsfólki innan tölvunarfræði eða verkfræði með reynslu í forritun.

Umsækjendur verða að hafa góða enskukunnáttu og tilbúnir til að læra norsku. Beinn hlekkur <http://www.jobbnorge.no/job.aspx?jobid=86861>

Kíktu einnig á heimasíðu okkar [www.dips.com](http://www.dips.com)



DIPS ASA er með á starfakynningu Eures 26. og 27. október í Ráðhúsi Reykjavíkur.



# Selena

## STARF Í UNDIRFATA- VERSLUN

Við leitum eftir áhugasömum einstaklingi, með reynslu af sölu-  
mennsku og verslunarstörfum,  
í tímabundið starf.

Umsóknir berist fyrir 21. október á  
netfangið: [selena@selena.is](mailto:selena@selena.is)



## Vilt þú auka tekjur þínar?

Viltu starfa sjálfstætt, ráða þínum eigin vinnutíma?  
Erum að leita eftir heiðalegu, ábyggilegu, framsæknu  
og duglegu fólki til að starfa með.  
Miklir framtíðarmöguleikar hérlandis og erlendis.  
Alþjóðlegt fyrirtæki, eitt stærsta og farsælasta fyrirtæki  
á sínu sviði í heiminum í dag, starfar í yfir 150 löndum.  
Árangurstengdar tekjur auk mögulegra bónusa.  
Tekjumöguleikar  
70.000 - 300.000 kr. á mán.  
300.000 - 600.000 kr. á mán.

Áhugasamir hafið samband:  
820-4122 eða [moguleiki@gmail.com](mailto:moguleiki@gmail.com)



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Embætti forstöðumanns Minjastofnunar Íslands

Staða forstöðumanns Minjastofnunar Íslands, sem  
veitt er frá 1. janúar 2013, er laust til umsóknar.  
Auglýsing fyrir stöðuna með lýsingu á  
menntunar- og hæfniskröfum hefur verið birt í  
Lögbirtingablaðinu, á Starfatorgi og á vef mennta-  
og menningarmálaráðuneytis.

Umsóknarfrestur er til 26. október 2012.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti,  
5. október 2012.  
[menntamálaráðuneyti.is](http://menntamálaráðuneyti.is)

## Rafkaup

Rafkaup er þjónustufyrirtæki sem  
sérhæfir sig í sölu og þjónustu á  
lömpum, lampabúnaði, ljósaperum  
og innlagnaefni.

Rafkaup er umboðsaðili þekkra  
vörumerkja eins og SYLVANIA,  
DELTA LIGHT og TARGETTI.

Rafkaup var stofnað árið 1982.

## Sölumaður í verslun

Rafkaup óskar eftir sölumanni í verslun sína við Ármúla

### Starfslýsing:

Almenn verslunarstörf, s.s. sölumennska, vöruframsetning, innkaup,  
áfylling og fleira. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 10:00 - 18:00 og  
tveir laugadagar í mánuði frá kl. 11:00 - 16:00.

### Hæfniskröfur:

Reynsla af verslunarstörfum, sjálfstæð vinnubrögð, góð þjónustulund,  
stundvísi og gott skipulag.

Einungis reyklusir einstaklingar eldri en 25 ára koma til greina.

Æskileg er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknir ásamt  
ferilskrá skal senda til [atvinna@rafkaup.is](mailto:atvinna@rafkaup.is) fyrir 18. október.

Rafkaup hf - Ármúla 24 - 108 Reykjavík - [www.rafkaup.is](http://www.rafkaup.is)

## Forritari

Um er að ræða starf forritara fyrir innri vef Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri,  
Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólans á Hólum, sem gengur undir nafninu „UGLA“.

- Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem sjálfstæði og skipulagshæfileikar fá að njóta sín.
- Nýr starfsmaður verður hluti af öfluglu hugbúnaðarteymi sem þróar fjölbreyttar  
og sérhæfðar hugbúnaðarlausnir fyrir háskólasamfélagið.
- Reiknistofnun býður góða vinnuástöðu við Sturlugötu, gott mótuneyti og gefandi  
starfsumhverfi.

Leitað er að áhugasömum einstaklingi með reynslu af forritun í PHP eða sambærilegu máli.  
Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun er kostur.  
Mögulegt er að nýr starfsmaður geti sinnt starfinu utan Reykjavíkursvæðisins.

Nánari upplýsingar veitir:  
Ragnar Stefán Ragnarsson, deildarstjóri hugbúnaðarpróunar hjá Reiknistofnun  
Háskóla Íslands, í síma 525 4221, [netfang: ragnarst@hi.is](mailto:netfang:ragnarst@hi.is).

Umsóknir skal senda til starfsmannasviðs Háskóla Íslands,  
Aðalbyggingu við Suðurgötu, 101 Reykjavík, eða á netfangið  
[starfsumsoknir@hi.is](mailto:starfsumsoknir@hi.is), merkt **HI12100110**.

Umsóknarfrestur er til **29. október 2012**.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPA\TBWA • SÍA • 122930

## VSÓ RÁÐGJÖF

[www.vso.is](http://www.vso.is)



## Rafmagnsverkfræðingar - Rafmagnstæknifræðingar

Leitað er að ungum rafmagnsverk- eða tæknifræðingum til starfa, áhugasömu og tåpmiklu fólki sem býr yfir:

- Faglegum metnaði og vilja til að þroskast í starfi.
- Kunnáttu í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli.
- Góðum hæfileikum til að tjá sig í ræðu og riti.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Störfin felast einkum í:

- Hönnun rafkerfa og lýsingar, lág- og smáspennukerfi.
- Lýsingarhönnun gatna, stíga og umhverfis.
- Ráðgjöf, áætlanagerð og þátttöku í framkvæmdaefirliti.

A.m.k. 3-5 ára starfsreynsla er kostur, æskilegt er að viðkomandi hafi lokið framhaldsnámi (M.Sc) og séu  
reiðubúnir til að sinna verkefnum bæði hér á landi og í Noregi.

VSÓ Ráðgjöf býður starfsmönnum sínum samkeppnishæf kjör, góða vinnuástöðu, fjölskylduvænan  
vinnustað, góða vinnufélaga og fjölbreytt verkefni. Fyrirspurnir og umsóknir skulu sendast á netfangið  
[umsokn@vso.is](mailto:umsokn@vso.is), fyrir 25. október 2012.

Borgartúni 20, 105 Reykjavík, sími: 585 9000, heimasíða: [www.vso.is](http://www.vso.is)

VSÓ Ráðgjöf hefur starfað frá árinu  
1958 og er eitt af rötgrónustu  
verkfræðifyrirtækjum landsins.  
Mikil áhersla er lögð á fagleg vinnu-  
brögð og góða þjónustu.

Starfsmenn VSÓ Ráðgjafar eru nú  
um 60 og sinna alhliða hönnun og  
ráðgjöf vegna hverskonar mann-  
virkjagerðar, skipulags og umhverfis-  
mála.

Verkefni stofunnar eru á Íslandi,  
Norðurlöndunum og víðar um heim.

VSÓ er í samstarfi við erlend ráðgjafar-  
fyrirtæki og VSO Consulting AS er  
dótturfyrirtæki VSÓ í Noregi.



## Bókari hjá LÍN



Lánasjóður íslenskra námsmanna óskar eftir að ráða bókara til starfa í deild fjármála og bókhalds sjóðsins frá og með 15. nóvember 2012.

<b>Starfssvið</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Umsjón með dagsuppgjöri, skráningu og bókun reikninga ásamt afstemmingum</li> <li>Afstemming bankareikninga og utanumhald og skjölun bókhaldsgagna</li> <li>Aðstoð við ýmsa úrvinnslu úr bókhaldi</li> <li>Aðstoð við frágang bókhaldsgagna fyrir endurskoðun</li> </ul>	<b>Eiginleikar umsækjanda</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Góðir samskiptahæfileikar</li> <li>Skipulögð og nákvæm vinnubrögð</li> <li>Frumkvæði og sjálfstæði í starfi</li> </ul>	<b>Menntun og hæfniskröfur</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Háskólapróf sem nýtist í starfi</li> <li>Þekking og reynsla af bókhaldsvinnu er nauðsynleg</li> <li>Reynsla af Microsoft Dynamics NAV bókhaldskerfi æskileg</li> <li>Kunnáttu í Excel mikilvæg</li> </ul>
---	---	---

Í boði er lífandi og krefjandi starfsumhverfi þar sem starfsþróun og uppbygging öflugrar þjónustu haldast í hendur.

Starfið hentar jafnt körlum sem konum en í samræmi við jafnréttisáætlun LÍN er unnið markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan stofnunarinnar.

Umsóknir skulu sendar á [lin@lin.is](mailto:lin@lin.is) merktar „Bókari hjá LÍN“

Umsóknarfrestur er til **28. október 2012**.



Lánasjóður íslenskra námsmanna  
Borgartúni 21 // 105 Reykjavík  
Sími 560 4000 // Fax 560 4090  
[lin@lin.is](mailto:lin@lin.is) // [www.lin.is](http://www.lin.is)

## Hjúkrunarfræðingar / Læknar

Skurð- og Svæfingahjúkrunarfræðingar

Við hjá Xtra Personell Care vinnumiðlun verðum í Ráðhúsi Reykjavíkur á Eurostar starfakynningunni föstudaginn 26. október frá kl. 16-19 og laugardaginn 27. október frá kl. 12-17.

Endilega kíkið á okkur og fáið upplýsingar um störf heilbrigðisstarfsfólks í Noregi.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Eyrún - Liv og May Britt



Hreinsibílar ehf er fyrirtæki sem sérhæfir sig í hreinsun, myndun og fódruun frárennslislagna

## Vegna aukinna verkefna leita Hreinsibílar ehf. að starfsmönnum

Við leitum að starfsmönnum til starfa við lagnahreinsun, lagnafóðranir og lagnamyndun.

- Meirapróf er mikill kostur
- Þekking á sviði lagna er æskileg
- Vinnugleði og jákvæðni er nauðsyn

Umsækjendur þurfa að vera stundvísir og áreiðanlegir, og geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir og ferilskrá sendist á netfangið [bjarni@hreinsibilar.is](mailto:bjarni@hreinsibilar.is)

Nánari upplýsingar veitir Bjarni Svanur í síma 551 5151

Umsóknum skal skila **fyrir kl 17:00, mánudaginn 22. október**.

Nánari upplýsingar má finna á [www.hreinsibilar.is](http://www.hreinsibilar.is)

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ SKJALASTJÓRI

Bæjarskrifstofur Garðabæjar auglýsa eftir skjalastjóra til starfa.

Leitað er að metnaðarfullum og kraftmiklum einstaklingi með þekkingu á skjalastjórnun og skjalastjórnunarkerfum. Á Bæjarskrifstofum Garðabæjar er ONE skjalastjórnunarkerfi og unnið er að innleiðingu þess fyrir sérsvið.

Starfsmenn Garðabæjar hafa að leiðarljósi gildin: Jákvæðni, fagmennsku og áreiðanleika.

### Starfssvið:

- Umsjón með skjalakerfi bæjarins
- Þróun og mótun verklags við skjalastjórnun fyrir Garðabæ í heild
- Eftirfylgni við skjalavistun
- Ráðgjöf og stuðningur til stjórnenda og starfsmanna á sviði skjalastjórnunar
- Ábyrgð á að reglugerðum og lögum um skjalastýringu sé framfylgt
- Ýmis önnur verkefni sem til falla hverju sinni

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í bókasafns- og upplýsingafræðum
- Reynsla af sambærilegu starfi og reynsla af notkun skjalakerfa
- Góð almenn tölvukunnáttu, nákvæm og öguð vinnubrögð
- Framúrskarandi þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði

Umsóknarfrestur er til og með **28. október 2012**.

Vinsamlegast fyllið út almenna atvinnuumsókn á Mínum Garðabæ.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélags.

### Nánari upplýsingar:

Guðfinna B. Kristjánsdóttir, upplýsingastjóri  
Sími 525 8500

Netfang: [gudfinna@gardabaer.is](mailto:gudfinna@gardabaer.is)



GARÐABÆR  
[www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

þjónusta til þín



## Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Starfsmaður í vínubúð	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Siglufjörður	201210/034
Nýdoktor (post doc)	Háskóli Íslands, menntavísindasvið	Reykjavík	201210/033
Forritari	Háskóli Íslands	Landið	201210/032
Afleysing sérfr. í lyflækningum	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201210/031
Deildarlæknar í starfsnámi í lyflækningum	Landspítali, aðst.lækn. lyflækninga	Reykjavík	201210/030
Sjúkraþjálfarar	Landspítali, sjúkraþjálfun	Reykjavík	201210/029
Hjúkrunarfræðingar	Landspítali, göngudeild 10E	Reykjavík	201210/028
Sérfr. í endurhæfingageðhjúkrun	Landspítali, göngudeild	Reykjavík	201210/027
Talmeinafræðingar	Landspítali, talmeinaþjónusta	Reykjavík	201210/026
Skrifstofumaður	Einkaleyfastofan	Reykjavík	201210/025
Bókari	Lánasjóður íslenskra námsmanna	Reykjavík	201210/024
Forstöðumaður	Minjastofnun Íslands	Landið	201210/023
Rekstrarstjóri	Ferðamálastofa	Akureyri, R.vík	201210/022
Starfsmaður	Velferðarráðuneytið	Reykjavík	201210/021
Aðalvarðstjórar	Ríkislögreglustjóri	Reykjavík	201210/020
Aðalvarðstjórar	Ríkislögreglustjóri	Reykjavík	201210/019

## VAKTSTJÓRI ÓSKAST!

### KREFJANDI STARF!

**English Pub** Austurstræti óskar eftir að ráða vaktstjóra til starfa á líflegum og skemmtilegum stað.

Umsækjendur verða hafa **reynslu af því að starfa á bar, metnað í starfi** og verða að vera **eldri en 20 ára**.

Umsækjendur sendi **umsókn ásamt ferilskrá og mynd** á tölvupóstfangið [ingvar@enskibarinn.is](mailto:ingvar@enskibarinn.is)

THE ENGLISH PUB  
Save Water, Drink Beer

[www.vinna.is](http://www.vinna.is)



## Lagermaður

Skaginn hf. óskar eftir að ráða lagermann.

Leitað er að einstaklingi sem getur tekið við sem lagerstjóri fyrirtækisins á næsta ári þegar núverandi lagerstjóri lætur af störfum.

Við leitum að einstaklingi sem er drifandi, á auðvelt með að vinna undir álagi og á gott með að eiga samskipti við fólk.

Æskilegt er að viðkomandi aðili hafi eftirtalið til brunns að bera:

- Hafi reynslu af störfum í málmiðnaði.
- Hafi þekkingu á Navision.
- Tali og skrifi ensku og norðurlandamál.

Umsóknnum um starfið skal skila fyrir kl. 17.00 miðvikudaginn 17. október nk. til Þorgeirs Jósefssonar, framleiðslu- og þjónustustjóra, sem jafnframt veitir nánari upplýsingar. Netfangið er thorgeir@skaginn.is og símanúmerið er 430-2000.



Bakkatúni 26, 300 Akranes, Sími: 430-2000, Fax: 430-2001, www.skaginn.is

Skaginn hf. er leiðandi fyrirtæki í hönnun og þróun ýmissa framleiðslutækja fyrir matvælaíðnaði. Rætur fyrirtækisins liggja í fiskiðnaðinum en það vinnur einnig í kjöt- og kjúklingsiðnaðinum.

## Embætti skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps auglýsir eftirfarandi stöður lausar til umsóknar

### Ritari byggingarfulltrúa:

Í starfinu felst almenn skrifstofuvinnu á byggingarsviði við skráningu og meðferð byggingarmála. Viðkomandi einstaklingur þarf að vera sjálfstæður og skipulagður í vinnubrögðum, vera fljótur að læra og tilbúinn að takast á við margskonar verkefni og hafa góða þjónustulund.

Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði auk hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæði í vinnubrögðum. Stúdentspróf er æskilegt.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi, FOSS  
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

### Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa:

Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa starfar með byggingarfulltrúa við alla almenna meðferð byggingarmála samkvæmt mannvirkjalögum og byggingarreglugerð, svo sem við yfirferð teikninga, úttektir og mælingar.

Hæfniskröfur eru háskólapróf á sviði byggingartækni- fræði eða byggingarfræði og góð almenn tölvukunnátta. Reynsla af sambærilegum störfum og / eða við hönnun bygginga er æskileg.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands Íslenskra Sveitarfélaga og Kjarafélags Tæknifræðinga- félags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga. Ráðið er í starfið frá og með 1. janúar 2013.

Embætti skipulags- og byggingarfulltrúa er staðsett á Laugarvatni og þjónar sveitarfélögunum Bláskóga- byggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunaman- nahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi.

Umsóknir skulu berast embættinu að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni, fyrir 19. október n.k. Nánari upplýsingar um starfið veita Helgi Kjartansson byggingarfulltrúi (helgi@sudurland.is) og Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi (petur@sudurland.is) í síma 486 1145 milli kl. 9 og 12 alla virka daga.

# ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi



## ÖRYGGISSTJÓRI – NOREGUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða byggingarverkfræðing/byggingartækni- fræðing til starfa við framkvæmdir í Noregi. Um er að ræða stjórnun gæða- og öryggismála ásamt öðrum verkefnum í stjórnun framkvæmda.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði byggingarverkfræði eða byggingartækni- fræði er skilyrði.
- Reynsla af stjórnun gæða- og/eða öryggismála.
- Gott vald á norsku eða öðru norðurlandamáli er æskilegt.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Upplýsingar um starfið eru veittar á skrifstofu ÍSTAKS, Bugðuflijóti 19, 270 Mosfellsbæ og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Sækja skal um starfið á [www.istak.is](http://www.istak.is) – undir „Starfsúmsókn“ fyrir 22. október næstkomandi.

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.

ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stór- iðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvallar. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.



TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

## Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir að ráða öflugan bifvélavirkja

Við leitum að jákvæðum, drifandi og framsæknum einstaklingum sem hafa áhuga á að takast á við krefjandi og spennandi framtíðarstörf.

### Bifvélavirkjar - Almennar viðgerðir

#### Starfssvið:

- Almennar bílaviðgerðir
- Önnur tilfallandi verkefni

#### Hæfniskröfur:

- Próf í bifvélavirkjun
- Starfsreynsla og góð þekking á bílum
- Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni
- Jákvæðni og vinnugleði

Áhugasamir sendi umsókn fyrir 20. október á netfangið [atvinna@toyota.is](mailto:atvinna@toyota.is), merkt starfi sem sótt er um.

Nánari upplýsingar veitir Metta Kristín Friðriksdóttir á netfangið [metta@toyota.is](mailto:metta@toyota.is)

**Toyota Kaupþúni**  
Kaupþúni 6  
Sími: 570 5070  
[www.toyotakaupthuni.is](http://www.toyotakaupthuni.is)

Bifreiðaverkstæði Toyota Kaupþúni er eitt hið glæsilegasta á landinu. Þar eru 47 stæði, 15 oliubarir og allur aðbúnaður bifvélavirkja eins og best verður á kosið.

Toyota Kaupþúni er öflugt þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á Toyota og Lexus bílum sem hafa um árabil verið þeir vinsælustu á Íslandi.

Þar starfar metnaðarfullur hópur starfsmanna eftir gildum Toyota „The Toyota Way“ sem eru lykillinn að velgengni fyrirtækisins.

Framtíðarsýn okkar er:  
„Framsæknasta þjónustufyrirtækið á Íslandi“

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á [WWW.CAPACENT.IS](http://WWW.CAPACENT.IS)

capacent





## Mannauðsstjóri

Matvælastofnun auglýsir laust til umsóknar starf mannauðsstjóra á rekstrar- og mannauðssviði stofnunarinnar á Selfossi. Leitað er að öflugum einstaklingi til að leiða mannauðsmál innan stofnunarinnar.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Mótun stefnu um mannauðsmál og eftirfylgni verkefna sem falla undir stefnuna
- Þróun og eftirfylgni starfsþróunaráætlunar og hæfnisþróunar, auk umsjón með fræðslu
- Eftirfylgni og stuðningur vegna frammistöðutengdra starfsmannasamtala
- Gerð og þróun stofnanasamninga, samskipti við stéttarfélag
- Mannafliðsspar og ráðningar
- Ábyrgð á að veita starfsmönnum og stjórnendum stuðning og ráðgjöf í mannauðsmálum
- Önnur verkefni sem starfsmanni eru falin

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af mannauðsstjórnun og þekking á sviði mannauðsstjórnunar
- Reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu, vinnurétti og af samskiptum við stéttarfélag er kostur
- Nákvæmni, frumkvæði, fagleg vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Samskipta- og leiðtogahæfileikar
- Greiningarhæfni og reynsla af umsjón launavinnslu
- Hæfni til að leiða verkefni og breytingar
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti

Nánari upplýsingar um starfið veitir Stefán Guðmundsson forstöðumaður rekstrar- og mannauðssviðs Matvælastofnunar í síma 530-4800. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og skýr rökstuðningur fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur fyrir starfið. Umsóknnum skal skila rafrænt í gegnum þjónustugátt Matvælastofnunar á vefsíðu stofnunarinnar: <http://umsokn.mast.is>. Umsóknarfrestur er til og með **22. október 2012**. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna. Öllum umsóknum verður svarað.

Hjá Matvælastofnun starfa rúmlega 70 starfsmenn. Stofnunin sinnir stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla. Stofnunin starfar samkvæmt eftirfarandi gildum: árvekni, framsækni, traust og gegnsæi. Nánari upplýsingar um stofnunina er að finna á [www.mast.is](http://www.mast.is).

...frá heilbrigði til hollustu

Við viljum ráða til okkar vana mótasmiði og verkamenn

Áhugasamir hafi samband við Jón Ágúst í síma 897 8678 eða á [non@nonbygg.is](mailto:non@nonbygg.is)

**non**  
BYGGINGAFÉLAG

**ATMO**

Íslenskt tísku og-hönnunarhús  
opnar 15. nóvember við Laugaveg 91

Skapandi vinnustaður sem óskar eftir framúrskarandi starfsfólki sem hefur áhuga á tísku og hönnun í sölu og afgreiðslustörf.

ATMO leitar að metnaðarfullu starfsfólki í fullt starf og hlutastarf.

Áhugasamir sendi inn umsókn á [atmo@atmo.is](mailto:atmo@atmo.is).

[www.atmo.is](http://www.atmo.is)



## Vegna aukinna umsvifa

### óskum við eftir að ráða öfluga bifreiðasmiði

Við leitum að jákvæðum, drífandi og framsæknum einstaklingum sem hafa áhuga á að takast á við krefjandi og spennandi framtíðarstörf.

### Bifreiðasmiður

#### Starfssvið:

- Almennar viðgerðir við bílaréttingar

#### Hæfniskröfur:

- Próf í bifreiðasmiði
- Starfsreynsla æskileg
- Góð þekking á bílum
- Hæfni í mannlegum samskiptum mikilvæg
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

Áhugasamir sendi umsókn fyrir 20. október á netfangið [atvinna@toyota.is](mailto:atvinna@toyota.is), merkt starfi sem sótt er um.

Nánari upplýsingar veitir Metta Kristín Friðriksdóttir á netfangið [metta@toyota.is](mailto:metta@toyota.is)

**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Sími: 570 5070  
[www.toyotakaupuni.is](http://www.toyotakaupuni.is)

Málningar- og réttingaverkstæði Toyota Kaupúni er eitt hið glæsilegasta á landinu. Þar er unnið eftir hringflæði sem þýðir að bíllinn fer í rökréttu flæði úr réttingu í undirbúning, þaðan í málun og svo í eftirvinnslu og gæðaskoðun. Á verkstæðinu eru 6 undirbúningsstæði og tveir vatnskynntir máningarklefar, 32 stæði alls á 1800 fm. gólfleti.

Toyota Kaupúni er öflugt þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á Toyota og Lexus bílum sem hafa um árabíl verið þeir vinsælustu á Íslandi.

Þar starfar metnaðarfullur hópur starfsmanna eftir gildum Toyota „The Toyota Way“ sem eru lykillinn að velgengni fyrirtækisins.

Framtíðarsýn okkar er:  
„Framsækna þjónustufyrirtækið á Íslandi“

**breakbeat**  
laugardagskvöld  
kl. 22

**X** 97.7



## STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísir, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir. **VÍSIR**



### Air Crash Investigation

Flugslys krufin til mergjar og orsökinn fundin



NATIONAL GEOGRAPHIC CHANNEL ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STÖD2.IS

## Kanntu að hjóla? -> Ertu til í að prófa?

Sabre Airline Solutions leitar að hjólreiðamanni.

Sabre er stórt alþjóðlegt fyrirtæki sem meðal annars selur hugbúnaðarlausnir til flugfélaga á alþjóðamarkaði. Við byggjum árangur okkar á þekkingu á rekstri flugfélaga, stöðugri þróun lausna okkar og hæfu og ánægðu starfsfólki. Líðsheid okkar er sterk – hjá Sabre starfa nú rúmlega 10.300 manns um allan heim, þar af 48 á Íslandi.

## Sérfræðingur á lausna- og ráðgjafasviði -> Sérfræðingur í hugbúnaðarprófunum

### Starfssvið

- Prófanir á hugbúnaðarlausnum Sabre Airline Solutions
- Prófunarvinna sem hluti af hugbúnaðarteymi
- Ritun prófunarskjala
- Hönnun og útfærsla á sjálfvirkum prófunum (Fit/FitNesse)
- Uppbygging og endurbætur á prófunarferlum
- Þarfagreining og mat á verkþáttum

### Menntunar og hæfniskröfur

- Reynsla af Agile/Scrum aðferðafræði
- Reynsla af og áhugi á að vinna við prófanir sem hluti af hugbúnaðarteymi
- Þekking á og reynsla af skipulagningu hugbúnaðarprófana og ritun prófunarskjala
- Reynsla af þarfagreiningu og mati á umfangi verkþátta
- Góð enskukunnátta

Tæknileg reynsla og þekking á: Java, JUnit, Fit/FitNesse, XML, WebServices, SQL (Oracle)

Umsóknarfrestur er til og með 26. október 2012.

Umsækjendur skili ferilskrám í tölvupósti á [hildur.jonsdottir@sabre.com](mailto:hildur.jonsdottir@sabre.com)

**Sabre** / **Airline Solutions**

Vesturhlíð 7, 105 Reykjavík Sími: 525 9100 [www.sabreairlinesolutions.com](http://www.sabreairlinesolutions.com)

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

[www.stra.is](http://www.stra.is)



## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031  
[stra@stra.is](mailto:stra@stra.is) - [gudny@stra.is](mailto:gudny@stra.is) - [www.stra.is](http://www.stra.is)





Vífílfell er framsækið markaðs- og þjónustufyrirtæki sem starfar fyrst og fremst á sviði drykkjarvöru. Vörumerkjaflóra Vífílfells samanstendur af mörgum af þekktustu vörumerkjum veraldar og eru vörumerki frá The Coca-Cola Company þar fremst í flokki.

Við bjóðum upp á krefjandi starfsumhverfi þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, gott upplýsingaflæði og tækifæri til starfsþróunar.

Vífílfell óskar eftir tveimur sölufulltrúum til starfa. Við leitum að metnaðarfullum, jákvæðum og þjónustulundduðum einstaklingum í áhugaverð ábyrgðarstörf.

## Sölufulltrúi í símasölu

- Umsjón með sölu í gegnum síma til viðskiptavina Vífílfells um allt land
- Almenn skrifstofustörf
- Þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

## Sölufulltrúi á ferðinni

- Heimsóknir, sala og þjónusta til viðskiptavina í Reykjavík og nágrenni
- Lágmarks viðhaldsvinna á tækjum
- Eftirlit með tækjum í eigu Vífílfells, s.s. dælum, kaffivélum og kælibúnaði
- Eftirlit með áfyllingum
- Önnur tilfallandi verkefni

### Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf, verknám í iðn, tölvu- og skrifstofunám eða sambærileg menntun
- Frumkvæði, sjálfstæði, skipulagshæfileikar og metnaður
- Áhugi á sölumennsku, reynsla æskileg
- Rík þjónustulund, áreiðanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta



### Nánari upplýsingar veitir

Inga S. Arnardóttir, [inga@hagvangur.is](mailto:inga@hagvangur.is)  
Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)  
Umsóknarfrestur er til og með **21. október nk.**

## Bakari óskast

Sauðárkróksbakari óskar eftir bakara í fullt starf. Okkur vantar að fá góðan bakara eða nema. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og hafa áhuga og metnað.

Upplýsingar veitir Róbert Óttarsson í síma 6960700 eða með tölvupósti [saudarkroksbakari@gmail.com](mailto:saudarkroksbakari@gmail.com)



GT Verktakar ehf

Óska eftir bílstjórum í vetrarþjónustu. Meirapróf æskilegt.

Upplýsingar í síma 896 3801 & [kristinn@gtv.is](mailto:kristinn@gtv.is)



FISH - MEAT - SUSHI

## Starfsfólk óskast

Veitingastaðurinn Rub23 Reykjavík óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi stöður:

- Þjónn/Vaktstjóri
- Starfsmenn í eldhús með áhuga á sushi

Við leitum að áhugasömum og metnaðarfullum starfskröftum, reynsla er kostur. Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn með ferilskrá á [reykjavik@rub23.is](mailto:reykjavik@rub23.is)

# ERT ÞÚ Á SKRÁ

Skráning á [www.vinna.is](http://www.vinna.is) er umsækjendum að kostnaðarlausu!

[vinna.is](http://vinna.is)  
sími: 511 1144

### » Ráðningarþjónusta

## Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna rétta einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

#### ■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnarunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

#### ■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

#### ■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

#### ■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

#### ■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnarunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

#### ■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

#### ■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

#### ■ Sanngjarnt verð

Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhlíða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is)



HH  
RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA



## Dýrarikið leitar að starsfólki í sölumennsku og skjalagerð

Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu á dýrum og góða þjónustulund. Vinsamlegast sendið umsóknir með ferilskrá á [dyrarikid@dyrarikid.is](mailto:dyrarikid@dyrarikid.is)



## KÓPAVOGSBÆR

### Spennandi störf

- **Launafulltrúi** í starfsmannadeild
- **Umhverfisfulltrúi** á umhverfissviði
- **Þroskajálfar** á heimili fyrir fatlað fólk
- **Starfsmaður** á heimili og hæfingarstöð
- **Kennari** í nýbúadeild Álfrólsskóla
- **Forstöðumaður** í dægradvöl Snælandsskóla
- **Starfsmaður** í dægradvöl Snælandsskóla
- **Skólaliði** í Kópavogsskóla
- **Leikskólakennari** í leikskólann Álfatún
- **Leikskólakennari** í leikskólann Sólhvörf
- **Leikskólakennari** í leikskólann Núp

Nánari upplýsingar er að finna á vef Kópavogsbæjar  
Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef  
Kópavogsbæjar [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

börn eiga  
réttá HEILBRIGÐUM  
LÖNNUM

### VILT ÞÚ EIGNAST GLÆSILEGAN VEITINGASTAÐ !

Glæsilegur 80 manna veitingastaður á geysifjölförnu verslunar-  
svæði miðsvæðis í Reykjavík. Öll tæki og húsgögn eru vönduð og  
stílhrein. Flott tækifæri, staður í fullum rekstri á vinsælum stað  
miðsvæðis með næg bílastæði. Staðurinn er 3ja ára og býður uppá  
Take Away, Veisluþjónustu, Hlaðborð og Matseðil.  
Vinveitingarleyfi á staðnum - Góð velta -  
**Tilboð óskast godurveitingastadur@gmail.com**  
eða síma 587-9888.



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Styrkir úr Æskulýðssjóði

Mennta og menningarmálaráðuneyti auglýsir  
eftir umsóknum um styrki úr Æskulýðssjóði sem  
starfar samkvæmt lögum nr. 70/2007 og reglum nr.  
60/2008. Umsóknarfrestur er **1. nóvember 2012**.  
Nánari upplýsingar og úthlutunarreglur sjóðsins er að  
finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins,

[www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)



## Landsskipulagsstefna 2013 – 2024 Kynningarfundir

Á kynningarfundunum munu Stefán Thors og Einar Jónsson kynna:

- Markmið og áhrif landsskipulagsstefnu og staða í skipulagskerfinu
- Ferli landsskipulagsstefnu og samráð
- Áherslur ráðherra fyrir gerð landsskipulagsstefnu
- Helstu forsendur, sviðsmyndir og afmörkun stefnumótunar
- Stefna
  - ⇒ Skipulagsmál á miðhálandi Íslands
  - ⇒ Búsetumynstur og dreifing byggðar
  - ⇒ Skipulag á haf- og strandsvæðum
- Umhverfismat landsskipulagsstefnu 2013-2024

Kynningarfundirnir verða á eftirfarandi stöðum:

- Borgarnes 17. október kl. 13:00 á Hótel Hamri
- Egilsstaðir 18. október kl. 13:00 á Austurbrú
- Blönduósi 24. október kl. 13:00 í Eyvindarstofu
- Ísafirði 25. október kl. 13:00 í Bryggjusal, Edinborgarhúsi
- Akureyri 26. október kl. 13:30 á Hótel KEA
- Reykjavík 30. október kl. 13:00 og kl. 16:00 Borgartúni 6, Rúgbrauðsgerðinni
- Reykjanesbæ 31. október kl. 15:00 í Eldey
- Selfoss 1. nóvember kl. 14:00 (nánari upplýsingar um staðsetningu síðar)

Fundirnir eru haldnir í samvinnu við landshlutasamtökum sveitarfélaganna og er reiknað með að á fundunum verði um klukkutíma kynning og umræður í um klukkutíma.

## 15338 - AUGLÝSING EFTIR HÚSNÆÐI FYRIR VÍNBÚÐ Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins óskar eftir að leigja eða kaupa 60 - 80m<sup>2</sup> húsnæði fyrir Vínbúðina á Kirkjubæjarklaustri.

Húsnæðið þarf að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Vera miðsvæðis og á jarðhæð
2. Umferð að og frá húsnæðinu sé greið
3. Húsnæði bjóði upp á að vinnubúðin opnast beint inn af gangstétt eða bílplani og jafnframt að vörumóttaka sé sér og opnast beint út, þó helst ekki frá sömu hlið
4. Góð aðkoma sé að húsnæðinu fyrir viðskiptavinum og næg bílastæði fyrir þá
5. Lögð er áhersla á gott aðgengi af bílplani fyrir hreyfihamlaða og jafnframt þurfa að vera bílastæði fyrir starfsfólk.
6. Aðkoma að húsnæðinu fyrir flutningabíla og lyftarameð vörur skal vera góð
7. Verslunarrýmið sé sem næst rétthyrnt (hlutföll rýmisins nálægt 3 á móti 2) og mega súlur, veggir eða annað ekki hamla yfirsýn um verslunarhluta húsnæðisins
8. Hljóðdempun í verslun skal tryggja góða hljóðvist og birtulýsing skal vera 500-600 lux ef loftakerfi og lýsing er til staðar
9. Góð aðstaða þarf að vera fyrir starfsfólk og allt aðgengi í húsnæðinu þarf að hafa vel hreyfihömluðum
10. Húsnæðið verður að fullnægja öllum kröfum sem opin berar eftirlitsstofnanir og umsagnaraðilar gera til slíks og vera samþykkt af þeim
11. Leigutími húsnæðisins skal vera allt að 7 árum

Við mat tilboða verður bæði tekið tillit til verðs og ofangreindra atriða.

Áhugasamir skulu senda öll gögn um það húsnæði sem þeir hyggjast bjóða í lokuðu umslagi til skrifstofu Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík fyrir kl. 15:00, miðvikudaginn 31. október 2012.

### Merkt : 15338 – Leiga/kaup á húsnæði fyrir vinnubúð Á.T.V.R. á Kirkjubæjarklaustri

Gögn þurfa meðal annars að innihalda eftirfarandi:

1. Staðsetning
2. Teikningar af húsnæði
3. Afhendingartími
4. Ástand húsnæðis við afhendingu (frágangur lóðar, veggja, lofta og gólfai húsnæði)
5. Leiguverð (án vsk.) og eða kaupverð og skal það innifela allan kostnað sem til fellur
6. Fyrirsjáanlegar breytingar sem gætu haft áhrif á kröfufliði 1- 11 að ofan á leigutímanum

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík  
Sími 530 1400  
[www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is)

RÍKISKAUP



## ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Kaup á metangasi á sorpbíla Reykjavíkurborgar** EES útboð nr. 12931.
- **Laugardalslaug - Múrbrot, niðurrif og múrvinna**, útboð nr. 12932.
- **Laugardalslaug - Lagnir**, útboð nr. 12933.
- **Laugardalslaug - Loftræsing**, útboð nr. 12934.
- **Laugardalslaug - Raflagnir**, útboð nr. 12935.
- **Laugardalslaug - Járn og blikksmiði**, útboð nr. 12936.

Allar nánari upplýsingar er að finna á [www.reykjavik.is/utbod](http://www.reykjavik.is/utbod).



**Reykjavíkurborg**  
Innkaupadeild

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík  
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048  
Netfang: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)

## ÚTBOÐ

### FLOKKUNAR- OG SORPHIRÐUÞJÓNUSTA FYRIR FYRIRTÆKI RÍKISINS OG STOFNANIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU OG Á REYKJANESI RAMMASAMNINGSÚTBOÐ MEÐ ÖRÚTBOÐUM NR. 15322

Ríkiskaup, fyrir hönd áskrifenda að rammameningakerfis ríkisins á hverjum tíma, standa fyrir þessu útboði vegna flokkunar- og sorphirðuþjónustu fyrir hverskonar úrgang fyrir ríkisfyrirtæki og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi. Útboð þetta tekur til alhliða þjónustu við sorphirðu og söfnun til endurvinnslu, sem skiptist í eftirfarandi megin þætti:

1. Leiga á ílátum til söfnunar
  2. Losun íláta og söfnun/hirða á flokkuðum og óflokkuðum úrgangi til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökustöðvum.
  3. Jarðgerð á lífrænum eldhúsúrgangi til framleiðslu á jarðvegsbæti (moltu)
- Einnig er óskað eftir afslætti af gjaldandi verðskrá.

Nánari upplýsingar má finna í útboðsgögnum sem eru rafræn og aðgengileg á vef Ríkiskaupa, [www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is) eigi síðar en 17. október 2012. Opnunartími tilboða er 27. nóvember kl. 11:00 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík  
Sími 530 1400  
[www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is)

RÍKISKAUP







# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!


Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.



Allt sem þú þarft...

**64%**  
Lesna bara Fréttablaðið

**8%**  
Lesna bara Morgunblaðið



Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir **92%** lesenda blaðanna

**28%** Lesna bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið



**Álfkonuhvarf 39**  
203 Kópavogur  
2ja herbergja

Stærð: 64,7 fm  
Fjöldi herbergja: 2  
Byggingarár: 2005  
Fasteignamat: 13.550.000

**RE/MAX Alpha**

Sylvía Walthers  
Sölufulltrúi  
820-8081  
sylvia@remax.is

Haukur Halldórsson  
Lögg. fast. hdl.  
4777777  
haukurhalldors@remax.is

Sunnudagur milli kl. 15 og 15:30  
Verð: 20.900.000

Falleg og vel skipulögð 2ja herbergja íbúð með stórum sólpalli og góðu staði í bilageymslu. Íbúðin er með plankaparketi á gólfu að undanskildum votrymum. Íbúðinni fylgir stórt staði í bilageymslu sem er nálægt innngönguheru. Lyfta er í húsinu. Eign sem vert er að skoða. Áhvilandi lán frá Íbúðalánasjóði geta fylgt með.

### Hvað getur NutriLenk gert fyrir þig?

Við mikið álag og með árunum getur brjóskefverinn rýrnað sem veldur því að liðirnir slitna. Þetta er náttúrulegt ferli. Mjög margir finna fyrir miklum óþægindum þegar beinin byrja að núast saman, sérstaklega í liðamótum eins og í mjöðmum, hryggjar og hnéaliðum. Þess vegna er allt til vinnandi að styrkja liðbrjóskef á náttúrulegan hátt.



Heilbrigður liður



Liður með slitnum brjóskef

### Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskef og beinin

NutriLenk inniheldur náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskefverinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóskef. Unnið úr sérvöldum fiskibeinum úr hafinu sem hefur sýnt fram á að vera fyrsta flokks byggingarefni til að styðja við brjóskefverinn og viðhalda honum.

NutriLenk hefur hjálpað fjölmörgu fólki. NutriLenk er 100% náttúrulegt vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjást af brjóskefverfyrnun.

### Prófið sjálf-upplifð breytinguna!

Nánari upplýsingar á [www.gengurvel.is](http://www.gengurvel.is)



**NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum, Hagkaup, Krónunni, Þín verslun Seljabraut og Vöruvali Vestmanneyjum**



## FORD KA Trend Plus frá 1.780.000 kr.

Komdu og kynntu þér nýjan Ford Ka í dag. Veldu ódýrasta nýja bílinn. Veldu sparneytinn Ford Ka og hafðu rekstrarkostnaðinn lágan. Fær frítt í stæði í 90 mínútur í senn í Reykjavík. Frábær í endursölu. Nútímaþægindi og lipur í innanbæjarakstri. Vel búinn og með frábæra aksturseiginleika. Fáðu Ford Ka á aðeins 1.780.000 kr. Spyrðu um 5 ára verksmiðjuábyrgð. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Ford, nýtt tákn um gæði.

[ford.is](http://ford.is)



FORD KA TREND PLUS

FRÁ

**9.866 kr./mán.\***



\* Ford Ka Trend Plus 3 dyra 1,2i bensín, 69 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. Losun koltvísýrings CO<sub>2</sub> 115 g/km. Miðað er við grænan óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppþökubíl / útborgun að verðmæti 1.200.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 10,88%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | [ford.is](http://ford.is)

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16

Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16





**PRESSA 3** Lára, blaðakona á Póstinum, fer aftur á kreik annað kvöld og á nú í höggi við harðsvíraðri glæpamenn en nokkru sinni fyrr. Ekki bætir ástandið á heimilinu úr skák.

# Pappírspésar í æsi- spennandi lögguleik

Sýningar á **Pressu 3** hefjast annað kvöld. Söguhetjan Lára, blaðamaður með ástríðu fyrir lausn glæpa, er nær einstök í íslenskrri sjónvarps sögu, en blaðamenn sem leggja sig í hættu við lausn glæpa eru þó vinsælar söguhetjur glæpasagna bæði í máli og myndum. *Friðrika Benónýsdóttir* skoðaði nokkra helstu fulltrúa stéttarinnar.

**P**ressa 3, þriðja þáttaröðin um blaðakonuna Láru, fjölskyldu hennar og samstarfsmenn fer í loftið á Stöð 2 annað kvöld. Í þetta sinn á Lára í höggi við harðsvírað glæpagengi sem reynir að ná yfirráðum í undirheimum Reykjavíkur og baráttan einkennist af kynþáttahatri og ofbeldi. Togstreitan milli blaðamannsstarfsins og foreldrahlutverksins er allsráðandi

hjá Láru og ekki bætir úr skák þegar Alda, dóttir hennar, tekur upp nán kynni við einn úr glæpagenginu. Það er aldrei lognmolla í kringum Láru. Þættirnir *Pressa* hafa notið mikilla vinsælda og söguhetjan, blaðakonan Lára sem sí og æ er að koma sér í vandræði bæði í einkalífi og starfi, er einn skemmtilegasti karakter íslenskra glæpamynda. Þættirnir þykja einnig vel gerðir og spegla vel nútímann í Reykjavík. „Ég held

að það sé tengingin við raunveruleikann sem útskýrir vinsældir seríunnar hjá áhorfendum,“ sagði leikstjórninn Óskar Jónasson í viðtali við *Fréttablaðið* þegar framleiðsla á þriðju þáttaröðinni var að hefjast.

Með aðalhlutverk fara Sara Dögg Ásgeirsdóttir, Kjartan Guðjónsson, Björn Thors, Annalísa Hermannsdóttir, Þorsteinn Bachman, Helgi Björnsson, Þorsteinn Gunnarsson og Atli Fjalal Óskarsson.

## TINNI SKRIFAR ALDREI NEITT

Það má færa gild rök fyrir því að teiknimyndahetjan Tinni sé einn þekktasti blaðamaður bókmenntanna. Hann hefur notið stöðugra vinsælda allar götur síðan hann spratt úr höfði skapara síns, Belgans Georges Remi sem kallaði sig Hergé, árið 1929. Það sem einkennir Tinna öðru fremur er heiðarleiki hans og ákafinn við að ráða niðurlögum illmenna. Hann rannsakar hvert glæpamálið á fætur öðru sem rannsóknarblaðamaður en það virðist þó aldrei fylgja þeim rannsóknum nein kvöð um að skrifa fréttir af þeim. Raunar eru teljandi á fingrum þau skipti sem hann virðist þurfa að skila efni inn á ritstjórn – og þá erum við að tala um allar bækur um hann.

Glima Tinna við illþýði af ýmsu þjóðerni kemur honum oft í hinar skelfilegustu aðstæður, en eins og vera ber fer hann með sigur af hólmum í hverri viðureign og vondu karlarnir lenda á bak við lás og slá fyrir tilstilli hans og hjálparkokka hans.

Fræðimenn hafa gjarnan bent á að Tinni eigi hinar miklu og stöðugu vinsældir sínar ekki síst því að þakka hversu venjulegur hann sé, það sé auðvelt fyrir lesandann að samsama sig honum og setja sig þar með í hlutverk hetjunnar.

**HEIÐARLEIKINN  
HOLDI KLÆDDUR**  
Tinni slær aldrei af í ákafa sínum við að fanga bófana.



## VAR SKOTIN FYRIR FRÉTTIR SÍNAR



**FÓRNARLAMB** Cate Blanchett í hlutverki Veronicu Guerin í mynd Joels Schumacher um líf hinnar síðarnefndu.

Þótt sá veruleiki sem Lára hrærist í sé íslenskum blaðamönnum ansi framandi þá er ekkert einsdæmi að blaðamenn leggi sig í hættu við rannsóknir á glæpum. Frægasta dæmið er væntanlega írski blaðamaðurinn Veronica Guerin sem skotin var til bana í Dublin árið 1996. Guerin hafði lengi unnið að því að rannsaka og flytja fréttir af þorpurum undirheima Dublin á tíunda áratug síðustu aldar og oftan en einu sinni verði hótað lífláti. Það var svo þann 26. júní 1996 að hún var skotin sex skotum þar sem hún sat í bíl sínum á rauðu ljósi í úthverfi Dublin. Skotmaðurinn var farþegi á mótorhjólum sem staðnæmdist við hlið hennar og öruggt þykir að hann hafi verið handbendi dópbarónsins Johns Traynor sem Guerin hafði lengi átt í stríði við. Traynor var þó aldrei sóttur til saka fyrir morðið.

Tvær kvikmyndir hafa verið gerðar um baráttu og endalok Guerin; *When the Sky Falls* árið 2000, sem er skálduð útgáfa af lífi hennar, og *Veronica Guerin* árið 2003 þar sem Cate Blanchett lék Guerin og Joel Schumacher leikstýrði.

## ÞRJÓSK, HVATVÍS OG ÓFORBETTRANLEG

Annika Bengtzon, söguhetjan í bókum Lizu Marklund, er sá blaðamaður bókmenntanna sem líkist Lára í *Pressu* hvað mest. Hún vinnur á síðdegisblaði, er gift og á tvö börn og í eilífum vandræðum með að samræma vinnuna og fjölskyldulífið. Hún er álíka þrjósk og hvatvís og Lára og kemur sér sí og æ í fullkomlega vonlausu aðstöðu, bæði í samskiptum við vinnufélagana á ritstjórn *Kvöldblaðsins*, í samskiptum við eiginmanninn og í eltingaleik sínum við vondu kallana. Og hún virðist aldrei læra af reynslunni. Ekkert frekar en Lára.

Marklund hefur látið hafa eftir sér oftan en einu sinni að hún byggji persónu og aðstæður Anniku mikið á eigin reynslu, að persónan líkist henni töluvert og að hún hafi meðal annars haft að markmiði að sýna þá togstreitu sem konur í blaðamennsku lendi í gagnvart vinnu og fjölskyldu. Nokkuð sem Lára gæti svo sannarlega tekið undir.

**FYRIRMYNDIN** Liza Marklund hefur viðurkennt að Annika Bengtzon sé mjög lík henni sjálfri.



## SKELFIR FJÁRMÁLJÖFRA



**TÖFFARI** Mikael Blomkvist eins og Michael Nyqvist túlkaði hann í myndunum sem gerðar voru eftir þríleik Larssons.

Mikael Blomkvist, önnur aðalpersónan í þríleik Stiegs Larsson sem kenndur hefur verið við *Millenium*-tímaritið, á frá höfundarins hendi að vera nokkurs konar útvörður síðferðisgilda, einkum hvað varðar spillingu í fjármálaheiminum. Hann er átoritast á sínu sviði og oft kallaður til sem sérfræðingur þegar rætt er um fjármálaspillingu í sjónvarpsþáttum. Í fyrstu bókinni hlýtur hann dóm fyrir að „sverta mannorð“ fjármálajöfurs og leiðist þá út í rannsóknir á annars konar glæpum með mun alvarlegri afleiðingum fyrir hann sjálfan en hann órar fyrir í upphafi.

Blomkvist er fráskilinn og á eina dóttur, sem virðist vera normið í fjölskyldu aðstæðum rannsóknarkarla í skandinavískum krimmum. Síðferðisgildi hans ná ekki til einkalífsins, hann er ófyrirleitinn í kvennamálum, sefur jafnt hjá samstarfsskonum, fórnarlömbum glæpa og vitnum í málum. Þó er hann í nokkurs konar sambandi við ritstjóra sinn, Eriku Berger, en hún er reyndar gift allt öðrum manni. Hann vilar ekki fyrir sér að sofa hjá mun yngri samstarfsskonu sinni, Lisbeth Salander, og setja tilveru hennar á hvolf, en hefur ekkert að gefa og hún hrökklast helseð úr landi. Samt er greinilegt að hann er í miklum metum hjá Larsson sem lítur á hann sem góða gæjann.

## NÝJA STERÍÓTÝPAN AF BLAÐAMANNI

Einar blaðamaður er söguhetjan í glæpasögum Árna Þórarinnssonar. Hann er í upphafi drykkfelldur, kvensamur og mætir illa í vinnuna, sem sagt steríótýpan af blaðamanni, en tekur sig á þegar líður á bókaflökkinn, hættir að drekka og sefur ekki hjá konum nema hann meini eitthvað með því. Rannsóknir hans á sakamálum leiða hann í ýmsa kima þjóðfélagsins, meira að segja alla leið norður í land og austur á firði, og hann er óþreytandi í að róta og grafa til að ná í „góða frétt“. Glæpamálin sem hann rannsakar eru af öllum mögulegum toga en auðvitað er það alltaf hann sem leysir gátuna, eins og form glæpasögunnar krefst.

Árni hefur lýst Einari sem svo að hann sé: „afkvæmi harðsoðnu hetjunnar en í rauninni ættleri“. Harðsoðinn er hann allavega ekki og eftir að af honum rennur verður líf hans ansi óáhugavert. Hann er fráskilinn og á eina dóttur – norræna normið aftur – og eyðir miklu púðri í að byggja upp gott samband við dótturina eftir að hafa klúðrað því hastarlega á meðan hann drakk. Í seinni bókunum verður honum eiginlega best lýst með orðum Spaðanna: „Hann er orðinn allt annar og betri drengur“ en um leið missir hann töluvert af sjarmanum.

**ORÐINN EDRÚ** Einar blaðamaður eins og Hjalmar Hjalmarsson túlkaði hann í sjónvarpsþáttunum *Tími* normarinnar.





# KÆRU LANDAR

NÚ ER ~~ÞUÐA~~ GÓÐOSTUR KOMINN Í NÚJAN SAMFESTING



*þá*



*nú*



*þá*



*nú*



*þá*



*nú*





# Lýðræði eða bull í leppalúða?

Íslendingar kusu um lýðveldisstjórnarskrána árið 1944. Hannibal Valdimarsson hvatti þjóðina til að fella hana enda væri hún ekki nógu vel unnin. Fyrir vikið var hann úthrópaður sem föðurlandssvikari í fjölmiðlum, kallaður leppalúði, grautarhaus og sagður vangefinn. *Kolbeinn Óttarsson Proppé* kynnir sér hvernig tókst að ná 100% kjörsókn í sumum hreppum í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Íslendingar ganga að kjörborðinu eftir viku og kjósa um hvort drög stjórnlagaráðs eigi að vera grundvöllur að nýrri stjórnarskrá lýðveldisins. Fullur hugur virðist vera á því að breyta stjórnarskránni, þó sumir vilji að sú breyting verði á vegum Alþingis. Stjórnarskráin sem allir vilja breyta var samþykkt með 95,04% atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1944. Kjörsókn var fáheyrilega góð; 98,61% kjósenda greiddi atkvæði sitt.

Það er ekki mikill glannaskapur að álykta sem svo að hin spurningin sem lögð var fyrir þjóðina árið 1944 hafi átt stærstan þátt í að draga fólk að kjörborðinu. Landsmenn kusu nefnilega líka um hvort slíta ætti sambandinu við Dani og lýsa yfir stofnun lýðveldis. Og Íslendingar vildu sjálfstæði, um það er engum blöðum að fletta og um það vitnar þátttökan og niðurstaðan. Fram hjá því verður hins vegar ekki horft að stjórnvöld gerðu allt til að niðurstaðan yrði eins og hún á endanum varð og sveigðu ýmsar reglur í því skyni.

## Allir eitt!

Stjórnvöld höfðu átt af því að þátttökan yrði sem mest. Til að hægt yrði að stofna lýðveldi þurfti að segja upp sambandslagasamningnum frá 1918. Í honum var ákvæði um að kosningabátttöku yrði að vera að minnsta kosti 75 prósent og þar af þurftu þrjú fjórðu hlutar að samþykka uppsögn samningsins. Allt kapp var því lagt á að þátttökan yrði sem mest og niðurstaðan sú eina rétta; uppsögn samningsins.

Stjórnvöld stofnuðu Landsnefnd lýðveldiskosninganna til að hafa umsjón með kosningunum. Allir stjórnmalaflokkar áttu fulltrúa í nefndinni og hún hafði meðal annars það verkefni með höndum að sannfæra kjósendur um að kjósa – og hvernig þeir ættu að kjósa. Reka áróður.

Og það gerði hún svikalaust eins og sést í þessu ávarpi hennar til íslenska kjósendans, sem birt var í öllum blöðum og lesið í Ríkisútlitunum:

*Aldrei hefir jafnmikilvægt og þjóðheilagt mál verið lagt undir yðar atkvæði eða nokkurs íslensks kjósenda síðan land byggðist. Nú býðst yður það háleita tækifæri, sem aldrei hefir áður boðizt og mun aldrei bjóðast framar, að þér sjálfir fáið lagt yðar mikilvæga hlut í vogarskálina til þess að ná samstundis því takmarki, sem þjóðin hefir þráð um aldir, en saknað og farið á mis við, illu heilli, um nær því sjö alda skeið.*

*Ef þessi óskastund þjóðarinnar væri vanrækt nú, þá er ólíklegt að hún komi nokkru sinni aftur.*

*Höldum því saman rակleitt að settu marki. Allir eitt.*

## Lokatakmarkið

Þetta eru skýr skilaboð. Kjósendur höfðu tækifæri til þess að ná því takmarki sem íslenska þjóðin hafði þráð um aldir, að verða

sjálfstæð. Hér má sjá rómantíska söguskoðun sjálfstæðisbaráttunnar í sinni tærustu mynd. Íslendingar áttu að hafa verið kúgaðir af erlendu valdi, en nú gafst færi á að losa sig við hlekkina.

Til að hnykkja enn frekar á skilaboðunum birtust greinar í blöðum og erindi í útvarpi um þá óáran sem íslensk þjóð hafði orðið fyrir í gegnum aldirnar og það sett í samhengi við dönsk yfirráð.

Og væru huglægu skilaboðin ekki nóg birti landsnefndin mynd af kjörseðli í blöðunum, rétt út fylltum. Enginn átti því að velkjast í vafa um hvernig átti að greiða atkvæði.

Reglum varðandi kosningar var breytt og kjördagur stóð yfir í fjóra daga, frá 20. til 23. maí. Þá voru heimakosningar teknar upp að nýju og farið með kjörseðla til þeirra sem komust ekki að heiman. Þær höfðu verið harðlega gagnrýndar þar sem með talið var að hægt væri að hafa óeðlileg áhrif á kjósendur við slíkar aðstæður.

## Mannlegir músarindlar

Íslendingar skiptust í hraðskilnaðar- og lögskilnaðarmenn. Í stórum dráttum má segja að þeir fyrrnefndu hafi viljað nýta fyrsta tækifæri til sambandsllita, en hinir fara eftir lögum og réttum háttum í hvívetna. Meðal annars að lýsa ekki yfir sjálfstæði á meðan konungur Íslendinga var fangi nasista.

Hannibal Valdimarsson var einn þeirra. Hann var skólustjóri á Ísafirði, forseti Alþýðusambands Vestfjarða og rittstjóri Skutuls, blaðs þess. Síðar átti hann eftir að sitja á þingi áratugum saman.

Hannibal taldi að fyrir því að betra færis yrði beðið, en þegar ljóst var að sú yrði ekki raunin beindi hann gagnrýni sinni að stjórnarskránni. Hann færði rök fyrir því að stjórnarskráin sem samþykka ætti til bráðabirgða væri ótæk. Hann hvatti Íslendinga til að samþykka sambandsllitinn, en fella stjórnarskrána.

Óhætt er að segja að sú skoðun hafi vakið upp úlfúð. Og haldi menn að illmælgj og níð sé eitthvað sem hafi orðið til í athugasemdakerfum vefmiðla, þá er það misskilningur. Hannibal var brigslað um föðurlandssvik og heimsku.

Sjálfur gat hann svarað fyrir sig, sagðist til að mynda frekar vilja vera kallaður kvislingur og þjóðsvikari við hlið margra mætra manna „en þótt ég af spilltri samtíð hefði verið kallaður sjálfstæðishefja milli mannlegra músarindla eins og Hauks Helgasonar og Sigurðar frá Vigur,“ en þar nefndi hann sína helstu gagnrýnendur.

## Vangefið smámenni

Gusurnar gengu yfir Hannibal, en óhætt er að segja að enginn hafi tekið jafn djúpt í árinu og nefndur Sigurður Bjarnason frá Vigur. Í blaði sínu Vesturlandi krafðist hann uppsagnar



KOSNINGARNAR Stjórnvöld lágu ekki á þeirri skoðun sinni að lýðveldiskosningarnar snerust um að uppfylla aldagamlan draum íslenskrar þjóðar. Sannir Íslendingar skyldu kjósa rétt. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

## STJÓRN MÁLAMÖNNUM EKKI TREYSTANDI FYRIR STJÓRNARSKRÁNNI



HANNIBAL VALDIMARSSON

Hannibal gerði grein fyrir gagnrýni sinni á stjórnarskrána í blaði sínu Skutli. Alltaf lá fyrir að um bráðabirgðaplagg væri að ræða, sem síðar átti að útfæra betur og gefa Íslendingum vandaða stjórnarskrá.

Hafa ber í huga að á þessum árum sat utanþingsstjórn og Hannibal gagnrýndi að með því væri fyrsta grein stjórnarskráinnar brotin: „Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.“ Þjóðinni væri því boðið upp á „ómenguð ósannindi strax í fyrstu grein sjálfar stjórnarskráinnar, og við það vil ég ekki sætta mig fyrir mitt leyti.“

Hannibal skildi heldur ekki flýtinng og gagnrýndi undirbúningsleysið. Honum þótti tímasetningin einfaldlega ekki við hæfi:

„Heimurinn er blóði drifinn. Ísland er hernumið. Erlent setulið er í landinu og tæpast hægt að fullyrða, að íslensk stjórnvöld hafi æðsta úrlitavald yfir örlögum íslenskra

þegna. Stundin virðist því hvorki skynsamlega eða smekklega valin til stofnunar hins íslenska lýðveldis.“

Sú gagnrýni sem helst á við í dag er kannski sú að Hannibal treysti einfaldlega ekki þingmönnum til að semja nýja stjórnarskrá; hann vildi að þjóðin fengi að sjá fullbúna stjórnarskrá og kjósa um hana beint, en stjórnmalamenn samþykktu hana ekki sín á milli.

„Slík eftirkaup vil ég ekki eiga við hina íslensku stjórnmalaforingja. – Ég treysti þeim ekki um of, hvorki um drengskap eða víðsýni. – Lýðveldisstjórnarskrá framtíðarinnar vil ég sjá, og ég vil fá að kynna mér hana og ræða hana, áður en ég læt frá mér fara jákvætt atkvæði um lýðveldisstofnunina.“

Lýðveldi á Íslandi er mér helgari hugsjón en svo, að ég láti þjóða mér það að taka ákvörðun um hana blindandi.“

## Einhugur þjóðarinnar vakinn

Einhugur þjóðarinnar í þessu máli er okkar sterkasta vopn. Við vitum ekkert um, hvort eða hve nær okkur gefst tækifæri til slíkrar atkvæðagreiðslu aftur. Þetta ættu þeir að hugleiða, sem horfa of mjög á aukaatriði í þessu máli, en eru annars frelsisunnandi lýðveldissinnar.

Finnur Jónsson, Skutull 17. maí 1944

Hinsvegar vil ég leggja meira upp úr því en hann [Hannibal] gerir, að stjórnarskráin er aðeins til bráðabirgða eins og hún liggur nú fyrir. [...] Þegar gengið verður frá stjórnarskránni til frambúðar, gefst þjóðinni væntanlega tækifæri til að ræða hana og greiða um hana atkvæði.

Birgir Finnsson, Skutull, 20. maí 1944

Vér megum ekki saurga minningu forfedra vorra og sæmd sjálfra vor með því að gleyma skyldu vorri á þessari örlagastundu.

Vesturland, 20. maí 1944

Enginn Íslendingur getur setið heima við atkvæðagreiðsluna, eftir að hafa lesið boðskap konungs. Hver einasti kjósendi á landinu muri á kjördegi leysa sína þegnskaparskyldu og greiða atkvæði MED lýðveldisstjórnarskránni.

Morgunblaðið (leiðari), 6. maí 1944

Hannibals úr stöðu barnafræðara. Honum mislíkaði hve margir Ísfirðingar hefðu greitt atkvæði gegn stjórnarskránni.

„Drengskaparrýru og vangefnu smámenni tókst á þessum merkilegustu tímamótum í lífi þjóðarinnar að véla allmargar einfaldar og skammsýnar sálir samborgara sinna, til þess að snúast gegn stofnun lýðveldisins.“

Og ekki hætti fúkyrðaflaumurinn þar. Fólk var sagt elta „blinda heimsku smámennis með skólustjórattitil“, kallaður náthúfa, manntetur, óþokki, grautarhaus og andlegur leppalúði. Og Fjallkonan, hin andlega móðir Íslands, var ekki sátt við Hannibal, að mati Sigurðar.

„Nei, vissulega mundi móðir

## Efni í fánastengur

Þeir, sem að hafa í hyggju að fá hjá okkur fánastengur tölí við okkur sem fyrst til þess að þú geti orð íð til í taka úð. Hífum fyrirleggjandi nægilegt efni í allar gerði fánastanga. Tímurverðunin B J O R K K.

UNDIRBÚNINGUR Þjóðin kepptist við að undirbúa fagnaðarstundina og allir vildu geta flaggáð íslenska fánanum.

vor, Fjallkonan, gráta yfir slíkum amlóða og svikara.“

## Fabrikkeruð samstaða

Lýðveldiskosninganna er minnst sem glæsts áfanga í sjálfstæðisbaráttu íslenskrar þjóðar. Enginn þarf að velkjast í vafa um að útkoman hefði orðið sú sama, án áróðursins. Íslendingar vildu sitt sjálfstæði.

Menn ættu hins vegar að fara varlega í að vitna til þessa atburðar

sem dæmi um órofa samstöðu. Það er ástæða fyrir því að áróður af viðlíka toga er bannaður. Fjölmiðlar stöðu gagnrýnisróddum ekki jafn opnir, líft og krafist er í dag. Til að mynda neitaði Ríkisútlitunum að birta eftirfarandi auglýsingu frá Hannibal:

„Vestfirzk alþýða! Vertu trú — vertu sterk! Hlýddu engu, nema samvizku þinni við þjóðaratkvæðagreiðsluna.“

Gagnrýni Hannibals laut fyrst og fremst að því að stjórnarskráin væri ekki nógu vel úr garði gerð.

Eftir viku ganga Íslendingar að kjörborðinu að nýju, til að kjósa um drög að nýrri stjórnarskrá. Sú gagnrýni sem stjórnarskráin hefur orðið fyrir bendir til þess að Hannibal hafi að einhverju leyti haft rétt fyrir sér.



PRESSA HLAUT EDDUVERÐLAUNIN 2012  
SEM BESTI LEIKNI SJÓNVARPSPÁTTURINN



FRÁBÆR DAGSKRÁ  
FYRIR ADEINS  
254 KR. Á DAG



# PRESSA

NÝ ÞÁTTARÖÐ HEFST Á SUNNUDAG KL. 20.25

Ný og æsispennandi þáttaröð um blaðakonuna Láru sem má hafa sig alla við þegar störf hennar og fjölskyldulíf fléttast óvænt saman. Undirheimar Reykjavíkur ólga af kynþáttahatri og ofbeldi. Fylgstu með frá byrjun.



FJÓRAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT AÐ  
STÖÐ 2 OG STÓRAUKIÐ NETFRELSI



TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

ISLENSKA/SIA.IS STV. 61450 11.10'12




# Krossgáta

## Lárétt

- Bruggafhendingin við lóðamörkin (11)
- Ræsi heilara fyrir sérfræðinga (10)
- Ræða létt án málalenginga (11)
- Drekadóp er finasta krydd (10)
- Fyrir hádegi vestanhafs er urg, segir þarlandur (9)
- Kyrret kassa fyrir kaldan kost (12)
- Undarleg tilvist furðuskepna (9)
- Jarðarbjalla telur niður leikinn (12)
- Írski Dan er ruglaður og háflhlæjandi (8)
- Tungu virði hugur virtra (11)
- Endurbæturnar koma mér til heilsu á ný (11)
- Kusk kvikinda og duftdyra (8)
- Syngur um Krókóðilamann með vængi í ungerskum strætó? (6)
- Margtuggin prentmót (7)
- Ómur af reisum (6)
- Greiðar og góðar með sig (7)
- Þrjú löng og sex stutt fyrir okkur (3)
- Fersk vilja sinn óbrennlaða skammt (5)
- Garðbúar eru spilamanneskjur (8)
- Spyrill fylli lungun lofti (7)
- Tek mál af skeinunni á tímamótatímabilinu (12)
- Upplognar sakir auka uppskeru (7)

## Lóðrétt

- Færa ögn holu til bókar lykirlifu (10)
- Flækist í sólarhring og snýr honum á holf (10)
- Sá opni gaf mér mat og kom mér svo í uppnám (6)
- Í mais og hveiti leynist lítið dýr (6)
- Frjálsa föngum með hangandi hendi (10)
- Hallærisgaur sendir hjálparbeiðni (10)
- Allslaus fundum til með stimpluðum (10)
- Golukvæðið um kuldaskræfu (8)
- Georg og Ólafur Ragnar stóðu hana haustið 2007 (12)
- Lýst er eftir tuddum sem deildu bás á Hrauninu (11)
- Bakkelsi fjaðrar er framandi fuglar birtast (8)
- Suðurtúr fyrir þau sem ferðast í kraftblökk (11)
- Blöðrubelgurinn – fiskmeti eða ómeti? (9)
- Segja skítkast atburð (7)
- Óska opinberu fyrirtæki fleiri fornra handrita (11)
- Skafta ekki umsamið rafmagn í álver (10)
- Geta séð af gjörðinni á samtímavæðinu (11)
- Miðstræti er hvorki of né van (10)
- Skýst gletta, það er ljótur leikur (7)
- Ringlaður rússi nýtur klukkunnar (6)
- Sjaldgæf hret (4)
- Sú hvíta er lengri, sú bláa vatnsmeiri (3)



Lausnarorð síðustu viku var **LÖNDUNARBANN**



FORLAGIÐ

### Vegleg verðlaun

Víkulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Með góðu eða illu frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var Ragnheiður Sveinsdóttir, Akureyri.



### Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist geymsla fyrir gögn af ýmsu tagi. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 17. október næstkomandi á [krossgata@frettabladid.is](mailto:krossgata@frettabladid.is) merkt „13. október“.

\_\_\_\_\_

www.sena.is/elly



**HEIDURSGESTIR**  
Raggi Bjarna,  
Jón Páll Bjarnason  
og Guðmundur  
Steingrímsson

# Elly Vilhjálms

Minningartónleikar 13. október

**FRÍTT NIÐURHAL**  
SÆKTU  
NÝJU ÚTGÁFUNA  
AF **VEGIR LIGGJA  
TILALLRAÁTTA**  
ÓKEYPIS Á TÓNLIST.IS

**FORSALA**  
TÓNLEIKAGESTIR  
GETA TRYGGT SÉR  
**ÆVISÓGU ELLYJAR**  
Í FORSÖLU Á  
TÓNLEIKUNUM

## TÓNLEIKAR ÁRSINS ERU HANDAN VIÐ HORNIÐ

KOMDU MEÐ Í ÓGLEMANLEGT FERÐALAG TIL GULLALDARÁRANNA  
OG UPPLIFÐU ELLY Í MÁLI OG MYNDUM, LJÓSLIFANDI MINNINGUM SAMFERÐARFÓLKSINS  
OG AUÐVITAÐ TÓNLISTINNI SEM HÚN GAF OKKUR ÖLLUM.

ANDREA GYLFADÓTTIR · DIDDÚ · EIVÖR · ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR · GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR  
KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR · LAY LOW · RAGGA GÍSLA · SIGGA BEINTEINS  
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON · EGILL ÓLAFSSON · GISSUR PÁLL GISSURARSON · STEFÁN HILMARSSON

UPPSELT Í A+ OG C SVÆÐI. ÖRFÉIR LAUSIR MIÐAR Í A OG B SVÆÐI.



### Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1967

## Upphafið að nýu ára flippi ABA

ABA-deildin boðaði nýja tíma í körfubolta. Þrátt fyrir leikandi léttan bolta og hæfileikaríkar stjörnur stóðst deildin þó ekki samanburðinn við NBA.

Þennan dag fyrir réttum 45 árum, hinn 13. október árið 1967, lagði Oakland Oaks mótherja sína í Anaheim Amigos að velli, 134-129, í fyrsta leik hinnar nýstofnuðu ABA-körfuknattleiksdeildar í Bandaríkjunum.

Þessi leikur markaði upphafið að nýu ára tímabili þar sem ABA reyndi af veikum mætti að keppa við NBA, sem hafði fest sig vel í sessi. Ein af ástæðunum fyrir stofnun ABA var að þátttaka í NBA var afar kostnaðarsöm fyrir lið og því vart grundvöllur fyrir slíku úthaldi nema í allra stærstu borgum Bandaríkjanna.

Alls voru ellefu lið í ABA-deildinni á fyrsta tímabilinu og takmarkið var að greina sig frá NBA eins og hægt var.

Meðal annars voru þeir með 30 sekúndna skotklukku í stað 24 sekúndna eins og í NBA, en varanlegasta nýbreytnin var þriggja stiga línan sem NBA tók upp árið 1979. Þá markaði troðslukeppnin 1976 tíma-mót sem hin fyrsta sinnar tegundar.

ABA lagði mikla áherslu á léttleikandi körfubolta, og álfka frjálssræði ríkti í umgjörð leikjanna þar sem léttklæddar stúlkur stytta stundir milli stríða.

ABA átti alla tíð undir högg að sækja þrátt fyrir það, þar sem deildin fékk enga athygli hjá sjónvarpsstöðvunum og rekstrargrundvöllurinn hvarf því smátt og smátt.

Ballíð var búið eftir leiktíðina 1975-76. Eftir hana voru fjögur bestu ABA-liðin, New York Nets, Denver Nuggets, San Antonio Spurs og Indiana Pacers tekin inn í NBA þar sem þau eru enn.

Margar af helstu stjörnum körfuknattleikssögunnar hófu feril sinn í ABA, til dæmis Moses Malone, Rick Barry, George Gervin og Bobby Jones, að ógleymdum sjálfum Julius Erving, Dr. J, sem var persónugervingur ABA-deildarinnar á sínum tíma.



# LED SJÓNVÖRÞ Á FRÁBÆRU VERÐI

Öll raftækin fást í Smáralind og Garðabæ, minna úrval í öðrum verslunum.



## SALORA

24" Salora LED sjónvarp  
5644/5643

- Innbyggður DVD spilarí • 12 og 230 volta
- Spilar beint af USB disk • Full HD 1920x1080
- Starfrænn móttakari DVB-T • CI kortarauf
- Einnig til í svörtu

GOTT  
VERÐ  
**64.999**



## SALORA

19" Salora LED sjónvarp  
5605/5602

- Innbyggður DVD spilarí • 12 og 230 volta
- Spilar beint af USB disk • HD Ready 1366x768
- Starfrænn móttakari DVB-T • CI kortarauf
- Einnig til í svörtu

GOTT  
VERÐ  
**49.999**



## Haier

26" Haier LED sjónvarp  
LET26T1000HF

- Edge LED tækni með Slim hönnun • Full HD 1920x1080
- MEGA Contrast tækni - dýpri litir • Spilar beint af USB disk eða lykli • USB upptaka - tekur upp á minnislykil eða disk
- USB TimeShift - Settu sjónvarpið á pásu ! • DVB T/C stafrænn móttakari • Orkunotkun A

KYNNINGAR  
VERÐ  
**59.999**



## Haier

22" Haier LED sjónvarp  
LET22T1000HF

- Edge LED tækni með Slim hönnun • Full HD 1920x1080
- MEGA Contrast tækni - dýpri litir • Spilar beint af USB disk eða lykli • USB upptaka - tekur upp á minnislykil eða disk
- USB TimeShift - Settu sjónvarpið á pásu ! • DVB T/C stafrænn móttakari • Orkunotkun A

KYNNINGAR  
VERÐ  
**39.999**



## Haier

46" Haier LED sjónvarp  
LET46Z18HF

- Edge LED tækni með Slim hönnun • Full HD 1920x1080 / 200Hz • MEGA Contrast tækni - dýpri litir • Spilar beint af USB disk eða lykli • USB upptaka - tekur upp á minnislykil eða disk • USB TimeShift - Settu sjónvarpið á pásu !
- DVB T/C móttakari • Snúningsfótur • Orkunotkun A

KYNNINGAR  
VERÐ  
**149.999**



## Haier

39" Haier LED sjónvarp  
LET39Z18HF

- Edge LED tækni með Slim hönnun • Full HD 1920x1080 / 100Hz • MEGA Contrast tækni - dýpri litir • Spilar beint af USB disk eða lykli • USB upptaka - tekur upp á minnislykil eða disk • USB TimeShift - Settu sjónvarpið á pásu !
- DVB T/C móttakari • Snúningsfótur • Orkunotkun A

KYNNINGAR  
VERÐ  
**99.999**

Gildir til 18. október á meðan birgðir endast.



**OPIÐ**  
allan sólarhringinn  
Garðabær, Skeifan  
& Eiðistorg

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð





**STEINN STEINARR** skáld (1908-1958) fæddist þennan dag.  
„Það vinnur aldrei neinn sitt dauðastríð.“

✠

Kærar þakkir til allra sem sýndu okkur vinarhug og samúð við andlát okkar ástkæru,

**HJÖRDÍSAR HULDU JÓNSDÓTTUR**  
læknis,  
Reykási 11, Reykjavík.



Kristján Ágústsson  
Ragnhildur Kristjánsdóttir  
Stefán Örn Kristjánsson  
Fríða Kristín Ström  
Margrét Eyjólfsdóttir,  
Kristían, Tormod, Sölví, Styrmir.

Páll Ragnar Pálsson  
Jóna Karen Sværissdóttir  
Lars Øyvind Ström

✠

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og vinkona,

**HALLBERA ÓLAFSDÓTTIR**  
húsmóðir,  
Hjallaseli 55, Reykjavík,  
lést þriðjudaginn 9. október. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn 17. október kl. 15.00.



Auður A. Hafsteinsdóttir  
Stefanía Ólöf Hafsteinsdóttir  
Pálína Sif Gunnarsdóttir  
barnabörn og barnabarnabarn.

Þorbjörn V. Gestsson

✠

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**STEFANÍA ÓSK JÚLÍUSDÓTTIR**  
Sólvallagötu 18, Reykjavík,  
aður til heimilis að  
Eiðum á Fljótsdalshéraði,  
lést á öldrunardeild Landspítalans í Fossvogi laugardaginn 6. október. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 19. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Blindrafélagið. Hjartans þakkir færur við starfsfólki öldrunardeildarinnar fyrir einstaklega faglega og hlýja umönnun.



Sveinn Þórarinnsson  
Sigurjón Þórarinnsson  
Alfreð Dan Þórarinnsson  
Sigríður Þórarinsdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Anna Þórarinsdóttir  
Ólöf Þórarinsdóttir  
Björg Þórarinsdóttir  
Hallgrímur Þórarinnsson  
Magnús Þórarinnsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Ólöf Birna Blöndal  
Sesselja Eiríksdóttir  
Magnús Sæmundsson  
Örn Þorbergsson  
Knut Lage Bö  
Örn Óskarsson  
Örn Arnþórsson  
Ingunn Thorarensen  
Bryndís Skúladóttir

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
Suðurlíði 35, Reykjavík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is

Alúð - virðing - traust  
Áratuga reynsla




Vaktsími:  
581 3300 & 896 8242  
www.utfarin.is  
Allan sólarhringinn

Sverrir Einarsson Kristín Ingólfssdóttir

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**  
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242

**ÚTFARARÞJÓNUSTA**  
Davíðs Ósvaldssonar ehf.



PEKKING-REYNISLA-ALÚÐ  
24 tíma vakt  
Sími 551 3485

Davíð H. Ósvaldsson S: 896 8284 • Óli Pétur Friðbjólfsson S: 892 8947

**Alhliða útfararþjónusta**

Símar: 567 9110 & 893 8638  
www.utfarir.is • runar@utfarir.is






Rúnar Geimundsson Sigurður Rúnarsson Elís Rúnarsson Þorbjörg Þórðarson

**Útfararþjónustan ehf.**  
Stofnað 1990



MEÐ BOLTA Á LOFTI Krakkar í KFUM ætla að ganga á milli fólks í dag og hvetja það til að skjóta á heimatilbúnað körfur.

PETRA EIRÍKSDÓTTIR: VILJUM VEKJA ATHYGLI Á FRÁBÆRU STARFI KFUM

## KFUM VONAST TIL AÐ BÆTA HEIMSMETIÐ Í KÖRFUSKOTUM

Í dag munu milljónir manna á vegum Heimsambands KFUM, þar á meðal fjöldi Íslendinga, koma saman til þess að setja nýtt heimsmet.

Heimsáskorun KFUM – 2012, „Hoop Springs Eternal“, eða Skjött á körfu, er viðburður skipulagður til að fagna starfi KFUM um allan heim á sviði valdeflingar ungs fólks. KFUM-félög munu skipuleggja viðburði þar sem öllum þátttakendum og fleirum verður boðið að skjóta á heimatilbúna körfu. Viðburðirnir verða fjölmargir á þúsundum staða um allan heim.

Hér á landi munu krakkar úr KFUM

gangna á milli með körfur í Reykjavík, Keflavík, Hveragerði og Akureyri og hvetja fólk til að taka þátt. „Markmiðið er að fá þetta skráð í heimsmetabók Guinness. Því fleiri sem skjóta á körfu, því betra,“ segir Petra Eiríksdóttir, æskulýðsfulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi. „Með þessu erum við að reyna að vekja athygli á frábæru og fjölbreyttu starfi KFUM og KFUK. Þetta er kynningarherferð fyrir okkur.“

Á Íslandi eru um 1.000 fullorðnir skráðir í samtökin. Börn sem taka virkan þátt í félagsstarfinu yfir

veturinn eru á milli 1.500 og 2.000. Vonast er til að körfuboltaáskorunin sameini fólk úti um allan heim en það var einmitt innan vebanda KFUM sem körfubolti varð til árið 1890. Í dag er körfubolti ein vinsælasta íþrótt heims og hefur hún reynst mikilvægt verkfæri til heilsuefingar.

Petra hvetur almenning til að taka vel á móti krökkunum milli kl. 12 og 16 í dag þegar þeir mæta með körfurnar. Ekki er nauðsynlegt að vera þrautþjálfaður körfuboltamaður til að taka þátt, því allir geta skotið ofan í þær.

frey@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 13. OKTÓBER 1958

## Paddington kemur fram á sjónarsviðið

Bangsinn Paddington, sem öll börn þekkja úr sögunum um hann, kom fyrst fram á sjónarsviðið 13. október 1958. Hann er sköpunarverk rithöfundarins Michaels Bond og í fyrstu bókunum var það Peggy Fortnum sem teiknaði og er því ábyrg fyrir útliti hans. Bond hefur skrifað fjölmargar bækur um bangsann viðkunn-anlega og kom sú nýjasta út 2008. Þessi kurteisi bangsi, sem á ættir að rekja til frumskóga Perú, hefur litið

eins út frá upphafi og allir þekkja „duffel“-kápuna hans, hattinn og sjúkuðu ferðatöskuna með leynihólfinu. Hann er alltaf kurteis og reynir að gera allt rétt, þótt það tækist kannski ekki allveg alltaf, eins og gefur að skilja. Eftir að hann finnst á Paddington-brautarstöðinni og er ættleiddur af Brown-fjölskyldunni gengur hann undir nafninu Paddington Brown, en oftast er nú vísað til hans eingöngu með fyrra nafninu.



✠

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR**  
Pósthússtræti 1,  
Keflavík,



lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 10. október. Útför auglýst síðar.

Arnoddur P. Tyrtingsson  
Arnheiður Magnúsdóttir  
Elisabet Arnoddsdóttir  
Erla Arnoddsdóttir  
Jón Ármann Arnoddsdson  
Eva Lind Jóhannsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Jóhann Þór Hopkins  
Magnús Ársælsson  
Vilhjálmur Ingvarsson  
Svanhildur Leifsdóttir  
Unnar Bjartmarsson

✠

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSLAUG TULINIUS**  
Bólstaðarhlíð 41,



lést þriðjudaginn 9. október. Útförin fer fram föstudaginn 19. október kl. 15.00 frá Háteigskirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á hjartadeild Landspítalans eða Barnaspítala Hringins.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Hrefna Tulinius  
Alberta Tulinius  
Guðrún Halla Tulinius  
Helga Tulinius

Guðmundur Ármannsson  
Helgi Halldórsson



„AÐDÁUNARVERT FRAMTAK“

„Hér leggur Magnús Orri fram áhugaverða framtíðarsýn, þá sérstaklega um möguleika innan skapandi greina og starfs- umhverfi sprotafyrirtækja.“

BERGÞÓRA GUÐNADÓTTIR,  
HÖNNUÐUR OG EIGANDI  
HÖNNUNARFYRIRTÆKISINS  
FARMERS MARKET

MAGNÚS ORRI SCHRAM

# VIÐ STÖNDUM Á TÍMAMÓTUM



**2. SÆTI**

Metsölulisti Eymundsson  
Handbækur / fræðibækur / ævisögur  
3.-9.10.12

„Ísland 21. aldarinnar mun snúast um þekkingu og nýsköpun – það verður aldrei of oft itrekað. Bók Magnúsar Orra er mikilvægt innlegg í þá umræðu.“

– BJÖRN LÁRUS ÖRVAR,  
FRAMKVÆMDASTJÓRI  
ORF LÍFTÆKNI

„Magnús Orri er stjórnmálamaður sem veit hvert við Íslendingar eigum að stefna og hvernig við förum að því. Í þessari afar áhugaverðu bók sýnir hann fram á að tekiferi okkar eru óþrjótandi ef rétt er haldið á spilunum.“

MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR,  
FORMAÐUR SAMTAKA VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU



SDA, FRÉTTATÍMINN

## „ORÐ Í TÍMA TÖLUÐ“

„Magnús Orri lýsir því skilmerkilega í þessari forvitnilegu bók hvernig nýsköpun og hugverkagreinar eru lykilatriði í því að bæta lífskjör okkar til framtíðar – orð í tíma töluð.“

ÞORSTEINN INGI SIGFÚSSON,  
FORSTJÓRI NÝSKÖPUNARMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

Magnús Orri Schram alþingismaður lýsir því í þessari áhugaverðu bók hvernig hægt er að efla atvinnulífið og tryggja að hér á landi verði lífskjör sambærileg við það sem best gerist í nágrennalöndunum. Hér er fjallað um brýnustu mál samtímans á skýran og aðgengilegan hátt og bent á athyglisverðar leiðir til hagsældar og hamingju.

VERÖLD







Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,  
afi og langafi,

**DAVÍÐ GUÐLAUGSSON**  
fyrrv. skipstjóri,  
Hagafliót 9, Akranesi,

lést miðvikudaginn 10. október. Jarðarförin  
verður auglýst síðar.



**Guðmundur Rúnar Davíðsson**  
**Sigurður Grétar Davíðsson**

**Margrét Sigurðardóttir**  
**Hólmfríður Dröfn**  
**Guðmundsdóttir**  
**Búi Gíslason**

**Harpa Hrönn Davíðsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir samúð og vinarhug við  
andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns,  
föður, tengdafaður, afa og langafa,

**SIGURÐAR ÁSGEIRS**  
**KRISTJÁNSSONAR**  
Grandavegi 47, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 12G  
Landspítalanum og líknardeildar Landspítala  
Kópavogs fyrir góða umönnun.



**Erna Jensdóttir**

**Rafn Sigurðsson**  
**Sigurður Þór Sigurðsson**  
**Jens Pétur Sigurðsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Suzanne Sigurðsson**  
**Hjördís Bergsdóttir**  
**Patrica Sequra Valdes**



Okkar ástkæra móðir, dóttir, tengdamóðir,  
systir og amma,

**ERLA SIGURDÍS ARNARDÓTTIR**

lést á bráðamóttöku Landspítalans  
í Fossvogi 10. október sl.



**Halla Karen Jónsdóttir**  
**Elín Klara Jónsdóttir**  
**Hjálmar Gauti Jónsson**  
**Halla Hjálmarsdóttir**  
**Helga Eygló Guðjónsdóttir**  
**Jóna Hlín Guðjónsdóttir**  
**Embla Eir Oddsdóttir**  
**Hekla Andradóttir**

**Andri Már Óttarsson**  
**Kolbeinn Lárus Sigurðsson**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir, afa og langafi,

**STEFÁN NIKULÁS ÁGÚSTSSON**  
Kríunesi, Elliðavatni,

er lést að heimili sínu föstudaginn  
5. október, verður jarðsöngurinn frá Neskirkju  
þriðjudaginn 16. október kl. 15.00. Blóm og  
kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans  
er bent á Karitas eða önnur líknarfélög.



**Helga Heiðbjört Björnsdóttir**  
**Björn Ingi Stefánsson**  
**Stefán Örn Stefánsson**  
**Sveinn Þór Stefánsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Anna Katrín Ottesen**  
**Oddný Rósa Halldórsdóttir**  
**Uunnur Sæmundsdóttir**

*Ný útfararstofa*  
*Byggt á traustum grunni*

*Útfararstofa*  
**SVAFARS & HERMANNSS**

*Virding Reynsla & Þjónusta*  
*Allan sólarhringinn*



571 8222  
820 3939 SVAFAR  
820 3938 HERMANN

WWW.KVEDJA.IS



ANDRÓMEDA Dróttskátaflokkur á Landsmóti á Úlfjótavatni 2011.

MYND/BJÖRK NORDAL

## Andrómeda fagnar fimmtíu ára afmæli

Dróttskátasveitin Andrómeda verður 50 ára hinn 15. október. Um tilurð sveitarinnar hefur Elín Richards þetta að segja: „Það var stuttu eftir landsmót skáta 1962 að Ingólfrur Ármannsson skátaforingi frá Akureyri kom að máli við nokkra hressa skáta um stofnun dróttskátasveitar í Kópavogi. Þessi draumur varð að veruleika og stofnfundur var haldinn þann 15. október 1962. Andrómeda var fyrsta dróttskátasveitin sem stofnuð var á Íslandi og jafnframt fyrsta blandaða sveitin þar sem kynin voru jafn réttá. Í upphafi var sveitin ætluð dróttskátum á aldrinum 15 til 18

ára en með breytingum á skátadagskrá hefur aldurinn færst niður í 13 til 16 ára. Til gamans má geta þess að til fjölmargra sambanda hefur verið stofnað í gegnum Andrómedu og hjónaböndin sem stofnað hefur verið til skipta tugum og halda flest enn eftir fjölmörg ár.“

Afmælinu verður fagnað með opnu húsi í skátaheimili Kópa að Digranesvegi 79 frá klukkan 14 til 17 í dag. Elín segist vonast til að sem flestar Andrómedur láti sjá sig við þessi tímamót.

Stofnuð hefur verið Facebook-síða vegna afmælisins og er slóðin á hana Ds. Andromeda 50 ára.

## Utanför í til- efni afmælis

Arsenalklúbburinn á Íslandi fagnar þrjátíu ára afmæli sínu á mánudag. Í tilefni þess fara hátt í 240 klúbbmeðlimir í pílgrímsför helgina eftir á Emirates-völlinn, þar sem fylgst verður með Arsenal taka á móti QPR.

„Það má segja að undirbúningurinn hafi hafist formlega fyrir nánast tveimur árum. En hugmyndin að ferðinni kviknaði í 25 ára afmælisferðinni,“ segir Sigurður Hilmar Guðjónsson, varaformaður Arsenalklúbbsins. Klúbburinn horfir ekki bara á leikinn á Emirates heldur verður einnig borðað á leikvanginum, auk þess sem Arsenal-búðin mun taka vel á móti Sigurði Hilmar og félagum. Fyrirverandi Arsenal-leikmaðurinn Ray Parlour kemur jafnframt í heim-sókn og spjallar við hópinn.

Rétt rúmlega 1.200 manns hafa borgað félagsgjöldin í Arsenalklúbbinn fyrir þetta ár. Aðspurður segist Sigurður Hilmar vera stoltur af langlífi klúbbsins á Íslandi. „Þetta er alltaf að vaxa og vaxa og verða betra og betra hjá okkur.“ - fb



CAZORLA Spánverjinn Cazorla hefur spilað vel með Arsenal.

NORDICPHOTOS/GETTY



Innilegar þakkir færur við öllum þeim sem  
sýndu okkur samúð og hlýhug  
vegna andláts og útfarar bróður  
okkar, frænda og vinar,

**GOTTSKÁLKS EGILSSONAR**  
frá Mið-Grund, Skagafirði,  
Ægisdötu 6, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins í Skógarhlíð fyrir frábæra  
umönnun.



**Oddný Egilsdóttir, Lilja Egilsdóttir, frændfólk og vinir.**



Hugheilar þakkir til allra sem auðsýndu  
okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát  
og útför okkar ástkæru dóttur, systur,  
mágkonu og frænku,

**ÁSDÍSAR INGIMARSDÓTTUR**  
Egilsdötu 19, Borgarnesi.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki  
blóðlæknigadeildar 11G á Landspítalanum  
við Hringbraut, fyrir frábæra umönnun og alúð.



**Ingimar Sveinsson**  
**Sigríður Fanney Ingimarsdóttir**  
**Gunnar Snælundur Ingimarsson**  
**Kristín María Ingimarsdóttir**  
**Sveinn Óðinn Ingimarsson**

**Guðrún Gunnarsdóttir**  
**Lars Christensen**  
**Anne-Mette Skovhus**  
**Jóhannes Eyfjörð**  
**Guðrún Halldóra**  
**Vilmundardóttir**

og fjölskyldur.



Innilegar þakkir færur við öllum þeim sem  
sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og  
útför okkar ástkæru móður, tengdamóður,  
ömmu og langömmu,

**GUÐRÚNAR GUÐLAUGAR**  
**SIGURGEIRSDÓTTUR**  
Skarphéðingsdötu 4, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki  
Heimahjúkrunar, dagvistarinnar á Lindargötu og starfsfólki  
Droplaugarstaða sem annaðist Guðrúnu af einstakri alúð,  
kærleika og virðingu síðustu árin.



**Sigurgeir A. Jónsson**  
**Sonja B. Jónsdóttir**  
**Ívar Jónsson**  
**Fannar Jónsson**

**Þóra Hafsteinsdóttir**  
**Guðmundur Kristjánsson**  
**Lilja Mósesdóttir**  
**Elisabet S. Auðunsdóttir**

**Jón Þór Sigurgeirsson**  
**Guðrún Iðunn Sigurgeirsdóttir**  
**Birkir Kristján Guðmundsson**  
**Jón Reginbald Ívarsson**  
**Hrafnhildur Fannarsdóttir**  
**Fannar Gunnsteinsson**  
**Óskar Þór Einarsson og Sigurgeir Egill Einarsson**



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við  
andlát og útför föður míns, tengdafaður  
og afa,

**STEINDÓRS HJÖRLEIFSSONAR**  
leikara.

**Ragnheiður Steindórsdóttir**  
**Steindór Grétar Jónsson**

**Jón Þórisson**  
**Margrét Dórothea Jónsdóttir**



Elskuleg dóttir mín og systir okkar,

**SOLVEIG BJÖRNSDÓTTIR**  
frá Eyjarhólum,

lést þriðjudaginn 9. október.

**Rósa Haraldsdóttir**  
**Jóhann Þorsteinsson**  
**Agla Sigríður Björnsdóttir**  
**Þorlákur Sindri Björnsson**  
**Ingibjörg Rósa Björnsdóttir**  
**Haraldur Björnsson**



Elskulegur bróðir minn og frændi okkar,

**GUÐMUNDUR GÍSLASON**  
Heiðarbraut 9,  
Garði,

verður jarðsöngurinn frá Útskálakirkju,  
þriðjudaginn 16. október kl. 14.00.

**Magnús Gíslason**  
**Ásta Magnúsdóttir**  
**Jóhanna Magnúsdóttir**  
**Þóra Björg Magnúsdóttir**  
**Sólveig Ólöf Magnúsdóttir**



Ástkær eiginmaður, faðir okkar  
og tengdafaðir,

**FRÍÐRIK STEFÁNSSON**  
Suðurhlíð 38C,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við  
Hringbraut þriðjudaginn 9. október. Útförin  
fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn  
17. október kl. 15.00.

**Samruai Donkanha**  
**Svanhvít Friðriksdóttir**  
**Hjálmar Friðriksson**

**Jón Ólafur Sigurjónsson**





Einnar nætur gaman... ár eftir ár eftir ár.



# Á sama tíma að ári

Einn  
vinsælasti  
gamanleikur  
allra tíma!

Skelltu  
þér í  
áskrift!

Nína Dögg Filippusdóttir og Guðjón Davíð Karlsson í verðlaunaverki Bernard Slade  
í leikstjórn Sigurðar Sigurjónssonar og Bjarna Hauks Þórssonar

## Miðasala í fullum gangi

Tryggðu þér miða!

lau. 6/10 kl. 19 **UPPSELT**  
lau. 6/10 kl. 22 örfá sæti  
sun. 7/10 kl. 20 **UPPSELT**  
fös. 12/10 kl. 19 **UPPSELT**

lau. 13/10 kl. 19 **UPPSELT**  
lau. 20/10 kl. 19 **UPPSELT**  
lau. 20/10 kl. 22 **aukasýn.**  
fim. 20/11 kl. 20 örfá sæti

**Sýningar í Hofi á Akureyri**  
fös. 01/11 kl. 20 | lau. 02/11 kl. 20  
Miðasala í síma 450 1000 og á  
[menningarhus.is](http://menningarhus.is)



**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**

**OPNUM KL. IO SAMA VÖRUVERÐ UM LAND ALLT**

**LÍFRAEN JÓGURT**  
**95 KR. 170 GR**

Bio-Bú

dr. antonio MARTINS

**LÍFRAENT KÓKOSVATN**  
FERNA 500 ML  
FLASKA 330 ML

**398 KR. 298 KR.**

**100 GR HIMNESKAR HRÍSKÖKUR SALTADAR**  
**129 KR.**

**HNETUMJÓLK OG HRÍSMJÓLK**  
MEÐ VIÐBÆTTU CALCÍUM

**298 KR. 1LTR.**

BIO BÚ: LÍFRAENT SKYR  
HREINT SKYR- VANILLU SKYR  
OG SKYR MEÐ MANGÓ

**119 KR. 170 GR**

Bio-Bú

HIMNESKT KALDHREINSUD  
HÖRFRÆOLÍA 250 ML

**998 KR.**

HIMNESKIR DRYKKIR 330 ML

**198 KR.**

340 GR HIMNESKT  
HNETUSMJÖR  
LÍFRAENT GRÓFT OG FINT

**398 KR.**

KÍNÓAFRÆ 500 GR

**598 KR.**

HIMNESKT CHIAFRÆ 200 GR

**598 KR.**

HIMNESKT LÍFRAENT  
FÍNT EÐA GRÓFT  
SPELTHVEITI I KG.

**398 KR.**

HIMNESK 500ML  
JÓMFRÚAR  
ÓLÍFUOLÍA  
KALDPRESSUÐ

**798 KR.**

HIMNESK KALDPRESSUÐ KÓKOSOLÍA

**998 KR. 400 GR**

HEIMA MÖNDLUR MEÐ HÝÐI 500 GR

**698 KR.**


**BONUS EKKERT BRUÐL**

Hér færðu veltutengda  
VILDARPUNKTA  
VISA Vildarklöbbur



**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**

**OPNUM KL. IO SAMA VÖRUVERÐ UM LAND ALLI**



**FERSKUR KJÖRFUGL**



HEILL FERSKUR KJÖRFUGLSKJÚKLINGUR

**698 KR.KG.**

**HEIMA**



HEIMA SEASON KRYDD 454 GR

**298 KR. STK**

**ISLANDS LAMB**



Lambalæri

ÍSLANDSLAMB ÚRBEINAD LAMBALÆRI Í ÁLBAKKA TILBÚIÐ Í OFNINN

**2198 KR.KG**



FROSIN ÞÝSK NAUTALUND

**3879 KR. KG.**

**HEIMA**



750 ML ÓLÍFUOLÍA EXTRA VIRGIN

**598 KR**



FROSIÐ ÞÝSKT NAUTARIBEYE

**2998 KR. KG.**

**BESTU KAUPIN Í KJÚKLINGABRINGUM Í BONUS**

**Ali Spareribs**



FULLELDAÐ - ÞARF AÐEINS AÐ HITA

ALI ELDUÐ GRÍSARIF SPARERIBS

**998 KR.KG.**

**KYCKLINGFILÉ**



STYCKFRÝSTA, KÖTTHALT 80% 900 g e

FROSNAÐ 900 GR KJÚKLINGABRINGUR

**1498 KR.PK**

**BONUS**

UNNIÐ ÚR GRISALÆRI



**1195 KR.KG.**

BÓNUS BAJONSKINKA

**Ali**



ALI SALTADIR GRÍSASKANKAR

**398 KR. KG.**

**ISLANDS NAUT**



VINSÆLASTA HAKKIÐ Í BÓNUS

ÍSLANDSNAUT UNGNAUTAHAKK 100% KJÖT

**1498 KR.KG.**

**BONUS**



**1879 KR. KG**

**HAUST SLÁTRUN 2012**

**BONUS**



**1389 KR. KG**

AF NÝSLÁTRUÐU FERSKUR LAMBAHRYGGUR

AF NÝSLÁTRUÐU FERSKT LAMBALÆRI

**BONUS EKKERT BRUÐL**

Hér færðu veititengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklöbbur





**MÖGULEIKHÚSIÐ** sýnir barnaleikritið Prumpuhólinn eftir Þorvald Þorsteinsson í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi á morgun, 14. október, klukkan 14. Sýningin er ætluð áhorfendum á aldrinum tveggja til tíu ára og tekur 45 mínútur í flutningi.

## Konráð og félagar á ferð og flugi


13

Teikningar og texti Bragi Halldórsson

Nú var illt í efni, þau voru rammvillt uppi á reginfjöllum. „Hvar skyldum við nú vera,“ sagði Konráð hugsi. „Við erum á leiðinni á Langanes og fórum norðurleiðina og núna eru bara endalaust há fjöll allt um kring og ég veit ekkert hvar við erum.“ Jafnvel fjallabúinn Róbert þagði. „Róbert,“ sagði Kata lymskulega, en Róbert svaraði engu. „Við erum með kort, skoðum það,“ sagði Lísaloppa. „Sko,“ bætti hún við, „samkvæmt kortinu virðist þetta vera heljarmikill skagi með háum fjöllum.“

Veist þú hvaða skagi þetta er? Er þetta:

- A. Tröllaskagi
- B. Reykjaneskagi
- D. Skipaskagi



LANGI JÓN SILFUR Kenni páfagauknum sínum að tala fyrir margt löngu.

# PIRATES OF THE CARIBBEAN ER ALGJÖRT BULL

Sjóræninginn Langi Jón Silfur skemmtir gestum Borgarleikhússins um þessar mundir en hann leikur stórt hlutverk í Gulleyjunni. Krakkasíðunni lék forvitni á að vita eitt og annað um Langa Jón og hann féllst á að svara nokkrum spurningum.

**Hvenær ákvaðstu að gerast sjóræningi?** Þegar ég sá seglskip í fyrsta sinn hugsaði ég, þarna vil ég búa.

**Hvað er skemmtilegast við að vera sjóræningi?** Að sigla um heimsins höf.

**Verðurðu einhvern tíma hræddur?** Ég er hræddur við drauga.

**Hvað heitir páfagaukurinn þinn og af hverju kann hann að tala?** Hann heitir Flint skipstjóri og ég hef talað svo mikið við hann þegar við erum úti á ballarhafi, að hann er löngu farinn að svara mér fullum hálsi.

„Þegar ég sá seglskip í fyrsta sinn hugsaði ég, þarna vil ég búa.“

**Hvenær eignaðistu hann?** Ég vann hann í veðmáli fyrir langa löngu.

**Hver er besti vinur þinn?** Það er páfagaukurinn minn.

**Hefurðu gert eitthvað sem þú sérd eftir?** Já, ég skildi vin minn Ben Gunn einan eftir á Gulleyjunni.

**Hvernig finnast þér myndirnar Pirates of the Caribbean?** Þær eru nú bara bull og vitleysa.

**Hefurðu orðið sjóveikur?** Nei, er sjóveikin nokkuð að ganga hér á Íslandi?

**Hvað borðar þú á morgnana?** Epli.

**Ertu ríkur?** Já, ég á nokkra gullpeninga falda á vísnum stað.

**Hver er flottasti sjóræningi sem þú þekkir (fyrir utan þig)?** Það er Flint skipstjóri.

**Eru þið Jim góðir félagar?** Já, hann er ágætis piltur hann Jim.

## HEILABROT

1. Ég er karlmaður og heiti það sem hópur fólks er. Hvert er nafn mitt?
2. Ég er nytsamlegur hlutur og þú togar oft í mig. Það gengur vel ef þú ferð varlega, annars stansa ég stundum og fer út af brautinni. Hver er ég?
3. Hvenær er hægt að bera vatn í gatasigtí?
4. Hvað getur svarað öllum spurningum, og það á öllum tungumálun?

5. Hvaða stökk er auðveldast þegar fólk er reitt?
6. Ég er karlmaður og heiti það sem fátækur er. Hvert er nafn mitt?
7. Hvað er það sem Guð gefur þér tvisvar, en í þriðja sinn þarft þú að borga fyrir það?

Eitlikur. 7. Tennurnar.

Að stökva upp á nef sér. 6. Það er frosið. 4. Bergmálið. 5. 1. Lýður. 2. Rennilás. 3. Þegar

## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísu ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.



## SPURNINGALEIKUR

### Hvað veistu um Justin Bieber?

1. Hvenær fæddist hann?
2. Í hvaða landi fæddist hann?
3. Hvað heitir mamma hans?
4. Hvernig var hann uppgötvaður?
5. Hvað heitir fyrsta lagið sem hann gaf út?
6. Hver voru áhugamál hans í skóla?
7. Hvað var hann gamall þegar fyrsta lagið hans kom út og hann varð frægur?
8. Hvað heitir fyrsta platan hans?
9. Hvað er vinsælasta lag sem hann hefur sent frá sér.
10. Hvað heitir kvikmyndin sem var gerð um hann?



1. 1. mars 1994.
2. Kanada.
3. Pattie Mallette.
4. Umboðsmáðurinn Scooter Braun sá myndbönd með honum á YouTube og hafði samband við hann til að bjóða honum plötusamning.
5. One time.
6. Hókkí, fótbolti og skák.
7. 15 ára.
8. My world.
9. Baby.
10. Never say never.



STUNDUM ER  
OKKUR KASTAÐ  
ÚT Í  
SEM VIÐ HÖFÐUM  
ALLS EKKI  
REIKNAD MEÐ

Ásdís Hjálmsdóttir, spjótkastari



Hönnun slaufu: SIGN

**Kauptu Bleiku slaufuna**

[www.bleikaslafan.is](http://www.bleikaslafan.is)

Aðalstyrktaraðilar



Söluaðilar

Ákureyrarapótek, Alltmerkilegt, Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar, Apótek Vesturlands, Apótekarinn, Apótekið, Árbæjarapótek, Belladonna, Blómabúðin Burkni, Blómabúðin Dögg, Blómabúðin Ísblóm, Blómahönnun, Bókabúð máls og menningar, Byggt og búð, Byko, Debenhams, Einar Farestveit, Eymundsson, Femin.is, Feminin Fashion, Fríhöfnin, Frumherji, Garðheimar, Garðsapótek, Garnabúð Gauja, Hagkaup, Hár og Velliðan, Heilsuhúsið, Hrafnista Hafnarfirði, Hrafnista Laugarás, Hreyfill, ÍÐA, ITA gallery, Islandspóstur, Kaffitár, Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Kjarval, Krónan, Kvinnadeild Rauða Krossins, Leonard, Lindex, Lostæti, Lyf og heilsa, Lyfja, Lyfjaborg, Lyfjaval, Lyfjaver, Melabúðin, Misty, Mörk hjúkrunarheimili, Nóatún, Orkan, Penninn, Radison Blu 1919 hótél, Reykjavík excursion, Reykjavíkur Apótek, Rima Apótek, Samkaup (Nettó, Kaskó, Urval, Strax), Shell, Sigurboginn, Skipholtsapótek, Smith og Norland, Sóley Natura Spa, Stúdíóblóm-runni blómabúð, Svarta Kaffi, Te og Kaffi, Urðarapótek, Þín verslun.



## krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. skraf, 6. kringum, 8. skordýr, 9. kelda, 11. belti, 12. losti, 14. vinna, 16. drykkur, 17. hélt á brott, 18. arða, 20. golf áhald, 21. feiti.

## LÓÐRÉTT

1. nautasteik, 3. frá, 4. burnirót, 5. bæli, 7. aftursegl, 10. gagn, 13. útdeildi, 15. frjáls, 16. frestur, 19. skst.

## LAUSN

LÁRÉTT: 2. rabþ, 6. um, 8. fló, 9. fén, 11. ól, 12. frygð, 14. stárf, 16. te, 17. fót, 18. ögn, 20. tí, 21. flót.  
LÓÐRÉTT: 1. Buft, 3. Af, 4. Blóðót, 5. Ból, 7. Mersægl, 10. Nyl, 13. Gaf, 15. Fít, 16. Tóf, 19. No.



## GÓÐA SKEMMTUN Í KVÖLD Í LAUGARDALSHÖLLINNI

19:00 HÖLLIN OPNAR

20:00 TÓNLEIKAR HEFJAST

ANDREA GYLFADÓTTIR · DIDDÚ · EIVÖR · ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR  
GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR · KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR · LAY LOW  
RAGGA GÍSLA · SIGGA BEINTEINS · BJÖRGVIN HALLDÓRSSON · EGILL ÓLAFSSON  
GISSUR PÁLL GISSURARSON · STEFÁN HILMARSSON



SENA

# Í meintum var þetta helst

## BAKÞANKAR Brynhildar Björnsdóttur

Ung stúlka var skotin í höfuðið fyrir utan skólann sinn fyrir að heimta að fá að fara í skóla.

**SAMKYNHNEIGÐUR** tónlistarmaður er látinn vegna langtíma afleiðinga líkamsárásar sem hann varð fyrir, sem var samfélagslega samþykkt og sem yfirvöld sáu ekki ástæðu til að meðhöndla sem sakamál.

**LITLAR** stúlkur eru látnar giftast fullorðnum mönnum og deyja svo af barnsförum af því að þær eru of óþroskaðar líkamlega til að fæða börn.

**EN** ekki á Íslandi. Nei, auðvitað ekki á Íslandi. Eins og Sverrir Stormsker benti réttilega á eru heimsstyrjaldir í öðrum löndum. Hér er búið að leysa öll þessi og viðlíka vandamál. Allar stelpur fara í skóla og ef þær vilja það ekki eru þær skikkaðar til þess. Hommar eru bara eins og venjulegt fólk nema einu sinni á ári, þegar þeir fá sérstaka skruðgöngu til að vera flottari og merkilegri en venjulegt fólk.

**VIÐ** Íslendingar erum til fyrirmyndar á mörgum sviðum. Við menntum börnin okkar og endurmenntum fullorðna fólkið, við lesum og gefum út flestar bækur á einstakling í heimi, listalíf er í fágætum blóma, sjúkir fá

líkn og fólk með gleraugu fær stuðning frá stéttarfélagi til að fara í laser-áðgerðir. Við erum alveg frábær og getum svo sannarlega hryllt okkur yfir fréttum utan úr heimi, sýnt fórnarlömbum stuðning, skammast yfir skammsýni, trúarofstæki og mannvönsku þjóða sem eru ekki komnar eins langt og við, hvort sem þær eru nágrannar okkar og frændur eða ómenni í asnalegum fötum með allt of mikið skegg.

**EIN** frétt vikunnar skar sig úr hvað varðaði nálgun í umræðunni. Hún fjallaði um grófa kynferðislega árás á unga stúlku. Flestum, vonandi öllum, fannst þetta óhugnanleg frétt en þó vakti hún jákvæð viðbrögð hjá ákveðnum hópi. Gleði þeirra snerist þó ekki um efni fréttarinnar, fjarri því, heldur framsetningu hennar. Eða nánar tiltekið um fjarveru eins orðs. Orðið var „meint“.

**PVI** að þrátt fyrir að við séum framarlega í mörgu og þó að við séum jafnvel fremst á einhverjum sviðum má alltaf bæta. Og það að lítil stelpa sé EKKI rengd, þegar hún kemur grátandi inn á lögreglustöð og segir að sér hafi verið nauðgað og sýnir áverka sem eru í samræmi við frásögn hennar, er vissulega fagnaðarefni. Þó að einhverjum finnst kannski að það ætti að vera jafn sjálfsagt og að fyllast hryllingi yfir „meintrí“ líkamsárás á samkynhneigðan mann, „meintum“ barnabruðkaupum eða „meintu“ byssuskoti í höfuðið.



## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Overli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott







**HULK HOGAN** Kappinn vill leika í þriðju Expendables-myndinni.

## Vill leika í Expendables

Fjölbragðaglímukappinn Hulk Hogan hefur áhuga á að leika í þriðju Expendables-hasarmyndinni. „Allir aðdáendur mínir segja við mig á Twitter að ég ætti að leika í Expendables 3. Ég vildi óska þess. Getið þið ímyndað ykkur mig sem vonda kallinn ef ég myndi raka af mér hárið?, sagði Hogan.

Meðal þeirra sem hafa leikið í Expendables-myndunum eru vöðvabúnt á borð við Arnold Schwarzenegger, Bruce Willis og Sylvester Stallone. Hogan er hinum síðastnefnda einmitt mjög þakklátur fyrir að hafa gefið honum tækifæri í Rocky III árið 1982.



**FIMMTA BARNIÐ?** Orðrómur er nú á kreiki um að Victoria sé ólétt enn á ný.

## Victoria klæðist víðu

Svo virðist sem Beckham-hjónin þreytist seint á því að skjóta fallegum börnum inn í heiminn.

Orðrómur er nú á kreiki um að Victoria gangi með fimmta barn parsins. Sögusagnirnar hófust eftir að söngkonan og fatahönnuðurinn hafnaði öllum boðum um áfengi þegar að hún kom fram á lokahátíð Ólympíuleikanna í ágúst síðastliðnum. Eftir það hefur hún ýtt undir orðróminn með því að klæðast víðum fötum, en hún hefur hingað til verið þekkt fyrir þröngan og kynþokkafullan klæðnað. Þarið á saman fjögur börn, synina Brooklyn þrettán ára, Romeo tíu ára, Cruz sjö ára og dótturina Harper fimmtán mánaða.

# Hálsbrotnaði í hestaferð á Íslandi

Bandaríski Hollywood-leikarinn Stephen Tobolowsky hefur gefið út bókina *The Dangerous Animals Club*. Óhapp sem hann varð fyrir á Íslandi þegar hann hálsbrotnaði í hestaferð var kveikjan að bókinni.

„Ég dó næstum því á Íslandi á leiðindahesti sem heitir Litli-Rauður. Mögulega hefði ég aldrei getað hitt strákana mína aftur. Þeir hefðu aldrei fengið að vita hver ég var,“ skrifaði Tobolowsky á heimasíðu sína um þessa miður skemmtilegu lífsreynslu.

„Hvað ef ég skrifa um líf mitt og kynni sjálfan mig fyrir

börnunum mínum?“ Ekki er um hefðbundna ævisögu að ræða heldur miklu frekar frásagnir frá ýmsu sem hann hefur upplifað í gegnum tíðina.

Tobolowsky hefur leikið í yfir tvö hundruð kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Hann er kunnur fyrir aukahlutverk í myndum á borð við *Groundhog Day*, þar sem hann lék tryggingasölu-manninn Ned Ryerson, *Memento* og *The Insider*.

Einnig lék hann kennarann Sandy Ryerson í sjónvarpsþáttunum *Glee* og sömuleiðis í *Californication* og *Heroes*.



**MEÐ BÓKINA** Stephen Tobolowsky með bókina *The Dangerous Animals Club*. Hann hálsbrotnaði í hestaferð á Íslandi. NORDICPHOTOS/GETTY

# PLÖTUTÍÐINDI


Þátttaka í **PLÖTUTÍÐINDUM 2012** er gjaldfrjáls fyrir allar íslenskar tónlistarútgáfur ársins 2012.

**PLÖTUTÍÐINDI 2012** koma út í 3. viku nóvember.

Lokadagur skila er 26. október.

Skráningar hefjast mánudaginn 15. október á [plotutidindi.is/skil](http://plotutidindi.is/skil)

**Félag hljómplötuframleiðenda**





# MAXAÐU SPARNAÐ



## Öflug Acer Aspire V5-571G

Brjálað verð fyrir 15,6" Acer fartölvu með Intel i3 örgjörva og nVidia GeForce GT 620M skjá korti. 4GB minni og 320 GB harður diskur.



## Flottur 21,5" tölvuskjár frá Samsung – S22B300B

LED skjár með 1920x1080 háskerpuupplausn og 170° sjónarhorni.



## 32" HD LED sjónvarp frá Toshiba – 32AV933N

1366x768p upplausn og 12.000:1 skerpa, Active Vision LCD, Ambient Light Sensor birtustillir og Wi-Fi Ready. Ótal tengimöguleikar.



## PHILIPS

### Kraftmikil og nett Philips ryksuga – FC8230

1600w SmallStar ryksuga með 275w sogkrafti. 5 filtera kerfi. Tvískipt málmrör og vönduð gúmmihjól. Löng 6m snúra.

## PHILIPS

### Öflug 650w safapressa – HR1858

Engin þörf á að afhýða eða taka fráen úr. Tekur heila ávexti og grænmeti. Tveir hraðar. 1,5l. safakanna.



## Blomberg

### 12 manna og 6 kerfa uppþvottavél – GUN9210

Gæða uppþvottavél sem þurrkar með hita frá elementum og lætur vita ef gljáefni vantar. Vatnsflæðivörn. Þvottahæfni A. Orkunýtni B. Þurrkgeta A.



## 300W Philips heimabíókerfi – HTS3531

Ótrúlegt verð fyrir öflugt heimabíókerfi með Dolby TrueHD 5.1 Surround kerfi og Dolby Digital. DVD spilarar með 1080p uppskölun, MP3 line-in og 40 stöðva útvarpi, NET TV, USB flash drifi o.fl.

## PHILIPS

TEXTI OG VERÐ ERU BIRT MEB PIRIRVARA UM PRENTVILLUR

**0% VEXTIR Í 12 MÁNUÐI !**

Aðeins 3% lántökukostnaður og 340 kr. í færslugjald á mánuði



# MINN UM HELGINA!



79.989

**OLYMPUS**

### Olympus myndavél með tveimur linsum – EPM1DZKITBLACK

12.3 milljón punkta upplausn og speglalaus Pen myndavél með tveimur útskiptanlegum linsum. 3" LCD skjár, tvíþætt hristivörn og Full HD upptaka.



**PHILIPS**

269.989

42"

**Clickfree**

### 1TB vasaflokkari fyrir afritun - C2

Nettur og ofurhraður afritunarflokkari sem afritar sjálfkrafa um leið og honum er stungið í USB. Margfaldur gagnaflokkingshraði með USB 3.0 og hámarksöruggi með 256 bita dulkóðun.



19.989

### 42" Frameless 3D Smart LED sjónvarp – 42PFL6907T

Einstök myndgæði og glæsileg rammalaus hönnun. Full HD 1920x1080 Pixel PreciseHD Dual Core. Ambilight Spectra 2 baklýsing. 600Hz Perfect Motion Rate. Easy 3D. 2D-3D breyting. Smart TV netvafri, þráðlaust í gegnum Wi-Fi og Skype möguleiki. App fyrir iPhone og Android síma og spjaldtölvur. Fjögur þrívíddargleraugu fylgja.



3.989

**DeLonghi**

### 2200W DeLonghi hitablásari – HTF3031

Kraftmikill hitablásari með hitastilli fyrir allt að 60m<sup>3</sup> rými. 2 stillingar og hægt að slökkva á hita.



2.989

**KENWOOD**

### Kenwood brauðrist – TT325

2ja sneiða brauðrist sem er 900W. Extra breiðar raufar og grind að ofan fyrir smærri brauð. 5 tímastillingar og mylsnubakki.

**Lenco**

### 9.7" spjaldtölva með IPS skjá – 9701

Ótrúlegt verð fyrir spjaldtölvu með Android 4.0 og IPS skjá sem skilar frábærum myndgæðum í 1024x768 upplausn.



39.989



79.989

**Panasonic**

### 7kg þvottavél

– NA147VB4  
1400 snúninga með stafrænu kerfisvali og hitastilli. 12 þvottakerfi ásamt 15 mín. hraðkerfi. Þvottahæfni A. Vinduhæfni B. Orkunýting A+++.

**Nikon**

### Nikon myndavél fyrir kröfuharða – D3100

Digital SLR myndavél með 14.2 milljón punkta CMOS flögu, NIKKOR 18-55mm linsa fylgir, D-Movie háskerpu myndbandsupptaka og ótal stillimöguleikum. Íslenskur leiðarvísir og 2.5 klst. námskeið fylgir. Einnig fánleg með öðrum linsum.

89.989



# MAX

RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19  
Laugardaga kl. 11-18  
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kaupþúni 1 - Garðabæ  
Sími 412 2200 - www.max.is

**BEINT Á MÓTI IKEA**





**HALLDÓR B. RUNÓLFSSON** safnstjóri verður með leiðsögn um sýninguna Musée Islandique í Listasafni Íslands við Tjörnina klukkan 14 á morgun. Musée Islandique er sýning á verkum Ólafar Nordal og mun Halldór Björn fjalla um skörun vísinda og lista með hliðsjón af straumum og stefnum á alþjóðlegum listmarkaði.

**Fílharmónía**  
ásamt hljómsveit

*Misa Criolla*  
& Ariel Ramirez  
*Mariamusik*  
Anders Öhrwall

Seltjarnarneskirkju  
sunnudag 14. október kl. 20  
Guðríðarkirkju  
mánudag 15. október kl. 20

einsöngvarar stjórnandi  
Einar Clausen & Jón Svavar Józefsson Magnús Ragnarsson

Miðasala í 12 Tónum, Skólavörðustíg, hjá kórfélögum og við innganginn www.filharmonia.is

**Jólaborpið í Hafnarfirði**  
auglýsir eftir skemmtiatriðum og hljómsveit

**Jólaborpið Hafnarfirði**

Auglýst er eftir fjölbreyttum skemmtiatriðum bæði á sviði og í þorpinu sjálfu. Einnig leitum við að hljómsveit til þess að halda tónleika á Þorláksmessukvöld frá 20:00 til 21:00.

**Jólaborpið opnar þann 24. nóvember og verður opið allar helgar til jóla frá 13-18, nema á Þorláksmessu þegar opið verður frá 13-22.**

Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við Ásbjörg Unu Björnsdóttur á netfangið [asbjorguna@hafnarfjordur.is](mailto:asbjorguna@hafnarfjordur.is)

**EKKI ER ALLT SEM SÝNIST**

Mögnuð spennusaga úr smiðju metsöluhöfundarins Árna Þórarinssonar sem bregst ekki aðdáendum sínum!

**„Framúrskarandi krimmi með sterkri undiröldu ...“**

Jan Arnald / Arne Dahl um Tíma nornarinnar í Dagens Nyheter

**ÁRNI ÞÓRARINSSON**  
**ÁR KATTARINS**

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu



MICHEL HOUELLEBECQ „Óneitanlega verðum við öll leiðinlegri með árunum. Það er óhjákvæmilegt.“ FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Okkur ber engin skylda til að vera full af ástríðu

Kortið og landið, nýjasta skáldsaga franska rit höfundarins Michel Houellebecq, er komin út í þýðingu Friðriks Rafnssonar. Houellebecq er einn umdeildasti höfundur samtímans en Kortið og landið hlaut feikigóðar viðtökur og var hlaðin verðlaunum í Frakklandi. Hvað segir hann sjálfur um bókina?

Þú virðist dálítið tortrygginn á listaheiminn í þessari sögu. Er þetta allt farið að snúast um peninga? „Nei, ég er ekkert tortrygginn. Ég hef hins vegar dálitlar efasemdir um að þessar óheyrilegu fjárhæðir sem þar skipta um hendur endurspeglir raunverulegt verðmæti listarinnar.“

Ertu hræddur um að peningarnir spilli listamanninum, að hann hætti þá að tjá sig frá hjartanu og fari að reyna að þjóna markaðinum? „Markaðurinn er slíkt ólíkindatöl að það er ekkert hægt að þjóna honum. Þegar maður reynir að geðjast markaðinum er maður að geðjast einhverju sem er ekki neitt. Ef við berum saman listamenn og hórur þá vita hórurnar náttúrulega fullkomlega hvað það er sem kunninn vill, það fer ekkert á milli mála, en það er vonlaust fyrir listamann að vita hvað fólk vill og allra síst hvað ríka fólk, sem hefur efni á verkum hans, vill. Það er ekki hægt að segja að markaðurinn ráði því það er aldrei hægt að sjá það fyrir hvert peningarnir leita.“

**Hítakútur sem persóna**  
Eins og nafnið, Kortið og landið, ber með sér er eitt af meginviðfangsefnum bókarinnar munurinn á því hvernig raunveruleikinn er og hvernig listamaðurinn tjáir hann. Hver er sá munur? „Það sér hver heiminn með sínum augum en sú sýn er sjaldnast áhugaverð. Það hefur enginn áhuga á því sem annað fólk sér. Tökum dæmi: Við erum hér á kaffihúsi og mér finnst kaffivélin það áhugaverðasta

hérna inni, fólk er bara uppþylling í kringum hana. En ég efast um að margir horfi þannig á það. Það er það áhugaverða í listinni; maður getur breytt sjónarhorninu eins og manni sýnist. Það sem vakti helst athygli franskra lesenda þessarar bókar var til dæmis að í henni er hitakútur nánast ein persóna. Í Frakklandi er það mikið áhyggjuefni fyrir marga að hita upp hús sín og því þótti þeim mikið til þess koma að hitakúturinn kæmist í bókmenntirnar. Enda er hann lykilatriði í öllum

íbúðum þar. Fólk hafði bara ekki dottið í hug að hann gæti orðið ein af persónunum í sögu.“

**Mankell er langbestur**  
Þú nýtir líka ýmis tæki hefðbundinnar glæpasögu í þessari bók, eru þær í uppáhaldi? „Já, já, ég les mikið af þeim. Hef lesið mikið af skandinavískum spennubókum, allar bækur Mankells, til dæmis, hann er sá langbesti.“ Hefurðu lesið íslensku glæpasagna höfundana? „Já, við skulum tala sem minnst um þá. Ég er ekki hrifinn. Sviarnir gera þetta best, en ég skil samt ekki þetta dálæti á Stieg Larsson, mér finnst bækurnar hans ekki góðar. Sama máli gegnir um Jo Nesbø, mér finnst hann skelfilega lélegur höfundur.“ Hefurðu einhvern tíma velt því fyrir þér að skrifa glæpasögu sjálfur? „Nei nei nei! Ég les þær – og mest af þeim er rusl – en ég hef engan áhuga á því að skrifa svoleiðis sögu.“

Þú hefur greinilega kynnt þér vel starfsaðferðir lögreglunnar. Leggstu vanalega í rannsóknir á því sem þú skrifar um? „Nei, ég hef ekki gert það, nema í þessu tilfalli. Ég fór í kynlífsferð til Taílands sem venjulegur kúnni bara og það var ekki fyrir en eftir þá ferð, þegar ég gerði mér grein fyrir því hversu umfangsmikill þessi kynlífsstúrismi er, sem ég fékk hugmyndina að

Áformum, þannig að það flokkast ekki sem rannsóknarvinna.“

**Leiðinlegri með árunum**  
Þú nýtir líka fantasíuna og vísindaskáldskapinn í sögum þínum, ferð inn í framtíðina, hvers vegna? „Mig langar til að fara inn í einhverja þokukennda framtíð og horfa á nútímann þaðan til að öðlast fjarlægð. Það er líka dálítið sérstakt að enda bók svona langt í burtu. Flestar sögur eru njörvaðar í fangelsi tímans en ég hugsa þetta meira myndrænt, hugsa um hvað maður

„Ef við berum saman listamenn og hórur þá vita hórurnar náttúrulega fullkomlega hvað það er sem kunninn vill, það fer ekkert á milli mála ...“

sér af þeim sjónarhóli, það stækkar söguna.“

Þú ert mun mildari í þessari bók en áður, hvað veldur? „Ég er bara orðinn gamall. Kannski er ég að gefast upp. Ég hef minni áhuga á lífinu en áður.“ Varstu sem sagt að ögra af ásetningu í fyrri bókum? „Nei, nei, alls ekki. Lífið skipti mig bara meira máli þá. Ég held við missum öll áhugann á að lifa þegar við eldumst. Enda ber okkur engin skylda til að vera full af ástríðu. Það er ofmetið. En óneitanlega verðum við öll leiðinlegri með árunum. Það er óhjákvæmilegt.“

Rithöfundurinn Houellebecq er myrtur í sögunni, eigum við að skilja það sem svo að þú sért búinn að drepa rithöfundinn í Houellebecq? „Ja, kannski. Houellebecq er bara eins og hver önnur persóna í bókinni og hann var orðinn svo fyrirferðarmikill að ég ákvað að losa mig við hann. En, jú, kannski var sú hugsun undirliggjandi að drepa höfundinn. Það er vel hugsanlegt. Það á eftir að koma í ljós hvort mér hafi heppnast það.“

Einhver skilaboð til íslenskra lesenda? „Takið vel á móti Frökkum og ekki ganga í Evrópusambandið. Þið hafið hér gott lýðræðissamfélag en slíkt er ekki til staðar í Evrópusambandinu. Ef þið farið þangað verður lýðræðið ykkar hakkað í spað.“

fridrikab@frettabladid.is



# 2 FYRIR 1

AF ÖLLUM BRJÓSTAHÖLDURUM



ÞÚ FÆRÐ 2 BRJÓSTAHALDARA Á 1.999 KR.



20% AFSLÁTTUR AF ÖLLU SKARTI



TILBOÐ GILDIR 12.-14. OKT. 2012

# Ice in a bucket®

SMÁRALIND - KRINGLUNNI - AKUREYRI

SÍMI: 544-2022

SÍMI: 571-5710

SÍMI: 468-1200

 ICEINABUCKETICELAND

 ICEINABUCKETAKUREYRI



## Verðmæta og gagnageymslu þjónusta GSC



GSC Öryggisþjónusta býður upp á verðmæta og gagnageymslu fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Hafðu samband í síma 512 3355 eða gsc.is

Öryggiskerfi • Búðargæsla • Slökkvitækjapjónusta



ÚR VÖRSLU FJÖLSKYLDUNNAR Þetta verk Guðmundar Víborg verður sýnt í Gallerí Fold á sýningu sem hefst á morgun.

## Gömul verk næfista sýnd í fyrsta sinn

Sýning á 67 verkum eftir Guðmund Víborg Jónatansson verður opnuð á morgun klukkan þrjú í Gallerí Fold. Guðmundur, sem var fæddur 1858 og lést 1936, var afkastamikill málarí á efri árum og tilheyrir hann þeim málurum sem nefndir hafa verið einfara eða næfistar. Verk hans hafa aldrei verið sýnd áður, en þau hafa verið í geymslu hjá ættingjum hans. „Þjóðernisrómantik 19. aldar er ... lykillinn að sérstæðustu verkum Guðmundar, myndum hans af merkilegu fólki úr sögu Íslands og Íslendingasögnum, en hvort tveggja var aldamótamönnum jafn raunverulegt,“ segir í hugleiðingu Aðalsteins Ingólfssonar listfræðings um Guðmund. Og einnig: „Sköpunargleði Guðmundar Víborg og einlæg löngun hans til að segja skilmerkilega frá því sem hann telur sannast og réttast eru aðall hans. Myndir hans eru

ekki einasta heimildir um viðhorf 19. aldar fjölhaga, heldur áhrifamikil myndgerving þeirra viðhorfa.“ Þess má geta að Guðmundur telst fyrsti vélstjóri landsins, en hann var meðal annars vélstjóri á Ásgeiri litla, fyrsta gufuskipi landsins. Hann sneri sér að gullsmíði á efri árum en fyrir utan málverkin liggja eftir hann fagrir smíðisgripir og verða nokkrir þeirra líka til sýnis á sýningunni.

Auk sýningar á verkum Guðmundar verður opnuð á morgun í Gallerí Fold sýning á nýjum verkum færeyska listmálarans Finleif Mortensen. Sýninguna nefnir listamaðurinn „Skiftandi ljós úr eystríð“. Finleif er fæddur 1965 og er meðal þeirra færeysku málara sem sækja efnivið sinn í stórbrotna náttúru eyjanna og hina sérstöku birtu sem þar er.

Sýningin stendur til 28. október.

Tónlist ★★★★★

### Sinfóníuhljómsveit Íslands

Verk eftir Brahms, Schumann og Rihm. Einleikarar: Sigrún Eðvaldsdóttir og Hans Nygaard. Hans Graf stjórnaði.

Harpa, 11. október

### Tilkomumikið neistaflug

Brahms er með geislabaug. Rétt eins og öll hin frægu tónskáldin. Með þessu á ég við að sum verkanna eftir Brahms eru hrein snilld, en önnur ekki. Snilld meistaraverkanna er hins vegar slík að hún smitar út frá sér. Fólk heldur að hana sé að finna í öllu sem Brahms samdi. Konsertinn fyrir selló og fiðlu ásamt hljómsveit er dæmi um þetta. Miðað við fiðlusónöturarnar, sinfóniurnar og píanókonsertana er hann óttalegt miðlungsverk. Það er einhver drungi yfir honum, flatneskja sem gerir hann þreytandi áheyrnar. Jafnvel þótt flutningurinn sé góður.

Danski sellóleikarinn Hans Nygaard og Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari voru í einleikshlutverkinu. Hans Graf stjórnaði og gerði það af festu og nákvæmni. Allar línur tónsmíðarinnar voru skýrar, túlkunin var stílhrein og í jafnvægi. Hljómsveitin spilaði fallega, heildarhljómurinn var munúðarfullur og flottur. Alveg eins og Brahms á að hljóma. Þrátt fyrir það var konsertinn ekkert sérlega skemmtilegur áheyrnar. Ekki miðað við raunveruleg snilldarverk tónskáldsins.

Samt spilaði Sigrún af ástríðu og leikur Nygaards var skemmtilega fókuseraður. Spilamennska þeirra beggja passaði reyndar ekkert sérstaklega vel saman. Vibratíði hjá Sigrúnu var áberandi meira en hjá sellóleikaranum. Það skapaði ákveðið ójafnvægi. Einleikurinn var þó liflegur og flæðandi í heildina, fumlau og öruggur. Sem er ekki svo lítið.

Aukalagið vakti lukku hjá áheyrendum. Það var hin fræga Passakalía eftir Handel í útsetningu Halvorsens. Passakalían var stórglæsileg í meðförum einleikaranna, svo sannarlega tilkomumikið neistaflug.

Tvær aðrar tónsmíðar voru á dagskránni, Ernster Gasang eftir Wolfgang Rihm (f. 1952) og önnur sinfónía Schumanns. Hin fyrrnefnda er hugleiðing um Brahms, fremur sérkennileg tónsmíð – og fallg. Hún virkaði mjög þykk, byggðist á þéttri hljómaáferð, afar dimmri. Hún var eins og tónverk eftir Brahms sem hafði verið hreinsað af allri birtu og skrauti. Aðeins undirstaðan var eftir. Þetta var áhrifamikið, ekki síst fyrir fína spilamennsku hljómsveitarinnar þar sem klarinettureikur Arngunnar Árnadóttur var áberandi.

Hitt verkið er löngu orðið klassískt. Sinfónía Schumanns ber öll hans einkenni, hrífandi rómantísk, full af ákefð. Ekki endilega besta tónsmíðin hans, en skemmtileg áheyrnar. Flutningurinn var líka svo gott sem pottþéttur. Það var gaman að fylgjast með hljómsveitarstjóranum, bendingarnar voru mínimalískar og lausar við allan glamúr. Túlkunin var hófstíllt, kraftmikil vissulega, en samt tempruð ákveðinni heiðríkju. Það kom vel út.

Jónas Sen

**Niðurstaða:** Tilþríf einleikaranna í aukalaginu, athyglisvert nútímavark og skemmtileg túlkun á Schumann stóðu upp úr á tónleikum Sinfóníunnar.



SAGA UM ÁSTIR OG HEFND GIUSEPPE VERDI

# IL TROVATORE

JÓHANN FRÍÐGEIR VALDIMARSSON  
HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR  
ANOOSHAH GOLESORKHI  
ELSA WAAGE / ALINA DUBIK · VIÐAR GUNNARSSON  
GRÉTA HERGILS / HANNA ÞÓRA GUÐBRANDSDÓTTIR  
SNORRI WIUM

FRUMSÝNING 20. OKTÓBER KL. 20

Föstudaginn 26. október kl. 20 – 2. sýning

Laugardaginn 27. október kl. 20 – 3. sýning

Sunnudaginn 4. nóvember kl. 20 – 4. sýning

Laugardaginn 10. nóvember kl. 20 – 5. sýning

Laugardaginn 17. nóvember kl. 20 – 6. sýning

Miðasala í Hörpu og á [www.harpa.is](http://www.harpa.is)

Miðasölusími 528 5050

KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR  
HLJÓMSVEITARSTJÓRI: CAROL I. CRAWFORD

LÝSING: BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON

BÚNINGAR: ÞÓRUNN MARÍA JÓNSDÓTTIR

LEIKMYND: GREYAR REYNISSON

LEIKSTJÓRI: HALLDÓR E. LAXNESS



ÍSLENSKA ÓPERAN



## HVÆÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 14. október 2012

## Fundir

14.00

Framsóknarfélag Reykjavíkur gengst fyrir framsóknarvist að Hverfisgötu 33 í Reykjavík. Gestur dagsins verður Guðni Ágústsson fv. ráðherra.



## Félagsvist

14.00 Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

19.00 Bridge-tvímenni er spilaður í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

## Kvikmyndir

15.00 Farsakennda bandaríska gamanmyndin Tólf stólar frá árinu 1970 verður sýnd í MÍR, Hverfisgötu 015. Myndin er byggð á frægri smásögu sem kom út í Sovétríkjunum árið 1928. Aðgangur er ókeypis.

## Uppákomur



14.00 Rangæingafélagið í Reykjavík heldur kirkjukaffi eftir messu í Seljakirkju.

## Dansleikir

20.00 Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík fer fram í félagsheimili þeirra að Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur léttan danstónlist. Aðgangseyrir fyrir félagi FEB í Reykjavík er kr. 1.500 og kr. 1.800 fyrir aðra gesti.

## Leikrit

14.00 Möguleikhúsið sýnir barnaleikritið Prumpuhóllinn í Menningar- miðstöðinni Gerðubergi. Sýningin er ætluð áhorfendum á aldrinum 2ja til 10 ára og tekur 45 mínútur í flutningi en miðaverð er kr. 2.200.

20.00 Leikfélagið Hugleikur sýnir leiksýninguna Læknisleikir - Tsékhov í hugleikrænni atferlismeðferð að höfuðstöðvum sínum að Eyjarslóð 9. Allir með doktorspróf fá ókeypis inn gegn framvisun sannfærandi vottorða en fyrir aðra er miðaverð kr. 1.000.

## Pattra

tískubloggari áritar í Kringlunni á morgun



Pattra Sriyanonge, tískubloggari, er í stuttri heimsókn á Íslandi yfir helgina mun því gefa sér tíma til að hitta aðdáendur sína fyrir utan Vero Moda í Kringlunni klukkan 15:30 á laugardaginn þar sem hún mun gefa eiginhandaráritun sína.

## Tónlist

14.00 Stórtónleikar verða haldnir í Háskólalíði þegar Breiðfirðingakórinn, Húnakórinn, Skagfirska söngsveitin, Sönghópur Áttahafélags Vestmannaeyinga, Árnesingakórinn í Reykjavík, Söngfélag Skafftellinga og Kór Áttahafélags Strandamanna koma saman. Einnig verður samsöngur hjá sameiginlegum kór allra kóranna. Miðaverð er kr. 2.500.

16.00 Andrea Jónsdóttir leikur lög af hljómplötum á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

20.00 Lokatónleikar Kristjönu Skúladóttur, Söngkonur stríðsáranna, fara fram í lðnó.

20.00 Filharmónía



verður með tónleika í Seltjarnarnes-kirkju. Einsöngvarar eru Einar Clausen og Jón Svavar Jósefsson. Lesari er Þorleifur Hauksson. Miðaverð er kr. 3.500.

## Leiðsögn

14.00 Halldór B. Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands við Tjörnina, verður með leiðsögn um sýninguna Musée Islandique sem er sýning á verkum Ólafar Nordal.

15.00 Hlín Helga Guðlaugsdóttir sýningarstjóri verður með leiðsögn um sýninguna Saga til næsta bæjar í Hönnunarsafni Íslands.

## Listamannaspjall

15.00 Listamennirnir Helgi Gíslason, Sigrún Ó. Einarsdóttir og Torfi Jónsson spjalla við gesti um sýningar sínar í austursal Gerðarsafni. Spjallið er í tilefni sýningarloka þeirra.

## Mánudagur 15. október 2012

## Kynningar

17.15 Kynning á þeim spurningum sem kosið verður um þann 20. október vegna frumvarps nýja stjórnarskrá fer fram í Sólheimasafni. Sigríður Ólafsdóttir og Haukur Arnþórsson fara yfir spurningarnar á kjörseðlinum og svara fyrirspurnum gesta. Allir velkomnir.

## Tónlist

20.00 Filharmónía verður með tónleika í Guðríðarkirkju. Einsöngvarar eru Einar Clausen og Jón Svavar Jósefsson. Lesari er Þorleifur Hauksson. Miðaverð er kr. 3.500.

## Samkoma

19.30 Haldin verður minningarathöfn um missi á meðgöngu og barnamissi í Hallgrímskirkju. Allir eru velkomnir.



Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

# TAKTU BETRI MYNDIR!

Hagnýtar upplýsingar  
og myndræn framsetning  
gera þessa ítarlegu  
handbók að kjörgríp þeirra  
sem vilja ná góðum  
tökum á ljósmyndun  
og myndvinnslu.

  
VAKA-HELGAFELL  
www.forlagid.is



FYRIR BYRJENDUR  
JAFNT SEM REYNDA  
LJÓSMYNDARA

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu





**50 ÁRA ER LEIKKONAN** Kelly Preston í dag en tímamótunum fagnar hún eflaust ærlega með eiginmanni sínum John Travolta og börnum.

# Lunkinn lagahöfundur

Tónlist ★★★★★

**Pormar Ingimarsson**

Vegferð



Vegferð er þriðja platan sem Pormar Ingimarsson gefur út með eigin lögum við texta íslenskra ljóðskálda. Fyrsta platan hans, Sundin blá, kom út árið 1995. Á henni voru lög við ljóð Tómasar Guðmundssonar, en á meðal söngvara voru Pálmi Gunnarsson, Björgvin Halldórsson og Ríó tríó. Árið 2000 kom plata númer tvö, Flug eftir fugl. Á henni voru ljóð eftir Tómas, Stein Steinarr og Kristján Eldjárn og Helgi Björns og Álfagerðisbræður á meðal flytjenda. Á nýju plötunni eru öll ljóðin eftir Kristján Hreinsson, en Raggi Bjarna, Eyþór Ingi, Margrét Eir, Friðrik Ómar, Berglind Ósk Guðgeirsdóttir, Skapti Ólafsson o.fl. sjá um sönginn. Vilhjálmur Guðjónsson sér um útsetningar og upptökustjórn, en á meðal hljóðfæraleikara eru Pálmi Gunnarsson, Ásgeir Óskarsson og Jakob Frimann Magnússon.

Það eru þrettán lög á Vegferð og þau eru yfirleitt ágætlega samín og flutt. Söngvarahópurinn er líka skemmtilega fjölbreyttur. Gömlu brýnin Raggi og Skapti skila sínu báðir með stæl og yngri söngkraftarnir standa sig líka flestir ágætlega.

Þetta er plata sem er búin til inn í fyrir fram afmarkað hólf. Það er ekki verið að sækja fram og kanna nýjar slóðir, heldur einfaldlega að setja saman popplög við ljóð. Það er ekkert sem kemur á óvart á Vegferð, þetta hefur allt verið gert mörgum sinnum áður. Platan er samt ágæt fyrir það sem hún er, en sumstaðar mætti vera meiri metnaður í útsetningunum.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Lagasmiðurinn Pormar Ingimarsson með nýtt safn laga.

# Dópaður í 18 ár

Leikarinn kynþokkafull Colin Farrell er búinn að vera edrú frá árinu 2006 og segir lífið vera mun betra nú þegar hann er laus úr viðjum fiknarinnar. Farrell hafði drukkið og dópað upp á hvern einasta dag í átján ár þegar hann ákvað að breyta til hins betra og segist hann hafa grætt átta tíma í hvern dag núna, auk þess sem hann sé nú á gömlum syni sínum án efa töluvert betri faðir. Á meðan sjarmörinn var sem dýpst sokkinn segist hann varla hafa sagt nokkurn sannleika því lífið snerist um að ljúga að vinum og vandamönnum. „Ef ég hefði borðað kjúkling og baunir í kvöldmatin sagðist ég samt hafa borðað steik og kartöflur. Ekki af neinni ástæðu, þetta var bara orðinn vani,“ sagði hann í viðtali.



**SJARMÖR** Colin er ánægður með að hafa hætt í ruglinu.



**HJÓLUBU Í ÞRÍJA DAGA** Myndbandið við lag Retro Stefson Glow hefur vakið athygli en bræðurnir Unnsteinn og Logi þurftu að æfa sig áður en þeir náðu tökum á tvímenningshjólunni.

# MEÐ GERVIÍSA Á TVÍMENNINGSHJÓLI

**Myndband stuðsveitarinnar Retro Stefson við lagið Glow hefur vakið athygli en því er leikstýrt af Magnúsi Leifssyni.**

„Þetta eru gerviísar í myndbandinu, annað hefði ekki verið hægt. Eini ísinn sem er ekta er sá sem dettur í götuna,“ segir Magnús Leifsson, en hann á heiðurinn að vinsælu tónlistarmyndbandi Retro Stefson við lagið Glow.

Myndbandið var frumsýnt í vikunni, en í því sjást bræðurnir Logi og Unnsteinn hjóla um höfuðborgina á tvímenningshjólum með ís í hendi. Magnús sá um leikstjórn og átti hugmyndina að söguþræðinum.

Hann segir þá bræður eiga hrós skilið fyrir að hjóla, næstum sleitulaust, í þrjá daga án þess að kvarta. „Þeir tóku þetta á sig og stóðu sig vel, enda var þetta mikið flakk um bæinn. Það er snúið að ná tökum á þessu hjóli svo þeir þurftu að æfa sig aðeins áður. Mesta vinnan var fyrir Unnstein, sem er fyrir framan, en Logi flýtur meira með,“ segir Magnús. Hjólið var fengið á hjólaleigu í miðbænum.

Ísarnir vöktu athygli og margir hafa velt fyrir sér hversu margir ísar hafi verið notaðir í tökum. Þeir eru hins vegar sérhannaðir úr frauðplasti og var því engin hætta á að þeir bráðnuðu meðan á tökum stóð. „Þetta kom vel út. Ég var smá hræddur um að einhver tæki eftir



**TÖKULIÐIÐ** Unnsteinn, Logi og Magnús ásamt Arró tökumanni, Óla Finns framleiðanda, Sigurði Eyþórs klíppara, Henrik Linnet sem sá um sjónbrellur og Haraldi í Retro Stefson.

að ísarnir væru gerviísar en svo var ekki.“

Magnús hefur áður leikstýrt tónlistarmyndböndum fyrir sveitir á borð við FM Belfast. Hann er grafískur hönnuður að mennt en upp á síðkastið hefur hann verið upptekinn við tökum á þriðju seríunni af Steindanum okkar sem handritshöfundur. Þættirnir hafa átt góðu gengi að fagna en aðstandendur þáttanna hafa gefið út að nú sé Steindaævintýrinu lokið. „Við vildum hætta áður en þetta yrði þreytt. Við lögðum allt í þessa seríu og nú er maður bara í spennufalli og smá lífskrísu. Ég er samt alveg viss um að samstarfi okkar Steinda og Bents er ekki lokið og við gerum fleiri skemmtilega hluti saman í framtíðinni.“

alfnun@frettabladid.is



**MEÐ MÖRG JÁRN Í ELÐINUM** Magnús Leifsson á heiðurinn að vinsælu tónlistarmyndbandi Retro Stefson við lagið Glow en hann er einnig einn af handritshöfundum gamanþáttanna Steindans okkar sem lauk í vikunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Gallerí Fold í 20 ár 1992–2012**

**Keramikkuppboð**  
13. – 22. október

Munir frá Guðmundi frá Miðdal og Listvínahúsinu

**Baksalur**  
**Móttökustöð fyrir mannsandann**  
**Guðmundur Viborg**

**Hliðarsalur**  
**Skiftandi ljós úr eystrið**  
**Finleif Mortensen**

**Tvær sýningar í Gallerí Fold**  
13. – 28. október  
Opnun kl. 15  
Allir velkomnir

**Er um að taka á móti verkum á næstu uppboð**

Opið virka daga 10–18, laugard. kl. 11–16, sunnud. 14–16  
Rauðarásstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is



# DEBENHAMS

## HAUSTÚTSALAN Í FULLUM GANGI

# 30- 70% AFSL.

20% afsláttur af öllum nýjum yfirhöfnum\*

**KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!**

Gerðu  
lífð  
skemmtilegra

\*Gildir út sunnudag

 Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND  
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



# Snjór og sól í miklu úrvali



23. feb. – 2. mars

## Aprés Ski

Ógleymanleg skíðaferð með Stebba og Eyfa í kaupbæti

Verð á mann í tvíbýli, frá:

**188.990 kr.**

Innifalið er flug með sköttum, akstur til og frá flugvelli, frítt fyrir skíði, ein taska (20 kg) og gisting í 7 nætur á Hotel Das Moser með hálfu fæði.

26. jan. – 2. feb.

## Bad Hofgastein

Sannkölluð skíðaparadís

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn, frá:

**96.900 kr.**

Innifalið er flug með sköttum og gisting í 7 nætur á Hotel Salzburgerhof með hálfu fæði.

Tímabil: 22. des. – 2. mars

## Salzburg

Mótaðu þína eigin skíðaferð yfir hátíðirnar

Verð á mann frá:

**55.900 kr.**

Innifalið er flug með sköttum.

Bókaðu á [wowtravel.is](http://wowtravel.is) eða í síma 590 3000



wowtravel.is



STEMNING „Þetta er plata sem maður nýtur að spila hátt í góðum græjum,“ segir í dómi um plötu Valgeirs Sigurðssonar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Margslungin og síbreytileg

Tónlist ★★★★★

**Valgeir Sigurðsson**

Architecture of Loss

Tónlistina á Architecture of Loss samdi Valgeir Sigurðsson upphaflega fyrir samnefnt dansverk eftir Stephen Petronio. Tónlistin þótti það sterk að Valgeir vann hana áfram fyrir þessa útgáfu og bætti meðal annars við loklaginu Gone Not Forgotten. Platan var tekin upp með nokkrum af þeim hljóðfærleikurum sem hafa spilað inn á plötur Bedroom Community-fyrirtækisins, píanóleikaranum Nico Muhly, víóluleikaranum Nadiu Sirota, Shahzad Ismaily, sem leikur á fjölmörg hljóðfæri, og Helga Hrafn Jónssyni sem spilar á

básúnu. Í tónlistinni mætast sígild hljóðfæri eins og víólan og tölvuforrituð hljóð, sem Valgeir framleiðir, oft með flottri útkomu.

Það eru tíu lög, eða þættir, á plötunni. Tónlistin er mjög kaflaskipt og síbreytileg. Það skiptast á lágstemmdir kaflar og háværir, tónninn er stundum tær, stundum bjagaður. Sumir kaflarnir eru lagrænir, jafnvel melódískir, en oftar er byggð upp spennan eða stemning. Maður getur vel ímyndað sér danshreyfingar við þessa tónlist, en hún virkar samt alveg ein og óstudd.



Valgeir er einn af fremstu upp-tökustjórum og hljóðversmönnum Íslands. Það heyrir á Architecture of Loss. Hljómurinn á henni er sérstaklega flottur, djúpur og tær. Þetta er plata sem maður nýtur að spila hátt í góðum græjum.

Á heildina litið er þetta mjög flott plata sem passar inn í þann háa gæðastaðal sem við eigum að venjast frá Bedroom Community.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Þriðja sólóplata Valgeirs Sigurðssonar er gæðagripur.

## MANNAKORN

Í HÁSKÓLABÍÓI

LAUGARDAGINN 20. OKTÓBER 2012 KL. 20

MAGNÚS EIRÍKSSON  
PÁLMI GUNNARSSON  
ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR

BENEDIKT BRYNLEIFSSON  
KJARTAN VALDEMARSSON  
STEFÁN MÁR MAGNÚSSON  
DÖRIR ÚLFASSON



MIÐAVERÐ  
4.900 KR.

Miðar seldir á [midi.is](http://midi.is)





## Skilnaðurinn gengur hægt

Rúmlega ár er síðan Hollywood-parið Ashton Kutcher og Demi Moore skildi en skilnaðurinn er þó ekki enn þá genginn í gegn. Hjólin eiga víst erfitt með að skipta á milli sín eignum og peningum. Eignir þeirra eru metnar á nokkra milljarða, en Moore og Kutcher voru gift í sex ár. Í byrjun hjónabandsins var Moore meiri stjarna en síðustu ár hefur Kutcher verið að klifra upp metorðastigann í Hollywood.

Kutcher hefur nú tekið saman við leikkonuna Milu Kunis og hún er eflaust ekki ánægð með að hann sé enn giftur Moore.



**EKKI SKILIN** Demi Moore og Ashton Kutcher eiga erfitt með skipta á milli sín eignum og því hefur skilnaðurinn tafist.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Óþekkjanlegur McConaughey

Leikarinn Matthew McConaughey er ekki svipur hjá sjón, en hann hefur lést um rúmlega 13 kíló á síðustu vikum. Ástæða fyrir þyngdartapi McConaughey er að hann er að leika í myndinni *The Dallas Buyer's Club* sem er sönn saga um mann sem smitast af alnæmi á áttunda áratuginum og leitar á náðir óhefðbundinna lækninga til að lengja lífið.

McConaughey sagði í viðtali við spjallþáttakónginn Larry King að hann drykki mikið te til að greinast en að það hefði verið erfitt þar sem eiginkona hans, Camila, væri ólétt af þriðja barni þeirra hjóna og því dugleg að freista hans með girnilegum mat. „Það tekur tíma fyrir líkamann að venjast lítilli næringu en fyrir mig hefur þetta verið ákveðin hreinsun, andleg og líkamleg.“

Ekki er langt síðan McConaughey þurfti að þyngra sig fyrir hlutverk strippara í *Magic Mike* en þá borðaði hann fimm máltíðir á dag.



**LÉST UM 13 KÍLÓ** Leikarinn hefur lést mikið á síðustu vikum.

NORDICPHOTOS/GETTY



**KOMINN MED NÝJA?** Robert Pattinson sást í faðmlögum við óþekktu stúlku á skemmtistað í New York.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Í faðmlögum

Leikarinn Robert Pattinson hefur undanfarið verið að sleikja sárin eftir framhjáald fyrrverandi kærustu sinnar Kristen Stewart. Síðustu vikur hafa slúðurmiðlar velt fyrir sér hvort Pattinson hafi fyrirgefið svikin og sé búinn að taka við Stewart á ný.

Leikarinn gerði hins vegar út um það er hann var myndaður í faðmlögum við óþekktu ljóshærða stúlku á skemmtistað í New York í vikunni. Slúðurmiðillinn Tmz.com birtir myndirnar og hefur eftir ónafngreindum heimildamönnum að Pattinson hafi ekki slitið sig frá stúlkunni allt kvöldið.

Forvitnilegt verður að fylgjast með þeim Stewart og Pattinson er nýjasta Twilight-myndin, *The Twilight Saga: Breaking Dawn – Part 2*, verður frumsýnd í nóvember.



**AFMÆLI** Kristinn Helgi Stefánsson og Helgi Már Bjarnason stjórna Party Zone.

## Afmæli hjá Party Zone

Útvarpsþátturinn gamalgróni Party Zone verður með 22 ára afmæliþátt á Rás 2 á laugardagskvöld og á Ruv.is/party-zone. Mörgum plötusnúðum og vinum þeirra verður boðið í partí í Stúdíó 12 og verður útvarpað beint frá herlegheitunum. Þeir sem koma fram í þættinum eru FKNHNSM, Már & Nielsen, Dj Margeir (Gluteus Maximus), Viktor Birgisson ásamt Söndru Barilli og Sísý Ey. Klukkan 23 um kvöldið hefst svo afmælispartí á skemmtistaðnum Dollý þar sem fram koma Andrés Nielsen, Sísý Ey og DJ Margeir.

mmm... hrízkúlur



Litríkt á bragðið

facebook.com/noisirius

NÓ ZÍRÍUZ



**SMÁRABÍÓ** HÁSKÓLABÍÓ

TRYGGRU ÞÉR MIÐA Á **mid.is**

LOVE IS ALL YOU NEED KL. 5.30 - 8 - 10.30 L

LOVE IS ALL YOU NEED LÚXUS KL. 3 - 5.30 - 8 L

FUGLABORGIN 3D ÍSL.TAL KL. 1 (TILBOÐ) - 3.10 - 6 L

TAKEN 2 KL. 5.40 - 8 - 10.10 16

TAKEN 2 LÚXUS KL. 10.30 16

DJÚPIÐ KL. 1 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 10

DREDD 3D ÓTEXTUÐ KL. 10.20 16

ÁVAXTAKARFAN KL. 1 (TILBOÐ) - 3.10 L

THE EXPENDABLES 2 KL. 8 16

ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL KL. 1 (TILBOÐ) - 3.40 L

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

**HÁSKÓLABÍÓ** \*ÁÐENS LAUGARDAG \*\*ÁÐENS SUNNUDAG

LOVE IS ALL YOU NEED KL. 3 (TILB.) - 5.30 - 8 - 10.30

BLÓÐHEFND KL. 6 \*\* - 8 - 10 16

THE KING AND CLOWN KL. 5.30\* 14

200 POUNDS BEAUTY KL. 5.30\* L

DJÚPIÐ KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 10

THE DEEP ENSKUR TEXTI KL. 3 10

ÁVAXTAKARFAN KL. 3.30 (TILBOÐ) L

INTOUCHABLES KL. 5.30 \*\* - 8 - 10.30 L

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MID.IS

7 PSYCHOPATHS KL. 8 - 10.10 BLÓÐHEFND KL. 6 16

DJÚPIÐ KL. 6 - 8 10 TAKEN 2 KL. 10 16

ÁVAXTAKARFAN KL. 2 (TILB.) ÍSÖLD 3D 4 KL. 4 L

FUGLABORGIN 3D KL. 2 (TILBOÐ) - 4 L



LISTIR Leikkonan Ásta Arnardóttir og tónlistarfólkið Hilmar Örn Agnarsson og Björg Þórhallsdóttir brostu blítt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# FRUMSÝNING Í KASSANUM

Nýja íslenska leikverkið Jónsmessunótt eftir Hávar Sigurjónsson var frumsýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu á fimmtudagskvöld. Fréttablaðið tók út stemninguna á sýningunni.



Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP Leikarinn Vignir Rafn Valþórsson mætti á svæðið og stílti sér upp ásamt Halldóru Magnúsdóttur og Kristínu Nönnu.



PRJÁR Telma Halldórsdóttir, Selma Björnsdóttir söngkona og Þórunn Geirsdóttir nást íðulega saman á mynd.

**SAMBÍÓIN** Sambio.is

Stórkostleg! Besta löggumynd í mörg ár

100/100 „Besta mynd Jake Gyllenhaal á ferlinum.“

END OF WATCH KL. 5:40 - 8 - 10:20 2D 16

LOOPER KL. 5:30 - 8 - 10:30 2D 16

SAVAGES KL. 8 - 10:40 2D 16

LEITIN AÐ NEMÓ M/isl. tali KL. 1:30 - 3:40 2D L

LAWLESS KL. 10 2D 16

THE CAMPAIGN KL. 4:10 - 6 - 8 2D 16

THE BOURNE LEGACY KL. 8 - 10:40 2D 16

STEP UP REVOLUTION KL. 5:50 2D 16

BRAVE M/isl. tali KL. 1:30 - 2 - 3:40 - 5:50 2D L

MADAGASCAR 3 M/isl. tali KL. 1:30 - 3:40 2D L

KEFLAVÍK

END OF WATCH KL. 10 2D 16

TAKEN 2 KL. 8 2D 16

DJÚPIÐ KL. 6 2D 10

ÁVAXTAKARFAN KL. 2 2D L

STEP UP REVOLUTION KL. 8 2D 16

THE RAVEN KL. 10:10 2D 16

BRAVE M/isl. tali KL. 2 2D L

BRAVE M/ensku. tali KL. 6 2D L

LEITIN AÐ NEMÓ M/isl. tali KL. 3:50 2D L

SELFOSSI

HREINT HJARTA KL. 6 - 8 2D L

HIT AND RUN KL. 10:10 2D 16

STEP UP REVOLUTION KL. 8 2D 16

THE RAVEN KL. 10:10 2D 16

LEITIN AÐ NEMÓ M/isl. tali KL. 4 2D L

BRAVE M/isl. tali KL. 3:40 - 5:50 2D L

EGILSHÖLL

END OF WATCH KL. 5:40 - 8 - 10:20 2D 16

TAKEN 2 KL. 5:50 - 8 - 10:10 2D 16

LOOPER KL. 5:30 - 8 - 10:30 2D 16

LAWLESS KL. 5:30 - 8 2D 16

SAVAGES KL. 10:30 2D 16

BRAVE M/isl. tali KL. 1:20 - 3:30 2D L

LEITIN AÐ NEMÓ M/isl. tali KL. 1:30 - 3:30 3D L

LEITIN AÐ NEMÓ M/isl. tali KL. 1:10 - 3:20 2D L

MADAGASCAR 3 M/isl. tali KL. 1:30 - 3:40 2D L

KRINGLUNNI

L'Elisir d'Amore (Ástandyrkningar) Ópera í Þelmini KL. 16:55

END OF WATCH KL. 5:40 - 8 - 10:20 2D 16

LOOPER KL. 8 - 10:30 (Einnig Sunnud. KL. 5:40) 2D 16

LAWLESS KL. 8 - 10:30 2D L

BRAVE M/isl. tali KL. 1:30 - 3:40 2D L

BRAVE M/isl. tali KL. 5:50 3D L

LEITIN AÐ NEMÓ M/isl. tali KL. 1:30 - 3:40 3D L

MADAGASCAR 3 M/isl. tali Sunnud. KL. 1:30 - 3:40 2D L

AKUREYRI

END OF WATCH KL. 8 2D 16

HOPE SPRINGS Forsýning KL. 8 2D L

LOOPER KL. 10:20 2D 16

LEITIN AÐ NEMÓ M/isl. tali KL. 2 - 3:50 3D L

LEITIN AÐ NEMÓ M/isl. tali KL. 6 2D L

FROST KL. 10:20 2D 14

LAWLESS KL. 5:40 2D 16

BRAVE M/isl. tali KL. 2 - 3:50 2D L

Ódýrt í bíó

FUGLABORGIN TILBOÐ KL. 2

PARANORMAN ÍSL. TAL TILBOÐ KL. 2

ÁVAXTAKARFAN TILBOÐ KL. 2

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

tryggðu þér miða á **sambio.is**

# SPARBÍÓ

MERKTAR MED GRÆNU OG APPELSINUGULU Í BÍOUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSINUGULT

**SAMBÍÓIN** SAMbio.is

**mid.is** LAUGARÁSBÍÓ

www.laugarasbio.is - bara lúxus sími 553 2075

SEVEN PSYCHOPATHS KL. 5.45, 8, 10.20 16

FUGLABORGIN 3D KL. 2, 4 16

DJÚPIÐ KL. 3.50, 6, 8, 10 10

PARANORMAN 3D KL. 2, (4 - bara sun) 11

INTOUCHABLES KL. 5.50 12

ÁVAXTAKARFAN KL. 2 16

LAUGARDAGUR - SUNNUDAGUR

**SMÁRABÍÓ** **mid.is**

FUGLABORGIN 3D KL. 1 (TILBOÐ) L

ÁVAXTAKARFAN KL. 1 (TILBOÐ) L

ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL KL. 1 (TILBOÐ) L

**HÁSKÓLABÍÓ** **mid.is**

ÁVAXTAKARFAN KL. 3.30 (TILBOÐ) L

LOVE IS ALL YOU NEED KL. 3 (TILBOÐ) L

TILBOÐ - TILBOÐ - TILBOÐ - TILBOÐ

ÁVAXTAKARFAN

ÍSÖLD 4

FUGLABORGIN

**mid.is** LAUGARÁSBÍÓ

www.laugarasbio.is - bara lúxus sími 553 2075

SEVEN PSYCHOPATHS KL. 5.45, 8, 10.20 16

TAKEN 2 KL. 8, 10 16

FUGLABORGIN 3D KL. 2, 4 16

DJÚPIÐ KL. 3.50, 6, 8, 10 10

PARANORMAN 3D KL. 2, (4 - bara sun) 11

INTOUCHABLES KL. 5.50 12

ÁVAXTAKARFAN KL. 2 16

GRÍN OG SPENNA Í ÁNDA TARANTINO

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

ÍSL. TAL ÍSL. TEXTI

SÍÐUSTU SÝNINGAR!

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

SEVEN PSYCHOPATHS 5.45, 8, 10.20 16

TAKEN 2 8, 10 16

FUGLABORGIN 3D 2, 4 16

DJÚPIÐ 3.50, 6, 8, 10 10

PARANORMAN 3D 2, (4 - bara sun) 11

INTOUCHABLES 5.50 12

ÁVAXTAKARFAN 2 16

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

# BÍÓ PARADÍS

LAUGARDAGUR OG SUNNUDAGUR: HREINT HJARTA 18:00, 20:00

